

14



Ljósleiðaravætt í Mýrdalnum

32

Ekki enn náð  
Strandameti  
föður míns í hlaupum

56

Bærinn okkar Stífla



# Bændablaðið

8. tölublað 2015 • Fimmtudagur 30. apríl • Blað nr. 441 • 21. árg. • Upplag 32.000



Í Bananahúsi Garðyrkjuskólans að Reykjum kennir margra grasa. Það vekur alltaf undrun útlendinga að á Íslandi skuli vera hægt að rækta banana auk ýmissa tegunda berja og grænmetis allt árið um kring og þykir það ófundsvæð staða. Þótt veturinn hafi ekki verið búinn að sleppa hrammi sínum á landinu sumar daginn fyrsta var eigi að síður fjölmenni á árlegu opnu húsi nemenda Garðyrkjuskólans að Reykjum í tilefni þessa dags. – Sjá nánar á bls. 7

Mynd / VH

Innlend garðplöntuframleiðsla:

## Milljón sumarblóm

Framleiðsla á sumarblómum er um milljón plöntur á ári. Innflutningur á sumarblómum var talsverður fyrir nokkrum árum en hann hefur dregist saman og er lítill í dag. Sala á forræktuðum kálpöntum eykst jafnt og þétt.

„Garðyrkjustöðvar á Íslandi sem framleiða sumarblóm í einhverju magni eru um tíu og þar af eru fimm sem eru stórfamleiðendur á íslenskan mælikvarða,“ segir Ingibjörg Sigmundsdóttir hjá Garðyrkjustöð Ingibjargar í Hveragerði. „Auk þess sem sum sveitar- og bæjarfélög framleiða eitthvað af sumarblómum á eigin vegum. Fljótt á litid myndi ég ætla að framleiðslan hér á landi væri um milljón sumarblóm á ári.“

### Dregið úr innflutningi

Með sumarblómum er hér átt við

minni plöntur eins og stjúpur, fjólur, flauelsblóm, skrautnálar, morgunfrú, fagurfíflar og nokkrar aðrar tegundir. Ingibjörg segir að af sumarblómum sé langmest framleitt af stjúpum og fjólum og að þær séu um 40% framleiðslunnar.

Fyrir nokkrum árum var flutt inn talsvert af sumarblómum en innflutningurinn á þeim hefur dregist mikið saman.

Ásgeir Bachmann, framkvæmdastjóri Bauhaus á Íslandi, segir að á síðasta ári hafi fyrirtækið flutt inn talsvert af plöntum. „Af því er eitthvað, en óverulegt magn, af sumarblómum sem við flytjum inn frá Danmerkurdeild Gasa. Ég geri ráð fyrir að magnið verði svipað eða aðeins meira fyrir komandi sumar.“

Bauhaus selur einnig talsvert af íslenskum sumarblómum og við höfum fullan hug á að auka sölu á blómum sem eru framleidd á Íslandi

í framtíðinni.“

### Eins og hálf mánaðar sölutímabil

Algennt útsöluverð á sumarblómum í fyrra var 120 til 150 krónur en tilboð eru algeng meðan Stjúpur á sölutímabilinu stendur og því verðið oft talsvert lægra. Sölutímabil sumarblóma er stutt, eða frá miðjum maí og út júní, og veltan á þeim markaði því mikil á stuttum tíma.

### Tískulitir eins og í fötum

„Vinsælustu litirnir á blómum fylgja mikið fatatískunni þannig að sumarblóm sem eru í litum sem einkenna fatatískuna seljast oft fyrir



en blóm í öðrum litum. Bláar og hvítar stjúpur eru reyndar alltaf vinsælar og seljast vel en svo hafa komið tímabil þar sem appelsínugular hafa verið vinsælastar.“

### Kálpöntur sækja í sig veðrið

Eftirspurn eftir forræktuðum kálpöntum hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár, að sögn Ingibjargar. „Forræktaðar matjurtir hafa verið að

sækja í sig veðrið og ég gæti trúað að í heildina værum við að framleiða milli 100 og 150 þúsund slíkar á þessu ári.“

### Innlendar plöntur harðgerðari

Ingibjörg segir ekki nokkurn vafa leika á því að sumarblóm sem ræktað eru á Íslandi sé harðgerðari og betri en innfluttar plöntur. „Plönturnar eru aldar upp til að þola íslenskar aðstæður og harðgerðari fyrir vikið. Stjúpur og fjólur voru til dæmis komnar út í herðingu hjá mér fyrir mánuði og fyrir vikið þola þær íslenska veðráttu mun betur en innflutt sumarblóm.“

/VH



## Fréttir

## 187.300 manns á vinnumarkaði

Á fyrsta ársfjórðungi 2015 voru að jafnaði 187.300 manns á aldrinum 16–74 ára á vinnumarkaði sem jafngildir 81% atvinnuþátttöku.

Frá fyrsta ársfjórðungi 2014 hefur fólki á vinnumarkaði fjölgað um 5.400 og atvinnuþátttakan aukist um 1,6 prósentustig eða úr 79,4%, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands.

Atvinnuþátttaka kvenna var 77,9% en karla 84%. Borið saman við sama ársfjórðung 2014 þá var hlutfall kvenna á vinnumarkaði 75,9% og hlutfall karla var 82,9%.

Atvinnuþátttaka er hlutfall starfandi og atvinnulausra (vinnuafli) af mannfjölda 16–74 ára.

*Hlutfall starfandi 77,5%*

Á fyrsta ársfjórðungi 2015 voru 179.200 manns starfandi eða 77,5% af mannfjölda. Frá fyrsta ársfjórðungi 2014 til þess fyrsta 2015 fjölgaði starfandi fólki þegar á heildina er litið um 7.800 manns og hlutfallið hækkaði um 2,7 prósentustig.

## Verðbólgan komin í 7,6%

Vísitala neysluverðs miðuð við verðlag í apríl 2015 er 427,0 stig (maí 1988=100) og hækkaði um 0,14% frá fyrri mánuði, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Vísitala neysluverðs án húsnæðis er 395,6 stig og hækkaði um 0,05% frá mars.

Kostnaður vegna liðarins húsnæðis, hiti og rafmagn hækkaði um 0,43% (áhrif á vísitöluna 0,12%).

Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 1,4% og vísitala án húsnæðis hefur lækkað um 0,1%. Undanfarna þrjú mánuði hefur vísitala neysluverðs hækkað um 1,8% sem jafngildir 7,6% verðbólgu á ári (6,7% verðbólgu fyrir vísitöluna án húsnæðis).

Vísitala neysluverðs samkvæmt útreikningi í apríl 2015, sem er 427,0 stig, gildir til verðtryggingar í júní 2015. Vísitala fyrir eldri fjárskuldbindingar, sem breytast eftir lánsklaravísitölu, er 8.431 stig fyrir júní 2015.

## Nýr grunnur

Vísitala neysluverðs í apríl er reiknuð á nýjum grunni, mars 2015, og byggist hann á niðurstöðum úr rannsókn Hagstofu Íslands á útgjöldum heimilanna 2010–2012 auk annarra heimilda. Til viðbótar útgjaldarannsókn hefur Hagstofan notast við ýmsar nýrri heimildir við vinnslu grunnsins, svo sem einkaneyslu og nýskráningar bifreiða. Innbyrðis vægi dagvöruverslana hefur verið uppfært og eru áhrif þeirrar breytingar að þessu sinni óveruleg. Að öðru leyti veldur endurnýjun grunnsins sem slík ekki breytingum á vísitölunni milli mars og apríl. Hlutfallslega skiptingu vísitölnnar á gömlum og nýjum grunni í mars 2015 má finna í meðfylgjandi minnisblaði.

## Ný aðferð við mælingu á síma- og netþjónustu

Við grunnskiptin nú í apríl er tekin í notkun ný útreikningsaðferð við mælingar á verði síma- og internetþjónustu eins og greint var frá í frétt 29. október 2014. Nýtt eru ítarleg gögn frá símafyrirtækjum um verð, magn og verðmæti veittrar þjónustu. Mældur er raunkostnaður neytenda í stað þess að miða eingöngu við breytingar á gjaldskrár símafyrirtækja. Árangur útreikningsaðferðarinnar verður endurmetinn við næstu grunnskipti í apríl 2016.

## Búnaðargjaldið fyrir dóm:

## Stjórnugrís stefnir íslenska ríkinu vegna búnaðargjaldsins

Stjórnugrís hf. hefur stefnt fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins vegna ólöglegar innheimtu búnaðargjalds. Verði innheimta gjaldsins dæmd ólögleg gætu fleiri sambærilegar kröfur fylgt í kjölfarið.

Einar Karl Hallvarðsson ríkislögmaður staðfesti í stuttu samtali við Bændablaðið að stefnan hefði verið lögð fram og að hún væri í meðferð fyrir héraðsdómi.

Fjármögnun tiltekinna verkefna á vegum Bændasamtaka Íslands hefur löngum verið í gegnum búnaðargjald sem bændur greiða en hefur verið innheimt af íslenska ríkinu. Árið 2010 kvað Mannréttindadómstóll Evrópu upp dóm um að innheimta iðnaðarmálagjalds, sem var af svipuðum toga og búnaðargjaldið, stæðust ekki ákvæði um félagafrelsi Mannréttindasáttmála Evrópu. Innheimtu iðnaðarmálagjaldsins var hætt skömmu síðar og einnig sambærileg aðkoma ríkisins vegna innheimtu á félagsgjöldum fyrir Landssamband smábátateigenda.



*Fyrirframgreiðsla*

Búnaðargjald er innheimt fyrirfram og tekur fyrirframgreiðslan mið af álagningu fyrri árs og greiðist með fimm jöfnum mánaðarlegum greiðslum mánuðina ágúst til desember á viðkomandi tekjuári. Dráttarvextir eru reiknaðir ef gjaldskyldur búvöruframleiðandi greiðir fyrirframgreiðslu ekki á tilskildum tíma. Ef álagning er hæri en ákvörðuð fyrirframgreiðsla skal greiða mismuninn með sem næst jöfnum greiðslum á gjaldkögum þinggjalda.

Álagning búnaðargjalds fer fram

með álagningu opinberra gjalda og kemur til innheimtu á gjaldkögum þinggjalda. Gjaldskyldir búvöruframleiðendur skulu skila framtali til ríkisskattstjóra þar sem gjaldskyldar fjárhæðir eru tilgreindar eftir búgreinum innan framtalsfrests. Enn fremur skal búvöruframleiðandi sundurgreina gjaldstofn eftir starfsstöðvum ef aðsetur þeirra er annað en lögheimili framleiðanda og á starfssvæði annars búnaðarsambands.

*Lögmæti búnaðargjalds skoðað*

Mikil líkindi eru með innheimtu

## Áhrif verkfallanna á búgreinar í landinu:

## Stefnir í alvarlegt ástand á svínabúum

– „Deyðum ekki heilbrigð dýr til urðunar,“ segir formaður Svínaræktarfélags Íslands

Sem kunnugt er hafa verkföll félaga í stéttarfélagum innan BHM haft víðtæk áhrif á starfsemi bænda og úrvinnslugreinar landbúnaðarins frá því að þau hófust aðfarin frá mánudagsins 20. apríl. Áhrifamest, á störf tengdum landbúnaði, eru verkföll dýralækna, matvælafræðinga og líffræðinga. Engar undanþágur hafa til að mynda verið veittar til slátrunar svína.

Allt eftirlit í frumframleiðslu og með matvælafræðingum sem framleiða búfjárafurðir stöðvaðist þegar verkfall hófst, þar með talin mjólkurframleiðsla. Einnig eftirlit með heilbrigði, aðbúnaði og velferð dýra og áburði og fódri. Eftirlit í slátruhúsi stöðvaðist og þar með kjóttframleiðsla, auk út- og innflutnings lifandi dýra og dýraafurða. Eftirlit með sjúkdómum í fiskeldi og með plöntuheilbrigði stöðvaðist einnig.

Á meðan verkfall stendur yfir er því ekki heimilt að slátra og hefur það verst komið niður á alifugla- og svínabændum, þar sem fljótleiga fór að þrengjast um gripina á búnum. Sótt var um undanþágur frá fyrsta degi og fengu alifuglabú heimild til að slátra á föstudaginn síðastliðinn, þó með þeim skilyrðum að kjótið færi ekki á markað. Alifuglakjótið er því sett beint í frystigeymslur þegar fuglunum hefur verið slátrað. Engar undanþágubeiðnir svínabændna hafa hins vegar verið samþykktar.

Hörður Harðarson, formaður Svínaræktarfélags Íslands, segir að undanþágubeiðnir liggi fyrir hjá undanþágubeiðnir um að slátrun verði leyfð öðru hvorum megin við næstu helgi. Staðan á búnum sé orðin mjög alvarleg og til marks um það nefnir hann að frá því að verkfall skall á hafi undir venjulegum kringumstæðum verið búið að slátra 3.500–4.000 gripum á búnum.

## Deyðum ekki heilbrigð dýr til urðunar

Hann tekur illa í hugmyndir frá Dýralæknafélaginu um að

svínabændur geti vel grisjað sjálfir á búum sínum. „Það hefur verið bent á það að svínabændur hafi reynt af því að lóga dýrum. Allir bændur hafa reynt af því að þurfa að grípa til þess að lóga dýrum, sem eru ýmist veik eða hafa orðið fyrir slysum eða eitthvað þvílíkt. Það er þá fyrst og fremst gert til þess að lina sársauka og kvalir. En að ætla okkur að tína til einhvern tiltekinn fjölda grísa sem eru heilbrigðir, bara til að rýmka til í húsunum, finnst mér bara ekki koma til greina.“

Vandamálið núna inni á búnum er að við erum með of mikið af fullvöxnum dýrum, dýrum sem eru tilbúin að fara til slátrunar í slátruhúsi. Auðvitað er þetta spurning um velferð dýra og þá þurfum við undanþágu til að fá að slátra þeim gripum sem nauðsynlegt er að senda í slátruhús. Það er von okkar að deiluaðilar nái saman svo vandamálið verði úr sögunni. Við hvetjum til þess að báðir aðilar skynji þá ábyrgð sem á þeim hvílir og leggi sig fram um að leysa deiluna. Ég hugsa að ég myndi frekar setja dýrin út. Við deydum ekki heilbrigð dýr til urðunar.“

Verkfallið nær til meira en helming starfsmanna Matvælastofnunar, en forstjóri Matvælastofnunar og yfirdýralæknir eru þó undanþegnir verkfalli. Í undanþágufundum sitja tveir fulltrúar frá hvorum deiluaðila; í tilfelli undanþágubeiðna frá alifugla- og svínabændum eru fulltrúar frá Dýralæknafélaginu og ríkinu. Til að undanþága sé heimilud verða fulltrúarnir báðir að vera samþykki. Jón Gríslason, forstjóri Matvælastofnunar, segir að undanþágubeiðnir hafi einnig borist Félagi íslenskra náttúrufræðinga, vegna innflutnings á lífrænum vörnum og fræjum – til nota í garðyrkju – en þeim hafi verið hafnað og það sé endanleg ákvörðun.

## Hluti af starfsemi Mjólkursamsölnnar stöðvast í dag

Pálmi Vilhjálmsson, framkvæmdastjóri framleiðslusviðs



Mjólkursamsölnnar, segir að áhrifa verkfalls Starfsgreinasambandsins muni gæta hjá fyrirtækinu á hádegi í dag, fimmtudag. Akstur með mjólk stöðvast þá og eins leggur fólk sem vinnur á afurðastöðvunum utan höfuðborgarsvæðisins niður störf. Neytendur verða til að byrja með ekkert varir við þessi verkföll. Í næstu viku, þegar boðað hefur verið til verkfalla dagana 6. og 7. maí, mun einnig verða rask á akstri og vinnslu á mjólk á landsbyggðinni. Starfsfólk á höfuðborgarsvæðinu er innan Eflingar en þar hefur ekki enn verið boðað til verkfalls.“

Pálmi segir að verslanir eigi þann kost að birgja sig upp af mjólk, en fyrst og fremst valdi þetta erfiðleikum í starfsemi Mjólkursamsölnnar. „Það verður mjög krefjandi að komast í gegnum það að stoppa í tvo heila sólarhringa. Við munum ekki lenda í vandræðum með mjólkurframleiðslu í þessa daga og bændur ættu ekki að lenda í neinu tjóni af þessum sökum. Hins vegar verður allt saman stopp ef það kemur til þessarar ótímabundnu allsherjar vinstöðvun aðfaranótt 26. maí,“ segir Pálmi.

## Mikilvægt að leysa kjaradeiluna

Bændasamtök Íslands sendu frá sér tilkynningu síðasta mánudag vegna þeirrar stöðu sem komin er upp í ákvæðnum búgreinum. Þar fagna samtökin því að undanþágufund BHM hafi síðastliðinn föstudag

búnaðargjalds og iðnaðarmálagjalds og vegna þess fóru Bændasamtökin þess á leit við Lagastofnun Háskóla Íslands að hún tæki að sér að gera lögfræðilega álitserð um búnaðargjald. Sigurður Líndal skilaði álitserð sinni fyrir hönd. Lagastofnun Íslands í október 2011.

Að mati Bændasamtakanna var niðurstaða álitserðarinnar sú að þekkingar- og þróunarstarf í landbúnaði, til dæmis með rekstri Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, upplýsinga- og kynningarstarf sem og rekstur Bjargráðasjóðs gæti samrýmt álitu Sigurðar Líndal en líklega má ekki nota fjármuni sem þannig væru innheimtir til reksturs hagsmunagæslu.

## Nýrri leiða leitað

Meðal samþykktá sem gerðar voru á síðastliðnu Búnaðarþingi var að leita nýrri leiða til að fjármagna Bændasamtök Íslands fari svo að búnaðargjald verði lagt niður.

/VH

samþykkt að veita undanþágur frá verkfalli dýralækna, svo að alifuglaslátrun gæti farið fram. „Samtökin líta svo á að með því hafi verið brugðist við þeim alvarlega dýravelferðarvanda sem komin var upp í alifuglaræktinni, þar sem slátrun verður að fara fram jafnt og þétt. Sé það ekki gert verður á skömmum tíma of þröngt í eldihúsum fuglanna, sjúkdómahætta eykst verulega og almennri velferð dýranna er hættu bíin. Sambærileg staða kemur upp í svínarækt strax í þessari viku, en engar undanþágur hafa verið veittar í þeirri grein. Frá upphafi verkfalls hafa slátruleyfishafar sótt um undanþágur á grundvelli dýravelferðar, eins og skýrt kemur fram í umsöknum sem liggja fyrir hjá Matvælastofnun.“

En þó svo að undanþága sé veitt fyrir slátrun má ekki að svo stöddu setja vörurnar á markað heldur eingöngu í frystingu. Slátrun án markaðssetningar þýðir að bændur fá ekki greitt fyrir afurðir sínar. Slíkt leiðir fljótt til mikils vanda í rekstri búanna og veldur þeim verulegu og óafturkræfu tjóni, hvern einasta dag sem verkfallið stendur.

Bændasamtökin leggja því þunga áherslu á að deiluaðilar gangi til samninga sem allra fyrst. Vandinn vex með hverjum deginum sem verkfallið stendur og getur valdið óþætlanlegu tjóni fyrir íslenskan landbúnað ef það dregst á langinn,“ segir í tilkynningunni.

/smh



# Vorverk til sveita

Verslanir N1 bjóða upp á mikið úrval af olíum og rekstrarvörum fyrir bústörfin.



ISLENSKAVISLA IS EINN 74224 04/15



**S1 Extra 10 ltr.**  
Vnr. 5454 7686010

Kröftugt alhliða hreinsiefni.  
Verð: 9.436 kr.



**Mobilfluid 426 20 ltr.**  
Vnr. 706 472120

Drif- og vökvakerfisolía fyrir traktora og vinnuvélar.  
Verð: 20.991 kr.



**Q8 Heller 46 20 ltr.**  
Vnr. 7503 43803-20

Alhliða vökvakerfisolía með háum seigjustuðli (VI).  
Verð: 16.573 kr.



**Jalas mokkasíur**  
Vnr. 9615 JALAS4450

S2 HRO leðurskór með il- og távörn.  
Verð: 21.440 kr.



**Jalas öryggisskór**  
Vnr. 9615 4748

Jalas öryggisskór, uppháir, S3 HRO New model 1828.  
Verð: 27.171 kr.



**Fóðraðir nítril vettlingar**

Vnr. 9640 7350

Fóðraðir nítril vettlingar (PHULAX) frá Ejendals.  
Verð: 2.491 kr.



**Samfestingur Þjarkur**

Vnr. 9628 120020

Þunnur samfestingur með hnjúpúðavösum, navy-blár með royal-bláu á bringu. Stærðir: 48–72.  
Verð: 10.671 kr.



**Mobil Delvac MX 15W40 20 ltr.**

Vnr. 706 4382820

Mínerölsk olía fyrir flutningabíla og vinnuvélar. Fæst einnig í 4 og 208 ltr.  
Verð: 19.529 kr.



**Regnjakki**

Vnr. 5790 LR9055

Regnjakki EN471 320 GR. Uppfyllir sýnileikastaðal, fánlegur gulur eða appelsínugulur. Stærðir: S–3XL.  
Verð: 9.781 kr.



**Dunlop Purof Professional**

Vnr. 9655 D460933

Létt stígvél með höggdeyfi í sóla, hentug við margskonar aðstæður. Stærðir: 37–48.  
Verð: 9.900 kr.



**Glacier frostlögur G12+ 1 ltr.**

Vnr. 7505 738507NS00

Etýlenglykól frostlögur sem inniheldur ekki sílíköt, amín, nítrít eða fosföt. Fánlegur í 1, 5, 20 og 200 ltr. umbúðum.  
Verð: 1.571 kr.



**Uvex öryggishjálmur**

Vnr. 9607 9772w

Öryggishjálmur með skrúfu til að stilla á höfuð. Litir: hvítur, gulur, appelsínugulur, blár. Aðrir litir eftir sérpöntun.  
Verð: 10.988 kr.



**Energy Bull 100Ah H+**

Vnr. 581 95751

Frábær neyslugeymir fyrir ferðavagna og báta. Lúxus rafgeymir þegar ferðast þarf með rafmagn. Fæst í fjórum stærðum.  
Verð: 35.471 kr.



**Uni Bull 69Ah 520A H+V+**

Vnr. 581 50300

Ekkert viðhald og ekkert vesen. Góð lekavörn, fjórar stærðir sem passa í um 900 tegundir bíla.  
Verð: 23.500 kr.



**Buffalo Bull SHD 135Ah 900A V+**

Vnr. 581 63544

Rafgeymir fyrir þá sem stoppa aldrei.  
Verð: 46.100 kr.

## Verslanir N1

Akureyri 440-1420  
Grindavík 426-8290  
Klettagörðum 440-1330  
Ólafsvík 436-1581  
Patreksfirði 456-1554

Reyðarfirði 474-1293  
Reykjanesbæ 421-4980  
Vestmannaeyjum 481-1127  
Höfn 820-9078  
Ísafirði 660-3341

Hluti af landbúnaðinum





## Fréttir



Það er greinilega ekkert elsku mamma þegar valkyrjur etja saman hestum sínum í ræðukeppni. Þessar myndir voru teknar í ræðukeppni POWERtalk á Patreksfirði. Á efri myndinni eru allar konurnar með friðarmerki um hálsinn, en á þeirri neðri voru valkyrjur mættar til leiks í fullum herklæðum.

## Borgarbyggð:

## Valkyrjur í ræðukeppni

Valkyrjur keppa í ræðukeppni á Hótel Hamri í Borgarbyggð helgina 1. til 3. maí. Er það í tengslum við að POWERtalk-félagar halda þar sitt árlega landsþing.

Það verður fjöldi blómarósa og nokkrir herra menn sem munu setja svip sinn á Borgarbyggð af þessu tilefni. Á föstudaginn fer fram hin æsispennandi ræðukeppni þar sem sigurvegarar deilda POWERtalk takast á.

Keppendur eru fjórar galvaskar konur sem hafa nú þegar borið sig úr býtum í sinni deild og láta sér ekki allt fyrir brjósti brenna.

POWERtalk eru alþjóðleg þjálfunarsamtök sem þjálfu fólk í að koma fram og koma fyrir sig orði og þar er hægt að hefja markvissa þjálfun í ræðumennsku, framkomu og fundarstjórn svo fátt eitt sé nefnt. Þetta gagnast öllum, hvort sem er einstaklingum í nefndum, foreldrum á foreldrafundum,

sölumönnum með kynningar, námsmönnum í flutningi verkefna, stjórnmalámonnum framtíðarinnar og öðrum sem vilja koma skoðun sinni á framfæri. Þetta eru mannræktarsamtök þar sem allir geta fengið hjálfun á eigin forsendum og á þeim hraða sem þeir kjósa.

„Gaman væri að gamlir félagar af svæðinu sæju sér fært að mæta og eiga góða stund með okkur, því að með því að halda þingið í Borgarbyggð erum við að kynna betur þessi frábæru samtök út um allt land og hvetja til þess að deildir verði stofnaðar sem víðast um landið. Nýjustu deildirnar voru stofnaðar á Akureyri og á Patreksfirði,“ segir Þórunn Pálmadóttir, varaforseti POWERtalk á Íslandi.

Þinginu verður slitið laugardagskvöldið 2. maí. Fyrir áhugasama þá er dagskrá og nánari upplýsingar á [www.powertalk.is](http://www.powertalk.is).

## Maí er fótverndarmánuður

Í tilefni af alþjóðlega fótverndarmánuðinum sem er í maí, mun Félag íslenskra fóttaðgerðafræðinga verða sýnilegt í sundlaugum landsins tvo laugardaga í maí, það er 9. og 16. maí.

F.Í.F. mun kynna fagið og veita ráðgjöf endurgjaldslaut fyrir sundlaugagesti, að þessu sinni er fótverndarmánuðurinn tileinkaður ungum fótum og að gefnu tilefni er gott að hafa í huga að barnið vex en skórin ekki.



## Búnaðarstofa:

## Metfjöldi nýliðunarumsókna í sauðfjárrækt 2015

Búnaðarstofa hefur farið yfir alla umsóknir sem bárust um nýliðunarstyrki í sauðfjárrækt árið 2015. Að þessu sinni kom til afgreiðslu metfjöldi umsókna.

Boðið var upp á að nýliðar í sauðfjárrækt gætu sótt um styrki með rafrænum umsóknum á Bændatorginu. Jón Baldur Lorange, forstöðumaður Búnaðarstofu, segir að almenn ánægja sé með þetta fyrirkomulag.

„Þegar rafræn umsókn var fyllt út voru sjálfkrafa sóttar upplýsingar sem settar voru sem skilyrði fyrir nýliðunarstyrk, svo sem úr haustskýrslum (forðagæslu), gæðastýringu í sauðfjárrækt og upplýsingar um beingreiðslur viðmiðunartímabilsins í samræmi við verklagsreglur,“ segir Jón Baldur.

Verklagsreglur um úthlutun bústofnskaupastyrkja til frumbýlinga er að finna í Viðauka IV í reglugerð nr. 1100/2014. Umsóknarfrestur var framlengdur frá 1. mars til 15. mars 2015.

## 40 sóttu um nýliðunarstyrki

Alls bárust 40 umsóknir frá einstaklingum um nýliðunarstyrki þar sem sótt var um í fyrsta sinn.

Búnaðarstofa lagði til við stjórn Bændasamtaka Íslands á stjórnarfundi 21. apríl sl. að 33 umsóknir verði samþykktar, alls að upphæð 34.575.800 kr. Fimm



umsóknum verði frestað, alls að upphæð 7.785.500 kr., og loks er lagt til að 2 umsóknum verði hafnað þar sem þær stóðust ekki skilyrði fyrir styrkveitingu. Ef allar umsóknir koma til útgreiðslu (samþykktar og frestað) að lokum er heildarstyrkupphæð 42.361.300 kr. til þeirra nýliða sem sóttu um í fyrsta sinn.

## 44 sóttu um framhaldsstyrki

Alls bárust 44 umsóknir frá einstaklingum um framhaldsstyrki. Búnaðarstofa lagði til við stjórn BÍ að 37 þeirra verði samþykktar, 6 frestað og 1 hafnað (sótt um í 6. skipti) og samþykkt stjórn BÍ þá afgreiðslu á stjórnarfundi 21. apríl sl.

Heildarfjárhæð, ef allar umsóknir koma til útgreiðslu að þessu sinni (samþykktar og frestað),

er 59.189.698 kr. og eru veittir fjármunir til nýliðunar (frumbýlingar) í samræmi við samning um starfsskilyrði í sauðfjárrækt. Viðmiðunarpupphæð framlags er 5.000 kr. á kind, en framlag er þó aldrei hærra en kaupverð.

Samkvæmt upplýsingum Búnaðarstofu þarf því ekki að grípa til skerðingar í samræmi við 5. gr. verklagsreglna en viðmiðunarpupphæð framlags á kind lækkar miðað við úthlutun undanfarin ár. Búnaðarstofa stefnir að því að greiða út styrki um mánaðamótin apríl/maí til þeirra sem hafa samþykkt samning um skilyrði sem sett eru fyrir styrkveitingu. Umsækjendum mun verða sendur tölvupóstur þar sem þeir eru bednir um að samþykkja samning. Hann er síðan unnt að samþykkja með rafrænu auðkenni á Bændatorginu. /HK/

## Ráðstefna um útflutning matvæla og verðmætasköpun

Fimmtudaginn 21. maí stendur samstarfshópur um Matvælandið Ísland fyrir ráðstefnu undir yfirskriftinni Útflutningur – verðmætasköpun og ný tækifæri á Hótel Sögu frá klukkan 12.00–16.00.

Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðgjafi, mun setja ráðstefnuna og í framhaldinu verða haldin áhugaverð erindi um málefnið ásamt því að nokkrir framleiðendur deila sínum reynslusögum.

Ráðstefnan verður nánar auglýst síðar.

Ráðstefnan „Matvælandið



Ísland“ var einnig haldin í fyrra, nánar tiltekið þann 20. mars, og þótti heppnast mjög vel. Snerist sú ráðstefna um mat og ferðaþjónustu. Ráðuneyti, hagsmunasamtök, mennta- og rannsóknastofnanir og fyrirtæki tóku sameiginlega þátt í því ráðstefnuhaldi líkt og nú er fyrirhugað.

Vaxandi fjöldi ferðamanna í heiminum velur áfangastað vegna matarmenningar og upplifunar sem tengist mat.

Ferðamönnum á Íslandi fjölga ört og rannsóknir sýna að matur er eitt af því sem er mönnum hvað minnisstæðast.

## Landssamtök sauðfjárbænda:

## Svavar Halldórsson framkvæmdastjóri

Svavar Halldórsson hefur formlega tekið við stöðu framkvæmdastjóra Landssamtaka sauðfjárbænda (LS).

„Þetta var bara hugmynd sem kom upp, að hugsa aðeins út fyrir rammann og fá einhvern sem kæmi með ferska strauma til að taka við þessu starfi,“ segir Þórarinn Ingi Pétursson, formaður LS, um ráðninguna.

„Við gerum okkur grein fyrir því að það verða margir undrandi á þessari ráðningu en það er líka bara fínt stundum að fara í endurmat á stöðunni þegar mannskipti verða og horfa í aðrar áttir. Fyrst og fremst erum við þá að horfa til þeirra markaðstækifæra sem eru fyrir greinina, til að mynda á erlendum mörkuðum, og við teljum Svavar góðan kost í þeirri stöðu,“ segir Þórarinn.



Svavar Halldórsson og Þórarinn Ingi Pétursson.

Svavar hefur starfað á fjölmiðlum og að undanförnu hefur hann meðal annars rekið fyrirtækið Íslenskur

matur og matarmenning, sem framleiðir fjölmiðlaefni með áherslu á mat og matvælaframleiðslu. /smh

Þessi gamli góði

Spænskútvatnaðar  
**SALTFISKSTEIKUR**  
tilbúnar á pönnuna

Vakúppakkað - Engin aukaefni - 2gja ára geymsluþol  
Engin íshúð - 100% fiskur

Ektafiskur, Hauganesi  
Sími 466 1016  
[elvar@ektafiskur.is](mailto:elvar@ektafiskur.is)  
[www.ektafiskur.is](http://www.ektafiskur.is)

Fylgstu með okkur á Facebook

EKTA Fiskur  
Sérfræðingar í saltfiski síðan 1940





# Viltu vinna íbúð?

6 íbúðavinningar á happdrættisárinu  
að verðmæti 30 milljónir hver!

- **Nýtt happdrættisár framundan með enn glæsilegri skattfrjálsum vinningum**
  - Sex 30 milljóna króna vinningar á tvöfaldan miða
  - eða 15 milljónir króna á einfaldan miða

Drögum út 51 þúsund vinninga á árinu.  
Heildarverðmæti vinninga er rúmur milljarður.

Miðaverð 1.500 kr. á mánuði fyrir einfaldan miða  
og 3.000 kr. fyrir tvöfaldan miða.

Kauptu miða á [www.das.is](http://www.das.is)  
eða í síma 561 7757.



Fylgstu með okkur á Facebook



DREGIÐ Í HVERRI VIKU



# Bændablaðið

Málgagn bænda og landsbyggðar

Bændablaðið kemur út hálfsmánaðarlega. Því er dreift til allra bænda landsins og fjölmargra annarra er tengjast landbúnaði. Bændablaðinu er dreift ókeypis til þeirra er stunda búskap en þéttbýlishúar geta gerst áskrifendur að blaðinu. Árgangurinn kostar kr. 7.500 en sjötugir og eldri og lífeysisþegar greiða kr. 3.750. Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.

Bændablaðið, Bændahöll við Hagatorg, 107 Reykjavík. Sími: 563 0300 – Fax: 562 3058 – Kt: 631294-2279  
Ritstjóri: Hörður Kristjánsson (ábm.) hk@bondi.is – Sími: 563 0339 – Rekstur og markaðsmál: Tjörvi Bjarnason tjorvi@bondi.is  
Bládamenn: Margrét Þ. Þórsdóttir mth@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Vilmundur Hansen vilmundur@bondi.is  
Auglýsingastjóri: Erla H. Gunnarsdóttir ehg@bondi.is – Sími: 563 0303 – Frágangur fyrir prentun: Prentsníð.  
Netfang blaðsins (fréttir og annað efni) er [bbl@bondi.is](mailto:bbl@bondi.is) Netfang auglýsinga er [augl@bondi.is](mailto:augl@bondi.is) Vefsíða blaðsins er [www.bbl.is](http://www.bbl.is)  
Prentun: Landsprent ehf. – Upplag: sjá forsiðu – Landsprent og Íslandspóstur annast dreifingu blaðsins. ISSN 1025-5621

## LOKAORÐIN

### Lamandi verkföll

Verkföll skekja nú þjóðfélagið og ef ekki verður greitt úr þeirri flækju fjótt og örugglega er ljóst að fjöldi starfa getur glatast með tilheyrandi atvinnuleysi.

Eflaust hafa allir skilning á að lægst launuðu hóparnir í samfélaginu eru langt fyrir neðan þau mörk sem nokkur getur sett sig við. Barátta til að bæta hag þessara hópa er því fullkomlega réttlætunleg. Þótt klífað hafi verið á því að miklar kauphækkningar, oftast nefndar í prósentum, muni öruggt að ekki er hægt að kenna skúringafólki á Landspítalanum, fisk- og iðnverkfólki, né óbreyttu starfsfólki í ferðaþjónustu um slíkt. Það er eitthvað annað sem mun setja þjóðfélagið á hliðina.

Með slíku tali eru menn komnir á hálan og ótraustan í því ekkert hefur gert meira til að skekja stoðirnar að undanförunu en samningar við hálaunastéttir. Svo ekki sé talað um afsþyrnu heimskulegt útspil veruleikafirtra stjórnarmanna eins stærsta útgerðarvirtekis landsins. Þar var samið um hækkningar sem nema jafnvel fullum mánaðarlaunum þeirra lægst launuðu eða meira.

Það er alveg ljóst að það verður að taka upp nýja aðferðafræði til að tryggja mannsæmandi kjör á Íslandi ef ekki á illa að fara.

Vissulega má fara rök fyrir því að löng háskólaseta sé metin til launa, þá mættu menn líka hafa í huga hverjir það eru sem borga kostnaðinn af öllum menntastofnunum. Undir þeim kostnaði standa nefnilega líka þeir sem eru á lægstu launum og hafa af einhverjum ástæðum ekki geta nýtt sér finu háskólana okkar. Að veifa fyrrnefndum rökum í kjarabaráttu hlýtur því að hljóma sem argasti menntahroki í eyrum þeirra lægst launuðu.

Ef litid er á bændur landsins, sem flestir hafa notið góðrar menntunar, þá er staðan sérkennileg. Þeir hafa enga möguleika á að beita verkfallsvopni eins og t.d. félagar í BHM til að krefjast hærra launa. Verkföll eru samt að lama þeirra starfsvettvang og staðan er víða orðin mjög alvarleg. Dýralæknar hafa lifibrauð sitt af landbúnaði, en með fyllilega lögmætum aðgerðum sínum eru þeir samt að lama sinn eigin starfsvettvang. Þetta hefur hleypt illu blóði í marga bændur og getur skaðað annars gott og bráðnaðsynlegt samstarf þessara stétta.

Það verður að finna aðrar leiðir til að leiðrétta og jafna kjör nú á tímum upplýsingaþjóðfélagsins. Það ætti ekki að þurfa að gripa til verkfalla sem skaða alla þjóðfélagsþega og mest þá er minnst mega sín. /HKr.

## LEIÐARINN

# Alvarlegir atburðir

Verkföll dýralækna og fleiri félagsmanna BHM sem starfa hjá Matvælastofnun hefur nú staðið í tíu daga. Verkfallið hefur valdið verulegum óþægindum í landbúnaði og það hefur líka komið hart niður á sjúklingum og fleirim í samfélaginu enda eru fjölmargir starfsmenn í heilbrigðisþjónustu líka í verkfalli sem og fleiri háskólamenntaðir starfsmenn ríkisins.

Staðan í landbúnaðinum af völdum verkfallsins er grafalvarleg. Þar brennur harðast á í alifugla- og svínarækt en starfsemi í þeim greinum er með þeim hætti að eldi og slátrun fer fram jafnt og þétt allt árið. Afurðir eru að langmestum hluta seldar ferskar og verð þeirra fellur um leið og þarf að frysta þær. Vegna verkfalls dýralækna fer engin heilbrigðisskoðun fram í slátruhúsum og þar með fer engin slátrun fram. Það hefur mjög fljótt áhrif í alifuglaræktinni.

### Vaxandi hættu á sjúkdómum

Kjúklingar vaxa hratt upp í sláturstærð og ef þeim er ekki slátrað á þeim tíma sem gert er ráð fyrir þá halda þeir eðlilega áfram að stækka. Það verður svo aftur til þess að of þröngt verður um þá í húsum. Þá eykst verulega hættu á sjúkdómum og jafnframt eru bændur jafnframt settir í þá stöðu að vera farnir að brjóta lög og reglur um dýravelferð, þar sem kveðið er á um hvaða lágmarksplass kjúklingarnir þurfa að hafa.

### Engir góðir kostir í boði

Undanþága fékkst í lok síðustu viku. Þar var heimilud takmörkuð slátrun sem gerði bændum kleift að létta á þeim húsum þar sem orðið var of þröngt. Til þess að hún fengist þurftu framleiðendur að lofa því að afurðir þessarar slátrunar færu ekki á markað, heldur yrðu frystar



Kjúklingar vaxa hratt upp í sláturstærð og ef þeim er ekki slátrað á þeim tíma sem gert er ráð fyrir þá halda þeir eðlilega áfram að stækka. Það verður svo aftur til þess að of þröngt verður um þá í húsum. Þá eykst verulega hættu á sjúkdómum og jafnframt eru bændur jafnframt settir í þá stöðu að vera farnir að brjóta lög og reglur um dýravelferð.

og ekki markaðssettar fyrr en að fenginni laun deilunnar. Það er engin lagaskylda að gera slíkt og þessi leið var og er afarkostur fyrir bændur, en annað var einfaldlega ekki talið forsvaranlegt með hliðsjón af dýravelferð og því var gengið til samninga. Engir góðir kostir voru í boði.

Þetta er hins vegar bara til að leysa bráðasta velferðarvandann. Staðan í alifuglaræktinni er fljót að sækja í sama farið ef ekki verða veittar sambærilegar undanþágur áfram.

Ef alifuglaslátrun er deilt niður á alla 365 daga ársins er meðaltalið um það bil 13.600 fuglar á dag. Lesendur geta því hæglega séð fyrir sér hvað vandinn er fljóttur að safnast upp ef ekki er hægt að koma við slátrun. Um leið er sams konar vandi í svínaræktinni kominn upp. Með sama hætti og áður er slátrað að meðaltali 213 svinum á dag – alla daga ársins. Dragist verkfallið á langinn verða til sömu vandamál í öðrum greinum eins og nautgriparækt og á endanum í sauðfjárrækt.

### Bændur hafa þegar orðið fyrir tjóni

Undanþágurnar sem greinir frá hér að framan leysa hins vegar ekki þann vanda sem búið standa frammi fyrir. Afurðirnar fara ekki á markað eins og fram kemur og það þýðir að bændurnir fá ekki greitt fyrir þær. Það hefur fljótt áhrif á lausafjárstöðu búanna. Innan tíðar geta þau ekki keypt fóður og önnur nauðsynleg aðföng, að ekki sé talað um að greiða starfsfólki eða eigendum laun. Lesendur sjá í hendi sér hvað það þýðir. Tjónið er því verulegt hvern einasta dag sem verkfallið stendur og er þegar óafturkræft, því þær frosnu afurðir sem safnast hafa upp eða munu gera það eru undantekningarlaust verðminni en ferskar. Það munu bændur ekki fá bætt, jafnvel þó að deilan leysist í dag.

### Lífsafkomu bænda ógnað

Fleiri óveðursský eru á himninum. Hálf dags verkfall félaga í Starfsgreinasambandinu hefst í dag. Semjist ekki þá verða tvö tveggja daga verkföll í maí og ótímabundið verkfall frá 26. maí. Það mun hafa mikil og veruleg áhrif á matvælavinnslu og dreifingu matvæla sem og víða annars staðar í samfélaginu. Það mun m.a. hafa áhrif á söfnun mjólkur frá bændum á tíma þar sem mjólkurframleiðsla bænda er í hámarki. Náist ekki samningar gæti þurft að hella niður allt að þremur milljónum lítra af mjólk á viku sem er tjón upp á 250 milljónir króna. Fleiri félög eru að undirbúa aðgerðir m.a. Flóabandalagið og verslunarmenn – en alls hefur á fimmta tug kjaradeilna verið vísað til ríkissáttasemjara.

Það er þekkt staðreynd að verkföllum er ætlað að valda óþægindum til að skapa þrýsting þeirra sem fyrir þeim verða á að þau leysist, en þetta verkfall ógnar beinlínis lífsafkomu margra bænda. Ég hef aðeins eitt að segja við deiluaðila. – Semjið strax! /SSS

## The Soils of Iceland:

# Jarðvegur á Íslandi

Í bókinni The Soils of Iceland er fjallað um íslenskan jarðveg og þá þætti í umhverfi landsins sem mótar jarðveginn og íslensk vistkerfi. Jarðvegurinn telst til eldfjallajarðar, sem telst sérstök jarðvegsgerð. Flokkun jarðvegsins er skýrð og rætt um breytileika jarðvegsins og helstu áhrifaþætti sem móta jarðvegeiginleika.

Höfundur bókarinnar er dr. Ólafur Arnalds, jarðvegsfræðingur og prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands. „Aðdragandinn að útgáfu bókarinnar er sá að það er unnið að útgáfu bóka um jarðveg í öllum löndum heims og fyrir nokkrum árum var ég beðinn um að skrifa bók um íslenskan jarðveg fyrir þann bókaflökk sem Springer í Hollandi gefur út.“

Bókin The Soils of Iceland er fyrsta bókin sem hefur komið út



Dr. Ólafur Arnalds, jarðvegsfræðingur og prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands. Mynd / VH

um jarðveg á Íslandi frá árinu 1960 þegar Björn Jóhannesson gaf út bókina Íslenskur jarðvegur.

### Afrakstur margra ára vinnu

Ólafur hóf vinnu við bókina fyrir tveimur árum en hann segir efni hennar byggja á vinnu og upplýsingum sem hann hefur víðað að sér síðastliðinn 30 ár. „Sumt hefur birst áður en aldrei verið tekið saman, en kaflar bókarinnar voru afar mislengi í vinnslu.“


### Sérstaða íslensks jarðvegs

„Jarðvegur á eldfjallavæðum eins og Íslandi hefur allt aðra eiginleika en jarðvegur annars staðar í heiminum og er flokkaður sér. Jarðvegur hér er að auki mjög sérstæður ekki síst vegna sérstöðu votlendisjarðvegs

og hins mikla áfoks, sem á sér varla sinn líkan í veröldinni.

Eiginleikar íslensks jarðvegs einkennist af basískri gjósku og það þýðir að það er lítið af kísli í honum en því meira af öðrum bergefnum eins og kalsíum, magnísíum, járn og mangan sem dæmi.

Gjóskan í jarðveginum er að mestu leyti glerkennt efni sem veðrast hratt og veður hér því ein sú hraðasta í heimi og útfelling steinda því mjög hröð. En leirsteindirnar eru ansi sérstakar og eitt sem einkennir þær er skortur á samloðun. Á móti kemur að hann heldur vel vatni og hefur ríka tilhneigingu til að safna í sig lífrænum efnum og fyrir vikið er hann mjög frjósamur. Þetta þýðir



að ef gróður nær á annað borð að festa rætur og fær frið til að dafna myndast hér frjó jörð.“ segir Ólafur.

### Sandfok og endurheimt vistkerfa

Í bókinni er sérstakur kafla um hinar miklu sandauðnir landsins, uppfok frá þeim og áhrif áfoks á náttúruna. Síðasti kaflinn tekur saman ritað efni um hrun íslenskra vistkerfa, fjallað er um jarðvegsrof og ástandsstig. Að síðustu er farið nokkrum orðum um vistheimt, endurheimt vistkerfa. Mikill fjöldi heimilda fylgir hverjum kafla, sem auðveldar lesandanum að afla sér frekari þekkingar. Bókin er 180 blaðsíður og í stóru broti með fjölda skýringarmynda í litum. /VH



## Líf og starf

Sumardagurinn fyrsti:

## Opið hús í Garðyrkjuskólanum

Fjölmennt var í opnu húsi nemenda Garðyrkjuskólans á Reykjum á sumardaginn fyrsta enda fjölbreytt dagskrá í boði.

Opin hús í Garðyrkjuskólanum á sumardaginn fyrsta er fastur liður í starfi skólans og hluti af kynningarstarfi hans. Nemendur gefa út blaðið Vorboðinn í tilefni dagsins og hægt er að njóta gróðurhúsins í gróðurkálala og gróðurhúsum skólans. Bananahús var til sýnis en auk þess að vera stærsta bananaplantekra í Evrópu kennir þar margra annarra grasa. Á markaðstorgi var hægt að smakka á og kaupa garðyrkjuafurðir.

Meðal gesta voru Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra og Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra sem allir veittu verðlaun tengdum ræktun og umhverfismálum.

Eftir formlega setningu hátíðar og ræðu Björns Þorsteinssonar, rektors Landbúnaðarháskóla Íslands, tók Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra til máls og veitti þrenn verðlaun. Viðurkenningu sem verknámsstaður garðyrkjunnar 2015 hlaut Þórir Kr. Þórisson, skrudgarðyrkjumeistari og eigandi Stjörnugarða. Hvatningarverðlaun garðyrkjunnar 2014 hlutu hjónin Sigurdís Edda Jóhannesdóttir og Gunnar Þorgeirsson í gróðrarstöðinni Ártanga fyrir góðan árangur í ræktun kryddjurta. Að lokum afhenti forsætisráðherra Brandi Gíslasyni skrudgarðyrkjumeistara heiðursverðlaun garðyrkjunnar árið 2015 fyrir ævistarf sitt sem garðyrkjumaður.

Ólafur Ragnar Grímsson forseti steig næstur í púlt og lýsti ánægju sinni með að vera staddur í Garðyrkjuskólanum á þessari hátíð. Hann sagði að skólinn hefði slegið met og í fyrsta sinn í sögu lýðveldisins væru forseti landsins og forsætisráðherra saman komnir til að veita verðlaun á sömu samkomunni. „Þegar bætist við að menntamálaráðherra er einnig á staðnum í sömu erindagerðum verðu það met líklega seint eða



Fulltrúar Skógræktarfélags Hveragerðis tóku við umhverfisverðlaunum Hveragerðis frá Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands. Myndir / VH



Brandur Gíslason skrudgarðyrkjumeistari hlaut heiðursverðlaun garðyrkjunnar árið 2015 fyrir ævistarf sitt sem garðyrkjumaður. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra afhenti viðurkenninguna.

aldrei slegið.“ Því næst afhenti Ólafur Ragnar Skógræktarfélagi Hveragerðis umhverfisverðlaun Hveragerðis árið 2015.

Að lokum afhenti Illugi Gunnarsson mennta- og menningarmálaráðherra hjónunum Guðrúnu Arndísi Tryggvadóttur og Einar Bergmundi Arnbjörnssyni hjá

náttúran.is umhverfisverðlaun Ölfuss 2015. Illugi sagði meðal annars að náttúran.is hlyti verðlaunin fyrir metnaðarfulla vefsíðu um umhverfismál sem á jákvæðan hátt hvetur almenning og fyrirtæki til að skapa sjálfbært samfélag og með síðunni væri innleidd ný hugsun í umhverfisvitund þjóðarinnar. /VH



Viðurkenningu sem verknámsstaður garðyrkjunnar 2015 hlaut Þórir Kr. Þórisson, skrudgarðyrkjumeistari og eigandi Stjörnugarða.



Hvatningarverðlaun garðyrkjunnar 2014 hlutu hjónin Sigurdís Edda Jóhannesdóttir og Gunnar Þorgeirsson í gróðrarstöðinni Ártanga.



Sigurður Gunnar Ásgeirsson garðyrkjumaður ásamt Margitu Angini og Kristbjörgu, dóttur þeirra.



Dagný Magnúsdóttir, hönnuður verðlaunagripsins, Guðrún Arndís Tryggvadóttir og Einar Bergmundur Arnbjörnsson, stofnendur náttúran.is, auk Illuga Gunnarssonar mennta- og menningarmálaráðherra.

## MÆLT AF 128 MUNNI FRAM

Í næstu vísnaþáttum verða birtar vísur frá hagarðingasamkomu Karlakórs Eyjafjarðar, sem haldin var í Laugarborg miðvikudaginn fyrir páska. Listrænn stjórnandi samkomunnar var **Birgir Sveinbjörnsson** á Akureyri, en yrkjendur auk **Árna Geirhjartar** voru þeir **Björn Ingólfsson**, fyrrv. skólastjóri á Grenivík, **Hjálmar Freysteinnsson**, læknir á Akureyri, **Jóhannes Sigfússon**, bóndi á Gunnarsstöðum og **Pétur Pétursson**, læknir á Akureyri. Fyrst og seinast sat ég þessa samkomu sem skotsþórn hagarðinganna og sjást víða rakin merki þess. Fyrsti þátturinn í þessari syrpu er tileinkaður **Jóhannesi Sigfússyni** sem opnaði samkomuna með þessari vísu:

*Athygli ég allrar nýt,  
ekki mun það sárna.  
Ég held ég verði að henda skít  
í helvítið 'ann Árna.*

Af sjálfum sér sagði Jói þetta helst:

*Þó að saki árin á,  
undan frekar halli,  
er ég samt með heilli há  
og hugur er í karli.*

*En meðan andar einhver þrá,  
eiðhvert líf í glóðum,  
mun ég skrefin mæla á  
mínum heimaslóðum.*

Um **Hjálmar** lækni, samstarfsmann **Péturs** orti **Jói**:

*Hjálmar hann er tryggðatröll,  
tel'ann flestum betri,  
og lítið skemdan eftir öll  
árin sín með Pétri.*

Um **Árna Geirhjört** orti **Jói**:

*Ef að konur Árni sér  
er hann þannig gerður  
að limaburður allur er  
eftirtektarverður.*

**Birni Ingólfs** lýsir **Jói** svona:

*Björn má telja besta mann,  
Björn í vitið stígur.  
Sveimar kringum sannleikann  
en sárafáu lýgur.*

Um þræl sinn í smalamenskum, **Pétur Pétursson** yrkir **Jóhannes**, og vitnar þar til þess er **Pétur** slasaðist í Gunnarsstaðagöngum sl. haust:

*Glaðbeittur í göngur fer'ann  
geysi harðsækin.  
Hestamaður aftur er'ann  
afar jarðsækin.*

Stjórnandinn **Birgir Sveinbjörnsson**, sem átti sinn frjóasta feril á síldarárunum á Raufarhöfn forðum tíð, fékk þessa vísu frá **Jóa**:

*Muna fifil fegri má,  
frjóí tíminn liðinn,  
og grásleppa er gengin á  
gömlu síldarmiðin.*

**Birgir** falaðist eftir því nýjasta sem **Jói** hefði ort, og sem hann teldi vel gert:

*Gengi Moggans gerist valt,  
gæfusólin hnigin.  
Nú er Davíð eftir allt  
útúr skápnun stiginn.*

**Birgir** fól svo hverjum og einum að yrkja um stjórnanda **Karlakórs Eyjafjarðar**, hana **Petru Björk Pálsdóttur**. **Jóhannes** gerir það fúslega:

*Hún er bæði blíð og góð,  
brosandi við öllum.  
Upp svo töfrar eistnahljóð  
úr ævagömlum körlum.*

Umsjón:  
**Árni Geirhjörtur Jónsson**  
kotabyggd1@gmail.com



## Fréttir



Höfuðstöðvar Kjarnafæðis á Svalbarðseyri.

## Kjarnafæði óskar eftir að kaupa öll hlutabéif í Norðlenska

„Þetta eru bara þreifingar enn sem komið er,“ segir Gunnlaugur Eiðsson framkvæmdastjóri Kjarnafæðis, en fyrirtækið hefur sent Búsæld, eigendafélagi Norðlenska erindi þess efnis að það vilji kaupa öll hlutabréf í félaginu.

Gunnlaugur segir að ósk um kaup á hlutabéifum hafi verið sent til Búsældar, en af og til á undanföllum árum hafi sameining á þessum félögum verið til skoðunar þó enn hafi það ekki gengið eftir. „Staðan innan greinarinnar er erfið, líkt og oft áður. Þetta er einn af

þeim liðum sem við teljum að verði að skoða af alvöru,“ segir hann. Í þeirri stöðu sem uppi er innan kjötvinnslunnar beri fyrst að sækja í hagræði innan greinarinnar, svo efla megi hana og styrkja til sóknar. Hvort af sameiningu fyrirtækjanna tveggja verði segir Gunnlaugur ekki vitað á þessari stundu.

Hluthafar í Norðlenska eru ríflega 520 talsins og eiga með sér eignarhaldsfélagið Búsæld, einkum er um að ræða bændur, kjötframleiðendur í Eyjafirði, Þingeyjarsýslum og á Austur- og Suðausturlandi. /MPP

### Garðyrkjuritið 2015:

## Garðyrkjufélagið 130 ára

Garðyrkjufélag Íslands fagnar stórafmæli á þessu ári en félagið var stofnað af Georg Schierbeck landlækni árið 1885 og er því 130 ára á þessu ári.

Kristinn Þorsteinsson, fræðslu- og verkefnastjóri Garðyrkjufélagsins, segir markmið félagsins að efla, varðveita og miðla þekkingu og auka áhuga á garðrækt og ræktunarmeningu á landinu og stuðla að uppbyggingu fjölbreytts og fagurs gróðurrikis og umhverfis.

„Fyrir okkur sem erum meðlimir í félaginu felst gildi þess í sköpunargleði, umhyggju, þrautseigju og ekki síst forvitni. Áherslur í starfi félagsins eru í stöðugri endurskoðun og taka breytingum í takt við nýja tíma.

Félagið gefur út tímarit og eru félagsmenn nýbúinir að fá í hendur 95. árgang þess sem hefur að geyma fjölda áhugaverðra greina um gróður og garða. Við höldum einnig úti öflugri heimasíðu sem miðlar



fréttum um starfsemi félagsins og klúbba innan þess.

Auk þess sem félagið stendur fyrir fjölda fyrirlestra og fræðslufunda á hverju ári. /VH

### Aðalfundur Sambands garðyrkjubænda:

# Búvörusamningar og breytingar á félagskerfi

Aðalfundur Sambands garðyrkjubænda (SG) var haldinn á Hótel Selfossi þann 14. apríl síðastliðinn.

Að sögn Katrínar Maríu Andrésdóttur, framkvæmdastjóra SG, var fundurinn þrýðilega sóttur af félögum. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa fjölluðu félagsmenn og gestir um fjölmörg mál sem brenna á garðyrkjubændum um þessar mundir.

### Búvörusamningar og breytingar á félagskerfi bænda

„Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra var meðal gesta fundarins og hann fjallaði um þá sýn sem hann hefur á endurnýjun búvörusamninga. Sigurður sagði að horft væri til þess að gera búvörusamning til 10–15 ára svo tryggja megi aukinn stöðugleika í rekstrarumhverfi landbúnaðarins,“ segir Katrín María.

„Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands (BÍ), kynnti fundarmönnum þær breytingar sem eru í farvatninu varðandi félagskerfi bænda, meðal annars nýtt fyrirkomulag á félagsgjöldum til BÍ, sem staðfestar voru á síðasta Búnaðarþingi sem haldið var í mars síðastliðnum. Líflugar umræður sköpuðust um þessi mál sem hafa ríkuleg áhrif á starfsumhverfi garðyrkjubænda.“

### Nýr garðyrkjuráðunautur

„Þá kynntu fulltrúar Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins drög að þrepaskiptum þjónustusamningum sem garðyrkjubændum standa til boða, en síðustu misseri hefur verið unnið að þróun þeirra í samráði við bændur. Ætlunin er að þjónustan taki í auknum mæli mið af ólíkum þörfum í ræktun og framleiðslu og verði í raun sérsniðin eins og best hentar hverjum notanda. Fyrirhugað er að fram fari nánari kynning á þjónustunni. Helgi Jóhannesson kynnti sig fyrir fundarmönnum, en hann mun taka til starfa sem garðyrkjuráðunautur í byrjun maí.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins tekur við umsjón þróunarstuðnings. Katrín María segir Þórhildi Þorsteinsdóttur, framkvæmdastjóra Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, hafa á fundinum kynnt þær breytingar sem urðu um síðustu áramót þegar sjóðurinn tók við umsjón með



Fundurinn var þrýðilega sóttur.

Myndir / Katrín María Andrésdóttir



Sveinn A. Sæland, fráfarandi formaður, óskar Gunnari Þorgeirssyni, nýjum formanni, til hamingju. Erna Bjarnadóttir frá Bændasamtökum klappar.

ráðstöfun framlaga – af SG – til kynningarverkefna, rannsókna, tilrauna, vöruþróunarverkefna og endurmenntunar. „Framvegis skal umsókn um framangreinda þætti skilað til Framleiðnisjóðs, sem afgreiðir þær að undangengnu mati fagræðs í garðyrkju. Í fagræðinu sitja fulltrúar SG og BÍ en nánari upplýsingar og verklagsreglur um ráðstöfun framlaga má nálgast á vefsíðu Framleiðnisjóðs www.fl.is.“

### Gunnar Þorgeirsson tekur við formennsku af Sveini A. Sæland

Á fundinum var kjörin ný stjórn SG. Sveinn A. Sæland, sem verið hefur formaður SG síðustu ár, hvarf úr stjórn ásamt Vernharði Gunnarssyni. Nýr formaður var kjörinn Gunnar Þorgeirsson í Ártanga. Aðrir í stjórn eru Helga Ragna Pálsdóttir, Óskar Kristinsson, Sigrún Pálsdóttir og Þorleifur Jóhannesson. /smh

## Gunnar Þorgeirsson í Ártanga er nýr formaður Sambands garðyrkjubænda: Vinna við rammamning búvöruframleiðenda

Á aðalfundi Sambands garðyrkjubænda (SG) sem haldinn var urðu formannsskipti í sambandinu. Gunnar Þorgeirsson, Gróðrarstöðinni Ártanga í Grímsnesi, tók við af Sveini A. Sæland.

Gunnar nam garðyrkju í Danmörku og starfaði þar um tíma áður en hann hélt heim og setti á fót Gróðrarstöðina Ártanga árið 1986 með konu sinni, Eddu Jóhannsdóttur. Fyrst um sinn voru þau mest með pottaplöntur; til dæmis begonjur, jukkur og drekatré og í kjölfarið einnig sumarblóm og lauka af margvíslegu tagi. Nú er megináherslan á kryddjurtir og þá aðallega basiliku, steinselju, kóríander, klettasalát, rósmarín og myntu. Yfir vetrartímam sendir Ártangi frá sér um 2.000–2.500 plöntur á viku.

Ártangi er fjölskyldubú; tvær dætur þeirra Gunnars og Eddu vinna við stöðina og sonur þeirra hefur einnig lagt hönd á plóg.

Gunnar segir að áherslur hjá SG á komandi misserum verði væntanlega rammamningur búvöruframleiðenda, en garðyrkjan kemur formlega að þeirri vinnu. „Ljóst er að vilji ráðherra, til að gera einn sameiginlegan samning, er aðfráttarlaus. Fyrirséð



Gunnar ávarpar aðalfund Sambands garðyrkjubænda. Mynd / Katrín María

er að þetta muni taka talsverðan tíma. Einnig er spurning um afdrif frumvarps um þjóðfánann einn og allir vita hefur fánaröndin verið markaðsvara garðyrkjunnar. Það er nokkuð ljóst að garðyrkjan verður að standa vörð um þetta vörumerki. Annað sem nauðsynlegt er að fara í gegnum er hvernig tekjum verður háttað þegar hætt verður að innheimta búnaðargjald. Það verður talsverð hagsmunabarátta búgreinafélaganna að halda áfram innheimtu aðildargjalda og nauðsynlegt að standa vel að því. Þetta verða svona meginverkefni þessa árs sýnist mér. Ég hef setið í stjórn SG og sett mín fingraför á stefnu okkar og ekki að vænta einhverra byltinga á störfum eða áherslum,“ segir Gunnar, sem einnig er oddviti í Grímsnes- og Grafningshreppi. /smh

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

## HAUGSUGUDÆLUR Jurop

Eigum til afgreiðslu Jurop haugsugudælar

**Er haugsugudælan í lagi?**

Eigum til og getum útvegað varahluti í flestar gerðir haugsugudæla

**VBL LANDBÚNAÐUR ehf.**  
NB Agriculture Ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK  
Krókháls 5F  
110 Reykjavík  
Sími: 414-0000

AKUREYRI  
Baldursnes 2  
603 Akureyri  
Sími: 464-8600





**BÁRUJÁRN**  
ALUSINK OG LITAD ALUSINK  
PLÖTUR KLÆÐA 107 CM

**NÝJUNG**  
VATNSRÁS

**VEGGKLÆÐNINGAR**  
OG FLASNINGAR

**LÆSTAR**  
KOPAR OG SINK  
KLÆÐNINGAR

**STJÖRNUBLIKK**  
KARTÓSSAR • ALUMÍNÍUM KLÆÐINGAR • KAMRÁSTAL • BÁRUJÁRN  
LÖFTLÆSTADÖR • VÖR • KLÆMNT • VEGGTRÖS • KLÆMNINGAR

*Snögg og góð þjónusta!*

Smiðjuvegi 2 • 200 Kópavogur • Sími 577 1200 • Fax 577 1201 • stjornublikk@stjornublikk.is • www.stjornublikk.is

**ÁLAVEIÐAR**  
• KAUPUM ÁL •

Óskum eftir að komast í samband við fleiri álaveiðimenn við fyrsta tækifæri

Upplýsingar veitir Víðir í síma 770 2214 og 456 5505

**NORTH ATLANTIC ehf**  
Söluskrifstofa íslenskra sjávarafurða

# Pú finnur fleiri notaða á benni.is



## HONDA CR-V

Bensín / Beinskiptur / Skráningarár: 1/2006  
Ekinn: 138.000 km.  
**Verð: 1.690.000 kr.**



## KIA SPORTAGE

Dísel / Beinskiptur / Skráningarár: 5/2007  
Ekinn: 111.000 km.  
**Verð: 1.690.000 kr.**



## HYUNDAI SANTA FE

Bensín / Beinskiptur / Skráningarár: 7/2004  
Ekinn: 137.000 km.  
**Verð: 890.000 kr.**



## CHEVROLET CAPTIVA

Dísel / Sjálfskiptur / Skráningarár: 1/2013  
Ekinn: 73.000 km.  
**Verð: 4.290.000 kr.**



VIÐ  
ERUM  
HÉR

[www.benni.is](http://www.benni.is)

Reykjavík  
Vagnhöfða 27  
Sími: 590 2035

Reykjanesbær  
Njarðarbraut 9  
Sími: 420 3330

Opnunartímar:  
Virka daga 10-18  
Laugardaga 12-16

**Bilabúð**  
**Benna**

Sérfræðingar í bilum

# Pontus lambmjólk



**Góð næring fyrir ungvíði er grunnurinn að heilbrigði og vexti.** Pontus lambmjólkinn frá Bústólpa hefur fengið frábærar viðtökur. Hér er um þrautreynda úrvalsvöru að ræða sem ætluð er til fóðrunar á lömbum í tilvikum þar sem ær ná ekki að mjólka lömbunum nóg.

**Lambmjólk inniheldur öll þau næringarefni sem lömbum eru nauðsynleg og stuðlar þannig að heilbrigði og örum vexti.**

Fæst í 5kg og 25kg pokum.

Söluaðilar:



Sími 430 5500 - Fax 430 5501

**Kaupfélag**  
**Steingrímsfjarðar**

Sími 455 3106 - Fax 455 3109



Sími 455 4610 - Fax 455 4611

**Kaupfélag**  
**Vestur Húnavetninga**

455 2320 - Fax 451 2874



FÓÐURBLANDAN  
- gæði í hverri gjöf

Egilsstöðum - Sími 570 9860  
Hvolsvelli - Sími 570 9850  
Selfossi - Sími 570 9840



**Bústólpi**

FÓÐUR OG ÁBURÐUR



## Fréttir

VOR, félag framleiðenda í lífrænum búskap:

## Hyggst sækja um aðild að Bændasamtökunum

Aðalfundur VOR 2015, félags framleiðenda í lífrænum búskap, var haldinn 15. apríl í Bændahöllinni við Hagatorg. Félagið ætlar að sækja á ný um aðild að Bændasamtökum Íslands.

Breytingar urðu í stjórn félagsins; Jóhanna B. Magnúsdóttir fór úr stjórn og Gunnþór Guðfinnsson kemur nýr inn. Aðrir í stjórn eru Þórður Halldórsson, Kristján Oddsson, Eygló Björk Ólafsdóttir og Guðfinnur Jakobsson.

### Aðildarumsókn að BÍ

Á aðalfundinum var samþykkt að stjórn myndi undirbúa aðildarumsókn að Bændasamtökum Íslands (BÍ) og svo var stjórn falið að vinna að endurvakningu fagræðs um lífrænan búskap. Búnaðarþing 2015 ályktaði einmitt um mikilvægi þess að framleiðsla á lífrænt vottuðum landbúnaðarvörum væri eflað og styrkja þyrfti ýmsar grunnstoðir í lífrænum búskap, meðal annars með því að endurvekja fagræð í lífrænni ræktun. Búnaðarþing 2015 ályktaði að ein leið að því marki að efla þessa framleiðslu væri sú að VOR sækti um aðild að BÍ.



Þórður Halldórsson á Akri er formaður Félags framleiðenda í lífrænum búskap. Mynd / smh

### Nýr ráðgjafi kynntur

Ólafur Dýrmondsson lét nýverið af störfum sem ráðunautur í lífrænum búskap hjá BÍ og á fundinum var Lena Reiher, hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, kynnt sem arftaki Ólafs.

Á fundinum kom fram að góð aðsókn hefði verið í nýtt nám í lífrænni garðyrkju á Reykjum og stunda 11 nemendur nám þar nú.

/smh

## Landshlutasamtök sveitarfélaganna: Harma lítinn áhuga á samgöngubótum

Landshlutasamtök sveitarfélaganna hafa áhyggjur af því að ekki sé veitt meira fjármagn í samgöngur í áætlun fyrir árin 2014–2018 en raun ber vitni.

Innanríkisráðherra lagði áætlunina fram á ríkisstjórnarfundum nýverið. Þetta kemur fram í áskorun frá vörfundum framkvæmdastjóra og formanna samtakanna.

Alþingi mun líklega veita afbrigði frá dagskrá til að málið geti fengið meðferð á vörpungi en í ályktuninni er harmað hversu seint það kemur fram. Vakin er athygli á erfiðri stöðu í samgöngumálum, ekki sé gert ráð fyrir neinum nýframkvæmdum í ár og ekki hafi verið tekið á margra ára uppsöfnuðum skuldavanda í þjónustunni.

### Áframhaldandi ófremdarástand

Hækkun fjárheimilda til málaflöksins á tímabilinu er óveruleg

sem samtökin segja þýða „áframhaldandi ófremdarástand“. Niðurstöðunni er lýst sem vonbrigðum þar sem mikilvægi samgangna hafi aldrei verið meira.

Bent er á aukna vöruflytninga, fjölgun ferðamanna, stækkun atvinnusvæða og aðgang að heilbrigðisþjónustu í því samhengi. Sérstaklega er vakin athygli á mikilvægi samgangna fyrir áherslu í byggðapróun og vísað í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar þar sem segir að unnið verði að samgöngubótum með áherslu á tengingu byggða.

„Landshlutasamtökin harma að ekki sé ríkari vilja að finna í samgönguáætlun til næstu fjögurra ára til að ná þessu markmiði. Óhætt er að fullyrða að enginn einn málaflokkur sé jafn mikilvægur fyrir landsmenn alla. Samtökin skora því á ríkisstjórn og Alþingi að tryggja stóraukið fjármagn til samgöngumála,“ segir í ályktuninni.



Kristín dýralæknir og Jón bóndi halda hér utan um hvort sitt höfuðið á kálfinum. Mynd / MHH

## Síams-tvíkelfingur í fjósinu á Syðri-Hömrum í Ásahreppi

Síams-tvíkelfingur kom í heiminn í fjósinu á Syðri-Hömrum í Ásahreppi hjá Jóni Þorsteinssyni bónda og fjölskyldu föstudagskvöldið 10. apríl eftir fjögurra klukkustunda keisaraskurð á kúnni Nótt.

Kálfurinn var lifandi fram

að burði en drapst rétt áður en keisaraskurðurinn hófst. Kristín Þórhallsdóttir, dýralæknir hjá Dýralæknamiðstöðinni á Hellu, framkvæmdi skurðinn.

„Þetta er einn búkur með tvo hause, tvo hala og tvær hryggjarsúlur. Búkurinn er mjög

afmyndaður en dýrið er aðeins með fjóra fætur. Þetta er í fyrsta sinn sem ég lendi í svona með kú,“ segir Kristín. Hún fékk að hirða kálfinn og ætlar að nota hann í kennslu á Hvanneyri þar sem nemendur fá að kryfja tvíkelfinginn.

/MHH



Anna María Lind Geirsdóttir, vefstjóri geit.is, Sigurður Sigurðarson, dýralæknir og heidursfélagi, dr. Ólafur R. Dýrmondsson, nýr heidursfélagi, og Sif Matthíasdóttir, formaður Geitfjárræktarfélags Íslands.

Aðalfundur Geitfjárræktarfélags Íslands:

## Sif endurkjörin formaður

Aðalfundur Geitfjárræktarfélags Íslands 2015 var haldinn 21. mars í Geitfjársetrinu að Háafelli. Sif Matthíasdóttir var endurkjörin formaður.

Að sögn Sifjar kemur fram í ályktunum fundarins að markmið félagsins sé að fjölga félögum, kynna starfsemina og hvetja bændur – og aðra sem vilja veg geitarinnar sem mestan – að flykkjast í félagið. „Einnig eru þeir sem halda geitur

hvattir til að senda inn skýrslur, skrá vanhöld og senda dautt geitfé í krufningu því við lærum mest af því að finna út hvers vegna kiðin drepast og sama gildir um eldri einstaklinga. Sigurður Sigurðarson er að þýða bækling um sjúkdóma í geitum. Jóhanna fór á ostanámskeið í Svíþjóð og sagði frá því og margt fleira var til umfjöllunar á fundinum,“ segir Sif.

Dr. Ólafur R. Dýrmondsson

var gerður að heidursfélagi í Geitfjárræktarfélagi Íslands og er þar með kominn í félagsskap með Sigurði Sigurðarsyni dýralækni, sem hafði áður hlotið þessa nafnbót.

Aðrir í stjórn eru Guðni Indriðason gjaldkeri, Gunnar Júlíus Helgason varaformaður, Birna Baldursdóttir ritari og Íris Aðalsteinsdóttir meðstjóri. Varamenn eru Anna María Lind Geirsdóttir og Bettina Wunsch.

/smh

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

## DRIFSKÖFT OG DRIFSKAFTAEFNI

WALTERSCHEID

HÆGT ER AÐ KAUPA STAKA HLUTI Í DRIFSKAFTAHLÍFAR

GOTT ÚRVAL Í BODI

ERU ÖRYGGISMÁLIN Í LAGI? ÖRYGGISHLÍFAR Á MJÖG HAGSTÆÐU VERÐI

BENZI & DI TERLIZZI

**VB** LANDBÚNAÐUR ehf. VB Agriculture Ltd.

www.VBL.is

REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000

AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600



# Dekkjainnflutningur

15% afsláttur af öllum dekkjum til 15. maí 2015

Eigum á lager flestar stærðir traktora-, vagna-, vinnuvéla- og vörubíladekkja.

Einnig mikið úrval fólksbíla- og jeppadekkja.



**Jason ehf.**  
Hafnarstræti 88  
Akureyri

Vinsamlegast hafið samband við

Árman Sværissón 896-8462 e-mail [jasondekk@simnet.is](mailto:jasondekk@simnet.is)  
Tryggva Aðalbjörnsson 896-4124



## Launch bílalyftur

Fyrir lofthæð frá 275 cm  
Lyftigeta 4 tonn 220V/380V  
399.000 kr án vsk 494.760 m/vsk  
Lyftigeta 5 tonn 220V/380V  
577.000 kr án vsk 715.480 m/vsk



EMAX Loftpressur 220V/380V

4 stærðir frá 350 L/mín - 815 L/mín - 220V/380V - Verð frá 199.000 kr



Erum á facebook

Greiðsludreifing í allt að 36 mánuði á Visa/Euro

Verð miðast við gengi 27.4.15

## Hvar kaupir þú blekhylki fyrir heimilið eða tónera fyrir vinnuna?

### VERÐDÆMI

Tóner litasett 4 litir laserjet **Blekhylki.is kr. 55.000** **93.427 kr. ódýrari**  
Umboðsaðili kr. 148.427

Tóner 12a. **Blekhylki.is kr. 6.000** **12.247 kr. ódýrari**  
Umboðsaðili kr. 18.247

4 blekhylki í Brother 123. **Blekhylki.is kr. 4.500** **11.460 kr. ódýrari**  
Umboðsaðili kr. 15.960

5 blekhylki í Canon **Blekhylki.is kr. 3.500** **9.484 kr. ódýrari**  
Umboðsaðili kr. 12.984

### PANTAÐU

Í síma 517-0150, á [www.blekhylki.is](http://www.blekhylki.is) eða í verslunum okkar: Hagkaup Smáralind og Fjarðargötu 11, 2. hæð Hafnarfirði.

**50-70% ódýrari**

Við höfum selt blekhylki og tónera í 6 ár.

**Blekhylki.is**

Lágvörverslun fyrir þig og fyrirtækin í landinu

## BÍLSKÚRA- OG IÐNAÐARHURÐIR

Smíðum sérlega vandaðar bílskúrs- og iðnaðarhurðir eftir málum



**Þær eru léttar og auðveldar í notkun.**

Einangrun er á öllum köntum. Fáanlegar í mörgum stærðum og gerðum, með eða án glugga. Einnig fáanlegar með mótordrifi

Vagnar & þjónusta ehf

Tunguháls 10, 110 Reykjavík  
Sími: 567-3440, [www.vagnar.is](http://www.vagnar.is)



Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300  
Næsta blað kemur út **13. maí**



Akralind 4 201 Kópavogi sími 544-4656, fax 544-4657, [www.mhg.is](http://www.mhg.is)



# ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN







Landsvirkjun



1965 | Stofnun Landsvirkjunar



# Verðmæti til framtíðar

## Ársfundur á 50. afmælisári Landsvirkjunar

Landsvirkjun var stofnuð 1. júlí 1965. Búrfellsstöð var fyrsta stórfamkvæmd fyrirtækisins og stærsta framkvæmd Íslands-sögunnar á þeim tíma. Með byggingu hennar var lagður grunnur að nýjum iðnaði í landinu sem leiddi af sér aukna verkþekkingu og fjölbreyttara atvinnulíf á Íslandi.

Landsvirkjun byggir á traustum grunni. Eftirspurn eftir endurnýjanlegri íslenskri raforku er orðin meiri en framboð og góður rekstur hefur skapað tækifæri til að skila arði til eiganda fyrirtækisins, íslensku þjóðarinnar.

Á opnum ársfundi á 50. afmælisári Landsvirkjunar bjóðum við landsmönnum að kynna sér sögu og framtíð orkufyrirtækis í almannaeigu. Við stöndum frammi fyrir einstökum tækifærum til að skapa þjóðinni aukin verðmæti til framtíðar.

Verið velkomin á ársfund Landsvirkjunar í Eldborg í Hörpu, þriðjudaginn 5. maí kl. 14–16. Bein útsending frá fundinum verður á [Landsvirkjun.is](http://Landsvirkjun.is).

Nánari upplýsingar og skráning á [Landsvirkjun.is](http://Landsvirkjun.is).



## Fréttir



Stjórnarmenn í félaginu Líf í Mýrdal fagna ljósleiðaravæðingunni í sveitinni. Talið frá vinstri; Steinþór Vigfússon, Margrét Harðardóttir Brekkum, Ólafur Þorsteinn Gunnarsson Giljum og Ingvar Jóhannesson. Myndir / Jónas Erlendsson.

# Ljósleiðaravætt í Mýrdalnum

– Mikil samstaða um verkefnið og framkvæmdin unnin að frumkvæði og að stórum hluta á kostnað heimamanna

Íbúar í Mýrdal voru ekkert að bíða eftir að ríkið hefði frumkvæði að lagningu ljósleiðara um svæðið. Ljóst var samt að eitthvað þyrfti að gera þar sem lélegt netsamband var farið að há rekstri ferðapjónustu á svæðinu.

Réðust íbúar því sjálfir í verkefnið og var félagið Líf í Mýrdal stofnað í mars 2014 af 17 aðilum til að standa að lagningu og rekstri ljósleiðarakerfis í Mýrdal. Söfnuðust 26 milljónir í hlutafé. Framkvöðlar að framkvæmdinni voru þau Steinþór Vigfússon og Margrét Harðardóttir á Hótel Dyrhólaey. Nú ári síðar er verkefninu lokið og var haldið upp á það um síðustu helgi. Alls hafa 75 aðilar tengst kerfinu og heildarkostnaður við framkvæmdina var 66 milljónir kr.

Ólafur Þ. Gunnarsson, bóndi á



Ólafur Stígsson bóndi, Steig, og Ingólfur, Brún, við lagningu ljósleiðarans í fyrravor.

Giljum og formaður Lífs í Mýrdal, segir að framkvæmdin sé sérstök á landsvísu. Einkum vegna þess hve hlutur íbúanna er stór í heildarkostnaði við framkvæmdina.

### Góð samstaða um framkvæmdina

„Mikil ánægja og samstaða er meðal heimamanna með framkvæmdina. Án þessarar samstöðu hefði þetta ekki verið mögulegt.“ sagði Ólafur í samtali við Bændablaðið. Sagði hann jafnframt ljóst að góð netvæðing væri orðin forsenda



Ólafur Stígsson bóndi, Steig, fylgist með plægingu ljósleiðarans.

byggðar ekki síður í dreifbýli en þéttbýli. Sem dæmi nefndi hann fjölskyldu sem strax hafi sýnt áhuga á að vera áfram í sveitinni eftir að ákveðið var að ráðast í lagningu ljósleiðarans. Að öðrum kosti hefði hún farið.

### Snör handtök

Framkvæmdir hófust 6. apríl 2014 og í októberbyrjun voru fyrstu tengingar teknar í notkun.

Ljósleiðari félagsins nær frá Sólheimajökli í vestri að

Höfðabrekku í austri, alls um 100 km langt net. Langflestir bæir og nokkrir sumarbústaðir hafa tengst kerfinu. Neyðarlínan tengdi einnig mastur í Sólheimaveiði. Þá voru nokkur fyrirtæki í Vík tengd auk grunnskóla og heilsugæslu. Samningur var gerður við Vodafone um að tengja kerfið landsleiðaranum og þjónusta kerfið.

Heflun ehf. sá um að plægja niður ljósleiðararörin og nokkrir verktafar innan sveitar og utan sáu um aðra jarðvinnu. SH leiðarinn í Hveragerði sá um blástur og tengingar. Ljósleiðari og rör voru keypt hjá S. Guðjónssyni. Ingólfur Bruun var eftirlitsmaður með framkvæmdinni og einn af hönnuðum kerfisins.

Áætlanir eru nú uppi um að ríkið ljósleiðaravæði nær allt landið. Ólafur sagðist ekkert vita um hvort íbúar í Mýrdal muni njóta þess í endurgreiðslum, en vissulega væri viss misrétti í því ef svo yrði ekki. /HK.



**Steinsagir, kjarnaborvélar, gólf og vegsagir.**  
ALLT FYRIR ATVINNUMANNINN









HUSQVARNA FS 400 LV  
HUSQVARNA K 760  
Sögunardýpt 12,5 cm.  
HUSQVARNA K 3600 MK II  
Sögunardýpt 27 cm.  
HUSQVARNA K 2500  
Sögunardýpt 14,5 cm.  
HUSQVARNA DM 230  
Steinsagarblöð og kjarnaborar.

AKRALIND 4 • 201 KÓPAVOGUR • SÍMI 544 4656 • FAX 544 4657 • www.mgh.is  
www.husqvarnacp.com

**HÆKKAD VERÐ Í MAÍ**  
á hryssum 3ja til 15 vetra

**Greiðum 30.000 kr. + vsk fyrir hryssuna komna til okkar**

26.000 kr. + vsk greiðast fyrir hryssur sem sóttar eru

Söfnunarsvæði sem sótt er á: Suðurland, Vesturland og Norðvesturland austur í Eyjafjörð

Tengiliður á Suðurlandi er  
Halldór Gunnarsson í síma 897 8961  
Tengiliður Vesturlandi og Norðvesturlandi er  
Arnhjör Guðlaugsson í síma 662 0028, arnthor@isteka.com  
- GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA -




**VREDESTEIN**  
PASSION FOR PERFORMANCE

Vredestein - Dráttarvéla- og aftanivagnadekk.

**Heildarlausn!**

Hjá BJB færðu réttu dekkinn fyrir öll tækin:

Sérstök fólkspíla, pallbíla- og jeppadekk, sérstök kerrudekk og einstök fjórhjóladekk. **Allt á einum stað.** Vertu í hópi þeirra öruggu á gæðadekkjum frá BJB.



Vredestein - Fólks- og sendibíladekk.



Bighorn, Wanda og Trailfinder - Fjórhjóladekk.



Federal - Kerrudekk (burðardekk). Federal - Jeppa- og pallbíladekk. Federal - Fólksbíladekk.

Fáðu upplýsingar um stærðir og verðtilboð. Hafðu samband við Piero Segatta, sérfræðing á sviði hjólbarða, sendu póst: piero@bjb.is




**Þjónusta BJB**  
Aukin þjónusta

BJB | Flatahrauni 7 | 220 Hafnarfirði | Sími 565 1090 | www.bjb.is | Opið: mán. til fim. kl. 8 - 18, fös. kl. 8 - 16:30  
Skóaðu verð hjólbarða og þjónustu | www.bjb.is | Veldu gæðapjónustu BJB.

**Kjarni málsins**  
**Ekkert viðhald**



Gluggar, hurðir, svalahurðir og sólstofur úr viðurkenndu PVC-U hágæða plastefni hafa einstakt einangrunargildi. Íslensk framleiðsla og áratuga reynsla. Sparaðu tíma, leitaðu tilboða  
gluggar@kjarnagluggar.is



**Kjarnagluggar**  
Selhelli 13, Hafnarfirði • sími 554 2800  
kjarnagluggar.is



AUGLÝSINGARSTOFA E. BACKMAN

Gæði og glæsileiki

**LMC hjólhýsi**



Par sem ferðalagið byrjar

Korputorg  
112 Reykjavík  
Sími 551 5600  
utilegumadurinn.is



**Útilegu maðurinn**  
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opið mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

**Eigum á lager drifsköft og íhluti fyrir vinnuvélar**




**KRAFTVÉLAR**  
Dalvegur 6-8 • 201 Kópavogur • Sími 535 3500  
Draupnigata 6 • 603 Akureyri • Sími 535 3526  
www.kraftvelar.is • kraftvelar@kraftvelar.is

H2 hönnun ehf.



# STEEKUR

## Ég er svín

Kínverska tunglalmánakið er það elsta í heimi og gerir ráð fyrir sextíu ára hring sem skiptist í sex tíu ára skeið, auk þess sem um er að ræða tólf undirflokkka.

Rottan er tækifærissinni og fljót að átta sig á aðstæðum. Hefur tilhneigingu til að hamstra og vill helst ekki borga fyrir neitt. Við fyrstu kynni virðast rottur hjálpfúsar en undir yfirborðinu eru þær smásmugulegar.

Nautið er traust, fast fyrir, skipulagt og vinnur markvisst að öllu sem það tekur sér fyrir hendur. Tryggur vinur en mjög langrækið. Það er spart á orð en kys að láta verkin tala, nautið getur verið skapmikið.

Tígurinn er kraftmikill og lifir lífinu til fulls. Leggur sig allan fram við að leysa verkefni og gerir það iðulega af meira kappi en forsjá. Kys spennu og á það til að vera sjálfsskur og sýna klærnar en getur líka átt til að vera örlátur.

Hérinn er lítið fyrir rífrildi og fer frekar en að standa í orðaskaki. Kurteis og á til að svara því sem hann heldur að viðmælandinn vilji heyra fremur en að segja skoðun sína. Lítið gefnir fyrir sviðsljósið en kjósa að vinna bak við tjöldin.

Drekinn er frumkvöðull og upptekinn af sjálfum sér. Á erfitt með að fylgja reglum en vill að fólk fari eftir því sem hann segir. Ávallt tilbúinn til að hjálpa en stólt síns vegna þarf hann að vinna öll verk sjálfur enda þjarkur til vinnu.

Snákurinn er hrifinn af lífsins lystisemdum og sælkeri. Fésæll og treystir engum og getur verið mjög óvæginn til að ná settu marki. Í ástarmálanum er hann heimtufrekur, á erfitt með að fyrirgefa og gleymir aldrei.

Hesturinn er sívinnandi og hættir ekki við verk í miðju kafi. Fljótur að hugsa en á það til að framkvæma án þess að skoða heildarmyndina. Sjálföruggur og metnaðarfullur en hefur lítinn áhuga á því sem aðrir hafa til málna að leggja.

Geitin er létt í lund, ástrík og örlát og á auðvelt með að aðlagast. Listfeng en ódugleg til verka og þarf því að leggja mikið á sig til að koma áformum sínum í framkvæmd.

Apinn er greindur og á auðvelt með að leysa flóknu verkefni og notar allar brellur til að koma sér úr erfiðleikum og snúa málanum sér í hag. Vegna sjálfssku sinnar gleymir apinn oft að hugsa um aðra og áhrif gerða sinna.

Haninn er félagsvera og nýtur sín best við athygli. Öruggur með sig montinn, ákveðinn og með fullkomunaráráttu. Kann ekki að ljúga og leggur því öll spilin á borðið.

Hundurinn er greindur, áreiðanlegur og með ríka réttlætiskennd. Tryggur og reiðubúinn að hlusta á vandamál annarra. Duglegir til vinnu en hafa lítinn áhuga á auðöfnun, þeim finnst gott að slappa af milli verka.

Svínið er heiðarlegt, örlát og vinur allra. Lítið gefið fyrir orðaskak og fljótt að gleyma og trúir engu slæmu á aðra. Á það til að ofdekra sjálf sig og eyða öllu í munad og þægindi og helst vill það deila munadnum með öðrum. /VH



Hirt í hlöðu Halldórsfjöss sumarið 1938. Þá var enn tími fjórhjóra vagna og dráttarhesta; með vindu voru heyllössin undin upp og inn í hlöðu.

## Landbúnaðarsafn Íslands – 2. grein:

# Halldórsfjós – stærsti safngripurinn

**Með samningi við Landbúnaðarháskóla Íslands hefur Landbúnaðarsafn aðstöðu í Halldórsfjosi á Hvanneyri. En hver var þessi Halldór?**

Halldór Vilhjálmsson var skólastjóri á Hvanneyri árin 1907–1936; mikill frumkvöðull, fræðimaður og kennari, auk þess að vera dugandi bóndi. Hann hafði mikil áhrif með verkum sínum og var meðal merkustu búvísindamanna 20. aldar. Halldór fæddist í Laufási við Eyjafjörð árið 1875. Eftir nám í Möðruvallaskóla hélt hann til búfræðináms í Danmörku, fyrst við mjólkurskólann í Dalum en síðan við Konunglega dýralækna- og landbúnaðarháskólann í Kaupmannahöfn. Halldór stundaði einnig nám við Lýðháskólann í Askov.

Það kom í hlut Halldórs að byggja Hvanneyrarskóla upp sem ríkisstofnun á grundvelli búnaðarskóla Suðuramtsins sem stofnaður hafði verið árið 1889. Halldór varð áhrifamikill búfræðikennari og nemendur hans urðu margir hverjir áhrifamenn við mótnu íslensks landbúnaðar á 20. öld.

Halldór skrifaði mikið um búfræði, bæði kennslubækur og annað fræðsluefni, margt á grundvelli eigin athugana og tilrauna sem hann gerði á Hvanneyri. Helsta rit hans er Fóðurfræði, út gefin 1929.

Á árunum 1928–1929 lét Halldór byggja 80 gripa fjós með hlöðu til stórframleiðslu á mjólk en líka til kennslu og tilrauna. Guðjón Samúelsson húsameistari teiknaði bygginguna. Halldór leitaðist við að búa fjósið þeirri tækni sem þá var nýjust, t.d. hvað snerti fóðrun og mjaltir kúnna, loftræstingu og



Halldór Vilhjálmsson, skólastjóri á Hvanneyri 1907–1936.



Unnið að byggingu áburðarkjallara Halldórsfjöss sumarið 1928.

vinnuhagræðingu hvers konar, sótti m.a. hugmyndir og tækni til Norðurlanda. Í fjósi Halldórs kynntust nemendur nýjum verkhátum og með nemendum breiddist ný þekking á sviði nautgriparæktar og mjólkurframleiðslu um sveitir landsins.

Sakir hlutverks Halldórsfjöss sem kennslu- og rannsóknafjós fór ekki hjá því að breytingar yrðu gerðar á ýmsu innanstokks í árunna rás. Þær breytingar eru angí af þróunarsögunni sem byggingin geymir, svo sem um aukna votheysgerð, nýja hætti við meðferð mykjunnar, breytingu frá handmjöltum til mjaltabáss o.fl. Breytingarnar vegna tilkomu safnsins eru þó ekki meiri en svo

að sáralítið mál væri að breyta byggingunni aftur í hefðbundið básafjós (ef slíkt væri heimilað!).

Mjólkurkúr voru í fjósinu til ársins 2004. Eftir athugun var komist að því að best yrði að nýta bygginguna sem safnahús. Var síðan gerður samningur á milli safns og LbhÍ um leiguafnot safnsins.

Sigríður Sigþórsdóttir arkitekt var fengin til þess að segja fyrir um endurbætur á byggingunni með þarfir safns í huga. Fyrirsögn hennar var að breyta byggingunni sem



Verið að koma eldsmiðju Landbúnaðarsafns fyrir í hínu gamla fjósi vorið 2014. Framan við hana eru steinlistamennirnir Páll Guðmundsson á Húsafelli (t.v.) og Unnsteinn Elíasson á Ferjubakka.

minnst – að láta fjóseinkennin halda sér sem mest. Að öllu samanlögðu má segja að Halldórsfjós – fjósið með hlöðu og haughúsi – sé stærsti gripur safnsins. Það geymir 80 ára þróunarsögu nautgriparæktar, og margs annars er varðar sögu Hvanneyrarskóla.

Á fyrstu árum Halldórsfjöss var mjólkinn unnin heima undir stjórn Kristjönu Jónatansdóttur rjómbústýru. Nokkur af áhöldum rjómbús hennar má nú sjá í Landbúnaðarsafni, sem voru sömu

gerðar og notuð voru í Mjólkurskólanum sem stofnað var til á Hvanneyri haustið 1900 en var síðan fluttur að Hvítárvöllum.

Forsenda hins umfangsmikla kúabúskapar á Hvanneyri var hve auðvelt var að afla heyja á engjalöndunum þar. Þar má í dag sjá minjar um ræktunarhætti fyrri tíðar, m.a. áveitugarða og áveituhólf. Ræktun þurrlendisins var aukin, og nemendur Bændaskólans lærðu ný vinnubrögð við hana. Í næsta nágrenni safnsins má ganga fram á aldargamlar beðasléttur, þennan sérstæða ræktunarhátt frá árdögum nútíma túnræktar. Þær eru meðal ríkulegra menningarminja sem þar er að finna.

Í safninu eru gömlu jarðyrkjuverkfærin frá Ólafsdal og Hvanneyri meðal merkustu gripa safnsins: Hestaplógar, hestaherfi af ýmsum gerðum, moldskúffur og mælingaáhöld. Athygli margra gesta safnsins vekur að vinnubrögð verkfæranna hafa ekki breyst í árunna rás svo miklu nemi. Hins vegar hafa verkfærin margfaldast að stærð og afköstum, og vinnugæðum hefur fleygt fram, við að fá aðgang að nýrri efnistækni en þó fremur orkugjöfum sem nær óþekktir voru í upphafi íslensku búnaðarbyltingarinnar. /Bj.Guðm.



## Leiðandi framleiðandi í gólfum fyrir gripahús naut - svín - hross - sauðfé



AB Andersbeton www.andersbeton.com (VDV bentón)

G. Skaptason, Starengi 13, 800 Selfoss. Sími 481 1020 gsm 893 4334, netfang: gskapta@internet.is  
Sala og ráðgjöf Norðurland: Benedikt Hjaltason, Akureyri. Sími 894 6946, netfang: bigben@simnet.is

**Varmadælu**  
Besta loft í loft dæla sem SP í Svíþjóð hefur prófað

SEER 9.1 SCOP 5.2  
INVERTER SYSTEM

Sparnaðar orkuflokkur A+++

**LOFTTÆKNI** Hvammsdal 4, 190 Vogar. Sími: 546 9500  
Gsm: 892 8030. www.lofttaekni.is

## Fjölnotakerrur

Höfum hafið innflutning á vönduðum breskum fjölnotakerrum frá framleiðandanum Indespension.



Helstu kostir kerrana eru:

- 7 blaða blaðfjaðrir tryggja góða fjöðrun.
- Stórar legur í hjólnáum og 6,50 x 16" dekk.
- Plast á fjaðraendum dregur úr hávaða.
- Hraðlæsing á afturhlera.
- Öryggislæsing á dráttarkúlu.
- Hluti framhlera opnanlegur sem auðveldar upprekstur gripa á kerruna.
- Heilsöðinn botnplata við hliðar einfaldar þríf og eykur styrk kerrana.

Tilboðsverð til loka maí.  
**Kr. 1.360.000** + vsk  
Kr. 1.686.400 með vsk

Einnig sturtukerrur, flatvagnar og vélakerrur!

**JÖTUNN**  
VÉLAR - VERSLUN - VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss | Lónsbakki - 601 Akureyri | Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir  
Sími 480 0400 | jotunn@jotunn.is | www.jotunn.is

## ÓMISSANDI Í SAUÐBURÐINN **Icevet** Dýraheilsa

LAMBBOOST OG FLORYBOOST eru fæðubótarefni sem verka styrkjandi og efla ónæmiskerfi unglamba. 100% náttúrulegar vörur sem löngu hafa sannað sig. Auðvelt í notkun, þarf ekki að blanda og kemur með íslenskum leiðbeiningum.

**FLORYBOOST**  
Floryboost stuðlar að jafnvægi þarmflórunnar og saltbúskap líkamans þegar meltingartruflanir gera vart við sig.  
Verndar þarmana - Viðarkol og leir sem draga í sig eitrefni  
Kemur jafnvægi á saltbúskap líkamans - Natriumklóríð, magnesíumklóríð, kalíumklóríð og fosföt  
Eykur orku - Dextrósi  
Styrkir erta slímhúð - Nauðsynlegar olíur unnar m.a. úr rósmarín, cajeput, tímóteí og thymol

**LAMBBOOST**  
Lambboost er fæðubótarefni sem er auðugt af broddmjólk og næringarefnum og er sérstaklega hannað með þarfar litilla og léttu lamba í huga.  
Heilbrigð þarmflóra - Mjólkursyrugerlar  
Eflir ónæmiskerfið - Broddur  
Örvandi - Jurtakraftur (kóla, gúarana)  
Eykur líkamlegan styrk - Flókin samsetning vitamína og járn  
Eykur orku - Nauðsynlegar fitusýrur, glúkósi, þriglyseríðar

Fáanlegt hjá dýralæknum og búrekstrarvöruslunum  
Nánari upplýsingar hjá dýralæknum og umboðsaðila í síma 820 2240

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 /// AKUREYRI Sími: 464-8600 /// www.VBL.is

## BEISLISHLUTIR - REKSTRARVÖRUR

**GOTT ÚRVAL - HAGSTÆTT VERÐ**

Sjá nánar í vefverslun okkar á **VBL.is** undir beislishlutir

**VBL** www.VBL.is  
LANDBÚNAÐUR ehf.  
NB Agriculture Ltd.

REYKJAVÍK  
Krókháls 5F  
110 Reykjavík  
Sími: 414-0000

AKUREYRI  
Baldursnes 2  
603 Akureyri  
Sími: 464-8600

## Selen, E-, A- og D-vítamín á fljótandi formi, til inngjafar fyrir lömb, kálfa og kiðlinga

-Mjög hátt hlutfall af vítamínunum og seleni  
-Tilvalið í lömb sem hafa verið lengi inni  
-Gefið um munn - engar nálastungur og minnkar því líkur á liðabólgu

**Góður valkostur við selenskörti í skepnum**

Egilsþoli 1  
310 Borgarnesi  
Verslun opin 8-18 virka daga  
10-14 laugardaga, sími: 430-5500

Sjá nánar: [www.kb.is](http://www.kb.is)

**BÚREKSTRARDEILD**  
BORGARNESI

## Vélar fyrir léttan iðnað og minni verkstæði

Rennibekkir, standborvélar, bandsagir, hjólsagir, bandslípivélar, beyggjuvélar, röraavalsar, legupressur, fjölklippur, sandblásturstæki og margt fleira.

Slönguhjól 10HQ **21.102 kr.**

Fjölbeyggjuvél **50.110 kr.**

Slöngukefli 10M **16.848 kr.**

Slöngukefli 15M **24.174 kr.**

Bandsög **67.522 kr.**

Rennibekkur **158.720 kr.**

Rennibekkur **65.958 kr.**

Sambyggð trésmiðavél **1.415.536 kr.**

Sandblásturskassi **25.000 kr.**

Slípivél **41.048 kr.**

Hjólsög **29.753 kr.**

Kynntu þér úrvalið á [idnvelar.is](http://idnvelar.is)

**IDN VÉLAR**

IDNVELAR ehf. | Smiðjuvegi 44-46 | 200 Kópavogur | Sími 414 2700 | [idnvelar@idnvelar.is](mailto:idnvelar@idnvelar.is) | [idnvelar.is](http://idnvelar.is)



Vöruþróun afurðasala mikilvægur hluti starfseminnar:

# Lesið í duttlungafullar neysluvenjur almennings

– margslungið ferli margra verkþátta

Í ágústmánuði síðastliðnum var í Bændablaðinu fjallað um þá stöðu sem þá var komin upp varðandi birgðasöfnun á kindakjöti, en þá voru birgðir kindakjöts 1.976 tonn – um 225 tonnum meiri en á sama tíma árið áður. Í umfjölluninni kom fram að birgðasöfnun setti sér ýmsar ástæður, slæmt grillsumar hefði setti strík í reikninginn, framleiðsla hafði aukist árin á undan, útlutningur hefði dregist saman – og svo væri markaðsstaða lambakjötsins á innlendum markaði góð. Var það mat manna sem þar var rætt við að hlutdeild kindakjöts í fæðu ferðamanna, sem

streyma til landsins sem aldrei fyrr, gæti þó aukist. Sérstaklega var talað um að sóknarfæri væru með ódýrari hluta lambsins.

Ljóst er að margir gera sér ekki fulla grein fyrir því hversu vöruþróun er mikilvægur hluti af starfsemi afurðasala. Bændablaðið leitaði til þeirra þriggja sem þykja hvað öflugastir á þessu sviði; Norðlenska, Sláturfélags Suðurlands og Kjarnafæðis – og forvitnaðist aðeins um hvernig þetta starf fer fram hjá þeim og það þá um að nefna dæmi um vörur sem hafa heppnast vel og eins um vörur sem ekki hefur tekist eins vel til með. /smh



Kjarnafæði tekst á við ýmsar áskoranir í sinni kjötvinnslu:

## Útfærslur á framparti og kryddjurtanotkun

Gunnlaugur Eiðsson, framkvæmdastjóri Kjarnafæðis, segir að vöruþróunarferlið hjá þeim miðist því miður síður við að hámarka arðsemi, heldur sé frekar einblínt á það sem mest er til af og hvað þarf helst að útsetja á nýjan veg til þess að ýta við sölu á birgðum sem eru að safnast upp.

„Hjá okkur hefur það verið framparturinn sem við höfum helst verið að berjast við og í því ljósi höfum við verið og erum enn að þróa nokkrar nýjar útfærslur. Það sem við munum koma með nýtt í sumar er til dæmis lambakjúðar sem er bóleggurinn af frampartinum. Við sjáum hann sem tilvalinn á grillið enda ekki ósvipaður kjúklingaleggjum og því hálfgerður puttamarur.“

Við munum einnig koma með lambabógsteik með beini fyrir og loks ekta lambarif – það er lambarifjabitinn

úr frampartinum í heilu, ekki rifin úr slögum eins og hafa tíðkast hvað lengst á Íslandi. Stóra spurningin er svo hvort verslanir og eða veitingastaðir hafi pláss til að taka við þessum og öðrum vörunýjungum. Það er líka spurning hvort verðlag sé þannig að vörurnar geti skilað tekjum og sé ekki einungis kostnaður fyrir okkur framleiðendur og smásalana sjálfa.

Við megum ekki og eigum ekki að hugsa eingöngu um að afsetja vörur, heldur verður varan að standa undir kostnaði, en það er því miður ekki sjálfgefið – og þó síður sé – sérstaklega á það við um lambakjötsafurðir í dag.

**Íslenska heiðarkryddið sló í gegn**

Það sem best hefur gengið hjá okkur á síðustu árum er notkun á kryddi úr íslenskum jurtum. Sérstaklega hefur íslenska heiðarkryddið slegið í gegn

en það hefur virkað vel, sér í lagi á lambalærið og lærisneiðarnar, þar sem „gamaldags“ vara fékk íslenskra yfirbragð. Samkeppnisaðilar okkar hafa einnig verið iðnir við að koma fram með nýjar kryddblöndur og jafnvel nýjar útfærslur af lambalæri, hálf úrbeinuðu, þverskornu og svo mætti áfram telja. Það sem er samt hvað stöðugast í sölu að okkar mati er þessi klassíski læriskurður. Við settum líka í fyrsta sinn lambagúllas í búðir í haust í neytendapakningum en sú vara hefur lengið verið með vinsælli vörum hjá okkur í mötuneyti. Viðtökurnar voru góðar, sér í lagi í haust, og þó það hafi aðeins dregið úr sölnni eftir því sem liðið hefur á veturinn er hún samt góð. Við kynntum til leiks eftir nokkurra ára hlé í fyrrasumar lambaframpartssneiðar heilar. Viðtökurnar voru þokkalegar en ég er líklega ekki hlutlaus þegar kemur

að þessari umræðu því að mínu mati er þetta ein skemmtilegasta sneiðin á grillið, verður safarík og góð.

Svo má ekki gleyma Þorrasultu-ævintýrinu okkar sem við reyndum á þorranum en þar tóku íslenskir neytendur vel við sér, við munum koma aftur með þessa sultu á næsta þorra enda í hana notað mjög gott kjöt úr framparti sem við erum alltaf að reyna að koma út.

**Lambaborgararnir gengu ekki sem skyldi**

Það er langt því frá að allt hafi tekist vel í vöruþróuninni hjá okkur sem bæði tekur tíma og kostar mikla peninga. Það er annaðhvort svo að neytendur vilja ekki vöruna eða smásöluaðilar vilja ekki taka við henni. Við reyndum til að mynda lambaborgara í fyrra og buðum þá úti um allt land en með



Kjúðar og bóggsteikur frá Kjarnafæði.

mjög misjöfnum árangri. Þá reyndum við fyrir nokkuð mörgum árum lamba bacon sem enginn leit við.

Þá höfum við reynt að selja lambalæri úrbeinað en það hefur heldur ekki gengið og líklega vegna verðlags, en það er hins vegar mikilvægt að gera sér grein fyrir að það er ekki hægt að leggja að jöfnu iðnaðarframleiðslu eins og á kjúkling og svo landbúnað eins og á lambakjöti. Verðið verður alltaf hærra í landbúnaði.“ /smh

Sigurgeir Höskuldsson, vöruþróunarstjóri Norðlenska:

## Mikilvægt að vera vakandi yfir breytingum á neysluvenjum

Hjá Sigurgeiri Höskuldssyni, vöruþróunarstjóra Norðlenska, fengust þau svör að vöruþróunarferlið hjá þeim byggði á greiningarvinnu þar sem leitast er við að greina þarfir markaðarins með viðskiptavinunum og einnig í vöruþróunarhópum innan fyrirtækisins. Endanlegt markmið sé að markaðssetja vörur sem uppfylli væntingar neytenda og styrki stöðir rekstrarins.

„Þátttakendur vöruþróunarferlis geta verið margir en þeim má skipta í tvo flokka; innri þátttakendur eru starfsmenn innan fyrirtækisins og geta komið frá mismunandi deildum svo sem markaðs- og söludeild, framleiðsludeild, innkaupadeild og gæðadeild. Ytri þátttakendur er fólk sem starfar utan fyrirtækisins svo sem birgjar, viðskiptavinir, ýmsir sérfræðingar og auglýsingastofur. Verkefnum er svo stjórnað af vöruþróunardeild.“

**Reglubundnir vöruþróunarfundir og verkskrá**

Á reglubundnum vöruþróunarfundum eru hugmyndir rýndar og verkefni sett upp. Skilgreina þarf hverjir bera ábyrgð á mismunandi hlutum verkefnisins og farið er yfir framvindu. Verkskrá er svo haldin um framvindu allra verkefna.“



Sérstaklega meyr lambasteik með sveppamarineringu frá Göða.

**Þrjár leiðir í vöruþróun**

Að sögn Sigurgeirs er helst um þrjár leiðir að ræða í vöruþróun; sem snúa þá að samsetningu vöru, framleiðslutækni og svo umbúðum og merkingum. Ódýrast er að vinna með samsetningu vöru og krefst það yfirleitt ekki mikilla fjárfestinga. „Þarna fellur undir ný framsetning vöru, ný krydd, útlökun óþolsvalda og fleira. Undir

framleiðslutækni flokkast verkefni sem flest eru kostnaðarsöm, en það geta verið nýjar framleiðslulínur, endurhönnun á framleiðslulínunum, aukin sjálfvirkni og fleira. Ytra útlit vara flokkast undir umbúðir og merkingar. Á því sviði er unnið með þökkun á afurðum og hönnun á útliti. Markaðssetning vörunnar er svo mikilvægur þáttur til að tryggja vörunni framgöngu á markaði.“

**Sérstaklega meyrnað lambakjöt**

Verkefni geta verið mis viðamikil. Sum fara í gegnum allar þær leiðir sem lýst er að ofan en önnur smærri verkefni ef til vill bara eina leið.

Í haust settum við á markað lambakjöt sem var sérstaklega látið meyrna og sérvalið af framleiðsluvæðum Norðlenska. Að auki komum við með á markaðinn vörur úr lambi sem eru í minni einingum svo sem hálf lambahryggi og einn fjórða úr lambahrygg. Heilt yfir eru neysluvenjur almennings háðar duttlungum og mikilvægt að vera vakandi yfir þeim breytingum sem eiga sé stað hverju sinni. Á ári hverju er Norðlenska með fjölmörg vöruþróunarverkefni í gangi en aðeins lítill hluti þeirra endar á sjálfri markaðssetningunni,“ segir Sigurgeir. /smh

Jóhanna Benediktsdóttir, deildarstjóri markaðsdeildar SS:

## Tindfjallahangikjet er vel heppnuð vöruþróun

Að sögn Jóhönnu Benediktsdóttur, deildastjóra markaðsdeildar Sláturfélags Suðurlands, hefði ekki verið hægt að verja góða stöðu fyrirtækisins á þessu sviði án virkrar vöruþróunarstefnu. „Hún felur í sér að vöruþróunarhópur innan félagsins hittist reglulega. Hópurinn er þverfaglegur, en í honum sitja forsvarsmenn í framleiðslu- og gæðamálum og sölu- og markaðsmálum. Með því móti næst að sameina og finna bestu lausnirnar varðandi það að skapa og bæta vörur félagsins.“

Þegar ný hugmynd um vöru er samþykkt á vöruþróunarfundi fer af stað ákveðið ferli. Hugmyndin er þróuð áfram af vöruþróunarstjóra þar til hópurinn hefur samþykkt bestu hugsanlegu útkomuna. Samhliða þessu fer af stað markaðsstarf eins og umbúðahönnun og markaðsleg aðgreining. Þegar varan er tilbúin er hún kynnt fyrir innkaupastjórum verslana og fer síðan í dreifingu. Nýjum vörum er fylgt eftir með auglýsingum og kynningum en umfangið fer þó eftir hversu mikla dreifingu varan fær.

Það er ekki sjálfsgagt að ný vara nái fötfestu á markaði og sýna rannsóknir að í besta falli ná fimmtíu prósent af nýrri vöru fyrirtækja fötfestu en í flestum tilfellum næst aðeins tíu prósent nýrri vara vænlegum árangri á markaði.

**Tindafjallahangikjet.**

Jóhanna segir svokallað Tindfjallahangikjet dæmi um vel heppnaða vöruþróun hjá SS með kindaafurð. „Sú vara vann til gullverðlauna í fagkeppni Meistarafélags kjötiðnaðarmanna. Lærin eru söltuð með sjávarsalti, reykt og þurrkuð. Kjötíð er borðað hrátt og hentar til dæmis bæði sem forréttur og smáréttur. Það er gaman er að geta þess að þróuð hefur verið hliðarvara sem heitir Tindfjallahangikjet í sneiðum en hún er nýkomin á markað í áleggslökki. Annað vel heppnað dæmi um vöru sem hefur náð góðri fötfestu eru svokölluð hálfalæri. Það tekur helmingi styttri tíma að elda það en hefðbundin læri. Lærið er fitusnyrt og er án rófubeins og skanka, sagað í tvennt eftir endilöngu þannig að það er helmingi þynnra en venjulegt læri. Tilvalið fyrir minni fjölskyldur.“

Dæmi um vöru sem náði ekki fötfestu er til dæmis foreldaðir hangikjötsleggir. Hugmyndin var að þessi vara gæti verið hentug í útilegur og til dæmis á hlaðborð. En þrátt fyrir að varan hafi fengið góðar viðtökur og ummæli bragðlega hjá neytendum á vörुकynningum í verslunum virtist markaðurinn almennt ekki vera tilbúinn eða þörfin ekki næg,“ segir Jóhanna. Af ódýrari hlutum lambakjötsins nefnir Jóhanna nokkur dæmi um vörur sem hafa farið í sölu á síðustu árum; Birkireyktur bógur, Hægeldaðir lambaleggir, Lambabógur kryddleginn, Rúsínublóðmör og Saltkjöt í uppstúf (1944-réttur). /smh







## Ávinnsluherfi

Ávinnsluherfin okkar eru sérsmíðuð fyrir okkur til þess að falla sem best að íslenskum aðstæðum. Herfin eru mottur sem fléttaðar eru saman úr ferningslaga hlekkjum (10 cm x 10 cm). Engir gaddar eru á herfinu þar sem íslenskur svörður er yfirleitt of mjúkur fyrir slíkt. Ávinnsluherfin okkar gera einmitt það sem ætlast er til af þeim, dreifa úr taði og jafna smávægilegar ójöfnur. Vinnslubreiddir 3,6 - 4,8 m.

### Lyftutengd herfi

Ávinnsluherfin okkar eru nú einnig fánleg lyftutengd (samanbrjótanleg). Auðveldara er að færa herfin á milli túna eða stykkja og mjó hlið eru ekki vandmál lengur.

### Dragtengd herfi fyrir fjórhjól

Fyrir minni tún eða bletti bjóðum við nú dragtengd herfi sem henta fjórhjólum og minni vélum. Vinnslubreiddin er 1,80 m.



<b>Reykjavík:</b> Krókháls 16 110 Reykjavík Sími 568-1500	<b>Akureyri:</b> Lónsbakka 601 Akureyri Sími 568-1555	<b>Vefsíða:</b> www.thor.is
--------------------------------------------------------------------	----------------------------------------------------------------	--------------------------------

## JARÐIR TIL SÖLU

Tilboð óskast í jarðirnar Litla Kamb í Snæfellsbæ og Hlíðarberg í Hornarfirði



**15684 - Litli Kambur** í Snæfellsbæ í hinni fögru sveit Breiðuvík. Jörðin er talin vera upp. 190 ha



**15471 - Hlíðarberg** í Hornarfirði. Jörðin er talin vera upp. 17 ha

Nánari upplýsingar og gögn fyrir ofangreindar jarðir eru aðgengileg á heimasíðu Ríkiskaupa [www.rikiskaup.is](http://www.rikiskaup.is) eða í síma 530 1400.

Tilboð skulu berast Ríkiskaupum, Borgartúni 7c, Reykjavík fyrir kl. 10:00 þann 19. maí 2015 þar sem þau verða opnuð í viðurvist bjóðenda er þess óska.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík  
Sími 530 1400  
[www.rikiskaup.is](http://www.rikiskaup.is)

RÍKISKAUP



Bændablaðið Smáauglýsingar 56-30-300  
**Næsta blað kemur út 13. maí**

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 // AKUREYRI Sími: 464-8600 // [www.VBL.is](http://www.VBL.is)

# JOHN DEERE GÆÐIN ÞEKKJA ALLIR Dráttarvélar gerast ekki betri



Vegna sérstakra samninga við John Deere bjóðast nú nokkrar nýjar John Deere dráttarvélar á frábæru **TILBOÐSVERÐI**

Einungis er um fá eintök af hverri gerð að ræða.

**SJÁ NÁNAR ÚTBÚNAÐ VÉLANNA Á [VBL.is](http://VBL.is)**



JOHN DEERE



Eftirfarandi vélar er í boði:

**John Deere 5100 M**

100 hestöfl með H260 ámoksturstækjum  
**TILBOÐSVERÐ kr. 9.994.000 +vsk.**

**John Deere 5115 M**

115 hestöfl með H260 ámoksturstækjum  
**TILBOÐSVERÐ kr. 10.395.000 +vsk.**

**John Deere 5115 M**

115 hestöfl með H310 ámoksturstækjum  
Framafslúrtak og framlyfta  
**TILBOÐSVERÐ kr. 10.997.000 +vsk.**

Til afhendingar í maí 2015  
Miðast við gengi GBP 202,5

**VB** [www.VBL.is](http://www.VBL.is)  
**LANDBÚNAÐUR** ehf.  
VB Agriculture Ltd.

REYKJAVÍK  
Krókháls 5F  
110 Reykjavík  
Sími: 414-0000

AKUREYRI  
Baldursnes 2  
603 Akureyri  
Sími: 464-8600



## Fréttaskýring

Vatn er olía framtíðarinnar – Kaliforníubúar eru að verða uppiskroppa með vatn:

# Vaxandi pressa á Kanadameñ um að miðla vatni til Bandaríkjanna

Hörður Kristjánsson  
hk@bondi.is



Í Kanada horfa menn nú til vaxandi möguleika á sölu á neyslúvatni í kjölfar þess alvarlega vatnsskorts sem blasir við Bandaríkjamönnum. Talað er um Kanada sem leiðandi vatnssölubjóð á heimsvísu.

Jay Famiglietti, vísindamaður hjá NASA í Bandaríkjunum, skrifaði grein í Los Angeles Times í byrjun þessa mánaðar og sagði að Kalifornía ætti aðeins eftir um eins árs birgðir af vatni í sínum vatnsbólum. Jeffrey Kightlinger, forstjóri Metropolitan Water District í Suður-Kaliforníu, segir að málið sé kannski ekki alveg svo slæmt en spurning hvar menn dragi lágmarksmörkin. Hann segir að sitt veitukerfi, sem þjóni 19 milljónum manna, eða um helmingi Kaliforníubúa, hafi yfir að ráða vatnsbirgðum sem dugi til þriggja ára ef fyllsta aðhalds sé gætt.

„Það er samt bara til þriggja ára. Stjórnvöld ríkisins verða að finna leiðir til að glíma við þurrkana nú þegar. Engin leið sé til að komast hjá því. Borgarbúar og bændur verði að draga úr vatnsnotkun. Í einhverjum tilvikum mun reynast nauðsynlegt að neyða þá til þess,“ segir Kightlinger.



## Sumir bændur þegar orðnir vatnslausir

Bendir hann á að fólk verði að draga úr sturtunotkun, vatnsnotkun við uppvasi og fleira. Um 80% af vatnsnotkuninni fer til ræktunar ávaxta og annarra nytjajurta á þessu sólríka svæði. Á síðasta ári neyddi vatnsskortur bændur til að hætta ræktun á um 160 þúsund hekturum. Þá munu bændur ekki sá í um 400.000 hektara á þessu ári. Sumir bændur í Kaliforníu eru reyndar þegar orðnir algjörlega vatnslausir. Ef menn vilji fá ávexti og grænmeti frá þessu svæði er það þegar orðið stórmál. Á árinu 2013 voru fluttar út landbúnaðarvörur frá Kaliforníu fyrir um 21 milljarð dollara. Þar hefur farið fram um helmingur hneturæktunar Bandaríkjanna. Án vatns verður þessi ræktun sem og ræktun sítrúsavaxta og fleiri tegunda að engu.

## Vandinn er víðtækur

Vandinn er síður en svo einskorðaður við Kaliforníu, því samkvæmt mælingum NASA er hratt gengið á grunnvatnsbirgðir víða um Bandaríkin og út um allan heim. Það sem gerir vanda Kaliforníu þó enn meiri er að snjósofnun í fjöllum hefur verið með allra minnsta móti í vetur. Því sagði ríkisstjórinn Edmund G. Brown Jr. það í yfirlýsingu þann 1. apríl sl. að meiri þurrkar í ríkinu en nokkrum sinnum hafi sést kallt á óvenjulegar aðgerðir. Er yfirlýsingin nákvæmlega útfærð í 20 liðum. Þá sagði Brown: „Sem Kaliforníubúar verðum við að vinna saman að því að spara vatn með öllum tiltækum ráðum.“

Fela neyðaráttanir ríkisstjórnar í sér mjög víðtækar heimildir til aðgerða. Í þeim felst m.a. skipun um að Kaliforníubúar dragi úr vatnsnotkun sinni um 20%. Þá er hvatt til þess að yfirvöld uppfæri lagaheimildir sínar til að draga úr



Á dökkrauðu svæðunum er farið að ganga mjög á grunnvatn. Kort / NASA



Tekist hefur verið á um hvort heimila eigi uppþælingu vatns úr Michigan-vatni.

vatnsnotkun í landbúnaði.

## Harðar reglur um vatnssparnað

Samkvæmt reglum sem settar hafa verið í Kaliforníu er nú bannað að nota vatnsúðakerfi í gördum allan sólarhringinn, að nota neyslúvatn í gosbrunna og til að þrifa gangstéttir og götur. Þá er bannað að nota úðara til að þvo bíla. Veitingastaðir mega aðeins bjóða gestum sínum upp á vatn ef það er sérstaklega beðið um það. Þá verða hótél og mótél að bjóða gestum sínum upp á að handklæði og fatnaður sé

ekki þveginn daglega. Vatnsveitur verða að setja reglur sem takmarka vatnsúðun utanhúss. Upplýsa viðskiptavinum sína um mögulegan leka í vatnslögnum þeirra, skila mánaðarlegum upplýsingum um vatnsnotkun og endurbætur.

Þessar ákvarðanir eiga sér drjúgan aðdraganda, því viðvarandi þurrkar hafa staðið yfir síðan 2012. Í maí 2013 fékk Brown samþykktar aðgerðir til að tryggja yfirvöldum vatnsréttindi. Í desember 2014 lét hann stofna sérstaka þurrkaneyðarsveit Drought Task Force til að undirbúa aðlögun að



Þessi mynd sýnir vel hversu mjög þurrkar og uppþæling vatns hefur gengið á Oroville-vatn nærri bænum Oroville í Kaliforníu og muninn frá 2011 til 2014. Þarna eru húsbátar í röðum sem brátt munu standa á þurru.

Mynd / Department of Water Resources Business



Oroville-vatn 2011 og 2014.

Mynd / ca.govdrought



Málið er einfalt, án vatns er enga vinnu að hafa.

yfirvofandi vatnsskortu. Í þessari neyðarsveit eiga sæti menn úr auðlindaskrifstofu ríkisins, ráðuneyti vatnsmála, stjórn vatnsauðlinda og neyðarþjónustu ríkisins.

Hafa hugmyndir manna um lausn á vatnsvanda Kaliforníubúa nú leitt til umræðu um að dæla vatni frá Kanada um leiðslur til Kaliforníu. Hefur þessi hugmynd skotið upp kollinum í tengslum við fyrri hugmyndir manna um að flytja olíu frá Kanada sömu leið.

## Mikilvægi vatnsríkra þjóða mun aukast verulega

Vísad er til þess að eftirspurn eftir ferskvatni á heimsvísu muni aukast um 40% fram til 2025. Þetta mun án efa verða vatn á myllur þjóða sem búa við miklar vatnslindir, eins og Kanada, Íslands, Noregs og Grænlands. Líklega er þarna um auðlind að ræða sem gera mun þessar þjóðir mikilvægari en stærstu olíuríkin eru í dag. Reyndar gæti Rússland og sumar Suður-Ameríkubjóðir eins og Brasilía einnig tilheyrð þessum ríkjahópi, en þar er vatnsgæðunum reyndar mjög misskipt innan landamæra hverrar

þjóðar. Á nokkrum svæðum í Rússlandi er t.d. vatnsskortur eins og á Krímskaga á meðan sum önnur svæði búa við gnægð vatns.

## Kanadameñ komi til hjálpar

Sölumöguleikar Kanadamanna á vatni til Bandaríkjanna hafa verið til umræðu í mörg ár. Í febrúar í fyrra sagði Gary Doer, kanadíski sendiherrann í Washington, að Kanadameñ yrðu að búa sig undir diplómatiskt vatnsstríð við Bandaríkin.

Ljóst er að í miðvesturríkjunum Bandaríkjanna og í Kaliforníu blasir við stórkostlegur vatnsskortur. Í Kaliforníu hafa tapast um 40% þeirra vatnsbirgða sem þar var að finna, og yfirborð stöðuvatna sem og vatnshæð grunnvatns hefur snarlækkað. Eitt stærsta þekktu grunnvatnsforðabúr heims heitir Ogallala og liggur undir ríkjunum Nebraska, Colorado, Kansas, Oklahoma og Nýju Mexíkó. Þetta neðanjarðarvatn myndaðist fyrir milljónum ára vegna bráðunar jökla í Klettafjöllum. Með borunum og uppþælingu á þessu grunnvatni hefur verið gengið verulega á birgðirnar.



Grunnvatnsstaða í Texas, Oklahoma og Kansas hefur því lækkað um meira en 30 metra samkvæmt upplýsingum landbúnaðarráðuneytis Bandaríkjanna. Þetta eykur þrýsting á að Kanadamenn komi til hjálpar.

**Vatnsstríð sagt í uppsiglingu í Bandaríkjunum**

Hluti af þeim vanda sem við blasir í Bandaríkjunum endurspeglast í hugmyndum forsvarsmanna 70 þúsund manna byggðar í Waukesha-borg skammt frá bökkum Michigan-vatns. Þeir lögðu til fyrir um ári síðan að þeir fengu að nota hreinsað vatn úr Michigan-vatni til að leysa þeirra bráðavanda í vatnsmálum. Þetta vakti strax blendnar tilfinningar og ágreining innan Bandaríkjanna. Keith Hobbs, borgarstjóri í Thunder Bay, sagðist þá vilja vernda vatnið þar sem vatnsstaðan væri þegar orðin mjög lág. Það hafi þegar haft mikil áhrif á atvinnugreinar á svæðinu, allt

frá iðnaði til ferðaþjónustu. Í því sambandi hefur verið bent á að fyrir hverja tommu sem vatnsyfirborðið lækkar gætu flutningaskip sem sigla um vatnið ekki siglt með eins mikinn farm vegna djúpristu. Því kallaði lækkandi yfirborð á meiri skipaumferð um vatnið til að flytja sama vörumagn með tilheyrandi kostnaði.

Talsmenn Waukesha sögðu aftur á móti að það sem þeir væru að fara fram á jafnaði á við að taka teskeiðarfylli úr sundlaug.

Keith Hobbs sagði að ef farið yrði að ósk yfirvalda í Waukesha væri þar með verið að setja hættulegt fordæmi sem gæti vakið vatnsstríð. Það lítur reyndar út fyrir að slík stríð séu í uppsiglingu hvort sem er, segir í grein Gary Mason í The Globe and Mail. Talað er um að ágreiningur um lagnir olfuleiðslu frá Kanada suður til Bandaríkjanna muni líta út sem barnaleikur í samanburði við möguleg átök um vatnið.



Keith Hobbs, borgarstjóri í Thunder Bay, hefur lagst gegn því að nágrönnunum í bænum Waukesha verði heimilað að dæla vatni úr Michigan-vatni. Hann óttast að það skapi hættulegt fordæmi þar sem þegar sé farið að bera á yfirborðslækkun vatnsins.

**Búist við að vatn verði uppspretta vopnaðra átaka**

Leyniþjónusta Bandaríkjanna spáði því árið 2012 að þegar kæmi fram á árið 2022 gæti vatnsskortur leitt til vopnaðra átaka og upplausnar ríkja í heiminum. Vatn gæti orðið til að auka hryðjuverk til muna, einkum í Suður-Asíu, Mið-Austurlöndum og í Norður-Ameríku.

Kanadíski sendiherrann Gary Doer sagði í viðtali við The Globe and Mail að möguleg sala á vatni suður til Bandaríkjanna yrði þá væntanlega hluti af samningum um tollfrelsi á milli ríkja í Norður-Ameríku. Um leið og skrífað væri frá yrði ekki aftur snúið. Þá yrði kanadískt vatn hluti af öryggismálum í Bandaríkjunum.


„Þó það kunnir að hljóma ógnvænlegt í augnablikinu, þá ættu menn ekki að útiloka þann möguleika. Vaxandi pressa er frá degi til dags um Kanadamenn miðli af sínu dýrmæta vatni.“ /HKr.

**Samanburður á vatns- og orkukostnaði á milli höfuðborga Norðurlandanna:**

# Ísland með lang hagstæðustu stöðuna

Íslendingar búa við þann munað að njóta gnægðar ferskvatns til neyslu og einnig til orkuframleiðslu, auk þess að njóta þess líka að hafa jarðhitavatn til að kynda upp sín heimili. Ísland er að þessu leyti sérstakt og öfundsvert hvað þessar auðlindir varðar og nær öruggt að þessi staða er mjög vanmetin af almenningi í landinu.

Í tilefni af Degi vatnsins þann 22. mars gerði Orkuveita Reykjavíkur samanburð á kostnaði íbúa á veitusvæði OR af nýtingu ferskvatns og orku í samanburði við íbúa annarra höfuðborga á Norðurlöndum. Óhætt er að segja að þessi samanburður er okkur Íslendingum mjög í hag og mættu menn hafa það í huga þegar borin eru saman lífsgæði milli landa. Vatn er nú þegar orðin ein mikilvægasta auðlind veraldar og alls ekki sjálfgefið að þjóðir hafi yfir höfuð aðgang að nægu ferskvatni. Ljóst er að þar njóta Íslendingar sérstöðu sem á án efa eftir að skipta þjóðarhag verulegu máli á næstu árum og áratugum. Ásamt Norðmönnum eiga



Hér má sjá samanburð á kostnaði heimila við kalda vatnið. Miðað er við 240 rúmmetra notkun á ári. Í Reykjavík er vatnið raunar selt ómælt til heimila en gjaldið miðað við flatarmál húsnæðis. Hér er miðað við 100 fermetra íbúð.

Íslendingar mestu vatnsauðlindir í Evrópu.

Í samanburði OR á kostnaði heimila við veituþjónustu og á orkuverði í höfuðborgum Norðurlanda kemur í ljós að útgjöld

þriggja manna fjölskyldu miðað við algenga notkun hér á landi eru lægst í Reykjavík. Næst koma Stokkhólmur og Osló með liðlega tvöfaldan kostnað. Minni munur er á gjaldi fyrir neysluvatn.


Orkuveita Reykjavíkur rekur vatnsveitur sem þjóna um 40% landsmanna. Þær eru í Reykjavík, á Akranesi, í Borgarnesi, Stykkishólmi, Grundarfirði, Úthlíð, á Hvanneyri og í Reykholti og Kleppjárnsreykjum. Fyrirtækið hefur á síðustu árum lagt sérstaka áherslu á vernd vatnsbóla, ekki síst í Heiðmörk þar sem vaxandi byggð hefur þrengt að

vatnsbólunum. Vatnsverndin fékk sérstaka athygli í vinnu við endurskoðun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, sem nú stendur yfir.


Orkuveitan ber reglulega saman veitu- og orkukostnað heimila og var nýjasti samanburður gerður í janúar, eftir að breytingar voru gerðar hér á landi á virðisaukaskatti á orku. Hann hækkaði á heitt vatn en lækkaði á rafmagn.

Mismunandi er á milli borganna hvernig verðið er upp byggt. Hlutfall notkunargjalda og fastagjalds er til dæmis misjafnt og kalt vatn í Reykjavík selt ómælt til heimila. Því þarf að gefa sér tilteknar forsendur og koma þær helstu fram í titli súluritsins. Þá er skattlagning þessarar þjónustu mismunandi milli landanna.

Samanburðurinn er gerður með þeim hætti að lesið er úr verðskrárm stærstu veitufyrirtækja og orkusala í hverri borg og miðast forsendurnar við algeng þjónustukaup þriggja manna fjölskyldu í 100 fermetra íbúð. Raforkuverð sveiflast gjarna meira á Norðurlöndum en hér á landi og er miðað við tilboð fyrirtækja um fast verð í a.m.k. eitt ár samkvæmt heimildum OR. /HKr.



Miðað er við þrjú í heimili, í 100 fm íbúð, 4.800 kWst rafmagnsnotkun á ári, 495m<sup>3</sup> af heitu vatni, 240 m<sup>3</sup> af köldu vatni gjaldskrár stærstu fyrirtækja í hverri borg í janúar 2015 og gengi gjaldmiðla á sama tíma.



**Bændablaðið**  
Smáauglýsingar 56-30-300

**Fjölnota inngjafabyssa, hentar bæði í bólusetninga, ormalyfsgjöf og AB-mjólk. 1/2 líters plastflaska passar á byssuna.**

**Verð: 12.800kr**

Egilsholti 1, 310 Borgarnesi  
Afgreiðsla, sími 430 5500  
Opíð virka daga 8-18  
laugardaga 10-15  
www.kb.is, margret@kb.is



Fræðslukvöld á vegum Sprotamiðstöðvar Íslands, Vistræktarfélag Íslands og Garðyrkjufélags Íslands á Degi jarðar:

# Lausnir til sjálfbærrar matvælaframleiðslu

Í tilefni af alþjóðlegum Degi jarðar þann 22. apríl síðastliðinn var fræðslukvöld haldið á vegum Sprotamiðstöðvar Íslands, Vistræktarfélag Íslands og Garðyrkjufélags Íslands.

Fjögur erindi voru þar flutt; Eyvin Björkavag vistræktarhönnuður, flutti erindið Vistræktarlausnir, Jóhann Þórisson vistfræðingur erindið Jarðvegsmyndun, eyðing og endurheimt, Viktoría Gílsdóttir kennari erindið Ormamoltingerð í

heimahúsum og Richard Nelson uppfinningamaður erindið Lausnir til sjálfbærrar matvælaframleiðslu.

## Mannkynið ekki sjálfbært

Einn af skipuleggjendum fræðslukvöldsins var Ríkarður Leó Guðmundsson, en hann er félagi í Vistræktarfélagi Íslands og upphafsmaður Sprotamiðstöðvar Íslands. „Sprotamiðstöð Íslands bauð Richard til landsins, en ég hef

verið í þróunarsamstarfi með honum í rúm 2 ár. Þar höfum við meðal annars unnið í þróun bygginga, kerfa og viðskiptamóðela í tengslum við alþjóðlega PODnetið sem kynnt var á Jarðardeginum. Það verkefni er ekki beint vistræktarverkefni, en þar er unnið að þróun lokaðra vistkerfa, bæði sem alhliða ræktunarrúms og sem hífýli.

Þessir erlendu fyrirlesarar, Richard og Eyvin, voru í raun að ræða hvor sína hugmyndafræðina sem lausn



Richard Nelson, Ríkarður Leó Guðmundsson og Eyvin.

## Skráningar á kynbótasýningar vorsins

Þann 30. apríl verður opnað á skráningar á allar kynbótasýningar vorsins. Skráning og greiðsla fer fram í gegnum netið á síðunni [www.worldfengur.com](http://www.worldfengur.com) þar sem valið er „skrá hross á kynbótasýningu“. Einnig er hægt að fara inn á heimasíðu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins [www.rml.is](http://www.rml.is) en þar er valmynd á forsiðunni „skrá á kynbótasýningu“. Á sömu heimasíðu undir búfjárrækt/hrossarækt/kynbótasýningar má finna leiðbeiningar um rafræna skráningu á kynbótasýningu. Hér í töflunni fyrir neðan má sjá síðasta skráningardag og skráningu þarf að vera lokið á miðnætti þess dags. Ef sýning fyllist lokast sjálfkrafa á sýninguna þó svo skráningarfræstur sé ekki útrunninn. Eigandi/umráðamaður hrossins verður þá að velja aðra sýningu. Lena Reiher og Oddný Kristín Guðmundsdóttir munu leiðbeina þeim sem þess þurfa í síma 516-5000, einnig verður hægt að senda þeim tölvupóst á netföngin [lr@rml.is](mailto:lr@rml.is) og [rml@rml.is](mailto:rml@rml.is). Við bendum á að utan dagvinnutíma eru starfsmenn RML ekki til staðar til að svara síma eða tölvupósti og því hvetjum við eigendur/umráðamenn til að hafa tímann fyrir sér frekar en hitt þegar kemur að skráningum á sýningarnar. Hér fyrir neðan má sjá sýningar vorsins og hvenær er síðasti skráningar- og greiðsludagur.

Dags.	Staður	Loka skráningar- og greiðsludagur
18.5- 22.5	Hafnarfjörður	föstudagur 8. maí
18.5- 22.5	Blönduós	föstudagur 8. maí
26.5- 29.5	Kjóavellir, Kópav.	föstudagur 15. maí
26.5- 29.5	Skagafjörður	föstudagur 15. maí
28.5- 29.5	Fljótsdalshérað	föstudagur 15. maí
01.6- 05.6	Borgarfjörður	föstudagur 22. maí
01.6- 12.6	Gaddstaðaflatir*	föstudagur 22. maí
08.6- 12.6	Eyjafjörður	mánudagur 1. júní
08.6- 12.6	Víðidalur, Rvík.	föstudagur 22. maí

\*Sýningin á Gaddstaðafötum 1. -12. júní er tveggja vikna sýning. Við skráningu verður hægt að velja á hvora sýningarvikuna hross eru skráð. Gildir þá það sama og áður hefur komið fram að um leið og önnur sýningarvika fyllist er lokað fyrir skráningar á hana og eigendur/umráðamenn verða að velja hina vikuna. Hægt verður að skrá sama hrossið á báðar vikurnar.

Allar upplýsingar um röðun niður á daga munu birtast á heimasíðu RML, [www.rml.is](http://www.rml.is), þegar þær eru klárar sem verður nokkrum dögum fyrir sýningu.

## Sýningargjöld – Breytt verð.

Verð fyrir fullnaðardóm er 21.700 kr en fyrir byggingadóm/hæfileikadóm 16.700 kr. Athygli er vakinn á því að nú er breytt fyrirkomulag á innheimtu ræktunargjalds sem rennur til reksturs WorldFengs en það er ákveðið gjald sem er rukkað af hverju sýndu hrossi. Það gjald hefur verið innifalið í sýningargjaldinu en er nú tekið út og bætist ofan á hið eiginlega sýningargjald, endanlegt gjald hækkar því um 1.200 kr. frá því í fyrra og hefur sú breyting verið staðfest af Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu. Mikilvægt er að ef greitt er með millifærslu í gegnum banka að greiðsla berist samdægurs og pöntunarnúmer fylgi millifærslunni – að öðrum kosti er plássíð ekki tryggt.

Endurgreiðslur á sýningargjöldum koma því aðeins til greina að látið sé vita um forföll fyrir kl. 16:00 síðasta virka dag fyrir upphaf sýningarviku í síma 516-5000 en einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið [lr@rml.is](mailto:lr@rml.is). Endurgreitt er 13.000 kr. fyrir hross sem skráð hefur verið í fullnaðardóm og 10.000 kr. fyrir hross sem hefur verið skráð í sköpulags- eða hæfileikadóm. Slasist hross eftir að sýning hefst er sama hlutfall endurgreitt gegn læknisvottorði. **Endur-greiðslukrafa vegna slasaðra hrossa þarf að hafa borist fyrir 1. júlí. Skipti knapi út hrossi í sýningu og velji að sýna annað hross en það sem skráð er, ber sá hinn sami fulla ábyrgð gagnvart þeim sem greiddi fyrir plássíð. Greiðsla fyrir það hross sem skipt var út verður notuð til greiðslu á hrossinu sem kom í staðinn.**

## Minum á eftirfarandi:

- Ekki er hægt að skrá hryssur til sýningar nema búíð sé að taka úr þeim stroksýni til DNA-greiningar og staðfesting á því liggja fyrir í WF.
- Allir stóðhestar verða að vera DNA greindir svo og foreldrar þeirra.
- Úr öllum stóðhestum fimm vetra og eldri þarf að liggja fyrir í WF að búíð sé að taka blóðsýni og röntgenmynda vegna spatts.
- Ekki er hægt að skrá hross á kynbótasýningu nema þau séu örmerkt

Ekki er hægt að skrá hross til sýningar nema ofantaldar kröfur séu uppfylltar. Hross sem koma inn á sýningu í stað annarra skráðra hrossa og uppfylla ekki þessi skilyrði verður vísað frá sýningu strax hjá mælingarmanni.

Nánari upplýsingar um reglur og annað sem viðkemur kynbótasýningum má finna á heimasíðunni [www.rml.is](http://www.rml.is) eða hringja í síma 516-5000 hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netföngin [lr@rml.is](mailto:lr@rml.is) og [rml@rml.is](mailto:rml@rml.is).



Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins  
Sími 516 5000  
[www.rml.is](http://www.rml.is)



Unnið er að því að koma almennilega á lagginnar framleiðslu á agriPOD.


við sambærilegum vandamálum sem steðja að okkur hér á jörðinni. Vandamálum sem eru víðamikil og grundvallast að sumu leyti í því að mannkynið er ekki sjálfbært – og í því ljósi steðja að okkur vandamál sem við verðum að leysa sem allra fyrst svo ekki stefni í óefni. Þar kemur vistrækt inn í myndina til þess að hámarka nýtingu lands í sátt og samlyndi við náttúru, sem og þær hugmyndafræðilegu módel- og tæknilausnir sem við erum að þróa saman í PODnetinu.

Eyvin er búinn að halda nokkur námskeið á okkar vegum hér á Íslandi, það hefur verið skipulagt sem Töfrastaða-verkefni, en við vorum nýlega að stofna þróunarfélög í tengslum við þau verkefni. Það vildi svo til að Eyvin, sem er að verða náinn samstarfsaðili okkar, var búinn að panta flug til Íslands sem hitti á Jarðardaginn. Ég var þá búinn að skipuleggja ferð Richards hingað til lands þannig að ég greip það tækifæri til þess að fá hann til að halda erindi á þessum viðburði. Við Eyvin erum að leggja drög að því að þróa nýja tegund vistræktarprota/þjónustu hér á Íslandi sem við munum bjóða landeigendum upp á. Þar mun landeigendum gefast kostur á að fá úttekt á landi sínu og svo munum við þróa staðla og framkvæmdaþjónustu í samstarfi við fagaðila,“ segir Ríkarður Leó.

## Byltingakennd tækni

„PODnetið gengur einnig út á að þróa afrítunarræf samfélagsleg viðskiptamódel fyrir einstaklinga og samfélög sem vilja byggja upp staðbundna matvælaframleiðslu. Um er að ræða lóðrétt ræktun (vertical farming) þar sem við byggjum í grunninn á byltingarkenndri tækni sem sparar gríðarlega mikla orku og veitir ofureinangrun auk þess sem kerfið nýtist til kælingar svo ekki þarf að lofta út. Kerfin sem við erum að þróa eru hönnuð til þess að líkja eftir ferlum náttúru þar sem við náum að hámarka vöxt og nýtingu á vatni og orku. Við erum að þróa byggingar sem tengja saman náttúru og hífýli manna í lokuðu kerfi. En í tengslum við þessar byggingar erum við að þróa markaðsvöru sem við munum stefna á að fjöldaframleiða, en stefnan er að gera Ísland að miðstöð fyrir þessar lausnir.

Richard Nelson er uppfinningamaðurinn að baki SolaRoof-launinum, en hann er mikill sérfræðingur sem býr yfir gríðarlega verðmætri þekkingu og reynslu í byggingu kerfa sem líkja eftir náttúrunni. Þessari þekkingu og reynslu mun hann deila með íslenska PODnet-teyminu sem við erum að



LifePOD-gróðurhús.

setja saman nú eftir jarðardaginn. Á sama tíma erum við að vinna í því að byggja upp gagnagrunna og vefkerfi sem gera okkur kleift að deila þessari þekkingu með samfélaginu í gegnum Creative Commons-leyfi.

Viðskiptamódelið okkar í PODnetinu grundvallast á því að gefa og deila þekkingu okkar og reynslu, en á sama tíma vinna í því að bjóða upp á hágæða vöru og þjónustu. En þá vöru og þjónustu mun PODworks Iceland bjóða upp á. Framtíðar fjármögnun í tengslum við verkefnið er uppbygging á nýrri tegund gjaldmiðils sem nýtist innan PODnetsins. Þannig mun þau samfélög sem fjármagna PODfrumkvöðla sem framleiða staðbundin matvæli eignast PODnótur sem nýtast meðal annars til þess að fá afslætti, matvæli í áskrift, aðgang að vörum, þjónustu og leyfum til sölu á vörum og þjónustuveitingu.“

## Fæðuöryggi og aðgangur að hágæðafæðu er tilgagnurinn

„Alþjóðlega PODnet-verkefnið hefur verið í þróun til fjölda ára, og hefur þann tilgang að þróa og bjóða upp á lausnir sem einstaklingar og samfélög geta nýtt sér til þess að byggja upp staðbundna matvælaframleiðslu. Fæðuöryggi og aðgangur að hreinni hágæðafæðu er megintilgangur verkefnisins.

Um er að ræða opnar lausnir sem ganga í öllum löndum. Við erum hönnuðir úr öllum áttum sem vinnum að því að hanna fjölda lausna, en megináhersla okkar í byrjun er að koma almennilega á lagginnar framleiðslu á agriPOD til að byrja með og síðan lifePOD. Með SolaRoof-byggingatækninni má byggja hús í öllum stærðum og gerðum. Þannig að þessar lausnir henta vel bæði fyrir einstaklinga og stærri bæjarfélög. Hér á Íslandi munum við setja stefnu á að vinna með sveitarfélögum á landsbyggðinni, auk þess sem við erum að vinna í því að þróa skólaverkefni þar sem við stefnum að því að hóp fjármagna PODhús sem við munum geta nýtt til sýninga og kennslu í grunnskólum.“

Fyrir þá sem vilja fræðast meira um þessi verkefni er bent á vefinn [podnet.is](http://podnet.is). /smh





**Bændablaðið**  
18 24-25 40

**BÆNDABLAÐIÐ ER MEST LESNA BLAÐIÐ Á LANDSBYGGÐINNI**

LESENDUM FJÖLGAR Á MILLI ÁRA. BÆNDABLAÐIÐ MÆLIST MEÐ 45% LESTUR Á LANDSBYGGÐINNI OG 22% LESTUR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU.

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI

**HVAR AUGLÝSIR ÞÚ?**

**LESTUR PRENTMIÐLA Á LANDSBYGGÐINNI**

Prentmiðla	Lestur
VIDSKIPTABLAÐIÐ	6%
DV	11%
FRÉTTATÍMINN	19%
MORGUNBLAÐIÐ	28%
FRÉTTABLAÐIÐ	34%
BÆNDABLAÐIÐ	45%

HEIMILD: PRENTMIÐLAHÖNNUN CIPACENT, KONKURNARTÍÐI OKT.-DES. 2014

**NÁM MEÐ STARFI**

**DREIFNÁM**

Borgarholtsskóli býður upp á nám fyrir:

- Félagsliða
- Félags- og tómstundaliða
- Leikskólaliða
- Skólaliða
- Stuðningsfulltrúa í skólum
- Viðbótarnám félagsliða
- Viðbótarnám leikskólaliða

Umsóknarfrestur er til 1. júní.

Upplýsingar um námið veitir Þorkatla Þórisdóttir í síma 8561718 Netfang: thorkatla@bhs.is

Heimasíða skóla: www.bhs.is

Borgarholtsskóli **Nám á netinu**

**Bændablaðið**

Smáauglýsingar 56-30-300

Næsta blað kemur út **13. maí**

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 // AKUREYRI Sími: 464-8600 // www.VBL.is

**Zetor - ÞARFASTI ÞJÓNNINN**



**Eigum til afgreiðslu strax**

**Zetor Major 80** – 77 hö. Ámoksturstaeki: ALÖ 220p með þriðja sviði

**Zetor Proxima 100** – 96 hö. Ámoksturstaeki: ALÖ Trima versa X46 með þriðja sviði og „softdrive“

**Zetor Proxima Power 90** – 88 hö. Ámoksturstaeki: ALÖ Trima versa X46 með þriðja sviði og „softdrive“

**Zetor Proxima Power 120** – 117 hö. Nú með Zetor Tier III 4156 cm³ 4 cyl. mótur Ámoksturstaeki: ALÖ Trima versa X46 með þriðja sviði og „softdrive“

Aukahlutapakkinn fylgir Proxima Power 90 og 120

**Verð frá kr. 5.597.000 +vsk.**

Frekari upplýsingar gefur Jóhannes í síma 822-8636

**2ÁRA VERKSMÍÐJU-ÁBYRÐ**

**Hefur þjónað íslenskum bændum í tæp 70 ár**

**Dæmi um helsta búnað (Proxima Power 120)**

- PowerShuttle kúplingsfrír vökvavendigr
- 24/24 girkassi, 3 takkask. milligírar í hvernjum drifgir
- Kúplingstakki á gírstöng
- 4 cyl. mótur með túrbínu og intercooler
- Hnappur fyrir innsetningu á framdrifi
- Hnappur fyrir læsingu á afturdrifsóxli
- 40 km aksturshraði, vökvabremsur á öllum hjólum
- Aflúttak 540 og 540E sn/mín
- Viðbragðshraði á aflúttak við innsetningu er stillanlegur
- Vinnudrifi er innkúplað með diskum í olíuþaði
- Dráttarkrókur og dráttarbiti
- Lyftigeta afturbaislis er 4150 kg
- Stýristöng fyrir beisli á afturbretti
- 3 tvöföld vökvaúrtök að aftan
- Vagnbrensuventill
- Sjálfstæð vökvadæla fyrir stýri
- Vandað ökuannshús með mjög þægilegu vinnuumhverfi
- Loftkæling og öflug miðstöð
- Stýrishjól með að/frá og upp/niður stillingum
- Bólstrað fjölstillanlegt ökuannshús með loftfjöðrun
- Bólstrað farþegasæti
- Þurrkur á fram og afturá með hreinsivökva
- 9 vinnuljós auk ökuljósa, blikkljós á húspaki
- Dekk 380/70R24 og 600/65R34
- Þústurnör við húshorn
- Loftpressa og móturhitari
- Útvarp með geislaspilara

**VB LANDBÚNAÐUR ehf.** NB Agriculture Ltd. www.VBL.is

REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000

AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600





## Upplifun ferðamanna á Norðurlandi vestra: Landslag og náttúra heilla mest

Sumarið 2014 stóðu Þekkingarsetrið á Blönduósi og Ferðamálafélag Austur-Húnavetninga fyrir könnun meðal ferðamanna sem heimsóttu Norðurland vestra, í sambandi við átaksverkefni um ferðamál.

Könnuninni var dreift á ferðaþjónustufyrirtæki á Blönduósi og í Húnavatnshreppi og er henni ætlað að gefa betri skilning á upplifun ferðamanna á svæðinu, að því er fram kemur á vef Þekkingarsetursins.

Spurt var m.a. um bakgrunn þátttakenda, upplifun og ferðahegðun en ríflega eitt hundrad þátttakendur svöruðu könnuninni.

Samkvæmt henni eru það að mestu leyti ferðamenn frá Vestur-Evrópu (Þýskalandi, Spáni, Ítalíu, Frakklandi og Hollandi) sem heimsækja svæðið. Þar á eftir ferðamenn frá Norður-Ameríku. Flestir þeir sem sækja svæðið heim eiga leið um og dvelja stutt, eina eða tvær nætur.

*Flestir til í að heimsækja svæðið aftur*

Um 90% þátttakenda kváðust hafa



Laugabakki í Miðfirði. Mynd / HKR.

mest gaman af landslagi og náttúru, þar á eftir söfn og sýningar og síðan sundlaugar. Það sem helst vantar að mati þátttakenda eru meiri upplýsingar um svæðið, einnig nefndu þeir að innviðir, eins og vegir innan sýslunnar, mættu vera í betra horfi og eins mætti gjarnan auka úrval af verslunum og þjónustu, sem og að lengja afgreiðslutíma bæði verslana og safna.

Meirihluti svarenda, eða um 62%, vildi gjarnan heimsækja svæðið á ný. Ferðamálafélag Austur-Húnavetninga stefnir að því að endurtaka könnunina næsta sumar og ætlar að dreifa henni víðar.

/MPB



„Sjálfbær landnýting er okkur afskaplega mikilvæg og við gerum okkur grein fyrir því að við verðum að sýna ást okkar á landinu í verki. Þess vegna leggja stórir hópar sauðfjárbænda fé og tíma í uppgræðslu- og landbótastörf á eigin landi og afréttum, stundum í samvinnu við Landgræðsluna og oftast án þess að fá fyrir það nokkra sérstaka greiðslu.“

Mynd / HKR.

Landssamtök sauðfjárbænda:

## Sjálfbær nýting á landi á að vera keppikefli allra

Fáum er líklega jafn umhugað um landgæði á Íslandi og íslenskum bændum. Þeir búa og starfa í nánú sambýli við íslenska náttúru og eiga allt sitt undir því að þekkja duttlunga hennar og blæbrigði. Engin búgrein hefur jafn víðtæka landnýtingu og sauðfjárrækt.

Sjálfbær landnýting er okkur afskaplega mikilvæg og við gerum okkur grein fyrir því að við verðum að sýna ást okkar á landinu í verki. Þess vegna leggja stórir hópar sauðfjárbænda fé og tíma í uppgræðslu- og landbótastörf á eigin landi og afréttum, stundum í samvinnu við Landgræðsluna og oftast án þess að fá fyrir það nokkra sérstaka greiðslu.

*Sauðfjárbúskapur til fyrirmyndar*

Í rúman áratug hafa sauðfjárbændur unnið ótulllega að því að bæta búskap sinn og tryggja markaðnum hágæðavöru með sérstöku gæðastýringarkerfi. Gengið var frá samningi við ríkið fyrir fimmtán árum og síðan hafa bændur átt í nánú samvinnu við ýmsar stofnanir þess. Fyrsta reglugerðin um gæðastýringuna frá 2003 tekur m.a. til skýrsluhalds, hirðingar, aðbúnaðar, fôðuröflunar og lyfjanotkunar. Víða um heim horfa bændur til Íslands sem fyrirmyndar um heilbrigðan og sjálfbæran búskap sem rekinn er í sátt við land og náttúru. Eiturefnanotkun er hverfandi í íslenskum landbúnaði og hvergi er notað minna af lyfjum eða áburði. Til merkis um heilbrigði íslenskrar sauðfjárræktar má meðal annars hafa þá staðreynd að bandaríska Whole Foods verslunarkerfið hefur selt íslenskt lambakjöt um árabil og líkur eru á því að viðskiptin aukist enn frekar á komandi hausti.

*90% framleiðslunnar undir gæðastýringu*

Nánast öll kindakjötsframleiðsla á Íslandi er undir merkjum gæðastýringar, eða rúm 90%. Kerfið hefur í grófum dráttum reynst vel en auðvitað hafa komið fram hnökror hér og þar sem hefur þurft að laga. Það hefur að jafnaði verið gert í nánú samvinnu og sátt sauðfjárbænda og þeirra stofnana sem í hlut eiga. Einn af mikilvægustu þáttum gæðastýringar í sauðfjárrækt snýr að landnotkun. Sameiginleg sýn okkar sauðfjárbænda má meðal annars lesa úr ályktun síðasta aðalfundar landssamtaka okkar þar sem segir m.a.:

Sjálfbær landnýting sauðfjár-



Þórarinn Ingó Pétursson

bænda er mikilvæg og eru þeir staðráðnir í að standa vel að verki og hafa gengist undir ákvæði um að skilgreina hluta af opinberum stuðningi sem stjórnþætti í þá átt.

Því miður hefur orðið núningur vegna framkvæmdar á landnýtingarþætti gæðastýringar en við erum staðráðnir í að leysa allan slíkan ágreining af sanngirni og í sátt við þá sem að málinu koma. En við gerum líka þá kröfu að aðrir nálgist málið á sama hátt.

*Allir sammála um sjálfbæra landnýtingu*

Þegar meta á þörf á landbótum á einhverju tilteknu landsvæði þarf að líta til ýmissa þátta. Miklu skiptir hvernig svæði eru skilgreind og horfa þarf til aðstæðna á hverjum stað. Það gefur auga leið að sums staðar þarf að gera meira en annars staðar og að sum svæði þola meiri beit en önnur. Nýverið voru gerðar breytingar á landnýtingarþætti gæðastýringar. Af þeim hefur skapast nokkur nýningur og menn eru ekki á eitt sáttir um verklag við framkvæmdina. Landkostir og aðstæður eru misjafnar en aðalatriðið er að nýting sé sjálfbær. Um það ættu allir að geta verið sammála. Ég fullyrði að sauðfjárbændur eru upp til hópa þeirrar skoðunar. Ekki dugar þó að horfa eingöngu til gróðurflökkamats við gerð landbótaáætla og mat á landi, heldur verður líka að taka tillit til beitar.

*Skynsemi og samvinna farsælust*

Landssamtök sauðfjárbænda óskuðu eftir því í fyrrgreindri samþykkt um landnýtingarþátt gæðastýringar á nýliðnum aðalfundi, að ráðherra lagi

þá reglugerð sem bændur starfa eftir. Tilgangurinn er sá að hægt verði að skilgreina betur þá mælikvarða sem notaðir eru við mat á sjálfbærni þar sem „vegði verði saman gróðurþekja, nýting og álag“. Um þetta ættu allir skynsamir menn að geta verið sammála.

Landgræðslustjóri skrifaði nýverið grein í Bændablaðið undir yfirskriftinni: „Skyllt er að hafa það heldur er sannara reynist.“ Um það erum við Sveinn Runólfsson sammála. Í greininni bendir hann á að framkvæmd reglugerðarinnar um gæðastýringu sauðfjárræktar hafi ekki tekist sem skyldi. Um það erum við líka sammála. Hann segir líka réttilega að „leiki einhver vafi á um túlkun einstakra atriða verði að eyða honum“. Enn erum við sammála. Reglur þurfa auðvitað að vera raunhæfar og framkvæmanlegar.

*Einlægur vilji sauðfjárbænda*

Við Sveinn Runólfsson erum líka sammála um að bændur, ráðuneytið, Landgræðslan og Matvælastofnun verði að ræða næstu skref og koma sér saman um farsæla niðurstöðu. Sannleikurinn er auðvitað sá að þeim sem að málinu koma var ekki gefið nægilegt ráðrúm til að klára landnýtingaráætlanir, ekki þarf að draga fjóður yfir það. Upphrópanir skila hins vegar engu. Stjórn Landssamtaka sauðfjárbænda hefur þegar hitt fulltrúa ráðuneytisins og Matvælastofnunar til að ræða þessi mál og vinnan er í fullum gangi.

Við viljum að sauðfjárrækt sé stunduð um allt land enda er hún hryggjarstyckið í hinum dreifðu byggðum. En aðstæður eru misjafnar og mennirnir líka. Þegar reglur eru settar sem svo reynast ekki raunhæfar í framkvæmd innan tilsetts tímaramma er auðvitað skynsamlegast að laga hnökruna, slétta misfellur og skerpa á orðalagi þar sem þarf. Um þetta ættu allir að geta verið sammála, hvort sem það eru sauðfjárbændur, einstakir embættismenn eða önnur stjórnvöld. Á meðan eru samt nfu af hverjum tíu dikkum á Íslandi framleiddir undir gæðastýringu. Í mínum huga leikur ekki nokkur vafi á einlægum vilja sauðfjárbænda til sjálfbærrar nýtingar.

Við erum tilbúnir til samvinnu við Landgræðsluna og alla aðra sem að málinu koma – með sanngirni og skynsemi að vopni.

Þórarinn Ingó Pétursson,  
formaður Landssamtaka  
sauðfjárbænda



## Starfshópur um matarsóun með tillögur til úrbóta: Auka þarf rannsóknir og fræðslu

Starfshópur, sem umhverfis- og auðlindaráðherra skipaði síðastliðið haust og hafði það hlutverk að móta tillögur um hvernig draga megi úr sóun matvæla, skilaði ráðherra skýrslu sinni í tilefni af Degi umhverfisins.

Í skýrslunni er tæpt á því hvað matarsóun er og þeim verkefnum sem þegar hefur verið hrint í framkvæmd á þessu sviði. Auk þess er þar að finna tillögur hópsins sem lúta að rannsóknum á matarsóun á Íslandi, fræðslu til neytenda og vitundarvakningu, geymslu og merkingu matvæla, framleiðslu, dreifingu og sölu matvæla og matarsóun í stórelldhúsum, veitingahúsum og mótuneytum.

Lagt er til að fyrirliðgjandi upplýsingar um matarsóun verði kortlagðar og mælikvarðar þróaðir til að hægt verði að sýna fram á mælanlegan árangur aðgerða gegn þessu vandamáli. Þá er lagt til að ráðist verði í spurningakönnun um matarsóun til að kanna viðhorf Íslendinga til matarsóunar og að gerð verði ítarleg langtímarannsókn á efninu.

Á sviði neytenda og vitundarvakningar er lagt til að búinn verði til einn vefur með fræðslu um matarsóun og leiðbeiningum um hvernig sporna má við henni, að farið verði í átaksverkefni til að stuðla að hugarfarsbreytingu um matarsóun, að fræðsla um matarsóun

verði tryggð í grunnskólum sem og að boðið verði upp á örfyrirlestur um efnið á vinnustöðum, hjá félagasamtökum og stéttarfélagum. Sérstök áhersla er lögð á fræðslu um geymsluþolsmerkingar matvæla og að neytendur þekki muninn á „best fyrir“ og „síðasti notkunardagur“. Einnig er að finna tillögu um fræðslu um geymsluáðferðir matvæla.

Í kafla um framleiðslu, dreifingu og sölu er lagt til að teknar verði saman leiðbeiningar um hvernig draga megi úr sóun við framleiðslu matvæla. Á sviði stórelldhúsa, veitingahúsa og mótuneyta er lagt til að verkefni um matarsóun verði hluti verkefnakistu Skóla á grænni grein sem og að aðgerðir gegn matarsóun verði hluti af Grænum skrefum í ríkisrekstri og Grænum skrefum Reykjavíkurborgar. Loks er gerð tillaga að verkefni í samvinnu við veitingastaði sem miðar að meðvitund um skammtastærðir og möguleika á að taka með sér afganga.

Í starfshópnum sátu fulltrúar Umhverfisstofnunar, Matvælastofnunar, Samtaka iðnaðarins, Samtaka verslunar og þjónustu, Samtaka ferðaþjónustunnar, Bændasamtaka Íslands, Kvenfélags-sambands Íslands, Vakandi - samtaka gegn sóun matvæla og Landverndar en hópurinn starfaði undir forystu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

/VH



# Aðalfundur Búnaðarsambands Vestfjarða: Bændur óttast einangrun frá forystunni syðra

Aðalfundur Búnaðarsambands Vestfjarða var haldinn á Reykhólum þann 11. apríl sl. Þrátt fyrir slæma færð og veður tókst að fá erindi á fundinn frá Bændasamtökum Íslands.

Sigurður Eyþórsson, nýráðinn framkvæmdastjóri BÍ, mætti fyrir hönd þeirra og fór yfir breytingar á BÍ og stefnu um búvörusamninga. Út frá erindi hans urðu góðar umræður um m.a. landnýtingu og kostnað bændu við nýjar aðbúnaðarreglugerðir MAST, býlisstyrki og áhrif breytinga BÍ á minni félög, s.s. vegna kostnaðar

við fundarhöld. Þá var rík áhersla lögð á það af fundinum að sömu kröfur séu gerðar á innfluttar landbúnaðarvörur og þær sem framleiddar eru innanlands.

### Áhyggjur af sambandsleysi

Á fundinum kom til umræðu áhyggjur af því að bændur væru að fjarlægjast forystu bændu. Þá var kallað eftir því að Bændasamtökin væru duglegri við að fara út á land, kynna verkefni sem fyrir þeim liggja og málefni líðandi stundar.

Þá voru athugasemdir gerðar

við það að enginn fulltrúi mætti á fundinn frá MAST þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að fá erindi frá þeim.

Útgáfufélagið gaf nýverið út bókina „Fjalla meður græna“ sem hefur fengið góðar viðtökur, bókina er sú þriðja í röðinni af bókum um ábúendatal á starfssvæðinu en útgáfufélagið er eitt helsta stolt Búnaðarsambandsins.

Á fundinum var farið eftir nýjum samþykktum um kosningu fulltrúa á Búnaðarþing. Aðalmenn á Búnaðarþing til tveggja ára fyrir BSV eru Sigmundur H.

Sigmundsson, formaður og því sjálfkjörinn, Gústaf Jökull Ólafsson og Sólveig Bessa Magnúsdóttir. Nýkjörin ritari BSV er Rebekka Eiríksdóttir.

Til skoðunar er að halda árlegan bændadag á Bíldudal, síður er að láta daginn flakka um starfssvæði BSV og þá á bæjarhátíðum. Þá var Halldóru Ragnarsdóttur þakkað fyrir gott starf fyrir Búnaðarsamband Vestfjarða síðastliðin sex ár og fundi slitið kl.20

Greint verður frá ályktunum fundarins á Reykhólum í næsta Bændablaði.

## Námskeið í krufningu lamba

Haldið verður á Norðurlandi námskeið í krufningu lamba eftirfarandi daga í maí á eftirtöldum stöðum:

**Skagafjörður 7. maí.**  
**Eyjafjörður og S-Pingeyjasýsla 8 maí.**

Búnaðarsambönd á viðkomandi stöðum veita nánari upplýsingar.

Sigurður dýralæknir.

**ÍSMAR**  
Við mælum með því besta

- Sparaðu með tækninni -  
GPS leiðsögutæki landbúnaðarins,  
gefur m.a. upp hektara sem  
dreift er á.

Síðumúla 28 - 108 Reykjavík - 5105100 - www.ismar.is

## Lambamjólkurduft

- Hátt hlutfall mjólkurprótína
- Auðmeltanleg prótín
- Vítamín og steinefnabætt
- Einstaklega bragðgott
- Drjúgt í notkun
- Auðuppleysanlegt
- Selt eftir vigt

13.990kr  
25kg

**BÚREKSTRARDEILD** BORGARNESSI

Egilsbóli 1  
310 Borgarnessi  
Verulan opin 8-18 vörku daga  
10-16 laugardaga, sími: 430-5500

Sjá nánar:  
www.kb.is

**REYKJAVÍK Sími: 414-0000 // AKUREYRI Sími: 464-8600 // www.VBL.is**

## LELY heyvinnuvélar

Tæknilega framúrskarandi vélar þar sem **GÆÐI** og **GÓÐ ÞJÓNUSTA** er í fyrirrúmi

Allar **LELY** vélarnar eru afhentar samsettar

Pantaðu Íslenskan bækling um LELY heyvinnuvélar á netfanginu: kristin@vbl.is

**VB** www.VBL.is  
**LANDBÚNAÐUR** ehf.  
VB Agriculture Ltd.

**REYKJAVÍK**  
Krókháls 5F  
110 Reykjavík  
Sími: 414-0000

**AKUREYRI**  
Baldursnes 2  
603 Akureyri  
Sími: 464-8600





Sif Jóhannesdóttir, formaður stjórnar AP, Eiður Jónsson og Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri AP. mynd / althing.is.

## Vélaverkstæðið í Árteigi hlaut hvatningarverðlaun AP

Vélaverkstæðið í Árteigi hlaut Hvatningarverðlaun Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga á aðalfundi félagsins, sem fram fór í Félagsheimilinu á Breiðumýri nýlega.

Vélaverkstæðið í Árteigi hlaut þessa viðurkenningu fyrir framúrskarandi framleiðslustarfsemi þar sem hugvit og fádæma verkþekking eru tvinnuð saman til hagnýtingar vatnsafls. Eiður Jónsson veitti viðurkenningunni móttöku og þakkaði fyrir hvatninguna fyrir hönd þeirra bræðra í Árteigi.

*Sagan nær hálfa öld aftur í tímann*

Saga túrbínusmiði út með Kinnarfjöllum í Þingeyjarsýslu nær aftur um röska hálfa öld. Jón Sigurgeirsson í Árteigi hóf smíði á rafstöðvum fyrir 1950, en um var að ræða litlar rafstöðvar með 12 eða 24 volta jafnstraumsrafala sem voru settar í fjölmarga bæjarlæki í Þingeyjarsýslu.

Um 1950 byggði Jón sína fyrstu alvöru rafstöð fyrir Granastaðabæina, en svo kallast bæjarþyrpingin út með Kinnarfjöllum sem samanstendur af Granastöðum, Ártúni, Árteigi I og II og Fitjum. Hefur stöðin verið stækkuð í tvígang og endurbýggð og getur nú framleitt um 200 kw.



Þessir hrútar eru í aðalhlutverki í myndinni.

Mynd / Bergljót Þorsteinsdóttir

## Un Certain Regard-keppni í Cannes: Kvikmyndin Hrútar valin

Hrútar, nýjasta kvikmynd Gríms Hákonarsonar, hefur verið valin til þátttöku í Un Certain Regard-keppni Cannes kvikmyndahátíðarinnar, sem er ein allra stærsta og virtasta kvikmyndahátíð heims.

Um mikinn heiður er að ræða fyrir þá sem að myndinni standa. Hátíðin fer fram dagana 13.–24. maí. Af um 4 þúsund myndum sem sóttu um komust aðeins 20 að og munu keppa um aðalverðlaunin „Prix Un Certain Regard“.

*Fjallar um tvo sauðfjárþændur á sjötugsaldri*

Hrútar fjallar um tvo sauðfjárþændur á sjötugsaldri, bræðurna

Um 1980 hóf Eiður, sonur Jóns, að starfa á verkstæðinu og tók við rekstrinum eftir að hafa lokið prófi í rafvirkjun. Um 1988 kom bróðir hans, Arngrímur, til starfa en hann er læður vélvirki. Saman framleiða þeir bræður 3 til 4 túrbínur á ári. Við hönnun á þeim hafa þeir fengið til liðs við sig Arna S. Sigurðsson vélaverkfræðing, sem starfar á Verkfræðistofu Norðurlands á Akureyri. Árni er sérmenntaður í túrbínufræðum og gerir alla helstu útreikninga varðandi smíðina.

*Um 70 til 80 túrbínur í gangi hér á landi*

Um 70–80 túrbínur, framleiddar í Árteigi, eru í gangi víðs vegar á Íslandi. Auk þeirra eru þrjár sem snúast á Grænlandi og ein í Færeyjum. Samtals framleiða þessar stöðvar rúmlega tvö megawött.

Nýjustu landvinningar fyrirtækisins eru svo í veldi Pútíns austur á Kamsjatkaskaga. Þangað er að fara þessa dagana 20Kw.

Í þessari starfsemi fer saman hugvit og verkþekking eins og best verður á kosið og útkoman verður farsæl framleiðslustarfsemi sem er til þess fallin að nýta þau staðbundnu verðmæti sem í smávirkjunum eru falin. Þetta kemur fram á heimasíðu Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, atthing.is. *MPÞ*



Óskar Sigurbjörnsson á Þorgrímsstöðum hefur haft áhuga á beinum og hauskipunum frá því hann var barn og átti gamaldags bú með leggjum og kjálkum þegar hann var krakki. Í dag rekur hann lítið en vaxandi fyrirtæki sem kallast Natural Bones Design og framleiðir list- og nytjamuni úr beinum og hauskipunum íslenskra hús- og villidyra.

Natural Bones Design:

## Munir úr hauskipunum og beini

Hauskúpur og bein vekja áhuga hjá flestum og varla til sá einstaklingur sem ekki stoppar við slíkt rekist hann á það í náttúrunni. Natural Bones Design hefur hafð framleiðslu á list- og nytjahlutum úr hauskipunum og beinum.

Óskar Sigurbjörnsson á Þorgrímsstöðum hefur haft áhuga á beinum og hauskipunum frá því hann var barn og átti gamaldags bú með leggjum og kjálkum þegar hann var krakki. Í dag rekur hann lítið en vaxandi fyrirtæki sem kallast Natural Bones Design og framleiðir list- og nytjamuni úr beinum og hauskipunum íslenskra hús- og villidyra.



*Sóðid og sóthreinsað*

„Vinnslan felst í því að sjóða allt hold utan og innan úr beinumum,

sóthreinsa og búa síðan til alls kyns muni úr þeim. Bein og hauskúpur voru í eina tíð vinsælir skrautmunir en hafa horfið í skuggann síðustu

áratugina fyrir plasti og alls kyns glingri að mínu mati.

Persónulega finnst mér bein falleg og ég veit að það finnst fleirum. Ég fór því að prófa mig áfram og vinna með beinin og hauskúpunar og búa til hluti og skreyta.“

*Hefur alltaf safnað hausum*

Að sögn Óskars skiptir hreinlæti gríðarlega miklu þegar beinin og kúpunar eru hreinsaðar. „Ég fæ hausa og bein í sláturhúsi og vinnslan er háð ströngum leyfum. Mest eru þetta hausar af sauðfé og bein úr stórgripum eins og nautgripum og hestum en þar sem ég hef stundað refa- og fuglaveiðar í mörg ár hef ég einnig unnið með bein úr þeim og á talsvert safn. Síðastliðið sumar leitustu tveir einstaklingar til mín og óskuðu eftir að ég hreinsaði fyrir þá hauskúpur. Viðskiptavinunum hefur fjölgað jafnt og þétt síðan og starfsemin verið að vinda upp á sig.“

Auk þess að vinna muni sjálfur er Óskar í samstarfi við Ljósberann í Reykjanesbæ um framleiðslu á lömpum úr beinum og hann hefur fengið ýmsa listamenn til liðs við sig til að skreyta hauskúpur. Þrír hausar hafa endað í leikhúsi sem leikmunir. „Ég hélt í fyrstu að mínar hugmyndir um hvernig nota má þetta hráefni væru fjölbreytilegar en það er hellingur af fólki með mun frumlegri og ævintýralegru útfærslur en ég.“

Þeir sem hafa áhuga á að skoða myndir af mununum er bent á síðu Natural Bones Design á Facebook.

*VH*







## Hestamenn – Göngufólk – Fjölskyldur - Hagabeit

Breiðabólstaður í Fljótshlíð er fallegur staður í fögru umhverfi Njálslóða. Á Breiðabólstað er glæsilegur gistiskáli sem rúmar 22 í rúm (kojur). Tilvalinn áningarstaður fyrir reið- og göngufólk, enda margt að sjá og skoða. Nægur beitarhagi til lengri eða skemmri tíma með misstórum beitarhólfum. Leigutími gistiskála er til 1. júlí. Beitarhagi eftir samkomulagi.

Upplýsingar veitir Öundur S. Björnsson  
í síma 487 8010 eða 898 2525.  
Tölvupóstfang: onundur@simnet.is

## Prolac Pasta



Prolac Paste / ZooLac Paste er þykknir til styrktar þarmaflóru húsdýra. Fyrir dýr með meltingartruflanir og veikburða ungvíði

- Bætir meltingu og kemur jafnvægi á þarmaflóru
- Notist á álagstímum, t.d. flutningur, skita, fôðurbreytingar eða til að bæta gerlaflóru meltingakerfis eftir sýklalyfjakúr
- Einnig hægt að nota fyrirbyggjandi
- Þrenns konar áhrif í einum og sama skammtinu
- þaulprófuð og sannreynd vara – með frábærum árangri - hefur verið á markaði í meira en 10 ár
- Kaupfélag Borgfirðinga er nýr dreifingaraðili á Íslandi



Egisholti 1  
310 Borgarnesi  
Verslun opin 8-18 virka daga  
10-14 laugardaga, sími: 430-5500

Sendum um land allt!

## Haumbaur ál og stálkerrur



750 kg álkerra opnast að fram og afturgafli verði kr:275.000.- stgr.  
Gerð 1374. stærð 251x131cm.  
Einnig til með sturtum .Gerð 1384 kr: 325.000.-stgr.



Vélavagnar og bílakerrur í ýmsum stærðum og gerðum.



Ál og stál sturtukerru og flatvagnar margar gerðir og stærðir.  
Veitum upplýsingar og gerum tilboð



2500kg tveggja öxla kerra fyrir bændur og iðnaðarmenn.  
Gerð 2331 stærð 303x150cm verð kr: 560.000,- stgr m/vsk og skráningu.



Fyrir bændur og iðnaðarmenn 1300kg álkerra á einum öxli frábæru verði  
Gerð 1339 stærð 303x150cm kr: 450.000- stgr.m/vsk og skráningu.



Létt og sterk 750kg álkerra á frábæru verði kr:149.900.- stgr.  
Gerð 1380 stærð 201x102cm

**Topplausnir,**  
Smíðjuvegi 40 gul gata.  
Kópavogi.  
Veitum upplýsingar í síma: 5177718.  
heimasíða  
www.topplausnir.is

limtrevirnet.is

## Landbúnaður og hestasport

hesthús, reiðhallir, fjárhús, fjós og fleiri gerðir landbúnaðarbygginga  
vönduð hús - stuttur afgreiðslufrestur

 **Limtrevirnet**

Aðalnúmer: 412 5300 | Söluheild: 412 5350

Aðalskrifstofa - Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes  
Söluskrifstofa - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur  
Netfang - sala@limtrevirnet.is



## Fé á fjall - ekkert mál!

Vandaðar og rúmgóðar 2-6 hesta kerrur á tveimur öxlum.  
Rist framan á kerru tryggir góða loftun um kerruna.  
Öflugir flexitorar veita mjúka og góða fjöðrun. Minna skrölt og minni hávaði.  
Stórir og breiðari hjólbarðar á 16" felgum sem hentar vel á slóðum og sveitavegum.  
Rampur með timburgólfi sem leikur einn er að setja niður og reisa upp.  
Kerrurnar eru fánlegar með venjulegu þaki eða háu þaki.  
Ljós inni í kerru, gúmmímottur í gólfi og þverskilrúm er staðalbúnaður.  
Hægt er að fá milligólf inn í flestar gerðir fyrir fjárflutninga. Því má líka bæta við eftirá.



**Reykjavík:** Krókháls 16  
110 Reykjavík  
Sími 568-1500

**Akureyri:** Lönsbakka  
601 Akureyri  
Sími 568-1555

**Vefsíða:** www.thor.is

Bændablaðið  
Smáauglýsingar  
56-30-300



Aðalfundur Búnaðarsambands Eyjafjarðar haldinn í Hlíðarbæ:

# Nýr búvörusamningur brennur mjög á bændum

Gunnhildur Gylfadóttir, bóndi Steindyrum og formaður Búnaðarsambands Eyjafjarðar, sagði á aðalfundi sambandsins sem haldinn var í Hlíðarbæ nýverið að berlega hefði komið í ljós undanfarið að nýr búvörusamningur brenni mjög á bændum ásamt því að tollvernd verði viðhaldið.

Gunnhildur flutti á fundinum skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár. Gestir fundarins voru Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, Eiríkur Blöndal, framkvæmdastjóri BÍ, og Einar Ófeigur Björnsson, formaður BSSN og stjórnarmaður í BÍ.

## Hver á að fá greiðslurnar?

Nefndi Gunnhildur í ávarpi sínu að fram hefðu komið hugmyndir um að í næsta búvörusamningi verði breytingar á stuðningsgreiðslum til bænda og talað um að greiða þær í auknum mæli úti á landi.

„Ég sjálf hef ennþá ekki skilið hvernig á að framkvæma það og til hvers. Ég hefði haldið að gegnsæi á greiðslum til bænda gæti ekki verið meira en þegar bóndinn fær greitt fyrir það sem hann framleiðir hvort sem það er í formi mjólkur, kjöts, grænmetis, blóma, korns og svo framvegis,“ sagði Gunnhildur.

Hún nefndi að stór hluti af ræktuðu landi væri nytjaður af öðrum en landeigendum.

„Hvernig eiga landgreiðslurnar að ganga í svona tilfellum. Hver á að fá þær, bóndinn sem nýtir landið eða jarðareigandinn? Hvernig verður regluverkið í kringum svona eiginlega hannað til að það verði ekki misnotað?“ spurði Gunnhildur.



Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, ávarpar fulltrúa á aðalfundi Búnaðarsambands Eyjafjarðar.

## Kúasæðingar fyrirferðarmestar

Sigurgeir Hreinsson framkvæmdastjóri fór m.a. yfir ársreikning BSE, en langstærsti einstaki hluti starfseminnar eru kúasæðingar. Aðrir þættir eru kortateikningar, rekstur á klaufskurðarbás, umsjón sauðfjársæðinga á Norðurlandi eystra, heysnataka auk þurrkunar og mölunar á heyinu, jarðabótaúttektir, símsvörun fyrir RML ásamt útleigu og afgreiðslu í Búgarði. Þar fyrir utan margs konar þjónusta við bændur og félög þeirra á starfssvæðinu.

## Tap á rekstri Búnaðarsambandsins

Afkoma síðastliðins árs var ekki viðunandi, en tap varð á rekstri sambandsins og nam það tæpum 7,8 milljónum króna. Eigið fé og lausafjárstaða er sterk þó reksturinn hafi skilað tapi. Stærsti hluti tapsins er vegna gjaldfærslu birgða vegna útgáfu Byggða Eyjafjarðar að upphæð 4 milljónir króna. Ef sú gjaldfærsla og afskriftir eru teknar út þá er rekstur BSE nálægt núlli.

Húseign sambandsins er metin

á 28,6 milljónir en markaðsverð er mun hærri en ekki hefur verið fært sérstakt endurmat vegna eignarinnar.

Óráðstafað eigið fé er tæpar 79 milljónir. Framkvæmdastjóri fór síðan yfir breytingar á tekjuhlíf sæðinga síðustu ár.

Opinber stuðningur vegna sæðinga hefur lækkað að raungildi síðustu ár og hafa tollar greiddir af bændum hækkað á móti.

## Gott uppskeruár

Framkvæmdastjóri fór einnig yfir

búfjárfjöldi í Eyjafirði samkvæmt skýrslum MAST. Nautgripum hefur fækkað sem Sigurgeiri þykir skrytið því sæddum kúm á svæðinu fjölgaði nokkuð mikið. Erfitt er að fá tölur frá MAST til sundurgreiningar.

Sauðfé er jafnt og þétt að fjölga á svæðinu. Hestum fækkar samkvæmt skýrslum, sennilega vegna lélegs utanumhalds búfjárefirlits. Farið var yfir uppskerutölur og sést þar að 2014 var mikið uppskeruár eins og flestum er í fersku minni. /MPP

Hvatningarverðlaun Búnaðarsambands Eyfirðinga:

# Lamb Inn og Gamli bærinn á Öngulsstöðum

Lamb Inn og Gamli bærinn á Öngulsstöðum hlutu hvatningarverðlaun Búnaðarsambands Eyjafjarðar fyrir árið 2014, en þau voru veitt á aðalfundi sambandsins sem haldinn var í Hlíðarbæ nýlega.

Fram kom í máli Sigurgeirs Hreinssonar framkvæmdastjóra að eitt aðaláhbyggjuefni íslenskrar kjötframleiðslu væri markaðssetningin. Á seinustu árum hefði streymt inn kjöt frá öðrum löndum, sem ekki væri alltaf með áberandi letri um hvar varan er framleidd.

## Lambalærið alltaf aðalréttur

„Við þannig aðstæður er virkilega gott að hafa veitingastað sem hægt er að treysta á að selur alltaf íslenskt kjöt. Lambalærið er alltaf aðalréttur og eitt af því sem athygli vekur er að vel hefur gengið að fá erlenda ferðamenn til að borða lambakjötið, andstætt því sem haldið hefur verið

fram, að stór hluti ferðamanna sem hingað koma þekki ekki lambakjöt og ekki sé hlaupið að því að fá menn til að borða það sem það hefur ekki borðað áður.“ sagði Sigurgeir.

Rekstur ferðþjónustu hófst á Öngulsstöðum 3 árið 1996 eftir að fjósi og hlöðu hafði verið breytt í gisti- og veitingaaðstöðu. Árið 2012 var áherslum breytt, nafni var breytt í Lamb Inn og lambakjötið varð í öndvegi. Rekstraraðilar og eigendur eru hjónin Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Ragnheiður Ólafsdóttir ásamt dóttur Jóhannesar, Guðnýju og maka hennar, Karli Jónssyni.

## Gamli bærinn einstakt vitni um byggingarstíl 19. aldar

Sigurgeir gat þess að á Öngulsstöðum væri fleira markvert, en þau Jóhannes Geir og Ragnheiður hafa undanfarin ár byggt Gamla bæinn á Öngulsstöðum upp, um væri að



Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Ragnheiður Ólafsdóttir taka við hvatningarverðlaunum BSE úr hendi Gunnhildar Gylfadóttur formanns.

ræða einstakt framtak til að viðhalda byggingarsögu og menningararfi til framtíðar. Gamli bærinn er

merkilegur í byggingarsögulegu tilliti, er einstakt vitni um byggingarstíl 19. aldar, þegar fólk til

sveita aflagði torfbæi og byggði ný hús. Innviðir eru ótrúlega heillegir og hafa staðist tímans tönn, en hluti þessa húss er allt frá fyrri hluta 19. aldar. Í Gamla bænum var að finna helsta samkomusal sveitarinnar og var hann í daglegu tali kallaður Leikhúsið. Þar voru sett upp leikrit og haldnar veislur.

## Ekki erfitt að fá erlenda ferðamenn til að borða lambakjöt

Ragnheiður og Jóhannes Geir tóku við verðlaunum úr hendi Gunnhildar Gylfadóttur, formanns BSE. Jóhannes þakkaði þann heiður sem þeim væri sýndur með þessari viðurkenningu. Hann sagði sína tilfinningu að ekki væri erfitt að fá erlenda ferðamenn til að borða lambakjöt þótt öðru sé oft haldið fram. Þeir sem heimsækja landið vilji fá að kynna þeim mat sem Íslendingar vilja telja hvað helst sinn þjóðarrétt. /MPP

# Pétur á Gautsstöðum hlaut Nautgriparæktarverðlaun BSE

Pétur Friðriksson á Gautsstöðum á Svalbarðsströnd hlaut Nautgriparæktarverðlaun BSE, en hann tók formlega við búi á Gautsstöðum af móður sinni, Margrétu Pétursdóttur, í ársbyrjun 2010.

Guðmundur P. Steindórsson ráðunautur tilkynnti um verðlaunin og kom fram í máli hans að þrátt fyrir að á Gautsstöðum hafi um langt árabil verið rekið myndarlegt og afurðasamt kúabú hefði Pétur bætt í, bæði með framkvæmdum í fjósi og aukinni framleiðslu. Á árinu 2012 var fjósinu breytt í legubásafjós og

í framhaldi af því keyptur DeLaval mjaltþjónn sem tekinn var í notkun vorið 2013.

## Framleiðsla aukist um helming að magni

Frá fyrsta ári Péturs hefur mjólkurframleiðslan aukist um rúmlega helming að magni til. Aukningin hefur bæði fengist með fjölgun kúa og auknum afurðum eftir hvern grip. Fyrsta árið voru árskýrnar 56,5 og mjólkuðu að meðaltali rétt tæp 5.000 kg, en á síðasta ári var árskúafjöldinn 71,6



og meðalnytin komin í 7.744 kg. Var það jafnframt nythæsta búíð á svæði Búnaðarsambands Eyjafjarðar og 4. hæsta á landsvísu.

Nú er Pétur að útbúa legubása í hlöðunni og eftir þá stækkun verður pláss fyrir 120 mjólkurkúr. Það kallar á annan mjaltþjón.

Jafnframt mjólkurframleiðslunni hefur Pétur verið með töluvert nautaeldi til kjötframleiðslu. /MPP

Pétur Friðriksson á Gautsstöðum á Svalbarðsströnd hlaut Nautgriparæktarverðlaun BSE.





Árni Sigurður Þórarinnsson og Kristín Sigurhanna Sigtryggsdóttir, bændur á Hofi í Svarfaðardal, hlutu Sauðfjárræktarverðlaun BSE.

## Sauðfjárræktarverðlaun BSE fóru í Svarfaðardalinn: Bændur á Hofi hlutu verðlaunin fyrir markvissar kynbætur

Sauðfjárræktarverðlaun Búnaðarsambands Eyjafjarðar hlutu bændurnir og hjónin á Hofi í Svarfaðardal, Árni Sigurður Þórarinnsson og Kristín Sigurhanna Sigtryggsdóttir.

Þau hjón eru bæði Svarfdælingar og bjuggu á Bakka frá 1988–1998, en það ár keyptu þau Hof og hófu búskap þar ásamt börnum sínum sem hafa sýnt búskapnum mikinn áhuga.

Birgir H. Arason flutti rökstuðning stjórnar verðlaunanna en þau voru veitt í ellefta sinn samkvæmt sömu reglum. Byggt er á niðurstöðum skýrsluhalds hjá

þeim búum sem hafa eitt hundrað eða fleiri fullorðnar ær á skýrslum. Tekið er tillit til þriggja þátta, reiknaðs kjötpunga eftir fullorðna kind, gerðarmats og hlutfalls milli vöðva- og fitueinkunnar.

Á Hofi er rekinn dæmigerður eyfirskur búskapur þar sem aðaltekjur eru af kúm eða mjólkurframleiðslu en einnig er búið með sauðfé og hross til að styrkja sálina og samfélagið. Í upphafi búskapar þeirra Árna og Hönnu voru kindurnar fáar og bóndinn hafði það að orði að hann hefði ekkert vit á þessum kindum.

„Hvort sem það var rétt eða ekki þá er það í það minnsta ekki rétt lengur, því eftir er tekið hversu mikið fjárstofninn hefur breyst á seinustu árum með markvissum kynbótum, þannig að afurðir eru miklar og gerð og vöðvafylling til fyrirmyndar,“ sagði Birgir.

Helstu niðurstöður úr sauðfjárskýrsluhaldinu á Hofi eru: Eftir 116 ær voru afurðir 35,5 kg. Fædd lömb 2,04 eftir hverja á og til nytja 1,81 lamb. Fjöldi lamba í kjötmati 210 með 19 kg meðalvikt og gerðin 9,99 en fita 7,64 og hlutfall fitu og gerðar 1,31. /MPÞ



Partner of Experts **STAHL** CraneSystems

## STAHL kranar og taliur

Starfsstöðvar Ísfells og Ísnets:

- Ísnet Þorlákshöfn - Óseyrarbraut 28
- Ísnet Vestmannaeyjar - Flötum 19
- Ísnet Húsavík - Barðahúsi
- Ísnet Akureyri - Oddeyrartangi
- Ísnet Sauðárkrúkur - Lágeyri 1
- Kristbjörg Ólafsfjörður - Pálsbergsgötu 1
- Ísfall / Ísnet Hafnarfjörður - Óseyrarbraut 28 • 220 Hafnarfjörður • Sími 5200 500 • isfell@isfell.is



www.isfell.is



Bændablaðið

á [bbl.is](http://bbl.is) og líka á Facebook



Sindri Sigurgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, ávarpar fundarmenn.

## Aðalfundur Búnaðarsambands Eyjafjarðar: Útlánatöp fátíðari í landbúnaði en öðrum atvinnugreinum

Aðalfundur Búnaðarsambands Eyjafjarðar 2015 telur mikilvægt að bæta lánafyrirgreiðslu við íslenskan landbúnað.

Tillaga þess efnis var samþykkt samhljóða á fundi sambandsins á dögnum og var stjórn þess falið að fylgja málinu eftir.

### Vandfundið tryggja veð en í landbúnaði

Í tillögunni er bent á að vandfundið sé tryggara veð en í landi sem hentugt er til matvælaframleiðslu og verðmæti þess mun aukast á næstu árum í kjölfar aukinnar eftirspurnar á matvælum. Einnig er bent á að í nágrannalöndum okkar eru hagstæðustu lán sem veitt eru, með veði í landi.

„Vakin er athygli á því að útlánatöp lánastofnana eru mun fátíðari í landbúnaði en flestum öðrum greinum atvinnulífsins og veð í landi er með því tryggasta sem gerist. Óásættanlegur er sá mikli vaxtamunur sem íslenskar



lánastofnanir bjóða sínum viðskiptavinum,“ segir í tillögunni.

### Búnaðarstofa verði sjálfstæð

Fundurinn tók undir tillögu búnaðarþings varðandi áform um að Búnaðarstofa verði sjálfstæð stofnun og heyri undir ráðuneyti atvinnumála. „Það samrýmist ekki eftirlitslutverki Matvælastofnunar að sjá um útteilingu fjármuna til bænda,“ segir í tillögu fundarins sem samþykkt var samhljóða.

Á fundinum voru einnig lagðar fram tvær tillögur sem fylgdu fjárhagsáætlun en kveða þær á um að árgjald hækki úr 2.500 krónum í 5.000 krónur og að sæðingagjöld á kúm hækki úr 1.800 krónum í 2.300 krónur. Tillögunar voru samþykktar. /MPÞ

## Vortæki í úrvali

Eigum einnig á lager mikið úrval varahluta í jarðvinnslutæki af eftirtöldum gerðum: Pöttinger, Vogel & Noot, Kverneland, Howard og fleiri.

NC og Duun brunn, skáðælur og mykjuhræur



NC haugsugur



Pöttinger sáðvélar




He-Va valtarar



Grjótstóflur



Pöttinger pinnatætarar



VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR



# Nokkrir punktar um vorbeit á ræktað land á sauðfjárþúum

Á fagþingi sauðfjárnáunda nú í mars var fjallað um sauðfjárbeit frá ýmsum sjónarhornum. Þar var hlutverk undirritaðs að fjalla um nýtingu ræktaðs lands og beitarstjórnunar til að bæta afurðir sauðfjár við íslenskar aðstæður.

Eftirfarandi pistill byggir á því erindi, en einnig var leitað fanga í erindi Rhidian Jones frá SAC Consulting í Skotlandi á þessu sama málþingi.

## Fjallabú og túnabú

Það er afar breytilegt eftir landsvæðum hve miklu þarf að kosta til varðandi beit. Sums staðar eru lambær á úthaga frá því nokkrum dögum eftir burð og fram að slátrun. Byrja lágt í dölum og fikra sig svo hærra upp í heiðar og fjöll – köllum þetta því fjallabú. Annars staðar er féð á ræktaðu landi allt að helming vaxtartíma lambanna (fyrstu 3-6 vikurnar og/eða síðustu 4-6 vikurnar). Gjarnan á heiðum (misháum) þess á milli. Köllum þetta túnabú.

Að sjálfsögðu er ekki hægt að skilgreina öll íslensk sauðfjárþú í annan þessara flokka, en hér er þessum andstæðum stillt upp til að greina lítillga breytileikann hvað þetta varðar. Góður vænleiki á fjallabúunum byggist á því að féð færi sig smám saman upp eftir því sem líður á sumarið, sé alltaf í nægum kjarnmiklum gróðri. Náttúran sér um beitarstjórnunina. Á túnabúunum verður vænleiki ekki góður nema fyrir hendi sé nægt ræktað land og góð beitarstjórnun.

## Nýting úthagabeitar

Víða um heim byggir sauðfjárrekt á notkun ræktaðs lands að verulegu eða öllu leyti. Hérlandis notum við úthagabeit af ýmsum ástæðum, m.a. eftirfarandi: Úthagabeit getur verið mjög hagkvæmt vaxtarfóður, minnkar orma- og hníslavandamál, er hluti af menningunni og ímynd afurðanna og hefur líka þá kosti í för með sér að bóndinn fær frí frá kindunum og kindurnar fá frí frá bóndanum!

Mörg af þeim atriðum sem hér á eftir verða rædd varðandi beit á ræktað land eiga líka við um úthagabeit, en margt fleira ber þar að athuga sem ekki verður rætt hér.

## Nýting ræktaðs lands til beitar

Spurningin er ekki hvort heldur að hve miklu leyti úthaginn er notaður og að hve miklu leyti ræktað land. Auk þess að nota túnbeit vor og haust má nota einærar grænifóðurjurtir að haustinu. Ræktun þeirra er oft hluti af endurræktunarferli túnanna. Margt hefur áhrif á framleiðslugetu tunsins, svo sem grunnfrjósemi jarðvegs, tegundir og yrki nytjaplantna í túninu, áburður, tíðarfarar og meðferð tunsins.

Beitin er einn af meðferðarþáttunum sem hefur áhrif bæði á uppskeru hvers árs og endingu sáðgresis í túnunum. Vöxtur plantnanna byggir mjög á getu þeirra til að ljóstíllífa. Blaðflötur svarðarins þarf að komast upp fyrir ákveðin mörk til að ljóstíllífun nái sér vel á strik. Með öðrum orðum þá dregur úr sprettuhraða tunsins ef við byrjum að beita of snemma og/eða höfum beitarþungann of mikinn.

## Beitarstýring út frá svarðarhæð – erlendar viðmiðanir

Erlendar rannsóknaniðurstöður sýna



Frá fagþingi sauðfjárnáunda í Bændahöllinni 27. mars 2015.

Myndir / HKr.



Rhidian Jones frá SAC Consulting í Skotlandi.

að með tilliti til framleiðni bæði tuns og kinda er best að byrja ekki að beita fyrr en svörður hefur náð 10-12 cm hæð og beita helst ekki lengra en niður í 5-6 cm. Ef gengið er nær túninu kemur það niður á sprettuhraða þess og endingu sáðgresis. Át og afurðir fjárins er mest á þessu bili – bæði magn og gæði beitar eru í lagi. Ef svörður er sneggri en 5-6 cm verður of erfitt fyrir féð að ná nægu magni. Ef túnið er loðnara en 10-12 cm minnkar bæði meltanleiki og lystugleiki gróðursins. Svarðarhæð má mæla með þar til gerðu áhaldi, t.d. disk sem stöng gengur í gegnum, diskurinn er þá stilltur af á stönginni miðað við miðlungshæð grassins og svarðarhæðin svo lesin af kvarða á stönginni. Í staðinn fyrir að vera með svona búnað má líka búa sér til aðeins ónákvmæri kvarða á t.d. stígvélinu eða lófanum!

## Upphafstími sprettu og sprettuhraði ræður hæfilegu beitarálagi

Hér á landi getum við of sjaldan farið eftir viðmiðunum eins og þeim sem að ofan greinir vegna breytileika í tíðarfari, sem hefur áhrif á bæði hvenær spretta hefst og hversu mikill sprettuhraðinn er.

Kuldaköst og/eða þurrkakafllar eftir að spretta er komin vel á stað flækja málið enn. Því verður

sennilega seint hægt að gera ráð fyrir að öll tún verði beitt út frá viðmiðunum um svarðarhæð, nema þá mögulega með því að láta féð bera það seint að þetta gangi sem allra oftast upp. Það hefur bæði kosti og galla í för með sér sem ekki er rúm til að ræða hér. Hins vegar má velta því fyrir sér hvort viðmiðanir um svarðarhæð líkt og að ofan greinir mætti nota fyrir hluta túnanna. Og þá hvaða hluta þeirra?

## Nýræktirnar

Nýræktir eða nýlega endurræktaðar tunsplúdur eru afar verðmætar. Það er búið að leggja í kostnað við ræktunina sem þarf að ná til baka. Líður í því er að reyna að hámarka endingu sáðgresisins.

Rannsóknir sýna að vallarfoxgras, algengasta tegundin í íslenskum nýræktum, þolir vorbeit ágætlega ef það fær tíma til að ná um 10 cm svarðarhæð áður en beit hefst. Það vill svo vel til að sú tegund er tiltölulega fljót af stað að vorinu, og sprettur hratt, miðað við aðrar algengar tegundir í túnunum. Þó eru til tegundir sem eru jafnsnöggar eða sneggri af stað, t.d. háliðagras. En ef við höldum okkur við dæmigerða nýrækt með háu hlutfalli vallarfoxgrass þá er líka vitað að ef það fær að ná sér á strik og heldur 5-10 cm svarðarhæð út beitarálagi þá heldur það áfram

góðri sprettu og má því slá tiltölulega snemma. Ef hins vegar beit á slík tún hefst snemma og/eða beitarþungi er of mikill kemur það mjög niður á endingu vallarfoxgrassins og sprettuhraða tunsins.

## Miðaldra túnin

Þar er einkennisgrasið oft vallarfoxgras sem er eins og vallarfoxgrasið mjög lystugt og gott fóðurgras, en er á margan hátt harðgerðari beitarplanta. Það er blaðríkt og lágvaxið gras, og þolir að vera bitað lægra en vallarfoxgrasið. Hins vegar er það ekki sérlega þurrkþolið þannig að mjög snögg beit í þurrkatíð getur dregið úr sprettuhraðanum.

## Gömlu túnin

Í gömlu túnunum eru einkennisjurtir oft snarrót, língresi, túnvingull og fleiri tegundir sem eru minna eftirsóknarverðar sem fóður- og beitarplöntur en t.d. vallarfoxgras og vallarsveifgras. Það má því frekar færa rök fyrir því að „fórna“ gömlu túnunum í stífa vorbeit heldur en nýræktunum og jafnvel miðaldra túnunum. Annað sem mælir með því er að af því að tegundirnar í gömlu túnunum eru að jafnaði ekki eins lystugar og í hinum yngri, ætti að vera auðveldara að fá féð til að éta

hey með beitinni þar. Lykilatriði er þá að hafa úrvalshey til að gefa með beitinni.

## Girðingar eru forsenda beitarstýringar

Til að einhver möguleiki sé á að stýra beitarálagi á mismunandi hluta tunsins er grundvallarforsenda að túnið sé hólfað niður. Það eru þó takmörk fyrir því í hve mikinn kostnað má leggja þar. Því er mikilvægt að hugsa endurræktunarferli túnanna aðeins fram í tímann og hafa girðingaskipulag í samræmi við það, og þá bæði með tilliti til vor- og haustbeitar.

## Sprettuhraði og hæfilegt beitarálag

Miðað við algengan sprettuhraða túna að vori (seinni hluti maí/byrjun júní) skv. hérlandum tilraunum Guðna Þorvaldssonar o.fl. má finna út að hæfilegt beitarálag sé nálægt 10 tvílembum á hektara tuns. Það er álíka viðmið og oft er notað um flatarmál túna til öflunar vetrarfóðurs.

Ef bú með 500 lambær hefur yfir að ráða 50 ha tuns og getur lítið stólað á úthagabeit að vori, þá veitir ekki af að nota allt túnið til vorbeitar. Eftir því sem tústærð er rýmri er meira borð fyrir báru í köldum vorum, og meiri möguleiki á að friða hluta túnanna fyrir vorbeit í meðalári og betri árum. Það hefur svo ýmsa kosti í för með sér, svo sem að fyrr er hægt að slá hluta túnanna, og að tún sem friðið eru fyrir vorbeit eru betri til haustbeitar vegna minni hættu á orma- og hníslasmiti. Rúm stærð ræktaðs lands þýðir líka að svigrúm verður meira til endurræktunar, þannig að með tímanum verður herra hlutfall túnanna með tegundum sem eru fljótar til að vorinu og gefa úrvalls beitaræði.

## Að lokum

Hér hefur verið stiklað á nokkrum punktum um vorbeit á sauðfjárþúum, til umhugsunar nú í byrjun sauðburðar. Fleira er þó ósagt en það bíður betri tíma. Gleðilegt sumar!

**Jóhannes Sveinbjörnsson,**  
fjárnáunda á Heiðarþæ  
og fóðurfræðingur hjá  
Landbúnaðarháskóla Íslands



## Pólítísk tíðindi í Finnlandi: ESB gæti misst stuðning Finna – í mikilvægum málum

Miðflokkurinn í Finnlandi var sigurvegari kosninga þar í landi um fyrri helgi. Er greinilegt að almenningur hefur trú á að leiðtogi Miðflokksins, milljónamæringurinn og fyrrverandi framkvæmdastjóri símafyrirtækis, Juha Sipilä, geti leitt Finnland út úr þeirri stöðnun sem þar ríkir.

Sipilä segir að Finnland sé í mjög erfiðri stöðu. „Við þurfum að ná einstakri samstöðu til að yfirvinna erfiðleikana.“

Að því er fram kemur í frétt Reuters gæti Miðflokkurinn þurft að reida sig á stuðning ESB-andstæðinga sem áður gengu undir nafninu Sannir Finnar. Það gæti þýtt að ESB geti ekki lengur reitt sig á stuðning Finna við svokallaðar „björgunaraðgerðir“ gagnvart Grikklandi. Þá myndu Grikkir neyðast til að yfirgefa evrusvæðið og hætta að greiða af skuldum sínum, sem hefði mjög alvarlegar afleiðingar fyrir evrópska banka.

Þá er líka í spilunum að stuðningur Finna við NATO dvíni, en hann hefur einmitt haft mjög neikvæð áhrif á viðskipti Rússlands við Finnland.



## Matvælastofnun: Ný síða um lög og reglur

Matvælastofnun hefur tekið í notkun nýja vefsíðu yfir lög og reglur sem stofnunin framfylgir og starfar eftir.

Markmið síðunnar er að auðvelda eftirlitsþegum og almenningi aðgengi að lögum og reglum sem varða starfssvið Matvælastofnunar.

Á síðunni er hægt að nálgast löggjöf um matvælaöryggi, plöntuheilbrigði, dýraheilbrigði, dýravelferð, áburð, fóður og önnur viðfangsefni stofnunarinnar, alls um 31 lagabálg og 600 reglugerðir.

Helstu nýmæli eru að nú eru öll lög og reglugerðir birtar saman á einni síðu með öflugri leitarvél og möguleika á að raða efni í tímaröð, eftir flokkum eða eftir heiti. Breytingar sem gerðar eru á reglugerðum birtast eingöngu þegar stofnreglugerðin er valin og í þeim tilvikum þar sem reglugerð byggir á Evrópulöggjöf eru númer þeirra reglugerða sýnileg og slóð á hverja gerð fyrir sig. *VH*

# VORLESTARTILBOÐ!

MF 5610 & VALTRA N103H5 Á

# 275.280

KRÓNA AFSLÆTTI TIL 30. APRÍL

Afsláttur með vsk. kr. 275.280  
Afsláttur án vsk. kr. 220.000

VEGNA FRÁBÆRRA  
VIÐBRAGÐA FRAMLENGJUM  
VIÐ TILBOÐINU TIL  
**8. MAÍ**

www.framurskarandi.is

VÉLAR - VERSLUN - VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss    Lónsbakki - 601 Akureyri    Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir

Sími 480 0400    jotunn@jotunn.is    www.jotunn.is

**MF 5610**

- Útskjótanlegur dráttarkrókur með vökva
- Loftkæling
- Húsfjöðrun
- 3 vökvasneiðar
- Vinnuljós á handrið og afturbretti
- Breið afturbretti með lengingum
- Dyna 4 auto drive

ATH: Verð eru kr. 10.290.000 án vsk.  
án afslatts! kr. 12.759.600 með vsk.

**VALTRA N103H5**

- H5 rafskipting
- Sjálfskipti möguleikar
- Loftkæling
- Húsfjöðrun
- 3 vökvasneiðar
- Auka ökuljós í topp að framan
- 3+ framhalds ábyrgð.

kr. 10.059.000 án vsk.  
kr. 12.473.160 með vsk.

# RÉTTU JEPPAÐEKKIN KOMA ÞÉR ALLA LEIÐ!

**TOYO TIRES**  
driven to perform

**BFGoodrich**  
TAKE CONTROL

**MAXXIS**

**Umboðsmenn um land allt**

Grjótháls 10 og Fiskislóð 30, Reykjavík  
Lyngás 8, Garðabæ  
Njarðarbraut 9, Reykjanesbæ  
S: 561 4200  
www.nesdekk.is

**NESDEKK**

Hjólbarðaverkstæði  
Bílabúðar Benna,  
Tangarhöfða 8  
S: 590 2045  
www.benni.is

**Bilabúð Benna**  
— Sérfræðingar í bilum —





Birkir Þór Stefánsson, Sigríður Drífa Þórólfsdóttir og börnin Árný Helga og Stefán Þór. Kindin gengur ákveðin til heimsætunnar sem er dugleg að spekja kindurnar. Myndir / Arnheiður Guðlaugsdóttir

# „Ekki enn náð Strandameti föður míns í hlaupum“

– segir Birkir Þór Stefánsson, bóndi í Tröllatungu á Ströndum

Hann er léttur í lund og á fæti, bóndinn í Tröllatungu í Strandabyggð, Birkir Þór Stefánsson. Hann snertir varla jörðina þegar hann gengur og er strákslegur eftir aldri.

Birkir er staddur í nýbyggðum fjárhúsum þar sem hann aðstoðar nágranna sinn við bílaviðgerðir.

„Fyrst voru hér gömul hús sem Árni Daníelsson, föðurbróðir minn, byggði og ég bætti við þau um síðustu aldamót. Nýi hlutinn rúmar 300 kindur og er á taði og með gjafagrindum. Í heild eru því húsin fyrir um 700 kindur.“ Birkir segist hafa ákveðið að hafa 160 fm vélageymslu í hluta þeirra sem mun nýtast vel. „Við völdum að hafa stálgrindarhús frá H. Haukssyni sem er ódýr og góður kostur. Þau eru með yleiningum frá Hýsi Merkúr og yfirmiðir voru frá trésmíðafyrirtækinu Höfða á Hólmavík.“

## Kynntust á rúningsnámskeiði

Birkir stendur ekki einn í búskapnum því við hlið hans er hörkudugleg kona, Sigríður Drífa Þórólfsdóttir. Hún er Þingeyingur og ólst upp á bænum Einarstöðum í Reykjahverfi. Börnin, Árný Helga 8 ára gömul og Stefán Þór sem er 6 ára, eru líka farin að hjálpa til. Auk þess á Birkir tvær dætur fyrir, þær Agnesi Sif og Emblu Mattheu.

Sigríður er líkt og Birkir Þór búfræðingur frá Bændaskólanum á Hvanneyri en þau kynntust þó ekki þar.

„Við kynntumst á rúningsnámskeiði hjá Guðmundi



Tröllatunga í Strandabyggð. Nýju fjárhúsin næst sambyggð eldri húsum á jörðinni.

Hallgrímssyni sem haldið var á Hesti í Borgarfirði árið 2005. Það er til skemmtileg saga um það hvernig fyrstu kynni okkur voru. Sigga var alltaf að þrjóna sokka og þegar þessu tveggja daga námskeiði lauk og allir voru að fara til síns heima kom í ljós að Sigga hafði gleymt þrjónadóttinu. Guðmundur biður mig þá að taka það og skila því til Siggu og ég segi að þetta sé allt Guðmundi að þakka að við kynntumst og hann er mjög ánægður með að eiga heiðurinn að því.“

Birkir hefur starfað við ýmislegt utan heimilis svo sem við akstur olúbíls á svæðinu en vinnur núna við að klára nýju fjárhúsin ásamt búskapnum. Sigríður Drífa starfar við rækjuvinnsluna Hólmadrang á Hólmavík.

## Aukin lífsgæði án umferðar

Jörðin Tröllatunga var prestssetur og kirkjustaður fyrir á öldum. Þar bjó og nam land Steingrímur



Kindurnar una sér vel í björtum og glæsilegum fjárhúsum.

Kindurinn er kenndur við. Sveitin milli Hrófár og Heydalsár

var nefnd eftir Tröllatungu, Tungusveit, eins og segir í bókinni Landið þitt Ísland (1983) en



sveitin tilheyrir nú Strandabyggð. Vegurinn yfir Tröllatunguheiði sem liggur á milli Steingrímsfjarðar og Geiradals í Barðastrandasýslu er við tínfótinn á Tröllatungu. Hann er nú að mestu aflagður eftir að Arnkötuldalsvegur var tekinn í notkun árið 2009. Birkir segir það aukin lífsgæði að losna við þá þungu sumarumferð sem þar var.

„Síðasta sumarið sem heiðin var notuð var hér næstum ólíft og þrjár bílveltur voru í nálægð bæjarins en vegurinn liggur á milli íbúðar- og fjárhúss.“

**Skítmokstur skemmtilegasta verkið**

Birkir tók við búskapnum af föður sínum árið 1989. Hann er annar tveggja sona þeirra Karólínu Huldu Þorvaldsdóttur og Stefáns Daníelssonar. Auk þess eiga þeir systur sammæðra.

„Við bræðurnir vorum 6 og 8 ára gamlir þegar foreldrar okkur skildu og við vildum fylgja föður okkar og urðum eftir hér í Tröllatungu. Fyrsta minning tengd búskap er hversu skemmtilegt mér þótti að moka skít undan grindunum í gömlu fjárhúsunum. Ég held meira að segja að það hafi erfst til sonar míns. Við bræður gerðum ýmislegt misgáfulegt af okkur eins og að stríða hundunum og gefa hrútunum kjarnfóður sem var að sjálfsgöðu ekki vel séð.“

**Fjölskyldan saman á skíðum**

Birkir segist hafa komist að því um tvítugsaldurinn að hann hefði gott af hreyfingu.

„Foreldrar mínir voru bæði létt á fæti. Enn hef ég þó ekki náð Strandameti föður míns í 3000 metra hlaupi, síðan 1953,



Sigursæl á Andrésar Andar-leikunum á Akureyri um síðustu helgi. Árný Helga var meistari í sínum aldursflokki í hefðbundinni skíðagöngu og frjálsri aðferð og Stefán í öðru sæti í hefðbundinni skíðagöngu og fyrstur í frjálsri aðferð.

á tímanum 9:58,02. Ég byrjaði að fara á skíði með feðgunum Braga og Ragnari á Heydalsá og við kepptum eitthvað norður í Bjarnarfirði og síðan á mótum. Þá hef ég hlaupið nokkuð marga fjallvegi og núna erum við öll fjölskyldan mikið á skíðum. Ég legg braut fyrir skíði hér heima. Síðan fara krakkarnir á æfingar inn í Selárdal, þar sem skíðafélag Strandamanna SFS

er með aðstöðu, og annað slagið keppni.

Þegar ég var á Hvanneyri fóru nemandur oft að hjálpa bændum í nágrenninu við smalamennskur, rúning og fleira og söfnuðu þannig fyrir útskriftarferð þannig að hreyfing hefur fylgt mér lengi og hentar vel með búskaparstörfum,” segir Birkir Þór.

/AG

**Allt í gleri ÚTI OG INNI**

Smiðjuvegi 7  
200 Kópavogi  
Sími: 54 54 300  
ispan@ispan.is  
ispan.is

**Íspan**  
GLER OG SPEGLAR

Frómíðskarandi fyrirtæki

**B&B Guesthouse**

Á leiðinni til útlanda?

2 manna herbergi  
**9.000 kr**

Innifalið í verði er gisting, morgunverður, keyrsla í flug, geymsla á bíl og skil á bíl við flugstöð við heimkomu

Hringbraut 92, í miðbæ Keflavíkur 867-4434 & 421-8989  
www.bbguesthouse.is

# Verðmætara fóður og vinnusparandi gjafataekni

Spennandi fyrirlestrar á vegum Jötunn og Valmetal

**Verkunartöp við rúlluverkun/ geymslu - og leiðir til úrbóta.**  
*Sigtryggur Veigar Herbertsson ráðgjafi Jötni*

**Hámörkun verðmætis heimaaflds fóðurs – með tilliti til þarfa mjólkurkrynnar.**  
*Grétar Hrafn Harðarson ráðgjafi Jötni*

**Valmetal hefur lausnina – kynning á fjölbreyttum tæknilausnum við fóðrun.**  
*David Vallieres sölu- og markaðsstjóri Valmetal og Claude Collin svæðisstjóri Valmetal í Evrópu*  
*(Verður þýtt yfir á íslensku)*

**Hvar og hvenær?**

**Mánudagurinn 4 .maí**  
Fundarsalur MSV Egilsstöðum kl. 10:30  
Ýdalir Þingeyjarsveit kl. 20:00

**Þriðjudagurinn 5 .maí**  
Hótel KEA Akureyri kl. 12:00

**Miðvikudagurinn 6 .maí**  
Hótel Varmahlíð kl. 14:00

**Fimmtudagurinn 7 .maí**  
Lyngbrekka Mýrum kl. 12:00

**Föstudagurinn 8 .maí**  
Árhús Hellu kl. 10:30

Bændur eru hvattir til að mæta og fræðast um þetta áhugaverða viðfangsefni.  
**Veitingar í boði.**

**KÄRCHER®**

## Háprýstidælur

Ætlaðir til daglegrar notkunar

**HD 6/16-4 M**

Servo Control

Easy Press

**HD 6/16-4 MX**

- Vinnubrýstingur 30-160 bór
- 230-600 ltr/klst
- 15 m slönguhjól
- Stíllanlegur úði
- Sápuskammtari
- Túrbóstútur + 50%

**HD 10/25-4 S**

- Vinnubrýstingur 30-250 bór
- 500-1000 ltr/klst
- Stíllanlegur úði
- Sápuskammtari
- Túrbóstútur + 50%

**RAFVER KÄRCHER SÖLUMENN**  
Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

VERTU Á ÖRUGGUM STAD



# Ormasýkingar í sauðfé

Á Fræðþingi sem haldið var í tengslum við aðalfund Landssamtaka sauðfjárbænda nýlega fjallaði ég um ormasýkingar í sauðfé og einnig um hníslasótt. Hér birti ég umfjöllun um ormasýkingar í sauðfé, sem er nokkuð ítarlegri en á fundinum, en sleppi að þessu sinni erindi um hníslasótt, seinna gefst e.t.v.tækifæri til að fjalla um hana.

Ormar sem sníkjudýr í sauðfé skiptast í þrjár fylkingar, þ.e. þráðorma, ögður og bandorma. Hér verður einungis fjallað um þráðorma, enda skipta ögður engu máli hér á landi en bandormar lifa í þörmum hunda og refa og skilja út lirlur sem verða að sullum í öðrum dýrum, m.a. sauðfé. Umfjöllun um bandorma bíður betri tíma!

Til að skilja áhættuna af ormasýkingum er mikilvægt að þekkja faraldsfræði slíkra sýkinga, sem er sk. bein sýking, nema í hluta sýkinga með lungnaormi, þar er sýking í gegnum millihýsla.

Þráðormar eru svipaður þó að um ólíkar tegundir sé að ræða. Ormar í meltingarvegi kindar verpa eggjum, sem berast út í umhverfið með saurnum og við góð skilyrði að sumrinu klekjast eggin út. Þeir verða að fyrsta stigs lirlur, og til viðbótar verða tvönn hamskipti, og þriðja stigs lirlur eru orðnar sýkingarhæfar. Þær skrída upp á strá og berast með beit á nýja niður í meltingarveginn og verða þar að kynþroska ormi og hringurinn lokast.

Þetta tekur misjafnlega langan tíma, við bestu aðstæður, hátt hitastig og raka, tekur þetta 1 til 2 vikur, en í þurri kuldatíð tekur hringurinn mun lengri tíma. Ormasýkingar af völdum vinstrarorma (*Teladorsagia tegundir*), valda hvað mestu tjóni. Flest vanþríf má rekja til þeirra. Þessir ormar lifa í vinstur kindarinnar. Við bestu skilyrði verður egg að smithæfri lirlu á ca. 10 dögum. Vinsturormarnir bora sig inn í kirtla í vinstur, þetta eru kirtlar sem framleiða saltsýru. Þetta veldur því að saltsýrumyndun verður minni en við það hækkar sýrustigið í vinsturinni og meltingin truflast því verulega því að eðlileg melting hættir þegar sýrustigið er pH 4,5. Ef smit á sér stað fyrri hluta sumars verður þróun áfram og 3 vikur eftir smitun brjótast þær út úr slímhúðinni og inn í vinsturina þar sem þær verða fullþroska.

Ef lirlurnar eru étnar þegar haustar leggjast þær í dvala í slímhúð vinsturinnar og dvelja þar til næsta vors.

Þráðormategundir í íslensku sauðfé eru á annan tug og lifa í vinstur, mjógvörn, langa og ristli.

## Hvernig er hægt að draga úr smitálagi?


Til að halda ormasmiti í sauðfé í lágmarki eru notuð ormalyf til meðferðar. Nánar er fjallað um hin ýmsu ormalyf í lok þessarar greinar. Almennt má segja að þau lyf sem eru hér á markaði virki gegn öllum helstu ornum og ormalifrum sauðkindarinnar, en mikilvægast er að velja réttan árstíma til meðferðar. Sé réttur tími valinn, rífur hann smithringinn og verndar um leið beitalandið.

Eftir ormalyfsgjöf er mikilvægt að fé sé beitt á lítið smitað land.

## Fleiri leiðir til að draga úr smitálagi:

Skiptibeit er mikilvæg fyrir fé sem er lengi á láglandisbeit.

Best er að skipta beit milli hólfra ef þess er kostur og skulu hólfir



helst ekki beitt lengur en tvær vikur í senn.

Þegar fé er lengi í þröngum hólfum verður smitálag mikið og almennt ætti ekki að draga of lengi að sleppa fénu í úthaga, en þar er smitálag lítið, enda þéttleiki beitarrinnar mun minni.

Því miður hefur ormasmit í sauðfé ekki verið mikið rannsakað hérlendis en þó eru til nokkrar rannsóknir. Þar má nefna rannsókn Sigurðar H. Richter frá árinu 2002 um sníkjudýr í sauðfé á Íslandi, í þeirri rannsókn fundust 11 tegundir þráðorma og bandormurinn mjólkurmadkur. Einnig er til athyglisverð rannsókn Karls Skírnissonar á árunum 2002 til 2003. Þar sem ormasmit í ásetningsgimbrum á bæ á Austurlandi var rannsakað, í tengslum við ítarlega rannsókn á hníslum í sauðfé.

Loks langar mig að benda á BS-verkefni Vilborgar Hjördísar Ólafsdóttur frá 2010 sem heitir „Hefur ormalyfsgjöf áhrif á vöxt lamba?“ Ég hvet bændur til að lesa þessa ritgerð sem er afar áhugaverð.

Hér eftir verður fjallað nánar um þá orma sem eru erfiðastir viðureignar, þ.e. vinsturormar.

## Smít með vinsturormum:

Frjóvgaðir kvenormar verpa 8 til 32 frjóvguðum eggjum hver sem skiljast út með saur. Eftir 5 til 6 daga hefur myndast 3.stigs lirlur sem skríður á strá, einkum í morgunrekjunni.

Ormalirlurnar eru smithæfar úti, en eru ekki til staðar í húsum.

Eldri kindur hafa myndað nokkra mótstöðu við ormasýkingum, en lömb og ungt fé þarf að ávinna sér þessa mótstöðu smám saman. Eftir að fé hefur étíð lirlurnar þarf tveggja til þriggja vikna þróun (fer eftir tegundum) að eiga sér stað áður en þær verða að fullþroska ornum sem eru kynþroska og skilja út egg.

Vinsturormar hafa þann eiginleika að geta hægt á eða stöðvað þróunina í fullþroska orm. Þetta gerist yfir vetrarinn þar sem lirlurnar liggja í dvala í slímhúð vinsturinnar í stað þess að þróa áfram.

Með vorinu, þegar sauðburður nálgast taka lirlurnar við sér og verða að fullþroska ornum sem skilja út mikið magn af eggjum.

Meðan lirlurnar eru í slímhúðinni að vetrinum reynist erfitt að drepa þær með ormalyfjum. Þetta er ein ástæða þess að ekki er ráðlegt, ég

## Ormalyf fyrir sauðfé á markaði hérlendis

Lyf	Virkt efni	Skammtur	Verð á skammti
Zerofen	Fenbendazol	4 ml.	38 kr
Noromectin	Ivermectin	20 ml.	101 kr
Oramec	Ivermectin	20 ml.	121 kr
Cydoctin	Moxydoctin	15 ml.	201 kr
Dectomax	Doramectin	1,5 ml. <sup>1)</sup>	231 kr
Ivomec	Ivermectin	1,5 ml. <sup>1)</sup>	178 kr

<sup>1)</sup> = Sprautað undir húð

segi beinlínis rangt, að gefa inn ormalyf yfir vetrarmánuðina.

Dýrategundin sauðkind er talin sérstaklega viðkvæm fyrir ormasmiti. Til þess liggja margar ástæður, helst eru þessar:

- Spörðin eru lítil og þess vegna er auðvelt fyrir smithæfar lirlur að komast út og setjast á strá.
- Sauðfé hefur þann eiginleika að bíta gras þar sem vöxtur er lítil og beitin því snögg, í grassverðinum er mun meira magn af lirlurum en þar sem vöxtur er meiri.
- Sauðfé, öfugt við ýmsar aðrar dýrategundir forðast ekki að bíta á svæðum, þótt saurmengun sé mikil.
- Fátítt er að jafnvel gamlar ær verði ónæmar svo að hringrásin stöðvist, þótt vissulega myndist mótstaða með aldrinum. Við viss skilyrði getur þessi mótstaða líka hrúnað, t.d. ef smitmagnið verður mjög mikið.

Kynþroska ormar í ám sem eru komnar að burði skilja út meira magn af eggjum en í annan tíma.

Þetta gerist á síðasta mánuði meðgöngunnar og getur staðið í einn til tvo mánuði eftir burð, á þessu tímabili ráða varnir ærinnar verri við að halda þróun lirlanna í skefjum. Að þessu þarf að huga þegar hugað er að ormalyfsgjöf. Með því að gefa ormalyf á síðasta mánuði meðgöngunnar, næst að stöðva það sem kallað er vorri í ormasmitinu, en margir gefa líka síðar, eftir burð og þá nokkrum dögum áður en fé er sleppt út. Ráðlegt er að gefa líka ormalyf að hausti, fljótlega eftir að fé hefur veið tekið á gjöf.

Lirlurnar þroskast í ánni og verða að kynþroska ornum. Þeir mynda síðan egg sem skiljast út með saur.

Þriðja stigs lirlur eru smithæfar og skrída á stá til að komast ofan í kindina og hefja nýja hringrás

til fyrsta stigs lirlur berast út með saur er ca. 4 vikur.

En lirlurnar sem komnar eru í lungun geta líka lagst í dvala í barkapípunum í lengri tíma yfir vetrarmánuðina en taka við sér með vorinu. Helstu einkenni eru hósti, þung öndun og nefrennsli.

Lungnaormar veikja mótstöðu lungnavefs og greiða fyrir bakteríusýkingum. Eldri dýr mynda oftast ónæmi.

Ummerki um lungnaormasmit má oft finna í lungum hjá sláturfé, þá gjarnan sem harða kalkaða hnúta í annars mjúkum lungnavefnum hjá eldra fé, þar sem skemmdir eftir ormana hafa kalkað, en mýkri rauðir hnútar sjást í lömbum og ungu fé.

Hér á landi eru tvær aðrar tegundir lungnaorma þekktar. Útbreiddur er lungnaörðuorminn, *Müllerius capillaris* og litli barkapípuormurinn, *Protostrongylus rufescens* hefur fundist á Austurlandi, en lítið er vitað um útbreiðslu hans. Tveir síðartöldu lungnaormarnir hafa millihýsla, snigla, en í þeim verða lirlur ormannna sýkingarhæfar fyrir sauðfé.

Að lokum er hér stutt umfjöllun um ormalyf handa sauðfé, sem eru skráð til notkunar hjá sauðfé hér á landi. Í töflunni eru þessi ormalyf talin upp og verð lyfjanna, en vakinn er athygli á að verðið breytist samkvæmt lyfjaverðskrá sem kemur út mánaðarlega.

## Um einstök lyf:

**Zerofen** sem er samheitalyf og áður frumlyfið **Panacur** hefur verið á markaði hér í áratugi, líklega um 40 ár. Lyfið olli byltingu þegar það kom á markað og hefur reynst mjög vel. Víða erlendis er mikið ónæmi við þessu lyfi á seinni árum, en slíkt hefur ekki verið rannsakað hér á landi en líklegt er að svo sé líka hér í einhverjum mæli. En lyfið er ódýrt og gefst víða mjög vel. Þó er rétt að mæla með því að reglulega sé skipt um ormalyf, til að draga úr líkum á ónæmi.

**Ivomec** stungulyfið kom á markað fyrir rúmum 20 árum og hefur reynst afar vel og er nú til bæði sem stungulyf og til inngjafar (**Oramec**, **Noromectin**). Nýrri lyf eru **Cydoctin** og **Dectomax**, það fyrri er til inngjafar og hinu er sprautað undir húð. Kostir þessara tveggja lyfja eru að þau hafa viðvarandi virkni og verja sauðfé gegn sýkingum og endursýkingum ákveðinna orma í allt að 35 daga. Þetta á einkum við vinsturormana. Þá er **Dectomax** virkt gegn öllum tegundum lungnaorma, öfugt við önnur ormalyf, sem virka fyrst og fremst á stóra barkapípuorminn. Sérstök athygli er vakinn á þessu, þar sem það kom ekki nógu skýrt fram í umræðu á fundinum hjá sauðfjárbændum.

Loks ber að geta, að þau lyf sem sprautað er undir húð (**Ivomec**, **Dectomax**) virka líka á ytri sníkjudýr, t.d. fótakláða og aðra óværu.

Í lokin er rétt að nefna nýja tegund ormalyfs, sem kom á markað fyrir nokkrum árum og hefur nú verið skráð á Íslandi þó ekki sé lyfið komið í almenna sölu enn þá, en verður væntanlega fánleg fljótlega.

Þetta lyf heitir **ZOLVIX** og virka efnið **monepantel**. Lyfið er mixtúra, breiðvirkt ormalyf sem ætlað er til meðferðar og til að halda niðri þráðormasýkingum í maga- og þörmum og sjúkdómum þeim tengdum í sauðfé.

**Hákon Hansson**  
dýralæknir  
760 Breiddalsvík  
hjh@eldhorn.is



# Einfaldar leiðbeiningar um algengustu vandamál við burð

Tekið saman af Hákonni Hanssýni og Þorsteini Ólafssýni

Á framfæti eru hné og lagklaufir gagnstæð.

Eðlilegur burður.

Svona á að draga lamb út.

Á afturfæti snúa hækill og lagklaufir í sömu átt.

Hvorugur fóturinn kemur með. Það verður að ná að minnsta kosti öðrum fætinum, helst báðum, annars næst lambið ekki út.

Þegar annar fóturinn kemur ekki þarf í þessu tilfalli að fara inn og koma fingri í hnésbótina og rétta úr fætinum. Jafnvel þó að fóturinn liggji beinn aftur með lambinu er oftast best að byrja á að rétta fótinn fram.

Höfuðið stangar í mjaðmagrindina, hér verður að láta ána standa og ýta höfðinu inn og koma spotta aftur fyrir eyrun á lambinu.

Afturfætur sjá Mynd 3. Lambið oft stórt, dregið varlega til skiptis í sitt hvorn fótinn. Reyna að skaða hvorki lamb né á. Hætta á brotnum rif-beinum. Nota mikið slím. Ekki reyna að snúa lambinu. Dýralæknisaðstoð og keisarskurður oft besta úrræðið.

Höfuðið snýr aftur eða niður. Vera viss um að fæturnir tilheyri sama lambinu og að þeir séu framfætur, sjá Mynd 2. Fara inn ofan við lambið og finna höfuðið. Nota mikið burðarslím og reyna að rétta höfuðið. Aldrei toga í neðri kjálkan á lambinu.

Hér verður að ná hinum fætinum, svona kemst lambið ekki út.

Tvö lömb, mikilvægt að vita hvað tilheyrir hvoru lambi. Hafa hærra undir ánni að aftan. Mælt er með því að taka lambið sem kemur aftur á bak fyrst sé það ekki því stærra.

# Nýr sveitarstjóri Skaftárhrepps

„Starfið leggst mjög vel í mig og verður mikil áskorun. Verkefnið sem sveitarfélagið stendur frammi fyrir eru bæði fjölbreytt og krefjandi.“

Ég lít björtum augum til framtíðar og tel að tækifærin séu fjölmörg í Skaftárhreppi. Ég er þakklát sveitarstjórn fyrir það traust sem mér hefur verið sýnt,“ segir Sandra Brá Jóhannsdóttir, en sveitarstjórn Skaftárhrepps hefur ákveðið að ganga til samninga við hana um starf sveitarstjóra.

Sandra Brá er BA í stjórnmálafræði frá HÍ og viðskiptafræðingur MBA frá sama skóla. Sl.



Sandra Brá Jóhannsdóttir.

tvö ár hefur hún starfað sem verkefnisstjóri fyrir klasann „Frið og frumkrafta“, hagsmunafélag atvinnulífs í Skaftárhreppi. Áður var hún verkefnisstjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands í Reykjavík. „Ég er fædd og uppalin á Breiðabólstað í Skaftárhreppi þar sem ég bý í dag og erum við í nautaelði, en við fluttum þangað haustið 2013,“ segir verðandi sveitarstjóri Skaftárhrepps. Sandra er í sambúð með Einari Bárðarsýni, sem einnig er Skaftafellingur, og eiga þau tvö börn, fædd 2006 og 2010. /MHH.

CE

## Áhrifarík sárameðferð

- Bakteríueyðandi plástur -

### Fyrirbyggir og eyðir sýklum í sári

á náttúrulegan hátt án sýkladrepani efna.  
Virkar á alla helstu sárasýkla, m.a. MOSA og VRE.

Polir íþróttir, leiki, sturtuböð og sund. Krumpast ekki á köntum.

### Sorbact® - Græn sáralækning

Fyrir tilstilli vatnsfælni bindast sárasýklar við umbúðirnar, verða óvirkir og hætta að fjölga sér, án sýkladrepani efna. Skaðar ekki nýjar frumur. Ótakmörkuð notkun á allar tegundir sára. Dregur úr sársauka. Engar aukaverkanir. Vatnsheldur og ofnæmisfrír limflötur.

Fæst í apótekum | Celsus ehf. | www.celsus.is

sorbact®  
green wound healing

## Ávinnsluherfi

Ávinnsluherfin okkar eru sérsmíðuð fyrir okkur til þess að falla sem best að íslenskum aðstæðum. Herfin eru mottur sem fléttaðar eru saman úr ferningslaga hlekkjum (10 cm x 10 cm). Engir gaddar eru á herfinu þar sem íslenskur svörður er yfirleitt af mjúkur fyrir slíkt. Ávinnsluherfin okkar gera einmitt það sem ætlast er til af þeim, dreifa úr taði og jafna smávægilegar ójöfnur. Vinnslubreiddir 3,6 - 4,8 m.

**Lyftutengd herfi**

Ávinnsluherfin okkar eru nú einnig fánleg lyftutengd (samanbrjótanleg). Auðveldara er að færa herfin á milli túna eða stykkja og mjó hlið eru ekki vandmál lengur.

**Dragtengd herfi fyrir fjórhjól**

Fyrir minni tún eða bletti bjóðum við nú dragtengd herfi sem henta fjórhjólum og minni vélum. Vinnslubreiddin er 1,80 m.

**Reykjavík:**  
Krókháls 16  
110 Reykjavík  
Sími 568-1500

**Akureyri:**  
Lónsbakka  
601 Akureyri  
Sími 568-1555

**Vefsíða:**  
www.thor.is

**Fullþurrkað gæðarúlluhey til sölu.**  
**Heimastur á höfuðborgarsvæðinu.**  
**Hægt að fá mikið magn á góðu verði.**  
**Pantanir í síma 8924811**



# Frá Evrópusambandsþópi lífrænna landbúnaðarhreyfinga

– Stefnumótun stjórnvalda skiptir miklu máli

Fyrir réttu ári var greint frá því hér í blaðinu að Evrópusambandið hafði þá skömmu áður lagt fram drög að nýjum reglum um lífrænan landbúnað án samráðs við IFOAM, hin alþjóðlegu samtök lífrænna landbúnaðarhreyfinga.

Allar götur síðan hefur Evrópusambandsþópur lífrænna landbúnaðarhreyfinga (IFOAM EU Group) unnið ótulllega að þessum málum því að óbreyttar myndu nýju reglurnar torvela aðlögun að lífrænum landbúnaði og draga úr svigrúmi til sveigjanleika. Á sama tíma er stefnumótun ofarlega á baugi.



Tekist á um reglugerðardrögin

Skemmst er frá að segja að starfsfólk skrifstofu Evrópusambandsþópsins í Brussel hefur unnið mikið starf síðan í fyrravor við að gera athugasemdir við og leggja fram tillögur um margvíslegar breytingar á reglugerðartextanum. Hópurinn, undir stjórn framkvæmdastjórns, Marco Schlueter frá Þýskalandi, og stjórnarformannsins, Christopher Stopes frá Bretlandi, hefur lagt áherslu á að mun vænlegri leið sé að endurskoða og breyta núgildandi reglugerðum frá 2007 og 2008 en að vinna á grundvelli hins nýja texta sem ESB lagði fram í fyrra án samráðs við lífrænu hreyfinguna.

Allir fulltrúar ESB-þjóðanna, auk fulltrúa Noregs og Íslands frá Evrópska efnahagssvæðinu, svo og frá Sviss, standa þétt saman enda er ljóst að nýju reglugerðardrögin frá ESB torvela aðlögun að lífrænum landbúnaði sem er í andstöðu við stefnu ESB, þótt merkilegt megi virðast. Þar er stefnt að eflingu lífrænna búskaparháttanna sem hafa hlotið verðskuldaða viðurkenningu enda fer eftirspurnin eftir lífrænt vottuðum matvælum o.fl. slíkum vörum ört vaxandi.

Eftirlitskerfin í ESB eru ekki að virka sem skyldi eins og oft hefur verið bent á hér í blaðinu. Hafa m.a. komið upp fáein stór svikamál í lífræna geiranum sem að mestu tengjast vottun og markaðssetningu fremur en frumframleiðslu.

Stóra svikamálið á Ítalíu ber þar hæst en það tengdist flutningi matvæla frá Moldavíu, sem er ekki í ESB, og ólöglegra vinnubragða vottunarstofu á Ítalíu, en það aðildarland ESB leggur mikla áherslu á eflingu lífræns landbúnaðar.

Það var ljóst í fyrra þegar hin nýja reglugerð ESB var lögð fram að embættismenn þar á bæ voru undir miklum áhrifum frá slíkum svikamálum. Töldu þeir sig vera að gæta hagsmuna neytenda. Lítið bendir þó til þess að texti ESB tryggji það, jafnvel þvert á móti, því að m.a. er gert ráð fyrir eftirliti byggðu á áhættumati fremur en reglubundnum árlögum eftirlitsheimsöknum frá vottunarstofu á býli og í vinnslustöðvar.

Þótt mikið sé fundað er framgangur þessa máls hægur en þó er von til þess að Evrópusambandsþópurinn geti haft áhrif á reglugerðarvinnuna því að samstaðan í hópnum er frábær og leggur Íslandsdeildin sitt af mörkum við álitstgjöf og atkvæðagreiðslur eftir því sem þörf krefur. Dæmi um slíkt er álit hópsins á notkun kyngreinds sædis þar sem mælt er með því að notkun þess verði



Það er ró yfir sveitinni á Fjóni í Danmörku. Nú eru lífrænt vottuð matvæli með um 8% hlutdeild á innanlandsmarkaði í Danmörku en stefnt er að 16% fyrir árið 2020.

Mynd / HKr.

heimil á lífrænum búum.



Mikil andstaða gegn notkun og dreifingu erfðabreyttra lífvera í evrópskum landbúnaði

Allt frá því að farið var að ræða um nýtingu erfðabreyttra lífvera (GMOs) í landbúnaði hefur lífræna hreyfingin verið í fararbroddi ásamt Slow Food og fleiri alþjóðasamtökum í allri umfjöllun um þau mál. Auk þess að vinna mikið við þróun þeirra reglugerða ESB sem varða lífrænan landbúnað er hópurinn í Brussel með sérstaka deild sem fjallar um margvísleg stefnumál (policy). Þar ber hátt gagnrýni á og andstaða gegn notkun og dreifingu erfðabreyttra lífvera sem er algerlega bönnuð við framleiðslu og vinnslu lífrænna afurða. Ekki hefur heldur dregið úr andstöðu neytenda í Evrópu gegn vörum með erfðabreyttu efni en þær eiga að vera sérmerktar.

Ég tel bagalegt að Bændasamtök Íslands skuli ekki hafa tekið afstöðu til notkunar erfðabreyttra lífvera þótt Búnaðarþing 2013 hafi ályktað um að slíkt skyldi gert, m.a. vegna hreinleikaámyndar Íslands. Ísland gæti orðið fyrsta landið í heiminum með alhliða bann gegn ræktun erfðabreyttra nytjajurta í akurlendi, þ.e. utan lokaðra rýma. Á stórum landsvæðum í Evrópu er búið að koma á þeirri skipan að innan þeirra er óheimilt að stunda erfðabreytta ræktun. Hér á landi gildir slíkt aðeins á landareignum lífrænna býla.

Starfandi eru stór samtök sem vinna markvisst að fjölgun og

stækkun þessara frísvæða, jafnvel heilla landa. Samtök þessi, „GMO Free Regions in Europe“ halda m.a. ráðstefnu um þau efni í vor ([www.gmo-free-regions.org](http://www.gmo-free-regions.org)). Evrópusambandsþópurinn styður markmið þessara samtaka og veitir aðhald og tekur virkan þátt í umfjöllun um þessi mál hjá ESB en þau eru ofarlega á dagskrá um þessar mundir.

Líftæknifyrirtækin halda uppi stöðugum áróðri og þrýstingi en reynslan hefur sýnt að erfðabreytt ræktun er hvorki bændum né neytendum til hagsbóta.

Gróska í markmiðssetningu og áætlanagerð

Evrópusambandsþópurinn hefur allt frá stofnun um aldamótin stuðlað að stefnumótun og samningu aðgerðaáætlana, bæði fyrir Evrópu í heild og fyrir einstök lönd.

Nú er verið að safna hugmyndum um framtíðarsýn, allt til 2030 (Vision 2030) en þar er gert ráð fyrir að lífrænn landbúnaður færist úr jaðarstarfsemi yfir í stórfellda framleiðslu að kröfum búvörumarkaðarins. Þessi þróun verði m.a. tengd atvinnusköpun og viðhaldi fjölskyldubúskapar í sveitunum.

Þau lönd sem skemmst eru komin í þessari þróun eru, líkt og Ísland, með aðeins um 1% af búvöruframleiðslunni lífrænt vottaða. Mest eru þetta um 15% í Austurríki en af Norðurlöndunum eru Danmörk og Svíþjóð lengst komin á þessari braut. Víðast hvar í Evrópulöndum hafa verið sett markmið, t.d. að stefna að 20% fyrir 2020 sem virðist raunhæft í nokkrum þeim. Hér á landi var sett það opinbera markmið 2011 í skýrslunni um „Græna hagkerfið“ að stefna að 15% fyrir árið 2020. Að frumkvæði Jóns Bjarnasonar, þáv. ráðherra landbúnaðarmála, var komið á markvissu og vönduðu aðlögunarstuðningskerfi að norski fyrirmynd skömmu áður en honum



Nýju reglugerðardrögin frá ESB torvela aðlögun að lífrænum landbúnaði sem er í andstöðu við stefnu ESB, þótt merkilegt megi virðast.

var vikið úr embætti, illu heilli, því að Jón hafði sérlega góðan skilning á þessum málum. Gerður var samningur um aðlögunarstuðning við nokkra bændur til fimm ára. Fyrsta árið fengu þeir um 60% af því sem þeim bar að fá, skv. verklagsreglum og samningi við Bændasamtök Íslands, en hin fjögur árin nema greiðslurnar aðeins um 30%. Sem sagt, algjörlega óviðunandi, og það sem verra er, að ekki verður betur séð en núverandi ríkisstjórn sé búin að jarða stefnumiðin sem fram komu í „Græna hagkerfinu“ fyrir fjórum árum. Hér vantar því haldbæra stefnumótun og opinbert fjármagn til að stuðla að aðlögun. Á sama tíma eykst innflutningur lífrænt vottaðra búvara stöðugt. Spurningin er hvort ekki eigi að gefa íslenskum landbúnaði svigrúm til að efla lífrænan búskap með svipuðum hætti og nú er að gerast víða í Evrópu. Evrópusambandsaðild mundi ekki ríkisstjórn Íslands á hverjum tíma leggur ekki sitt af mörkum.

Danir góð fyrirmynd við stefnumótun

Tökum frændur okkar Dani til fyrirmyndar sem hafa unnið markvisst að eflingu lífræns

landbúnaðar um a.m.k. 30 ára skeið. Þar hefur verið unnið samkvæmt opinberri aðgerðaáætlun um langt árabíl og nú í ársbyrjun 2015 lágu fyrir drög að nýrri áætlun sem er til mikillar fyrirmyndar, undirrituð af Dan Jörgensen, ráðherra matvæla, landbúnaðar og fiskveiða í ríkisstjórn Danmerkur. Henni fylgja fyrirheit um stuðning í mörgum liðum, samkvæmt fjárlögum, svo sem til aðlögunar á bújörðum, til markaðsmála og útflutnings, til neytendafærðslu og til rannsóknna, leiðbeininga og kennslu í menntastofnunum landbúnaðarins. Nú eru lífrænt vottuð matvæli með um 8% hlutdeild á innanlandsmarkaði í Danmörku en stefnt er að 16% fyrir árið 2020, þ.e. eftir aðeins fimm ár. Síðan 2007 hefur útflutningur lífrænt vottaðra danskra búvara aukist um 200%, og því er greinilega sótt á þessi mið af fullum krafti í samræmi við viðleitni til sjálfbærari búskaparháttanna og óskir neytenda (sjá „Organic Action Plan for Denmark“, [www.fvm.dk](http://www.fvm.dk)).

Dr. Ólafur R. Dýrmondsson hefur verið fulltrúi Íslandsdeildar Evrópusambandsþóps lífrænna landbúnaðarhreyfinga síðan 2003 ([oldyrm@gmail.com](mailto:oldyrm@gmail.com)).



# Nýr kirkjuvörður Selfosskirkju

„Starfið leggst gríðarlega vel í mig, það kemur mér á óvart hversu fjölbreytt það er í raun. Ég fékk þessa hugmynd að sækja um starfið þegar ég var að undirbúa mig undir gönguna mína síðasta vor.“

Að ef og þegar staðan myndi losna, ætlaði ég mér að sækja um, sem ég og gerði um leið og auglýst var,“ segir Guðný Sigurðardóttir, nýr kirkjuvörður Selfosskirkju, sem tekur við starfinu 1. maí nk. af Gunnþóri Gíslasyni.

Hún var ráðin úr hópi fimmtán umsækjenda. Guðný vann hetjudáð

síðasta vor þegar hún gekk frá Landspítalanum að Sundhöll Selfoss til að minnast barnabarns síns, Vilhelms Þórs, sem lést af slysförum vorið 2011.

/MHH



Guðný Sigurðardóttir.

## Parketundirlegg, furugólfborð og kúlupanell

Á lager 3 mm. parketsvampur. Verð kr. 200 per m2 án vsk. Ódýru furugólfborðin komin aftur. Verð kr. 2.500 per m2 án vsk. Pantanir óskast sóttar.

Kúlupanell, 14 mm. kominn aftur.

Breidd 95 og 120mm. Verð 1.860 kr. per m2 án vsk.

Vorum að fá 32x100mm

Eikin ehf. Kleppsmýravegi 8, sími 577 2577, eikin@eikin.is



Í maí er 20% afsláttur af ARION gæludýrafóðri í öllum verslunum Líflands




18 24-25 40



## Bændablaðið

**31% LANDSMANNA LES BÆNDABLAÐIÐ AÐ STAÐALDRI**

HEIMILD: PRENTMIÐLAKÖNNUN CAPACENT. KÖNNUNARTÍMI OKT. - DES. 2014.

BÆNDABLAÐIÐ ER GEFIÐ ÚT Í 32 ÞÚSUND EINTÖKUM Á TVEGGJA VIKNA FRESTI.

**HVAR AUGLÝSIR ÞÚ?**

SÍMI 563-0300 | BBL.IS





# Savage Arms

ACCUTRIGGER ACCUSTOCK



Savage 110 Trophy Hunter XP með sjónauka 3-9x40 cal 270 win.

Kr 135.900



Savage MarkII FVXP með sjónauka 3-9x40 cal: 22 LR

kr 67.900



Model: AXIS II XP með sjónauka 3-9x40 cal 223, 243, 270

kr 91.900



Savage AXIS með sjónauka 3-9x40 cal 308

kr. 79.000

# Vesturrost

Sérverslun veiðimannsins - Laugavegi 178 - sími: 551 - 6770 - www.vesturrost.is



**CV 38/2**

Ryksuga með bursta  
1150 wött  
5,5 ltr. tankur



## Ryksugur

Fyrir heimilið og vinnustaðinn

**T 7/1**

1200 wött  
7 ltr. tankur  
Gólfhaus

**T 12/1**

1300 wött  
12 ltr. tankur  
Sérlega hjóllát  
Margir fylgihlutir  
Gólfhaus

**T 10/1**

1250 wött  
10 ltr. tankur  
Margir fylgihlutir  
Gólfhaus

**CV 48/2**

Ryksuga með bursta  
1200 wött  
5,5 ltr. tankur

Margir aukahlutir fánlegir



**RAFVER** KÄRCHER SÖLUMENN

Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

VERTU Á ÖRUGGUM STAÐ



## Lesendabás

# Paulhugsað frumvarp sem stækkar landbúnaðinn

Dr. Ólafur R. Dýrmondsson ritar grein í Bændablaðið 16. apríl sl. sem nefnist „Vanhugsað og varasamt frumvarp á Alþingi“. Vísar hann þar til frumvarps til breytinga á lögum um innflutning dýra nr. 54/1990 sem lagt var fram á Alþingi 24. mars sl. og verður vonandi tekið til umræðu þar hvað úr hverju.

Grein Ólafs og rangfærslurnar í henni eru þess eðlis, að það verður að teljast áhyggjuefni að þessi fyrrum starfsmaður samtaka bænda skuli sjá ástæðu til að leggja stein í götu nautgripaæktarinnar með skrifum sínum. Enn ríkari ástæða er þó til þess að hafa áhyggjur af því, að dr. Ólafur R. Dýrmondsson virðist sjaldnast sjá ástæðu til að beina sjónum að þeim atriðum sem eflt geta nautgripaæktina og skotið styrkari stöðum undir afkomu þeirra bænda sem hana stunda.

## Í vinnslu frá 2009

Í fyrrisögn segir að frumvarpið sé bæði vanhugsað og varasamt. Frumvarp þetta er nú ekki vanhugsaðra en svo, að það byggir á tveimur skýrslum um stöðu



Baldur Helgi Benjamínsson.

Mynd /HKR.

holdanautabúskapar hér á landi sem báðar leiða til sömu niðurstöðu: innflutningur á erfðafni er forsenda þess að búgreinin fái þrífist til framtíðar hér á landi. Í skýrslu til ráðherra frá 2013 kemur fram að eina leiðin sem greinin getur borið sjálf, sé

beinn innflutningur á sæði. Fagræð í nautgripaækt telur þetta skilvirkustu leiðina við innflutning erfðafnis. Þá liggur einnig til grundvallar áhættumat Matvælastofnunar um innflutning sæðis frá Geno Global, samhliða því vann stofnunin tillögur að áhættuminnkandi aðgerðum vegna innflutnings af þessu tagi. Málið hefur verið í vinnslu frá því haustið 2009, í hálf trettán ár. Þá þegar lá fyrir nauðsyn þess að gripið yrði til aðgerða í þessum efnunum. Holdanautabændur hafa vakið athygli á málinu að undanförunu, bæði á síðum Bændablaðsins og í öðrum fjölmiðlum. Í máli þeirra allra kemur skýrt fram að nýtt erfðafni í holdanautastofnana er algert forgangsmál.

## Ályktanir sex aðalfunda LK

Í greininni er fullyrt að frumvarpið sé einungis lagt fram vegna þrýstings frá stjórn Landssambands kúabænda. Fullyrðing af þessu tagi nálgast að vera met í óbodlegum málflutningi. Á þeim tíma sem málið hefur verið til meðferðar, hefur það verið á borði þriggja ráðherra landbúnaðarmála. Allir hafa þeir þókað málinu áfram, misjafnlega ótulllega þó. Um nauðsyn þessa innflutnings hefur aðalfundur Landssambands kúabænda ályktað sex aðalfundi í röð! Á grundvelli þeirra ályktana hefur stjórn Landssambands kúabænda unnið að málinu. Yfirdýralæknir hefur þar að auki úrskurðað að lagabreytingar séu forsenda þess að innflutningur erfðafnis nýtist holdanautabændum sem skyldi. Varðandi þingsályktunartillögu Unnar B. Konráðsdóttur, Brynjars Níelssonar og Péturs H. Blöndal um innflutning á mjólkurkúakyni, þá hefur stjórn Landssambands kúabænda ekki tekið afstöðu til hennar. Fullyrðingar Ólafs R. Dýrmondssonar um annað eru því úr lausu lofti gripnar.

## Kröfur vegna innflutts sæðis

Eins og fram kom á aðalfundi LK í mars sl., átti formaður samtakanna sæti í starfshópi sem skipaður var af ráðherra landbúnaðarmála og var ætlað það hlutverk að móta reglur um meðferð á innflutnu sæði og þær kröfur sem gerðar yrðu til búanna sem það myndu nota. Í stuttu máli sagt gerir tillaga Sigurðar Loftssonar, sem skilað var 31. mars sl., ráð fyrir meiri smitvörnum, meira eftirliti dýralækna, annarri meðferð úrgangs, meira eftirliti í sláturhúsum og meiri varkárni í tengslum við viðskipti með lífgripi en gert er á hefðbundnum búum. Þessar kröfur bætast við mjög ítarlegar kröfur um einangrun og sjúkdómavarnir hjá Geno og TYR í Noregi, að ógleymdum niðurstöðum beinna prófanna gagnvart margvíslegum sjúkdómum, sem gerðar eru reglulega á sæðisgjöfunum þar

yttra. Þá er gert ráð fyrir að ekki megi nota sæðið fyrr en 60 dögum eftir sæðistöku. Tillagan, sem og allt starf LK undanfarin misseri varðandi þetta mál, byggir á niðurstöðum vandaðs og ítarlegs áhættumats norsku dýralæknastofnunarinnar, Veterinærinstituttet, fyrir LK. Það tekur til nærri 50 búfjársjúkdóma (allra nautgripasjúkdóma á skrá alþjóða dýraheilbrigðisstofnunarinnar, auk margra annarra) og er niðurstaða þess sú, að hverfandi líkur séu á innflutningi sjúkdóma með norsku holdanautasæði. Áhættumatíð í heild sinni er aðgengilegt á heimasíðu LK og hvet ég alla til að kynna sér það. Því skal viðurkennt, að ég átta mig ekki á hvaða hvatir liggja að baki fullyrðingunni um að innflutt sæði fari inn á „venjuleg kúabú“. Enn síður er hægt að henda reiður á fullyrðingum um að „engin holdanautabú á Íslandi geta uppfyllt þær kröfur og gerðar eru á sérhæfðum einangrunarstöðvum. Þá er ólíklegt að önnur kúabú geti svarað þeim kröfum“. Ólafur leggur samt til að tilraunabúíð á Stóra-Ármóti verði gert að einangrunarstöð. Það bú er í sjálfu sér bara hefðbundið kúabú í eigu búnaðarsambands, rekið af verktökum, þar sem gerðar hafa verið margvíslegar fódruartilaunir á mjólkurkúum í gegnum tíðina. Þaðan er stutt í höfuðstöðvar Matvælastofnunar á Selfossi. En það er stutt í fleira. Eftir því sem ég kemst næst er stundaður kúabúskapur á aðliggjandi jörð, í rúmlega kílómeters fjarlægð. Auk margra annarra í næsta nágrenni. Flóinn er þéttbýll. Hvernig samræmist það hugmyndum Ólafs um einangrunarstöð?

Fósturvísir 200.000 kr  
– sæði 6.000 kr

Fyrir utan að vera óheyrilega kostnaðarsamar, eiga þær leiðir sem viðhafðar hafa verið við innflutning á erfðafni holdanautgripa það sameiginlegt, að þær útiloka í reynd innlenda framleiðendur frá því að stunda skipulegt kynbótastarf. Framleiðendur í greininni hafa aldrei haft beinan aðgang að afkvæmaprófuðum gripum með þekkt kynbótamat, heldur einungis 2. kynslóð innfluttra gripa. Þeir gripir hafa með öllu óþekkt kynbóttagildi, þó vel ættaðir séu. Þessari stöðu má líkja við það ef mjólkurframleiðendur hefðu einungis aðgang að heimanautum til kynbóta á hjörðum sínum. Engri annarri kjötfremleiðslugrein hér á landi er boðið upp á þessa stöðu og við hana verður ekki búið til lengri tíma. Við þetta má bæta að kostnaður við innfluttan fósturvísir er um 200.000 kr/stk á meðan sæðisskammtur kostar 6.000 kr. Kostnaður við uppsetningu fósturvísir er margfaldur á við sæðingum.

## Svínaeldi í afþreyingarskyni

Pulan um einangruðu svínabúin hljómar kunnuglega, en er engu að síður alröng. Á síðasta ári slátraði t.a.m. SS á Selfossi ríflega 100 „sparigrísunum“ frá um 80 aðilum sem búa vítt og breitt um Suður- og Vesturland og halda þá við margvíslegar aðstæður. Snemma á jólafostu 2014 greindi mbl.is frá því að grísinn Sólmundur hefði tekið upp á því að mæla göturnar í Mosfellsbæ og á sama tíma hefði ættingi hans, í eigu þingmannsins Ásmundar Einars Daðasonar, brugðið sér út fyrir hússins dyr að eigin frumkvæði. Í nýrri reglugerð um velferð svína, nr. 1276/2014 er einnig ákvæði um útivist (þar sem ekki er minnst einu orði á girðingar) og í viðauka er tiltekið að svínahald með fleiri en tveimur fullorðnum svínum eða fleiri en 20 grísum sé hvorki tilkynningar- né úttektarskyld. Útivist er hluti af vistvænu eldi á grísum. Á grundvelli framangreinds reglugerðarákvæðis stunda fjölmargir einstaklingar, víða um land, svínahald í afþreyingarskyni. Flest eiga þessi svín ættir sínar að rekja út fyrir landsteinana, enda tilkomin af beinum innflutningi á erfðafni frá Noregi. Í framhjálaupi má bæta því við, að árlegur innflutningur á nokkur hundruð lifandi kynbótagögnum frá Danmörku, er einn grundvöllur þess að íslenskir loðdýrabændur framleiða næst verðmætustu skinnin í heiminum.

## Varnarlínur og karakúlfé

Ef hugleiðingar Ólafs varðandi innflutning holdanauta og „varnarlínur“ Bændasamtakanna ættu við einhver rök að styðjast, þá mætti, í ljósi þess sem að framan greinir, gagnálykta sem svo að „varnarlínurnar“ væru þegar brostnar. Að mínu mati er algerlega fráleitt að blanda þessu saman; annars vegar innfluttu kjöti úr einhverjum hjörðum, þar sem ekki hefur í öllum tilfellum verið hægt að sannreyna af hvaða dýrategund það er, og hins vegar innflutningi á erfðafni úr viðurkenndri einangrunarstöð, sem er undir stöðugu eftirliti dýralækna og viðhefur ströngustu sóttvarnir sem þekkjast.

Skugginn af karakúlfénu er orðinn langur. Líðin eru rúm 80 ár frá því að lifandi sauðfé var flutt til landsins og geymt úti í Þerney í tvo mánuði, uns íslenskur dýralæknir gaf því fararleyfi vítt og breitt um landið, með alkunnum afleiðingum. Það sér hver sámilega sanngjarn maður, að samanburður á því sem nú stendur til og því sem þá var gert, er algerlega fjarstæðukenndur og fráleitur.

## Stækjum landbúnaðinn

Eftir því sem næst verður komist, eru það nautgripabændur sem bera ábyrgð á framleiðslu nautgripaafurða hér á landi. Ekki Dýralæknafélag Íslands. Það eru bændur sem bera ábyrgð á því að markaði fyrir þær afurðir sé sinnt með sómasamlegum hætti. Það eru forsvarsmenn þeirra sem þurfa að svara fyrir ef útaf bregður í þessum efnunum. Það hafa þeir þurft að gera mjög ríkulega undanfarin misseri vegna stöðu á nautakjötsmarkaði. Vilji bænda til að bæta þar úr hefur ítrekað komið í ljós og það er fyrst og fremst hann sem ræður för. Smitvarnir eru vissulega mjög mikilvægur hluti af málinu sem hér um ræðir. Fleira skiptir máli. Það þarf að vera efnahagslegur grundvöllur undir þeim leiðum sem farnar eru. Þær þurfa að skila bændum betri gripum; meiri fallþunga og betri flokkun, aukinni fódurnýtingu, léttari burði. Þær eiga að bæta afkomu bænda. Þær eiga að stækka landbúnaðinn.

Baldur Helgi Benjamínsson  
Frankvæmdastjóri  
Landssambands kúabænda.

## Belgagri

### Twenty-One flugnaeitur

- Einstök formúla flugnaeiturs fyrir bændur í kvikfjárrækt.
- Asameþífos er hraðvirkasta efnið á markaðnum
  - Eina fáanlega flugnaeitrið sem má bæði úða og pensla
  - Virkni í allt að 12 vikur
  - Laðar skordýr að með ferómóni og löðunarefni
  - Eina fáanlega efnið sem drepur við inntöku og snertingu



### Sölustaðir:



Streymi heildverslun ehf.  
Goðanesi 4 | Akureyri  
streymi.is | 588 2544

## Gróðurhús

Erum með mikið úrval af gróðurhúsum frá Finclair.  
Bæði gler- og plasthús.



Verð frá  
kr. 69.132  
m. vsk



Austurvegur 69 - 800 Selfoss | Lönsbakki - 601 Akureyri | Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir  
Sími 480 0400 | jotunn@jotunn.is | www.jotunn.is



# Íslenski fáninn og íslensk framleiðsla

**Fæðingarhríðir frumvarps um breytingar á lögum á Þjóðfána Íslands, þ.e. varðandi notkun fánans við markaðssetningu á vörum og þjónustu, hafa staðið yfir árum saman.**

Nú sér fyrir endann á þeim því forsætisráðherra, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, mælti fyrir frumvarpi þess efnis í lok apríl og vonir bundnar við að það fái samþykkt á Alþingi á vordögum.

**Purfa ekki leyfi**

Meginbreytingin frá núgildandi lögum er að mönnum sé frjálst að nota íslenska fánann til markaðssetningar á vörum á þjónustu án sérstaks leyfis. Eftir því hefur verið kallað lengi, m.a. af hálfu Bændasamtakanna, Samtaka iðnaðarins og garðyrkjubænda. Tilgangurinn er að einfalda regluverkið og gera íslenska framleiðslu sýnilegri og aðgreinanlegri en nú er. Núgildandi lög eru frá árinu 1998 en markmið þeirrar lagasetningar var einmitt að rýmka heimild til notkunar þjóðfánans. Hins vegar náðist það markmið ekki á þeim tíma, þar sem sú reglugerð sem ákvæði laganna mælti fyrir, var aldrei sett. Reglugerðin var ekki sett vegna skilgreiningarvanda, þ.e. hvernig ætti að skilgreina vörur með „íslenskan uppruna“.

**Skilgreiningarvandinn**

Við fyrstu sýn virðist einfalt að skilgreina hvað sé „íslenskt að uppruna“. Það segir sig sjálft að undir þá skilgreiningu myndi falla t.d. allt sem ræktað er á Íslandi, sjávarfang sem veitt er við Íslandsstrendur, íslenska vatnið o.s.frv. En hvað getum við sagt um Sírius súkkulaði, Nóa konfektíð, vinsælar íslenskar kextegundir eins og hann Sæmund okkar? Nú eða úlpuna sem hönnuð er á Íslandi undir íslensku vörumerki, en bæði efniviður og framleiðsla er erlend? Þá vandast málið.

**Lausnin**

Í framlögðu frumvarpi er gert ráð fyrir að vörur sem framleiddar hafa verið á Íslandi undir íslensku vörumerki í 30 ár eða meira, fái að nota fánann þó svo að hráefnið sé að uppistöðu erlent, s.s. konfekt, kex, Orabaunir og slíkt. Hefðbundin íslensk matvara, eins og flatbrauð og laufabrauð, fengi líka að nota fánann. Hönnunarvaran er skilgreind í



Silja Dögg Gunnarsdóttir.



frumvarpinu út frá hönnun og vörumerki, þ.e. þeir hlutar verða að vera íslenskir en hráefnið má í sumum tilfellum vera erlent og framleiðslan sömuleiðis. Þó er gert ráð fyrir því að hráefnið megi þó ekki vera eðlislíkt innlendu hráefni sem telst hafa séríslenska eiginleika og einkenni, þá er aðallega átt við ullina. Á þeim forsendum gætu þá framleiðendur eins og 66° Norður, Cintamani, Farmers Market og Igló notað íslenska fánann. Hugverk teljast íslensk að uppruna ef þau eru samin af íslenskum aðila, þ.e. einstaklinga eða lögaðila sem eru með íslenskar kennitölur.

**Eftirlit og reynsla**

Gert er ráð fyrir að Neytendastofa fari með eftirlit á þessu sviði en forsætisráðherra muni hafa úrskurðarvald ef ágreiningur kemur upp. Ef til vill má enn finna einhverja veikleika á framlögðu frumvarpi. En ég er sannfærð um að þetta sé góð byrjun. Reynslan ein mun færa okkur vitneskju um hvað við gætum mögulega þurft að lagfæra.

**Silja Dögg Gunnarsdóttir,**  
3. þingmaður Suðurkjördæmis,  
Framsóknarflokki.

## Sparaðu með varmadæluhitun kæling

SÉRSTAKLEGA FRAMLEIDDAR OG PRÓFAÐAR FYRIR NORÐLÆGAR SLÓÐIR

LG NORDIC varmadælurnar eru framleiddar og prófaðar sérstaklega fyrir norrænt loftslag. Þetta þýðir aukin einangrun á hverju hólfi fyrir sig í dæluinni sem er utanhúss, sem ver búaðinn fyrir salti, kulda, raka og þar með tæringu sem er helsta vandamálið með varmadælu á Norður-slóðum. Einnig með tvöfaldrí pressu

(Twinn Compressor) öflugum af-frysti (defrost), öflugum og endurbættum Eimsvala (kondensor), einangruðum ackumulator, hitalögnum í botni, silikon áferð á printplötum og fl. Hver gerð er prófuð á Norðurslóðum í að minnsta kosti eitt ár áður en almenn framleiðsla og sala hefst. LG NORDIC varmadælurnar sem einnig eru með

kælingu eru þróaðar í nýnu samstarfi milli norræna tæknimanna og sérfræðinga LG ELECTRONICS í Suður Kóreu. Þetta þýðir að þær standast mikið betur harða norræna vetur, kalt og rakt loftslag með hitastig niður í -25°C

**LG hefur framlétt kæl i / varmadælu síðan 1968**

Í síðustu rannsókn varð norræna NORDIC PRESTIGE varmadælan fyrir hönd sænska Energy Agency prófuð af SP Technical Research Institute. Prófin sýndu að LG Nordic Prestige fékk bestu aðaleinkunn sem loft í loft varmadæla hefur nokkurn tíman fengið. **Ný gerð sem heitir LG Nordic Prestige Plus** er bæði orku meiri, ennþá sparneyttari sem færir hana í **orkusparnaðarflokk A+++** og er tilbúinn fyrir **Wi-Fi** búnað, til þess að þú getir verið fær um að hafa stjórn á hinum ýmsu aðgerðum hvar sem þú ert úr sjallsíma. Best í flokki hefur því orðið enn betri.

**TILBÚNAR FYRIR WIFI STÝRINGU**  
**Wi-Fi** LG Nordic Prestige Plus og LG Nordic Libero Plus eru undirbúnar fyrir **Wi-Fi** stýringu sem þýðir að þú getur auðveldlega stjórnað varmadælu þínu með sjallsímanum þínum hvar sem þú ert. Þú getur þannig breytt hitastigi, loftstreymi og tímasetningu hvort sem þú ert í frii eða bara á leiðinni heim úr vinnunni. **Frábært, ekki satt?**

LG Nordic Prestige Plus varmadælurnar vinna örugglega niður á -25° frost og halda 3,2 kW (F09) og 3,7 kW (F12) orku við -20° frost á Celsíus. Þetta er alveg einstakt, tvöfaldrí pressu og öflugum eimsvala fyrst og fremst að þakka sem er eigin framleiðsla LG ELECTRONICS.



**SÉRSTAKLEGA HLJÓÐLÁTAR VARMADÆLUR**  
LG Nordic (bæðir Prestige Plus & Libero Plus) varmadælurnar eru sérstaklega lágværar, innan dyra er lágmarks hljóðstyrkur aðeins 25dB í upphitun og 17db á LH (Low Heat) stillingu 9 - 13°C (38 / 33 / 25 / 17sleep) hljóð frá útidælu 43dB sem þýðir að þær eru þær allra hljóðlástu á markaðnum.

## Atvinnuleysi mældist 4,3%

**Samkvæmt tölum Hagstofu Íslands mældist atvinnuleysið á Íslandi á fyrsta ársfjórðungi 2015 4,3%.**

Voru þá að meðaltali 8.000 manns án vinnu og í atvinnuleit. Atvinnuleysi mældist 4,4% hjá konum og 4,2% hjá körlum. Samanburður fyrsta ársfjórðungs 2015 við sama ársfjórðung 2014 sýnir að atvinnulausum fækkaði um 2.500 manns og hlutfallið lækkaði um 1,5 prósentustig.

Af þeim sem voru atvinnulausir á fyrsta ársfjórðungi 2015 voru að jafnaði 4.300 manns búnir að vera atvinnulausir í 2 mánuði eða skemur eða 53,7% atvinnulausra, sem er 2,3% af vinnuafli.

Þeir sem hafa verið atvinnulausir í 12 mánuði eða lengur eru skilgreindir sem langtímaatvinnulausir. Á fyrsta ársfjórðungi 2015 höfðu um 1.500 manns verið langtímaatvinnulausir eða 18,4% atvinnulausra samanborið við 1.700 manns, eða 15,8% atvinnulausra á fyrsta ársfjórðungi 2014.

**Verðlisti á varmadælum**

**LG Nordic Libero Plus D09 3,3kW við -7°C úti (mest 5.0 kW) SCOP 4,1 / Orkunýtingarflokkur A+ / WiFi\*\* kr. 249.000,- m/Vsk.**

**LG Nordic Artcool CA12 3,8kW við -7°C úti (mest 6,0 kW) SCOP 4,0 / Orkunýtingarflokkur A+ kr. 269.000,- m/vsk.**

**LG Nordic Prestige Plus F09 4,5kW við -7°C úti (mest 6.6 kW) 3,2kW við -20°C frost sem er einstakt, SCOP 5,2 / Orkunýtingarflokkur A+++ / WiFi\*\* kr. 329.000,- m/Vsk.**

**LG Nordic Prestige Plus F12 4,9kW við -7°C úti (mest 7.0 kW) 3,7kW við -20°C frost sem er einstakt, SCOP 5,1 / Orkunýtingarflokkur A+++ / WiFi\*\* kr. 379.000,- m/Vsk.**

\*\* Wi-Fi stýring kr. 45.000,-

**Þjónusta heim í hérað!**

**Umboðs- uppsetninga- og þjónustuaðilar:**

**Suðvestur og Vesturland:**  
Rafhöld ehf - Kópavogi / Hölmavík  
Ólver Ragnarsson rafvirkir S: 893 3543  
**Stykkishólmur:** Raflagnabj. Hilmars / S: 438 1395  
**Patreksfjörður:** Vélsmíðjan Logi / S: 456 1245  
**Þingeyri:** Viktor Pálsson píplm. / S: 456 2378

**Hvammstanga:** Tengill ehf / S: 451 2818  
**Blönduósi:** Tengill ehf / S: 452 4720  
**Sauðárkrúkur:** Tengill ehf / S: 455 9200  
**Akureyri:** Ljósgejafinn ehf / S: 460 7799  
**Vopnafjörður:** Rafþjónn ehf / S: 824 4081 / 848 9770  
**Egilsstaðir:** Kæli- & frystip. Heimis ehf / S: 899 7068



## Lesendabás

# Faglegri þekkingu varpað fyrir borð í úrskurði yfirítölunefndar fyrir Almennina

**Pann 1. apríl sl. úrskurðaði yfirítölunefnd um ítölu Almennina og óhætt er að segja að ekki hafi tekist nægjanlega vel til. Úrskurðurinn er því miður illa unninn, byggir bæði á rangri og misskilinni hugtakanotkun og fullkominni vanþekkingu á fræðum og vísindum er líta að nýtingu lands með sjálfbærum hætti.**

Ýmis rök meirihluta yfirítölunefndar sem færð eru fyrir beit stangast alfarið á við niðurstöður rannsóknanna okkar færustu vísindamanna á áhrifum beitar á illa gróid land. Eftir að yfirítölunefndin hafði tekið sér 23 mánuði til að skila niðurstöðu, þá var vonast til að niðurstaðan yrði byggð á faglegum forsendum, allt í senn hvað varðaði vistfræði, beitarfræði og lögfræði. Sú varð þó alls ekki raunin að mati Landgræðslu ríkisins.

## Helstu athugasemdir Landgræðslu ríkisins við úrskurð yfirítölunefndar

Í lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 eru fá fyrirmæli um hvernig yfirítölunefnd skuli starfa, en eðlilegast hlýtur að teljast að nefndin hefði yfirfarið gögn sem ítölunefndin lagði fram og byggði á álit meirihluta og séráliti, ásamt viðbótargögnum sem nefndinni bærust og/eda hún aflaði sérstaklega. Það er með ólíkindum hvernig nefndinni datt í hug að reyna að giska á beitarþol Almennina, þar sem meirihluti yfirítölunefndarinnar hafði nær enga þekkingu til að bera til að axla það vandasama verkefni.

## Villandi umfjöllun meirihluta yfirítölunefndar

Yfirítölunefnd heldur því ranglega fram að ítölunefndin hafi sett fram skoðun sína á því hvað fælist í hóflegri beit. Í séráliti ítölunefndar var þeirri túlkun mótmælt sem úreltri, hún styddist ekki við neinar rannsóknir og væri að engu hafandi. Ennfremur má skilja framsetningu meirihluta yfirítölunefndar svo að það sé jákvætt fyrir landið að draga úr sinumyndun og að plöntufjöldi aukist með beit. Fullyrðingar þessar eru fráleitar hvað varðar lítt gróid land eins og á Almenninum er, stangast á við allar beitarannsóknir og brýtur gegn grundvallarreglum vistfræðinnar og skilgreiningu um sjálfbæra landnýtingu. Upplýst skal, að beit á röskuðu landi fækkar plöntutegundum og brýna nauðsyn þer til þess að sína fái að myndast á gróðri sem tórir á landi sem er með afar þunna jarðvegshulu eins og víðast er á Almenninum.

## Yfirítölunefnd hafnar skýrslu Landbúnaðarháskóla Íslands

Meirihluti yfirítölunefndar hefur að engu afdráttarlausr niðurstöður vandaðrar skýrslu Landbúnaðarháskóla Íslands, Lbhí, Almennina - Ástand jarðvegs og gróðurs, desember 2011. Hún er unnin af dr. Ólafi Arnalds og dr. Ásu L. Aradóttur, þeim tveimur vísindamönnum sem lengst hafa starfað að rannsóknum á íslenskum beitolundum á grundvelli jarðvegsfræði- og vistfræðilegra nálgana, ásamt rannsóknum á þolmörkum vistkerfa á illa förnum gróðurlöndum eins og hér um ræðir. Niðurstaða skýrslunnar var afar skýr: „Takmörkuð gróðurhula og útbreiðsla rofs er einnig langt utan þessara marka sem skilgreina land sem beitarhæft og því geta Almennina ekki talist beitarhæfir



U.þ.b. 50% gróðurþekja á Almenninum. Stærð gróðurtötra lögð saman og deilt með tveimur. Fólki talið trú um að það myndi stærð gróins lands á Almenninum. Mynd / Gústav M Ásbjörnsson.

samkvæmt þessum viðmiðum. Það ástand er óháð nýfallinni gjósku, sem gerir síðan ástand Almennina ennþá verra.“

Augljóst er að meirihluti nefndarinnar hefur nær ekkert skynbragð á nútíma alþjóðlega viðurkenndum vísindum um áhrif beitar. Nefna má sem dæmi að í úrskurðinum ályktar meirihlutinn að þar sem tekið sé fram í skýrslunni Jarðvegsrof á Íslandi frá 1997 að einungis 4% rofs tengist gróðurlendi, sé ekki líklegt að jarðvegsrofið aukist við hóflega beit! Hvernig má það vera að meirihluti yfirítölunefndar leyfir sér að setja fram svona rangfærslur? Öllum þeim sem um lítt gróna afrétti fara má vera ljóst að sauðfé sækir í nýgræðing á auðnum og lítt grónum svæðum og veldur þar miklu beitarálagi með því að fjarlægja nánast hverja einustu plöntu sem gægist upp úr fokjarðvegi sem aftur leiðir af sér aukid jarðvegsrof.

Fullyrðingu meirihluta yfirítölunefndar um að skýrsla Lbhí sé ekki beitarþolsrannsókn heldur í besta falli álitsgerð um beitarþol og notkun lands er algerlega órókstudd og á skjön við raunveruleikann. Að mati Landgræðslu ríkisins leiðir þessi rökvilla meirihluta yfirítölunefndar til þess að hún kemur sér hjá því að taka nauðsynlegt tillit og afstöðu til efnisinnihalds skýrslunnar. Ofangreindar niðurstöður skýrslunnar hljóta að fela í sér fullnægjandi upplýsingar um beitarþol afréttarinnar og þannig a.m.k. ígildi beitarþolsrannsóknar. Í ljósi þess að landið telst ekki beitarhæft væri það og fullkomlega óeðlilegt að beitarþol þess væri reiknað sérstaklega.

## Frjálst túlkun meirihluta yfirítölunefndar á lögum

Í athugasemdum yfirítölunefndar um ákvörðun ítölu er vísað til reglu 46. kap. landsleigubálks Jónsbókar um

að lögboðið sé að fé skuli ekki ganga í heimahaga yfir sumartímann heldur skuli það á afrétt rekið. Bent skal á að þessi regla er fyrir áratugum fallin úr íslenskri löggjöf.

Eftir ágæta sögulega rakningu ítöluákvæða í íslenskum lögum dregur meirihluti yfirítölunefndar eftirfarandi ályktun: „Við ákvörðun um ítölu má líta til beitarþolsrannsóknar að því marki sem þar geta gefið vísbendingar um hvort fullskipað er eða ofskipað í afréttinn að dómi nefndarinnar“. (leturbr. höfundar). Þessi ályktun sýnist í fullkominni andstöðu við ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 6/1986 sem yfirítölunefnd bar að vinna eftir en þar segir: „Ítala skal svo ákvörðuð, að fullskipað sé í landið en ekki ofskipað miðað við beitarþol. Byggja skal á beitarþolsrannsóknnum svo sem við verður komið, jafnframt skal tekið tillit til aðstæðna hverju sinni“. (leturbr. höfundar).

## Fleira skiptir máli en feitt fé

Með því að hafna því að fyrirnefnd skýrsla Lbhí væri á neinn hátt beitarþolsrannsókn, hefur verið farið gegn gildandi lögum að mati Landgræðslu ríkisins.

Ennfremur segir yfirítölunefnd í röksemdafærslu sinni: „Ofbeit miðast því að lögum, eingöngu við þarfir búfjáreigandans til þess að fá fé æskilega feitt af fjalli sem og hentuga og sjálfbæra endurnýjun landsins til þess að viðhalda fódurmagni til handa fé sem skipað er á afrétt“. Meirihluti yfirítölunefndar hafnar því þannig að önnur sjónarmið geti talist til tækra skýringakosta við ákvörðun ítölu, s.s. gróðurvernd o.fl. Því er hér harðlega mótmælt að það eina sem heimilt sé að líta til sé að fé komi feitt af fjalli. Á síðustu áratugum hefur takmörkunum á nýtingu lands og hlunninda sem tengdar eru reglum umhverfisréttar farið fjölgandi. Þannig eru ýmsar athafnir nú

bannaðar eða takmarkaðar sem áður voru heimil í ljósi nýrrar vitneskju eða jafnvel mögulegrar vitneskju um skaðsemi þeirra. Í ljósi meginreglna umhverfisréttar, sem og ýmissa sérлага af umhverfisréttarlegum toga, verður að telja að ekki einungis sé heimilt – heldur beinlínis nauðsynlegt að líta til þeirra umhverfislegu þátta sem það veldur eða kann að valda að „fá fé æskilega feitt af fjalli“. Ítala skal þannig við fleiri þætti miðuð.

Ennfremur er óásættanlegt að ofbeit sé metin út frá „...fóðurmagni til handa fé“ án tillits til þess hvort féð étur yfir höfuð tiltækt fóður, eða aðeins lítinn hluta þess á vel grónum svæðum, en sækir í nýgræðing á auðnum og lítt grónu landi og valdi þar afar miklu beitarálagi á strjálán gróðri. Beit á lítt grónu landi kemur í veg fyrir nýliðun og landnám plantna, sem er viðkvæmasti hlutinn í lífsferli þeirra við endurheimt gróðurs.

## Ekki var hlustað á varnaðarorð Náttúrufræðistofnunar

Yfirítölunefnd fjallar um um gróðurkort sem Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ, gerði en þau byggðu aftur á gróðurkortlagningu RALA frá 1966. Þau voru síðan uppfærð á grunni nýlegra gervitunglagagna árið 2014, en engin gróðurkortlagning fór fram á svæðinu sjálfu á vegum NÍ. Tilurð þessara gagna á borði yfirítölunefndar og síðar notkun þeirra er afar sérstök þegar haft er í huga að yfirítölunefndin hafði undir höndum afdráttarlaust svar forstjóra NÍ til ítölunefndar frá 18.10.2012, þar sem stofnunin telur beitarþolsmat ekki vera meðal hlutverka sinna. Aðspurður um hvaða gögn NÍ afhenti yfirítölunefndinni, segir starfsmaður NÍ í rafpósti, dagsettu 08.04.2015, til landgræðslustjóra: Þetta er gróðurkort frá 1965 sem er uppfært miðað við nýjustu loft- og gervitunglamyndir, tiltækar ljósmyndir og birkikortlagningu

skógræktarinnar. Ekki var byggt á nýrri vettvangsgreiningu vegna þessa korts. Gróðurfélög eru tekin saman í gróðurlendi og að auki er meðfylgjandi gróðurþekjukort. Viðkomandi flatarmálflokkur fylgja einnig. Þetta voru einungis hráar staðreyndir án frekari túlkunar eða mats af okkar hálfu“.

Meirihluti yfirítölunefndar byggir úrskurð sinn nær eingöngu á eigin túlkun á þessum gögnum frá NÍ um flatarmál gróins lands í mismunandi gróðurfélögum. Í úrskurðinum eru útreikningar á gróðurþekju og umreikningur yfir í algróid land, annars vegar út frá gögnum NÍ og hins vegar gögnum Nýtalands. Þar dregur meirihlutinn saman hlutfall gróðurtötra hér og þar á afréttinum og leggur saman sem heildarstærð gróins land og á þeirri tölu byggir meirihlutinn álit sitt á s.k. beitarþoli á Almenninum. Þarna er því ekki tekið tillit til samsetningar gróðurþekjunnar, samfelli hennar eða ástands. Þess má hér geta að meginþorri takmarkaðrar gróðurþekju á Almenninum er mosi, eins og kemur skýrt fram í gögnum NÍ. Sérálit minnihluta yfirítölunefndar bendir réttilega á ofangreindar rangtúlkunir, en þar segir: „Mikill munur er á gróðri annars vegar í algrónu landi og hins vegar á hálfgrónu og lítið grónu landi með tilliti til tegundasamsetningar og beitarþols.“ Óhætt er að taka undir álit minnihluta nefndarinnar enda viðurkennt í beitarfræðum að þegar beit er áætluð eru samsetning, samfella og ástand gróðurs lykilatriði. Það liggur skýrt fyrir að stærsti hluti Almennina er lítt gróinn og því nauðsynlegt að skoða beit á svæðinu út frá áhrifum beitar á lítt gróid land frekar en að einblína á stærð algróins lands eins og meirihluti yfirítölunefndar gerir. Með því er verið að draga athyglinni frá því hvort afrétturinn í heild sinni þolir beittina. Mikil hætta er á því að



úrskurður meirihluta yfirlögunefndar og meðferð nefndarinnar á þeim gögnum sem fyrir liggja leiði til ofbeitar svæðisins. Haldi slík nýting áfram er líklegt að hún komi í veg fyrir að svæðið grói upp eða leiði jafnvel til frekari hnignunar og rofs. Þar sem túlkun meirihluta yfirlögunefndar getur hugsanlega haft fordæmisgildi er mjög alvarlegt að hún byggji eingöngu á þröngri og afar ófaglegri túlkun á hluta þeirra gagna sem fyrir liggja.

#### Beit á Almenninum er rányrkja

Í niðurstöðukafla yfirlögunefndar er fullyrt að gróðri hafi farið mikið fram síðan árið 1966, þótt vitað sé að gróðri fór þar stöðugt aftur og eyddist og jarðvegur blés upp til ársins 1990, þegar Landgræðslan samdi við sveitarstjórn um friðun Almennina og nærliggjandi afreita. En jafnvel þótt Almennin teldust hafa 36% gróðurþekju eins og meirihluti yfirlögunefndar telur, þá er sú litla gróðurhula og 64% auðnir langt utan þeirra marka sem getur talist ásætlanlegt að nýta til beitar. Ástand gróðurs og jarðvegs á Almenninum er með því allra versta sem þekktist á afreittum landsins og langur tími mun líða þar til afreiturinn verður beitarhæfur og öll beit þar telst því vera rányrkja.

Enn fremur er óskiljanlegt hvernig meirihluti yfirlögunefndar getur látið sér detta í hug að byggja úrskurð sinn á gögnum frá beitarþolsrannsóknunum, framkvæmdum á árunum 1975 til 1981 á algrónu landi, til að meta beitarþol á lítt grónu og illa förn landi Almennina. Það er svo gjörsamlega út í hött að telja: „... afar varfærilega áætlað að leyfa beit 60 ára með lömbum ...“ og miða við allt landsvæði Almennina, sem er meira og minna auðnir og telja þar með lítinn beitarþunga vera eðlilegan fjöldi fjár. Það vekur athygli að meirihluti yfirlögunefndar reiknar alls ekki út beitarþol Almennina, en það gerði meirihluti ítölunefndar reyndar ekki heldur. Niðurstaðan 60 ær með lömbum er ekki niðurstaða neinna vísindalegra ásætlanlegra útreikninga. Samt sem áður hafnar meirihluti yfirlögunefndar skýrslu Lbhí vegna þess að þar hafi ekki, að þeirra mati, verið reiknað út beitarþol Almennina. Meirihluti yfirlögunefndar fer margsinnis rangt með heildarstærð Almennina og kys að stækka afreittinn verulega í stað þess að fara eftir úrskurði Öbyggðanefndar sem staðfestur var í Hæstarétti. Sú reynsla sem fékkst við alltof stutta friðun Almennina fyrir beit sýnir hins vegar að raunveruleg gróðurframför á Almenninum tengist alfarið friðun afreittarinnar, ásamt stöðvun hraðfara jarðvegsrofs með uppgræðslu í sama mæli og bændur hafa, með tilstyrk Landgræðslu ríkisins o.fl. aðila, unnið að á síðustu árum.

#### Skýlt er að hafa það heldur er sannara reynist

Meirihlutinn leggur til að valið verði á milli tveggja óháðra stofnana sem falin yrði vöktun á Almenninum á ákveðnum stöðum til að fylgjast kerfisbundið með ástandi hans. Þó hugmyndin sé góðra gjalda verð er ábyrgðarhluti að nefna hana í niðurstöðukafla meirihlutans, enda ekki til annars fallin en að vekja tálvönir þar sem ekkert fé er tiltækt til þessarar vöktunar, eða að um skyldu sé yfir höfuð að ræða.

Síðasta málsgrein niðurstöðukaflans er með öllu óskiljanleg. Það virðist vera niðurstaða meirihlutans að verði uppgræðsla á afreittinum hætt, þá geti upprekstur ekki haldið áfram, því uppgræðsla með beit sé forsenda áframhaldandi nýtingar!

Það er mjög alvarlegt hvað meirihluti yfirlögunefndar mistúlkur og ruglar saman hugtökum tengdum gróðri og jarðvegi og ástandi lands, þannig að margar þær forsendur sem meirihlutinn gefur sér eru rangar og í raun markleysa. Nefna má sem dæmi misskilningi á hugtökum eins og; flóru og fínu, landnýtingu og landnotkun, skilgreiningu á ástandi lands o.fl. Meirihluti yfirlögunefndar fer rangt með stærð afreittarinnar, misnotar heimildir um upplýsingar um meðalbeitarþunga á afreittum og hefur forðjarfað túlkun á flestum fyrirbyggjandi gögnum.

Það er því mat Landgræðslu ríkisins að nær allar málsgreinar í niðurstöðum úrskurðarinnar, sem ber heitið Niðurstaða yfirlögunefndar, séu rangfærslur eða fráleitir og eigi ekki við um ákvörðun ítölu.

#### Endurskoðun regluverks um ítölu

Öllum þeim sem kynnt hafa sér feril ítölnunnar og um þessi mál hafa fjallað má vera ljóst að regluverkið allt er tengist ítölu og ítölugerð verður að taka til gagngerðrar endurskoðunar. Það er ákaflega brýnt, ekki síst fyrir bændur sem nýta landið, í ljósi fyrirbyggjandi úrskurðar yfirlögunefndar, að skoða frá grunni hvað ítala er og hverju hún á koma til leiðar. Fagstofnanir eins og Landgræðsla ríkisins, sem og nær allir bændur landsins, vísindafólk og neytendur, eru þeirrar skoðunar að það sé ekki ásætlanlegt í dag að illa farið land, auðnir og rofsvæði séu nýtt til beitar. Ítala eins og hún er skilgreind af meirihluta yfirlögunefndar fyrir Almennina kemur þessu augljóslega ekki til leiðar. Nú er mál að staldra við og algerlega nauðsynlegt að taka lagaákvæði um ítölu til gagngerðrar endurskoðunar í samráði við alla hlutaðeigandi aðila.

Sveinn Runólfsson  
landgræðslustjóri.

## Yfirlýsing vegna viðtals um Almennina

Guðmundi Jóni Viðarssyni í Skálarkoti er margt betur gefið en að greina á fullnægjandi hátt frá sannleikanum. Í opnuviðtali við ritstjóra Bændablaðsins, 16. apríl sl., fer hann mikinn og víkur víða út af braut sannleikans.

Í undirfyrirsögn segir ranglega að útreikningar Náttúrufræðistofnunar, NÍ, séu í mótsögn við gögn Landgræðslu ríkisins. Hið rétta er að þrátt fyrir að yfirlögunefnd hafi haft undir höndum bréf forstjóra NÍ, um að beitarþolsmat væri ekki meðal verkefna stofnunarinnar, þá byggði meirihluti nefndarinnar úrskurð sinn á hráum upplýsingum stofnunarinnar, byggðum á uppfræðum gögnum frá 1966, án úttektar á svæðinu. Yfirlögunefnd tók hins vegar ekki mark á vandaðri skýrslu Landbúnaðarháskóla Íslands, Lbhí um ástand jarðvegs og gróðurs á Almenninum.

Guðmundur segir að vettvangsvinna Lbhí hafi farið fram í miðju óskugosi árið 2010. Hið rétta er að úttektin fór fram ári síðar og sérfræðingar Lbhí tóku það skýrt fram í skýrslunni að niðurstaða þeirra um ástand landsins og beitarhæfni væri óháð gjóskufalli árinu áður, sem gerði að vísu ástand landsins enn verra. Það er arangt að NÍ haldi því fram að gróðurþekjan á Almenninum sé 36%. Hið rétta er að það var meirihluti yfirlögunefndar sem, með loftfímleikum í umreikningi á gögnum NÍ, komst að þessari alröngu niðurstöðu.

Vissulega skírskotaði Landgræðsla ríkisins til niðurstaðna þessarar vönduðu skýrslu, unna af tveimur færustu vísindamönnum landsins á sviði beitarannsóknna, enda segir í lögum er varða ítölu að byggja skuli á beitarþolsrannsóknunum. Meirihlutar yfirlögunefndar fór



Á Svínatungum vex nú víða upp ungsógrur eftir friðunina frá 1990.

Mynd / Hreinn Óskarsson.

rangt með skýringar á lögnum þegar hún taldi að byggja mætti á beitarþolsrannsóknunum. Lögin eru alveg skýr hvað þetta varðar. Guðmundur ruglar enn fremur í viðtalinu stöðugt saman skýrslu Lbhí og gögnum Landgræðslu ríkisins.

Upprekkstrarréttahafar Almennina hafa vissulega unnið mikið starf við uppgræðslu á Almenninum, dyggilega studdir af Landgræðslu ríkisins o.fl. Það er hins vegar rangt hjá Guðmundi að ekkert hafi gerst á sama tímaí gróðurmaalum á Svínatungum í Þórsörk. Þar hefur orðið mjög mikið landnáms birkis í kjölfar friðunarinnar frá 1990, sjá meðfylgjandi mynd. Áður gekk þar margt fé af Almenninum og hélt gróðurframvindunni niðri á fokjarðvegi svæðisins. Uppgræðslan á Almenninum er á afar þunnri og viðkvæmri jarðvegshulu og það tekur langan tíma að byggja upp þanþol fyrir nýtingu til beitar. Það er slæmt til þess að vita að stífni Guðmundar og félaga hans í að knýja fram upprekstur á óbeitarhæft land hafi skaðað ímynd sauðfjárbænda, sem vilja allir græða land og nær allir

nýta það með sjálfbærum hætti.

Guðmundur fer enn fremur með rangt mál þegar hann telur að ástand Almennina sé svipað og nærliggjandi afreita. Ástand jarðvegs og gróðurs á Almenninum er með því versta sem þekktist á landinu og þó að meirihluti yfirlögunefndar leyfi sér að reikna gróðurþekju á 36% landsins, sem gerir þá 64% auðnir, segja þær tölur í raun allt sem segja þarf um ástandið. Vitað er að sauðfé sækir í auðnir þar sem nýgræðingur er að reyna að nema land og auðnir á aldrei að nýta til beitar. Í nýttkomnu riti Lbhí, Landverndar og Landgræðslu ríkisins, *Að lesa og lækna landið* eftir okkar virtustu vísindamenn á sviði beitarþolsrannsóknna, Ólaf Arnalds og Ásu L. Aradóttur, segir á bls. 49:

„Beit á auðnum og rofsvæðum er ekki aðeins ósjálfbær landnýting; hún er í raun rányrkja.“ Fyrir þessari skýru afstöðu eru færð margvísleg, vísindaleg rök, sem ég hvet lesendur til að kynna sér.

Sveinn Runólfsson,  
landgræðslustjóri.

## Aðalfundur Veidifélags Þjórsár ályktar

Aðalfundur Veidifélags Þjórsár haldinn 9. apríl 2015 ályktar svo:

Að öðlast þekkingu á lífríki fljóts eins og Þjórsár er langtímaverkefni. Sama á við um stofnstærðamat og breytingar stofnstærða. Rannsóknir þær sem unnar hafa verið af Landsvirkjun í þeim efnum eru aðeins frumrannsóknir og skráning á lífríki árinna yfir stutt tímabil.

Lítið er vitað um stofnstærðir laxa, sjóbirtings og bleikju í Þjórsá. Fyrsta skrefið var stigið árið 2013 til þess að áætla stærð laxastofnsins. Það var gert með talningu í einni af hliðarám Þjórsár, Kálfá. Varðandi sjóbirting og bleikju hefur ekkert verið gert til að meta stofnstærðir. Sveiflur í stofnstærðum eru óþekktar, veiðitölur segja ekkert þar um vegna mismunandi sóknar milli ára og vegna ónákvæmni við skráningu. Ætla má að ekki sé til sá fiskifræðingur, starfsmenn Veidimálastofnunar meðtaldir, sem telja að sjóbirtingsstofni Þjórsár muni ekki bíða skaða af með tilkomu virkjana í neðri hluta Þjórsár. Engar upplýsingar eru til um stofninn/stofnanna né gönguhegðun. Þar af leiðir að ekki er minnst á mótvægisáðgerðir af hendi Landsvirkjunar gagnvart sjóbirtingi og látið eins og hann sé ekki til.

Fiskgengd á efra svæði Þjórsár neðan við Búrfell hefur aukist gríðarlega á síðustu árum. Með gerð fiskvegjar við fossinn Búða árið 1991 opnuðust svæði sem lax hafði ekki komist á frá árinu 1896 er jarðskjálfti breytti árfarvegnum. Laxinn hrygnir nú á nýjum svæðum ofan við Búða.

Fiskgengd hefur farið vaxandi bæði í Þjórsá og þverám hennar svo sem Minnivallaræk, Þverá, Sandá/Hvammsá og Fossá. Ástæðan fyrir aukinni veiði er hagstæð hrygningar- og uppvaftarskýrði ofan við fossinn Búða. Þeim svæðum verður fornað með Hvammsvirkjun en fyrirhugað lón Hvammsvirkjunar mun raska um 68% af þessum búsvæðum. Áhrifin eru ekki eingöngu á laxa heldur einnig á stofna urriða og bleikju, staðbundinna og sjögenginna fiska. Með tilkomu stórra lóna og vatnslítilla farvega á milli lónanna þar sem munu renna 10 -15 m³/sek í stað 360 - 400 m³/sek verður lítið um vænlega hrygningarstaði. Ekki er við því að búast að hrogn og seiði eigi miklar lífslíkur við slíkar aðstæður.

Síðan umhverfismat var framkvæmt á árunum 2001 og 2002 hefur laxgengd stóraukist og hrygningarstöðvar og búsvæði vaxið. Sérstaða laxastofnsins í Þjórsá er mikil en hann er stærsti sjálfbærni laxastofninn í Norður Atlantshafi. Miklir hagsmunir eru í húfi og því nauðsyn að komið verði í veg fyrir að unninn verði skaði á þessum stofni.

Krafa Veidifélags Þjórsár er sú að væntanlegir framkvæmdaaðilar búi yfir – svo hafið sé yfir allan vafa – fullnægjandi þekkingu á eftirfarandi atriðum:

- Stærðum stofna laxfiska í ánni, sjögöngufiska og staðbundinna.
- Gönguhegðun þessara stofna.
- Ástandi og framtíðarhorfum

þeirra svæða sem opnuðust fyrir fiski með tilkomu fiskvegjar við Búða.

- Mögulegri hámarksfiskgengd í Þjórsá að teknu tilliti til fullnuminna svæða ofan Búða.
- Áhrifum botnfalls í lónum á seiði og fæðu þeirra.
- Áhrifum dælingar botnfalls úr lónum á fiskstofnana.
- Áhrifum hinna gríðarlegu rennislisbreytinga í farvegum milli lóna.
- Hvernig fiski verður tryggð gönguleið í vatnslitlum farvegum.
- Hvernig tryggt verður að lágmarksrennsli fari ekki niður fyrir þau mörk sem sannanlega eru fullnægjandi að mati óháðra vísindamanna og Veidifélags Þjórsár.

- Virkni seiðaveitna.

- Áhrifum á lífslíkur fiska sem fara um vélar virkjana, sérstaklega Urriðafossvirkjunar þar sem fallhæð er 41 metri.

- Nýtt umhverfismat er nauðsynlegt.

Fyrir hönd stjórnar:

Jón Árni Vignisson  
Skálmholt

**Sígildir klossar**  
Ábyrgjumst gæði

**praxis**  
... þegar þú vilt þægindi

Teg. 45010  
Litir: Blátt/Rautt/  
Sjilfur/Lilla  
Str. 36-42  
Verð 17.990

00314 - Boston  
Litir: Svart/  
Hvitt  
Str. 36-48  
Verð 12.900

Teg. 01011  
Litir: Hvitt  
Str. 36-48  
Verð 17.990

Teg. 00045  
Litir: Hvitt  
Str. 35-42  
Verð 13.900

**Praxis.is**  
Pantið vörulista

Teg. 51143  
Litir: Hvitt/Svart  
Str. 35-46  
Verð 16.900

Bonito ehf. | Faxafen 10 | 108 Reykjavík | Sími 568 2878  
Opíð mánud. - föstud. 11:00-17:00. Lokað laugard.



## Gamli traktorinn



## Fiat – stærsti dráttavélaframleiðandi í heimi

Fabbrica Italiana di Automobili Torino (Fiat) var stofnað á Ítalíu árið 1899 til að framleiða bifreiðar. Reksturinn gekk vel og áður en langt um leið var fyrirtækið farið að framleiða vöruflutningabíla, flugvélar, lestarvagna og bátavélar.

Árið 1910 hóf fyrirtækið hönnun á fyrsta ítalska traktorinum að áeggjan stjórnvalda en vegna heimsstyrjaldarinnar fyrri hófst framleiðsla frumgerðarinnar ekki fyrr en átta árum seinna. Fyrsti traktorinn kallaðist Fiat 702 og var með fjögurra strokka vél og 30 hestöfl. Vélin var reyndar sú sama og í vöruflutningabílunum sem fyrirtækið framleiddi á sama tíma. Traktorinn þótti bæði sterkur og lipur. Endurbætt útgáfa Fiat 702B var sett í framleiðslu árið 1924. Vélin í þeim traktor var 35 hestöfl.

Þess hvort 700 týpan gengi fyrir bensíni eða dísil. Velgengni Fiat 700 var gríðarleg og árið 1929 var framleiðsla þeirra komin í 1000 traktora á ári sem var mikið á þeim tíma en smámunir miðað við dráttarvélaframleiðslu Fiat í dag sem eru um 100.000 traktorar á ári.



Fyrsti beltatraktorinn, Fiat 700C, leit dagsins ljós 1932.

### Lifði stríðið af

Í framhaldi af velgengni fyrirtækisins hóf stjórn þess að kaupa upp samkeppnisaðilana sem hétu nöfnum eins og Ansaldo, Ceriano, SPA og OM.

Fiat lifði af heimsstyrjöldina seinni þrátt fyrir að margar verksmiðjur fyrirtækisins hafi farið illa í sprengjuárásun. Sala á dráttarvélum fór hægt af stað eftir stríðið og seldi fyrirtækið eingöngu 200 traktora árið 1945. Í framhaldi af því einbeitti það sér að framleiðslu smábíla og ekki löngu seinna litlum traktorum, Fiat 600, enda flest býli á Ítalíu smá á þeim árum.

Á örfáum árum tókst fyrirtækinu að auka framleiðslu sína á dráttarvélum verulega og árið 1953 var framleiðslan komin í 12.000 traktora á ári og 20.000 árið 1958. Árið 1950 hóf Fiat samvinnu við franska fyrirtækið SIMCA og hóf framleiðslu á dráttarvélum sem kölluðust SOMCA og nutu mikilla vinsælda í Austur-Evrópu og Argentínu. Árið 1980 hafði Fiat framleitt hálfa milljón traktora og var með 13% markaðshlutdeild á heimsvísu. Árið 1991 tók fyrirtækið yfir Ford-New Holland og tryggði sig enn frekar í sessi. Í dag á Fiat CNH Global sem meðal annars fer með ríkjandi hlut í Case, Steyr og New Holland.

Svo segja Ítalir að stærð skipti ekki máli. /VH



### Hundrað þúsund traktorar á ári

Vinsældir 702 og 702B voru miklar og talsvert af þeim flutt til annarra landa í Evrópu og Norður- og Suður-Ameríku þrátt fyrir að vera allt að fimm sinnum dýrari en Fordson traktorarnir.

Árið 1927 hófst framleiðsla á Fiat 700 týpunni sem var minni og 30 hestöfl og hægt að velja milli

## Utan úr heimi



Drónar geta verið til margra hluta nýtsamlegir og nú sjá menn mikil tækifæri til að nota slík tæki í landbúnaði.

# Drónar nýttir í landbúnaði

Fjarstýrð flygildi, sem flestir þekkja orðið undir heitinu „drónar“, eiga eins og margar tækninýjungar upprunann að rekja til hernaðar. Notkunargildi slíkra tækja er þó miklu meira og sem betur fer oft geðslegra. Nú er það landbúnaðurinn sem farinn er að nýta dróna í sína þágu.

Fjallað var um landbúnaðarhlutverk dróna á BBC nýverið. Þar er komið inn á síaukna sjálfvirkni í landbúnaði til að auka framleiðni. Þar þekkja Íslendingar kannski best mjaltþjóna og þvíumlík tæki. Í öðrum löndum er sjálfvirknin komin mun lengra og ekki er orðið óalgengt að sjá á risaökkrum fjarstýrðar mannlausar dráttarvélar vinna leiðigjörn störf við t.d. kornskurð. Keyra vélarnar þá eftir GPS-staðsetningarkerfi og vinna fúmlaust af meiri nákvæmni en manninum er unnt að vinna verkið. Nú eru það drónarnir sem bændur um víða veröld horfa til af áhuga. Þar sjá drónaframleiðendur líka mikil tækifæri til frekari þróunar slíkra tækja undir formerkjunum nákvæmni landbúnaður eða „precision agriculture (PA)“. Hefur slíkt líka verið nefnt gervihnattalandsbúnaður vegna notkunar á staðsetningarbúnaði sem byggir á gervihnöttum.

Í frétt BBC er greint frá því að Chris Anderson, fyrrv. ritstjóri Wired magazine, hafi nýlega skipt um starfsvettvang og snúið sér að drónaframleiðslu. Hann hafi t.d. stofnað fyrirtækið 3D Robotics í San Diego, Kaliforníu til að smíða dróna m.a. fyrir bændur í Mexíkó og Bandaríkjunum. Er þeim ætlað að fylgjast vökulum myndavélaaugum með vaxtarhraða, rakastigi og framgangi uppskeru á ökrum bænda. Slíkt eftirlit á síðan að auðvelda mönnum ákvörðun um nákvæma svæðisbundna áburðargjöf og vökvun. Í framhaldinu hafa menn auðvitað tekið skrefið áfram og farið er að hanna dróna sem séð geta um svæðisbundna áburðargjöf og jafnvel vökvun. Þetta hafa menn síðan hugsað enn lengra og sjá fyrir sér mjög stóra



Drónar hafa, líkt og fjölmargar aðrar tækninýjungar, í upphafi verið þróaðir til að nota við njósnir og til manndrápa í hernaði.



Hér er dróni að fylgjast með rakastigi og nýtingu áburðar í ræktun.



Þegar er farið að hanna dróna til að sinna úðun akra af mun meiri nákvæmni og skilvirkni en áður hefur þekkst.

fjarstýrða dróna sem taki við hlutverki flugvéla til að slökkva skógarelda.

Í ljósi aðstæðna á Íslandi er ekki ólíklegt að bændur sjái sér hag í að nota dróna til að fylgjast með sauðfé



Dróni sem hannaður er til slökkvistarfa.



Drónar geta hæglega nýst við björgunarstörf.

og hrossum og til að auðvelda smölun á haustin. Hefði væntanlega komið sér vel að vera með slíka dróna útbúna hitamyndavélum til að leita að fé sem fennti á kaf norðanlands fyrir tveim árum. Er slík notkun tækninnar alls ekki fráleit því íslenskar björgunarveitir eru þegar farnar að skoða nýtingu dróna til aðstoðar við leit. /HKr



**Það er gaman að bæta  
hestöflum við afkastagetuna.  
Við aðstoðum með ánægju.**

Það er stór stund þegar þú tekur við nýju atvinnutæki sem stýttir vinnudaginn og eykur afköstin. Og okkur finnst að ánægjan eigi að endast í mörg ár. Þess vegna er það aðalatriðið hjá Ergo að mæta þínum þörfum með faglegri ráðgjöf og framúrskarandi þjónustu þegar kemur að fjármögnun atvinnutækja.

Suðurlandsbraut 14 > sími 440 4400 > [www.ergo.is](http://www.ergo.is) > [ergo@ergo.is](mailto:ergo@ergo.is)

**ergo** 





## Helstu nytjaplöntur heimsins



Kartöflur eru 78% vatn, 18% kolvetni sem er að mestu sterkja, um 2% sykur og 0,1% fita.

# Kartöflur – besti hlutinn er neðanjarðar

Vilmundur Hansen  
vilmundur@bondi.is



**Kartöflur eru fjórða mest nýtt planta í heimi og sú af helstu nytjaplöntum veraldar sem Íslendingar þekkja best. Þær eru mest nýttu plöntur í veröldinni sem ekki eru korntegund. Heimsframleiðsla á kartöflum árið 2013 var um 370 milljón tonn og mun það magn aukast jafnt og þétt í framtíðinni. Kartöflur voru fyrst ræktaðar á Íslandi árið 1758.**

Árið 2013 nam heimsframleiðsla á kartöflum um 370 milljón tonnum. Kínverjar eru atkvæðamestir í ræktun á þeim og það ár nam framleiðslan þar 89 milljón tonnum. Indverjar eru næst stærstu framleiðendurnir en einungis hálfdrættingar á við Kínverja með 45 milljón tonn, Rússar framleiddu 30 milljón tonn, Úkraína 22,3 og Bandaríkin tæp 20 milljón tonn. Til samanburðar ræktuðu Íslendingar 6 þúsund tonn af kartöflum árið 2013 samkvæmt upplýsingum á vef Hagstofunnar. Asíubúar borða um 50% af öllum kartöflum sem ræktaðar eru í heiminum.

Miðað við að íbúar í Kína séu 1,4 milljarðar rækta þeir að meðaltali 64 kíló af kartöflum á mann en Íslendingar um 18 kíló á mann.

Viðskipti með ferskar kartöflur á heimsvísu eru ekki nema um 5% framleiðslunnar, aftur á móti eru viðskipti með afurðir unnum úr kartöflum, til dæmis franskar kartöflur og vodka, talsverð milli landa.

## 2/3 heimsframleiðslunnar til manneldis

Kartöflur eru 78% vatn, 18%

kolvetni sem er að mestu sterkja, um 2% sykur og 0,1% fita. Hægt er að fá daglegan próteinskammt úr kartöflum ef borðað er nóg af þeim. Í kartöflum er líka C-vítamín en það er óstöðugt og brotnar niður við suðu. Næringargildi kartöflunnar er mest næst ysta laginu og er því allt of oft flýsjað burt.

Kartöflur eru af náttskuggaætt og sýnir ættrækni sína í því að jurtin er öll eitruð að hnýðinu undanskildu. Hnýði sem vaxa nálægt yfirborðinu eru oft græn á litinn og eitruð, en eitrið hverfur við suðu. Til eru dæmi þess að búfé hafi drepist hafi það étit kartöflugrös.

Jurtin er fjölær og geta stönglar hennar náð 1,5 metra hæð. Blöðin fjöðruð, tennt og eilítið loðin, blómin með fimm krónublöðum, föllbleik eða hvít á litinn, berin sem myndast að lokinni blómgun eru græn og ekki ósvipu óþroskuðum tómötum enda jurtirnar skyldar. Fræi kartaflna er yfirleitt ekki sáð nema til að fá fram nýja stofna í kynbótaskyni. Kartaflan sjálf er rötárhnyði og forðabúr plöntunnar sem myndast við endann á neðanjarðarreglum.

Kartöfluafrbrigði í ræktun skipta þúsundum og mjög ólík að stærð, lögun og lit. Þyngsta kartafla sem mælst hefur vó rúm 11 kíló og óx í Líbanon.

Um 2/3 af heimsframleiðslunni á kartöflum fer til manneldis en restin í dýrafóður og aðra framleiðslu. Sterkja úr kartöflum er til dæmis notuð til að framleiða léreft og til pappírsgerðar. Einnig er bruggaður vínandi úr kartöflum sem svo aftur er notaður til víngerðar og gúmmíframleiðslu. Kartöflur hafa líka verið notaðar sem kítí, þá eru þær flýsjaðar hráar, marðar í mortél og blandaðar köldu vatni, kítíð



Jurtin er fjölær og geta stönglar hennar náð 1,5 metra hæð. Blöðin eru fjöðruð, tennt og eilítið loðin, blómin með fimm krónublöðum, föllbleik eða hvít á litinn.

þykir einnig gott smyrsl á brunasár og blöðrur.

## Uppruni kartöflunnar

Kartöflur rekja uppruna sinn til Andesfjalla í Suður-Ameríku. Villtar

kartöflur hafa verið mikilvægar sem fæða allt frá því að menn byrjuðu að neyta þeirra fyrir 7 til 10 öldum síðan. Kartöflur voru fyrst ræktaðar hátt til fjalla, þar sem þær hafa aðlagast köldum vaxtarskilyrðum og kann það að vera skýringin á

því hversu vel þær hafa aðlagast veðurfari á norðurslóðum.

Fræ hafa löngum skipað æðri sess og þótt merkilegri fæða en rætur og hnýði. Það eins og margt annað stafar af hreinum hagkvæmnisástæðum eins og þeirri að auðveldara er að geyma fræ. Indíánarnir í Andesfjöllum komust aftur á móti snemma upp á lagið með að þurrka kartöflur þannig að hægt var að geyma þær í langan tíma. Svipaðar aðferðir eru notaðar enn í dag í Perú og Bólivíu. Kartöflunum er dreift á jörðina og þær látnar frjósa yfir nótt. Indíánarnir koma í veg fyrir frostskemdir með því að traðka á kartöflunum berfættir og merja þannig allt vatn úr þeim. Eftir það má geyma kartöflurnar í langan tíma, ekki ósvipað og kartöflulögur. Eftir að búið er að þurrka marninginn er hann næstum hrein sterkja og óvanir segja að hann bragðist eins og sag. Indíánarnir segja þurrkuðu kartöflurnar aftur á móti lostæti og nauðsynlegar með öllum mat. Máltíð án chu'ó, sem er nafnið á kartöflunum eftir að búið er að þurrka þær, er eins og hjartað í kaldlyndum karli eða konu og sálarlaus matur.

## Leiðin til Evrópu

Í fyrstu voru kartöflur aðallega ræktaðar upp til fjalla og líklegt að verslað hafi verið með þær við fólk sem bjó við ströndina og að þar hafi evrópskir landkönnuðir kynnst þeim fyrst.

Þegar Evrópubúar tóku stefnuna á Inland og römbuðu á S-Ameríku voru kartöflur ræktaðar í Chile, Perú og Kólumbíu en þær voru óþekktar í Mið- og Norður-Ameríku. Spánverjar, sem fyrstir Evrópubúa



kynntust kartöflum héldu að þær væru skyldar trufflusveppnum sem er þekkt hrossgæti í Evrópu.

Ekki er vitað fyrir víst hver kom fyrstur með kartöflur til Evrópu en margt bendir til að það hafi verið annaðhvort verið Francis Drake eða Walter Raleigh.

Elsta skipulega kartöfluræktunin í Evrópu sem vitað er um var á Tenerife á Kanaríeyjum enda eyjan algengur viðkomustaður spænskra og portúgalskra skipa á leiðinni til og frá Suður-Ameríku. Þaðan er til farmskrá frá 1567 sem nefnir heimaræktaðar kartöflur sem var verið að flytja til Antwerpen sem í dag er í Belgíu.

Telja má víst að Walter Raleigh hafi fyrstur manna flutt kartöflur til Írlands og ræktað þær á landareign sinni. Sagan segir að hann hafi vitað ansi lítið um plöntuna sem hann var að rækta og fyrst reynt að borða berin. Þegar hann uppgötvaði hversu eitruð berin eru, lét hann taka plönturnar upp og fyrirskipaði að þeim yrði hent. Sagt er að garðyrkjumennirnir sem fjarlægðu þær hafi uppgötvað gildi hnýðisins sem duldist neðanjarðar. Kartöflur áttu síðar eftir að verða undirstöðufæða fátæklinga á Írlandi og síðar reglulegur réttur á matseðli manna um allan heim.

Kartöflunörðar eru ekki sammála um hvaðan í S-Ameríku kartöflurnar sem bárust fyrst til Evrópu hafi verið. Hafi þær komið frá Chile blómstra þær við langan dag, en komi þær frá svæðum við miðbaug blómstra þær við stuttan dag og óheppilegar til ræktunar í Evrópu. Þrátt fyrir þetta er líklegt að fyrstu kartöflurnar í Evrópu hafi komið frá svæðum við miðbaug og blómstrað við stuttan dag, en þróast vegna náttúruvals og grísjunar af manna völdum þar til að þær fóru að blómstra við langan dag. Á þeim tíma sem kartaflan flyst til Evrópu voru Evrópumenn ekki búnir að leggja undir sig Chile og styður það nokkuð þá kenningu að þær séu upprunnar frá svæði nálægt miðbaug eins og Kólumbíu eða Ekvador.

### Með kartöflu í klofinu


Kartöflunnar er fyrst minnst á prenti árið 1596 af enskum grasalækni, John Gerard að nafni. Hann kallar þær „potatoe“ frá Virginíu en þekkingarskortur Gerard í landafræði átti eftir að valda óendanlegum misskilningi og deilum um uppruna kartöflunnar. Enska nafn kartöflunnar „potato“ er dregið af batata sem er nafn sem indíánar nota á alls óskylda jurt af belgurtaætt. Orðið kartafla er upprunalega þýskt kartoffel og er líklega hingað komið frá Danmörku eins og svo margt annað gott. Á ítölsku nefnast þær tartufole sem dregið er af tarufo, líklega vegna samlíkingarinnar við trufflusveppi. Frakkar nefna þær pomme de terre sem á íslensku útleiggst jarðepli en það er gamalt íslenskt heiti.

Latneska heiti kartaflna er Solanum tuberosum L. og lýsir það nafn jurtinni vel. Solanum stendur fyrir ættkvíslina sem þær tilheyra og tuberosum þýðir hnýði, L stendur svo fyrir Linnaeus en það var sænski grasafraeðingurinn Carl von Linné sem gaf henni þetta nafn. Linnaeus var í fyrst mótfallinn ræktun kartafla vegna ætternis hennar, hún tilheyrir náttskuggaættinni en plöntur af þeirri ætt eru yfirleitt eitruðar og voru á vissum tíma sögunnar taldar í beinum tengslum við Djöfulinn. Aðrar jurtir af náttskuggaætt eru til dæmis tómatar, piparjurt, eggaldin og tóbakshorn.

John Gerard fór aftur á móti mörgum fögrum orðum um ágæti kartöflunnar, hvort sem þeirra væri neytt með kjöti til ánægju, soðnar, borðaðar með olíu, ediki eða pipar, eða meðhöndlaðar á annan hátt af hæfum matreiðslumanni. Ekki voru samt allir sammála Gerard. Kartöflur voru ólíkar flestu því matarkyns sem Evrópubúar áttu að



Kartöflur eru 78% vatn, 18% kolvetni sem er að mestu sterkja, um 2% sykur og 0,1% fita.



Kartöfluafrígið í ræktun skipta þúsundum og eru mjög ólík að stærð, lögun og lit.



Kartöfluæturnar eftir Van Gogh.

venjast, þetta voru hnýði sem ekki líktust neinum öðrum plöntum sem þekktust í álfunni. Þetta eitt hefur eflaust haft lítið að segja ef ekki hefði komið til að blóm kartöflugrasa eru eins og blóm gaddeplis sem er margrómuð galdrjurt. Ekki er ólíklegt að menn hafi litið svo á að bölvun náttskuggaættarinnar hafi hvílt á kartöflunni og til voru þeir sem héldu því fram að hún ylli sjúkdómum eins og holdsveiki.

Breskir hreintrúarmenn

mótmæltu ræktun kartaflna á þeim forsendum að hennar væri hvergi getið í Biblíunni og því ekki ætluð til manneldis.

Annars staðar var reynt að fá alþýðuna til að borða kartöflur með ýmsu móti. Lóðvík VI Frakklandskonungur og hirðmenn hans tóku upp þann sið að ganga með blóm af kartöflugrasi í hnappagatinu. Auk þess var farið að rækta kartöflur í gördum við alfaraleið og kvartað yfir því að þeim

væri stolið og að í framtíðinni yrðu garðarnir vaktadír. Fólk taldi því að hér hlýti að vera eitthvað dýrmætt ef konungur léti vakta garðana en vörðurinn var aðeins hafður á daginn og á nóttinni rændi fólkið kartöflum úr gördunum. Friðrik Vilhelm I konungur í Þýskalandi gekk svo langt til þess að fá þegna sína til að rækta kartöflur að hann hótaði að láta skera nefið af þeim bændum sem neituðu að setja þær niður.

Smám saman jukust vinsældir kartöflunnar, en þó mest þegar önnur uppskera brást. Kartöflur eru vel varðar neðanjarðar og eftir að hersveitir höfðu farið yfir akrana voru þær oft og tíðum eina fæðan sem eftir var.

Á sautjándu öld trúðu menn því að kartöflur ykju kyngetuna og læknuðu liðagigt, þá var til síðs að ganga með hráa kartöflu á sér. Karlmennt höfðu þær í buxnavasanum en konurnar áttu litla útsaumaða tösku undir kartöfluna sína eða þá að saumaður var sérstakur vasi á kjólana þeirra.

### Kartöflur og fólksfjöldun

Á sinn hátt má segja að tilkoma kartaflna sé orsök fyrir mikilli fólksfjöldun í Evrópu, ekki þó vegna áhrifa hennar á frjósemuna, heldur fremur því hversu mörgum hún bjargaði frá hungurdaða. Árið 1841 eru íbúar Írlands um átta milljónir og fátækt gífurleg. Írur lifðu í orðsins fyllstu merkingu á kartöflum, það voru kartöflur í öll mál flesta daga ársins. Talið er að á þeim tíma hafi fátæklingarnir á Írlandi borðað um 4 til 5 kíló af kartöflum á dag. Írur voru svo háðir kartöfluneyslu að 1845 þegar kartöflumygla eyðilagði uppskeruna varð allsherjarhungursneyð. Í beinu framhaldi af því hófust svo fólksflutningar Íra til Ameríku og Ástralíu. Í dag líta Írar á kartöflur sem þjóðarfæðu sína.

Ottó von Bismark, fyrsti kanslari hins nýja Þýskalands, sagði að Þjóðverjum væru allir vegir færir, meðan þeir ættu kartöflur og fallbyssur.

### Kartöflur og fóstureyðingar

Í Idaho-ríki í Bandaríkjunum kom upp á sínum tíma allsérstætt mál sem tengist kartöflum. Í ríkinu eru framleiddar ódýrustu kartöflurnar í Bandaríkjunum. Til stóð að samþykkja í ríkinu ströngustu fóstureyðingalög sem þekkjast og banna fóstureyðingar með öllu. En það kom babb í báttinn þegar National Organization for Women hóf áróðursherferð þar sem skorad var á fólk að kaupa ekki kartöflur frá Idaho ef lögin yrðu samþykkt. Mál þetta vakti mikla athygli þar

sem talið var að það gæti lamað efnahag ríkisins ef fólk hætti að kaupa kartöflur þaðan.

### Kartöflur á Íslandi

Kartöflur voru fyrst ræktaðar á Íslandi af sænska baróninum F. W. Hastfer. Baróninn seti þær niður á Bessastöðum á Álftanesi vorið 1758 og fékk þokkalega uppskeru.

Séra Björn Halldórsson í Sauðlauksdal, séra Guðlaugur Þorgeirsson í Görðum á Álftanesi og séra Jón Bjarnason á Ballará munu svo hafa reynt kartöflurækt árin 1759 og 1760. Björn hvatti menn mjög til að rækta kartöflur en það mun hafa gengið illa fyrstu árin. Kartöflurækt hófst ekki fyrir alvöru hér á landi fyrr en á árunum 1807 til 1814, en þá var matarskortur í landinu og þá lærðu landsmenn að borða þær með bestu lyst.

Hér á landi eru ýmis íslensk afbrigði í ræktun, eins og til dæmis rauðar íslenskar. Talið er að ræktun þeirra hafi hafist hér á landi fyrir um 150 til 200 árum. Þær eru hnöttóttar með djúpu augu og djúpan nafla. Hnýðið er rautt en kartaflan fölgul að innan með rauðum hring. Talið er að þessar kartöflur hafi komið hingað frá Danmörku. Ólafur Jónson tilraunarstjóri valdi úrval af rauðum íslensku til ræktunar og kallast þær Ólafsráður.

Gullauga er gamalt norskt afbrigði sem farið var að rækta hér um miðja síðustu öld. Þær eru hnöttóttar með gult hnýði og gulan mjólva. Augun eru venjulega rauð.

Helga er afbrigði sem talið er að hafi myndast vegna stökkbreytingar á gullauga. Helgu svipar mjög til gullauga nema hvað hnýðið er rautt.

Til eru nokkur fleiri afbrigði sem bera íslensk nöfn og má þar nefna bleikrauðar íslenskar, Akraneskartöflur, Akureyrarkartöflur, Helguhvammkartöflur, bláar kartöflur, akurblessun, jarðargull, stóri skoti, Blálandsdrottning, blálandskeisari og bláeygð. Fjöldi afbrigða sem hér hefur verið reyndur skiptir hundruðum bæði í skipulegum athugunum og sem einstaklingar hafa flutt inn og reynt sjálfir. Nöfn afbrigða sem einstaklingar hafa flutt inn eru mjög á reiki og hætta er á að sjúkdómar fylgi með.

Kartöflurækt og kartöfluneysla er svo almenn á Íslandi í dag að segja má að Íslendingar borði kartöflur með öllum mat og mörgum finnst máltíðin fátækleg séu ekki kartöflur í boði.

Gamall enskur málsháttur segir að sá sem sífellt gortar sig af forfeðrum sínum sé eins og kartafla. Bestu hlutar hans eru neðanjarðar.



## Lesendabás

Heyrt fyrir norðan:

## Stórhuga fjölskylda í Dæli

Stórhuga og harðdugleg fjölskylda í Dæli í Fnjóskárdal hefur ráðist í miklar breytingar á mjaltatekni. Þar var endurbyggð 600 fermetra hlaða sem er áföst gamla fjósínu en hún var upphaflega byggð 1978. Þar er nú komið lausagöngufjós sem tekið var í notkun nú í febrúar.

Þarna búa hjónin Geir Árdal frá Akureyri og Margrét Bjarnadóttir, hjúkrunarfræðingur frá Svalbarði á Svalbarðsströnd, ásamt næstelsta syni sínum, Bjarna, konu hans, Krístrúnu Erlu Sigurðardóttur frá Siglufirði og ungrri dóttur þeirra, Margréti Sigríði. Bjarni er búfræðingur og menntaður vélstjóri og rafvirki en Krístrún Erla er heimilislæknir á Akureyri. Forsendan fyrir þáttöku þeirra og innkomu í Dælisbúíð eru nýju Vaðlaheidargöngin sem stytta leiðina til Akureyrar umtalsvert. Gerir það Krístrúnu kleift að stunda sína vinnu á Akureyri án þess að eiga á hættu að vera veðurteppt öðru hvorum megin heiðarinnar.

## Yfir Víkurskarð til mjalta í 5 ár

Geir og Margrét eiga 5 börn, þau bjuggu fyrst á Svalbarðsströnd en byrjuðu að byggja fjós í Dæli 1982 og tóku það í notkun fyrir uppeldi 1984. Lögðu þau inn fyrstu mjólkurlítrana 1. september 1985. Þau fluttu ekki austur fyrr en 1990, en fyrstu 5 árin ók Geir yfir Víkurskarð kvöld og morgna til að mjólka eða þar til þau höfðu byggt sér íbúðarhús á jörðinni.

Þessi ferðalög yfir Víkurskarð á veturna voru mörg hver erfið og löng og oft þurfti að fara á dráttarvél. Þá var Geir oft að draga bíla úr sköflum eða upp á veginn eftir útafkeyrslur, hann var á ferðinni þótt vegagerðin færi ekki á Skarðið.

## Heimilið og bújörðin Dæli

Aðspurður segir Geir að Dæli sé að sínu viti góð jörð þótt kalhætta sé umtalsvert og endurræktun túna algeng. Ræktað land er eitthvað yfir 70 hektarar að meðtöldum tónum Grímsgerðis sem er næsta jörð norðan við, en þá jörð keyptu þau fyrir 10 árum. Að auki heyja þau jörðina Lund innan við Vaglaskóg eða alls ríflega 100 ha. Ungu hjónin Bjarni og Krístrún munu síðan í fyllingu tímans væntanlega taka við Dælisbúinu. Miðast uppbyggingin við það að minnka vinnuálag þeirra eldri en gera búíð um leið meira aðlaðandi og tæknivæddara fyrir þau yngri að taka við. Má segja að með aukinni tæknivæðingu og minna vinnuálagi sé einnig verið að fjárfesta í heilsunni. Gera þessum tveim fjölskyldum kleift að vinna lengur saman og geta öðru hvoru um frjálst höfuð strokið, þ.e.a.s. tekið sér frí öðru hvoru eins og aðrar stéttir þjóðfélagsins.

## Bóndinn fær bilaða hugmynd

Geir og Margrét voru í raun búin að ákveða að byggja nýtt lausagöngufjós með mjaltapjóni 2007 og farin að hanna og teikna, en svo kom hrúnið og öll áform um fjósbyggingu runnu út í sandinn. Upphaflega áætlunin nú var að byggja nýtt legubásafjós og hafa mjaltapjóninn í hlöðunni en kostnaðurinn var of mikill. Þá var farið að huga að nýtingu þeirra bygginga sem fyrir voru. Þeir fedgar Geir og Bjarni eyddu drjúgum tíma ásamt fleirum í að skipuleggja og hanna smá viðbyggingu við hlöðuna til að koma þar fyrir fjórstaðu fjósi með Weeling gjafakerfi og mjaltaróbóta. Þá töldu þeir alveg nauðsynlegt að hafa vinnupláss til að setja inn rúllur, taka af plast og net og geyma það, þurfa ekki að vera úti við það í öllum veðrum eins og algengt er í dag. Hlaðan er 48 x 12



Hjónin Geir Árdal frá Akureyri og Margrét Bjarnadóttir, hjúkrunarfræðingur frá Svalbarði á Svalbarðsströnd, ásamt næstelsta syni sínum, Bjarna, konu hans, Krístrúnu Erlu Sigurðardóttur frá Siglufirði, og ungrri dóttur þeirra, Margréti Sigríði.




Unnið að steypu á botnplötu. Tæplega 3 metra djúpt haughús er undir legubásasvæðinu en fleytiflórar við gjafasvæðið.

metrar að flatarmáli, byggð 1978 af Bjarna, föður Margrétar, sem þá átti jörðina. Til að koma þar fyrir fjórstaðu varð að breikka hana. Fyrsta hugmynd var að fara sömu leið og hjá Sigurði á Páfastöðum, að byggja skúrbyggingu meðfram annarri hliðinni fyrir básaröð og flór. En þá kviknaði þessi „bilada“ hugmynd að breikka hlöðuna um 2,5 metra, lengja sperrurnar í austur á hluta hennar og brjóta hreinlega niður vegginn

## Framkvæmdir og verklýsing

Þegar að burðarþólsútreikningar sýndu að þetta var mögulegt var sú leið farin. Reistur var nýr veggur og sá gamli fjarlægður. Til að uppfylla burðarþólið voru síðan settir sterkir bitar neðan í gömlu sperrurnar svo engar stoðir eru undir þakinu. Rétt er að geta þess að veggir eru steypdir í 2,5 metra hæð, nema á breikkuninni sem er stálgrind og svo stálgrind ofan á steypa veggnum þannig að veggshæðin er um 5 metrar. Auk breikkunar var byggð um 70 fermetra bygging sem hýsir mjaltapjón og tækjarymi. Strax var ákveðið að grafa útúr hlöðunni og hafa haughús undir nær öllu svo hægt væri að setja niður steinbita í allar gönguleiðir. Ekki kom annað til greina en reikna með flórþjark (skítaróbót) og er því tæplega 3 metra djúpt haughús undir legubásasvæðinu en fleytiflórar við gjafasvæðið. Síðan var öll klæðning rifin utan af hlöðunni og allt klætt með svokölluðum yleiningum. Er



Til að uppfylla burðarþólið voru settir sterkir bitar neðan í gömlu sperrurnar svo engar stoðir eru undir þakinu.

„gamla hlaðan“ nú öll á að líta eins og ný bygging. Loftinntök eru ofarlega á hliðarveggjum en tvær öflugar en merkilega hljóðlátar. Útsogsviftur eru í lofti en loftshæð upp í mæni er um 7 metrar. Þetta var gert því opin mænir eða opnanlegur loftgloggur hefði kostað töluvert meira. Í leiðinni voru Dælisbændur að girða fyrir hugsanlegt tjón á þakglugga sem hafa orðið í vondum veðrum.

## Gripir, pláss og framleiðsla

Þegar til kom reyndist hægt að koma vel fyrir 64 legubásam í hlöðunni. Þá verður gamla fjósínu breytt fyrir kálfauppeldi og settir þar legubásar fyrir geldkúr. Þar munu einnig verða frátökustía fyrir nýja fjósið, sjúkra- og burðarstúf. Breytingum á gamla fjósínu var ekki lokið þegar við heimsóttum Dælisbændur í lok mars en verður væntanlega í sumar. Þessa stundina eru 53 mjólkandi kýr í Dæli er fer fjölgandi og margar kvígur bera í vor og haust. Framleiðsluréttur er á jörðinni fyrir 277.000 lítra. Ábúendur setja öll naut á sem fæðast, þannig að



kjötrframleiðsla er allnokkur búbót með mjólkurframleiðslunni.

## Búnaður, tækni og „vinnumenn“

Þá var ákveðið að fjárfesta í Weelink gjafakerfi frá Landstólpa og er gefið til 3 daga að jafnaði. Síðan var keyptur Delaval mjaltapjónn með beidslisgreini og fleiri aukahlutum ásamt Delaval flórþjark, tveim Delaval kjarnfóðurbásam og 6.000 lítra Delaval mjólkurtank. Þannig að samskiptatengingar mjaltapjóns og mjólkurtanks eru ótruflaðar, þ.e. forritin falla algjörlega saman. Þá voru innréttingar og básamottur einnig frá Delaval svo og eftirlæti allra kúa, Kúaklóran eða kúaburstinn. Allur Delaval búnaðurinn er frá Bústólpa á Akureyri. Loftræstivifturnar Skov eru frá Kemi ehf. Framkvæmdir við hlöðuna hófust í maí 2014 og iðnaðarmenn luku störfum um áramótin 2014–15 þannig að þarna voru greinilega harðduglegir jaxlar að störfum. Byggingafyrirtækið SJ Bald ehf. vann alla smíðavinnu og fjölskyldan í Dæli ásamt vinum

og ættingjum unnu mikið starf við byggingaframkvæmdirnar. Bjarni Árdal sá sjálfur um raflagnir og tengingar ásamt annarri lagnavinnu en rafvirkjameistari var Guðmundur Björnsson. Árni Jónsson á Akureyri var meistari pípulagna. Varðandi hönnun breytinga má segja að Dælisbændur hafi sjálfir hannað og hugmyndað. Ívar Ragnarsson byggingafræðingur teiknaði og kom verkinu á blað, en Haraldur Árnason byggingatæknifræðingur gerði burðarþólsútreikningar og hannaði þakbreytingar. Arion banki fjármagnaði framkvæmdir.

## Borgar þetta sig

„En hvað með kostnað og skuldaaukningu, borgar þetta sig eða er þetta feigðarflan? „Afkómulega séð hefði verið skynsamlegra að gera ekki neitt,“ segir Geir. „Þetta á samt að ganga upp samkvæmt útreikningum. Við reiknum með nyttaukningu kúnna og umtalsverðri veltuaukningu. Svo má ekki gleyma að við erum að létta okkur störfin og gera búíð að framtíðarbúi þar sem tæknin er beisluð. Reksturinn verður um leið gerður aðlaðandi og eftirsóknarverður fyrir yngra fólk að taka við.“ Heildarkostnaður lá ekki að fullu fyrir og vildu bændur ekki tjá sig um þá hlið fyrr en allar framkvæmdir eru búnar. Þó er ljóst að kostnaður við breytingarnar er umtalsvert minni en nýtt fjós hefði kostað.

## Hvernig gengur eftir fyrsta mánuðinn?

Byrjað var að mjólka í fjósínu 22. febrúar sl. og Dælisbændur segja að gengið hafi ótrúlega vel. Kýrnar séu rólegar, mæting til mjalta mjög góð og stýrða umferðin í fjósínu virkar fullkomlega. Hvað vinnutíma varðar er ekki um tímasparnað að ræða enda ekki búist við því en vinnan miklu léttari og skemmtilegri. Aðalatriði er að passa upp á að kýrnar séu hreinar og fylgjast með ábendingum tölvukerfisins um hvern grip.

„Við erum alsæl með það sem komið er og sjáum fram á spennandi tíma og bjarta framtíð,“ segja ábúendur í Dæli þegar við kveðjum þessa harðduglegu fjölskyldu með árnaðaróskum um gott gengi.

Kristján Gunnarsson  
Ráðgjafi Bústólpa ehf.



# Mikilvægt að bændur og dýralæknar snúi bökum saman

Að undanfögnu hafa birst í fjölmiðlum ýmsar athugasemdir frá fulltrúum bænda um verkfall dýralækna. Verkföll eru neyðarúrræði í kjarabaráttu.

Eðlilegt er að mönnum hitni í hamsi við síkar aðstæður en því miður hafa sumir reitt svo hátt til höggs að lítill sómi er að. Okkur dýralæknum sárna sérstaklega þegar vegið er að starfsheiðri okkar og þeim eiðstaf sem við sverjum sem málsvarar málleysingianna.

## Ástæður verkfalls

Miklu skiptir að bændur og dýralæknar missi aldrei sjónar af því að hagsmunir þessara stétta fara saman. Bændur eru mikilvægir viðskiptavinir dýralækna og dýralæknar eru mikilvægur hlekkur í virðiskeðju landbúnaðarframleiðslu. Það er því hagur bænda að til þessara starfa fáiast hæfir dýralæknar og til þess þarf samkeppnishæf laun. Það er líka hagur dýralækna að hér sé blómlegur landbúnaður sem vel er þjónað með ráðgjöf og eftirliti.

Mál er að líta á ástæður verkfallsins og hvaða áhrif kaup og kjör dýralækna í opinberri þjónustu hafa haft á starfsþróun og nýliðun í stéttinni. Við erum í verkfalli meðal annars vegna þess að við viljum hafa gott og sterkt teymi opinberra dýralækna til að sinna þeim mikilvægu verkefnum sem okkur eru falin af yfirvöldum og þeim sem nýta þjónustu okkar. Til þess þarf að bjóða dýralæknum kjör sem hæfa þeirra menntun og mikilvægi.

## Stuðningur bænda æskilegur

Verkefni dýralækna hjá hinu opinbera felast meðal annars í því að votta uppruna, gæði og öryggi afurða bænda svo að unnt sé að flytja þær á markað. Þessir markaðir, bæði innlendir og erlendir, krefjast aðkomu dýralækna og kröfurnar eru því ekki uppfinning dýralækna í atvinnusköpun. Menntun okkar felst meðal annars í því að skoða dýr með tilliti til velferðar og aðbúnaðar þeirra, kanna merki um sjúkdóma sem gætu borist í menn eða önnur dýr með dýrunum eða þeirra afurðum og greina þessa sjúkdóma. Örug og hröð sjúkdómsgreining byggist á því að hafa fært og vel þjálfað fólk hér á landi. Þeir vel menntuðu og reyndu dýralæknar, sem starfa á Keldum, eru ekki öfundsverðir af sínum kjörum og lítill merki eru um að efla eigi þá starfsemi, til dæmis með fjölgun starfa eða auknum rannsóknum á dýrasjúkdómum. Þar gæti samfélag bænda beitt sér af meiri hörku en hingað til hefur verið gert.

Á síðastliðnum þremur árum hafa 15 af 35 dýralæknum hjá Matvælastofnun sagt upp störfum. Af þessum 35 stöðum eru nú tvær stöður lausar sem ekki hefur verið ráðið í, enda enginn sótt um, þó umsóknarfrestur sé liðinn. Af þeim 20 dýralæknum sem starfa á umdæmisskrifstofum hafa aðeins sex þeirra unnið þar lengur en þrjú ár. Störf okkar eru mjög fjölbreytt og krefjast nákvæmrar þekkingar á mjög breiðu sviði. Að þjálfva fólk til að sinna þessum verkefnum er dýrt og tímafrekt, og á meðan safnast verkefni fyrir. Það krefst talverðrar ákveðni og samfelli í starfi að sinna þeim vel, sérstaklega málefnum er varða dýravelferð þar sem dýralæknar eru málsvarar þöguls hóps sem má sín lítils.

## Nýliðun lítill

Að sama skapi fækkar þeim dýralæknum sem snúa heim að námi loknu, nýliðunin er ekki nógu hröð. Dýralæknir sem hefur lokið námi frá Kaupmannahafnarháskóla árið 2015 er með 11 milljóna námslánaskuld sem tekur skv. útreikningum frá LÍN



83 ár að greiða upp á þeim launum sem bjóðast hjá ríkinu.

Matvælastofnun hefur um árabil leitað til kollega okkar utan landsteinanna þegar ekki hafa fengist íslenskir dýralæknar til eftirlitsstarfa. Það segir sig sjálf að ekki er hægt að nota erlenda starfsmann í öll verkefni ef íslenskukunnáttu skortir en þessir starfsbræður okkar og -systur hafa

verið öllum bændum ómissandi með störfum sínum í sláturhúsum.

Í stöður sérgreinaðýralækna, sem er ætlað að vera ráðgefandi á landsvísu (sjá 14 gr. laga um dýralækna), hafa umsækjendur undanfarin ár verið á bilinu enginn til þrjár. Einni stöðu þurfti að breyta þegar enginn dýralæknir sótti um svo unnt væri að ráða einstakling með aðra menntun. Margir hæfir

og reyndir dýralæknar hafa neitað þeim kjörum sem þeim voru boðin hjá Matvælastofnun og er það miður.

Það er bændum í hag að störf dýralækna hjá hinu opinbera séu eftirsóknarverð.

Það er bændum í hag að gera dýralæknum kleift að eflast faglega. Það er bændum í hag að bæta kjör dýralækna.

Fyrir hönd Dýralæknafélags Íslands,

**Guðbjörg Þorvarðardóttir,**  
formaður  
**Charlotta Oddsdóttir,**  
meðstjórnandi  
**Gísli Sv. Halldórsson,**  
gjaldkeri  
**Sigríður Gísladóttir,**  
ritari.

## Parftu að halda fuglum frá?



Haltu starra, gæsnum og álfum frá

Fuglafælurnar frá Scarecrow eru mannúðleg og vistvæn lausn sem halda fuglum varanlega frá.

Nánari upplýsingar  
[www.fuglavarnir.is](http://www.fuglavarnir.is)  
[sala@fuglavarnir.is](mailto:sala@fuglavarnir.is)  
 Sími 896 1013



**fuglavarnir.is**

**Bændablaðið kemur næst út 13. maí**

## Fjölnotakerrur

Höfum hafið innflutning á vönduðum breskum fjölnotakerrum frá framleiðandanum Indespension.



Helstu kostir kerrana eru:

- 7 blaða blaðfjaðrir tryggja góða fjöðrun.
- Lágbyggðar kerrur og góðar í drætti.
- Stórar legur í hjólnaum og 195/50 R 13 dekk.
- Öryggislaesing á dráttarkúlu.
- Heildarþyngd allt að 3,5 tonn
- Slysfluggeymsla undir palli staðalbúnaður og slyskjúr valbúnaður.
- 80 sm Grípagrindur ofaná skjólborð fánlegar sem aukabúnaður.

Tilboðsverð til loka máf.

Kr. 1.050.000

+ vsk  
Kr. 1.302.000 með vsk

Einnig sturtukerrur, flatvagnar og vélakerrur!



**JÖTUNN**  
VÉLAR - VERSLUN - VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss    Lónsbakki - 601 Akureyri    Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir

Sími 480 0400    jotunn@jotunn.is    www.jotunn.is



**EAGLE 80FLH.**  
2000kg

**ARGO.is**  
s-8610000





Utan úr heimi



Matvælarisarnir Kraft og Heinz sameinast:


## Verður fimmta stærsta matvælafyrirtæki í heimi

Við sameiningu fyrirtækjanna Kraft og Heinz verður til fimmta stærsta matvælafyrirtæki í heimi.

Gert hefur verið samkomulag um sameiningu Kraft og Heinz matvælarisanna. Samningurinn var gerður að undirlagi brasilíska fjárfestingarfyrirtækisins 3G og bandaríska milljarðamæringsins

Warren Buffetts. Eftir sameininguna er skipting eignahluta þannig að hluthafar Heinz eiga 51% og hluthafar Kraft 49%.

Meðal vörumerkja sem tilheyra þessum fyrirtækjum eru HP sósa, Lea & Perrins Worcesterstósa, sælgætisgerðin Cadbury, Oreo kek auk fjölda annarra. /VH



Tekið í tolli:

## Þurrkaður krókódílshaus og andablóð

Þurrkaður krókódílshaus, einn og hálfur lítri af andablóði og tugir hrárra eggja voru meðal þess sem íslenskir tollverðir stöðvuðu á landamærum á síðasta ári, 2014.

Andablóðið var sagt ætlað til súpugerðar. Innflutningur hrárra dýrafurða er bannaður sem kunnugt er.

Á heimasíðu segir að krókódílshausinn falli undir svokallaðan CITES samning um alþjóðaverslun með plöntur og dýr í útrýmingarhættu. Sá sem ferðaðist með hann framvísaði fölsuðu CITES vottorði frá Taílandi, þ.e. fölsuðu leyfi til útflutnings á hausnum. /VH

Markmið CITES samningsins er að vernda tegundir dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu með því að stjórna alþjóðlegum viðskiptum með þær. Alls eiga 178 lönd aðild að CITES samningnum. Tollstjóri bendir á að flutningur dýra og plantna, sem flokkuð eru í útrýmingarhættu, eða afurða þeirra milli landa, er ekki leyfilegur nema að fengnu leyfi hjá Umhverfisstofnun.

Á þetta er bent, þar sem brögð eru að því að stöðva þurfi sendingar í tollafgreiðslu, sem innihalda afurðir dýra sem eru á valista eins og ofangreint dæmi ber með sér. /VH

Bætt mataræði:

## Matarmiðar sem gilda fyrir ávexti og grænmeti

Fjölskyldumiðstöð í London hefur hrint í framkvæmd tilraunaverkefni sem felst í því að 80 illa stæðar fjölskyldur fá matarmiða í stað peninga til að kaupa ávexti og grænmeti.

Hugmyndin að baki verkefninu er að með því að úthluta matarmiðum fyrir ávöxtum og grænmeti megi bæta mataræði fjölskyldnanna og sérstaklega barna innan þeirra. Matarmiðarnir

gilda einungis á mörkuðum þar sem heimamenn selja eigin framleiðslu og einnig ætlaðir til að styrkja þá.

Opinberar tölur í Bretlandi sýna að árið 2012 fengu yfir 450.000 fjölskyldur aðstoð til matarkaupa þar í landi. Kannanir sýna að neysla þessara fjölskyldna, og sérstaklega barna innan þeirra, á ávöxtum og grænmeti er mun minni en fjölskyldna með hærri tekjur. /VH

Matvælaöryggi:

## Leifar varnarefna undir mörkum í yfir 97% matvæla

Mælingar á illgresiseyðum, skordýraeitri og öðrum varnarefnum í matvællum í Evrópu sýna að yfir 97% sýna voru með varnarefnaleifar undir leyfilegum mörkum.

Engar leifar varnarefna greindust í 54,6% sýna af matvællum en tekin voru nærri 81.000 sýni í 27 ríkjum Evrópusambandsins, Íslandi og Noregi. Þetta kemur fram í skýrslu Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um niðurstöður mælinga á varnarefnum í matvællum árið 2013.

Á heimasíðu Matvælastofnunar segir að þetta séu niðurstöður samræmdrar eftirlitsáætlunar Evrópusambandsins til margra ára, sem Ísland tekur þátt í. Á Íslandi voru tekin 242 sýni af ávöxtum og grænmeti árið 2013, bæði af innlendi ræktum og innfluttum ávöxtum og grænmeti. Þessi sýni voru hluti af nærri 81.000 sýnum frá öllum 29 löndunum sem skýrslan byggir á.

### Meira um varnarefni í sýnum matvæla utan EES

Megnið af sýnunum voru af matvællum upprunnum innan Evrópska efnahagssvæðisins eða 68,2% en 27,7% voru innflutt frá ríkjum utan EES. Hin síðarnefndu reyndust oftast innihalda efni yfir hámarks-gildum (5,7%) en matvæli



frá löndum innan EES (1,4%). Niðurstöður eru þó betri en árið 2012 þegar 7,5% sýna af matvællum frá löndum utan EES reyndust innihalda leifar yfir hámarks-gildum.

### Tíu gerðir matvæla skoðuð

Eftirlitsáætlunin byggir á því að sömu tíu matvælin eru skoðuð á þriggja ára fresti. Árið 2010 og aftur 2013 voru það epli, höfuðkál, blaðlaukur, salat, ferskjur, rúgur eða hafrar, jarðarber, tómatar, mjólk, svínakjöt og vín.

Samanburður milli þessara ára sýnir að í öllum þessum matvælaflokkum hefur fækkað þeim sýnum sem innihalda leifar

yfir hámarks-gildum. Niðurstöðurnar staðfesta að samræmdar og skýrar reglur um notkun plöntuvarnarefna og hámarks-gildi leifa í Evrópu auka öryggi neytenda.

Niðurstöður úr greiningum á íslensku sýnunum eru mjög samhljóma þeim evrópsku, en tæplega 98% íslensku sýnanna reyndust ekki innihalda leifar yfir hámarks-gildum. 134 sýni (55,4%) innihéldu engar leifar þeirra efna sem skimað er fyrir hérlendis, en það er örlítið herra hlutfall en í samantekt EFSA enda var ekki hægt að skima fyrir eins mörgum efnum hérlendis árið 2013, eins og gert er í Evrópu. /VH

Illgresiseitrið Round Up:

## Glífósat í Roundup líklegur krabbameinsvaldur

Fyrr á þessu ári hittust sautján sérfræðingar frá ellefu löndum við IARC, alþjóðlega miðstöð krabbameinsrannsókna í Lyon í Frakklandi, til að skera úr um krabbameinshættu vegna nokkurra illgresis- og óværylfja úr lífrænum fosfötum, tetrachlorvinphos, parathion, malathion, diazinon og glyphosate.

Kveðið var upp úr um að skordýralyfin tetrachlorvinphos og parathion væru hugsanlega krabbameinsvaldandi í fólki (flokkur 2B). Á heimasíðu Skógræktar ríkisins segir að gögn úr rannsóknum á fólki hafi verið af skornum skammti og því taldar ófullnægjandi.


### Tetrachlorvinphos bannað í Evrópu en leyft í Bandaríkjunum

Tetrachlorvinphos olli æxlisvexti í lífravef karlkyns músa (góðkynja eða illkynja) og góðkynja æðaæxlum í milta hjá karlkyns rottum. Efnið er bannað í Evrópusambandinu en leyfilegt í Bandaríkjunum og til dæmis notað þar í gæludýrahálsbönd til að drepa flær.

Parathion hefur vírst valda lungnakrabbameinum í músum og ýmiss konar æxlismyndun í rottum. Það olli líka skemmdum á DNA-erfðaeftir í mannsfrumum sem ræktaðar voru í tilraunaglössum. Notkun þess hefur verið háð ströngum skilyrðum undanfarið þrjátíu ár.

Skordýralyfin malathion og diazinon úrskurðaði sérfræðingahópurinn að væru sennilega krabbameinsvaldandi hjá fólki.

Efnið glyphosate, eða glífósat, sem einnig er fjallað um í greininni, snertir skógrækt því það hefur verið notað í skógrækt hérlendis, aðallega



til að bægja frá grasvexti í frjósömu landi svo að grasið kæfi ekki litlar trjáplöntur. Einnig hefur það verið notað í miklum mæli hérlendis til að eyða illgresi, ekki síst í þéttbýli, og þekktar eru tilraunir víða um land til að eyða tegundum eins og lúpínu og skógarferfli.

### Glífósat í Roundup

Glífósat er breiðvirkt illgresislyf og það langalgengasta í heiminum. Það er virkt efni í meira en 750 framleiðsluvörum sem ætlaðar eru til notkunar í landbúnaði, skógrækt, umhirðu í þéttbýli og í heimilissgördum. Þekktasta vörumerkið er væntanlega illgresislyfið Roundup®. Notkun glífósats hefur aukist hratt með þróun nytjaplantna sem erfðabreytt hefur verið svo að þær þoli efnið.

### Glífósat mælist í andrúmslofti og drykkjarvatni

Glífósat hefur mælist í andrúmslofti á þeim tíma árs sem því er úðað en einnig í drykkjarvatni og mat. Hingað til hafa takmarkaðar vísendingar verið um að efnið gæti valdið krabbameini í fólki.

Samanburðarrannsóknir fagfólks sem unnið hefur með efnið í Bandaríkjunum, Kanada og Svíþjóð hafa bent til aukinnar hættu á blóðkrabba en rannsóknarhópur á vegum bandarískra landbúnaðar-yfirvalda sýndi aftur á móti ekki fram á marktæka hættu af þeim toga.

Hins vegar hefur sést tilhneiging til sjaldgæfrar tegundar krabbameins hjá músum sem voru útsettar fyrir efninu og önnur rannsókn gaf til kynna aukna hættu á æðaæxliskrabbameinum í músum. Glífósat jók líka hættuna á eyjafrumuæxlum í brisi hjá músum samkvæmt tveimur rannsóknum og efni sem innihélt glífósat ýtti líka undir æxlismyndun í húð músa í einni rannsókn.

### Glífósat hefur mælist í blóði landbúnaðarstarfsmanna

Glífósat hefur mælist í blóði og þvagi fólks sem starfar við landbúnað sem bendir til þess að líkaminn taki efnið upp. Örverur í jarðvegi brjóta efnið niður í aminómetilfosfórsýru (AMPA). Fundist hefur AMPA í blóði fólks eftir notkun glífósats sem bendir til þess að örverur í meltingarvegi brjóti efnið niður. Hreint glífósat og efnaþöndur með glífósati hafa sýnt sig geta valdið skemmdum á DNA og litningum í spendýrum og slíkar skemmdir hafa sést á dýra- og mannafrumum á rannsóknarstofum. Í einni rannsókn mældust skemmdir á litningum í blóði meiri hjá fólki á nokkrum svæðum eftir að glífósatefnum hafði verið úðað. Einnig voru vísendingar um aukna tíðni stökkbreytinga í bakteríum. Þessi efni virðast líka samkvæmt rannsóknum auka álag vegna oxunar hjá nagdýrum en líka í frumum á rannsóknarstofum. Sérfræðingahópurinn sem hittist í Lyon ákvað því að flokka glífósat sem líklegan krabbameinsvaldandi fólki (flokkur 2A).

Yfirlýsing hópsins birtist í sérri breska lækna tímaritsins Lancet, The Lancet Oncology, 20. mars 2015.

/VH



# Rósir og hindarblóm

Gróður og saga – magnaðar mæðgur

Oft er gaman að rifja upp tengsl sögufrægra persóna við þann skrautgróður sem við ræktum í híbýlum og gördum. Sagnfræði af því tagi gefur oftast nýja vídd í ræktunaráægjuna og glæðir áhugann.

Hér verður nú litið til tveggja kvenna sem voru mjög í sviðsljósinu í lok átjándu aldar og vel fram á þá nítjándu. Þær voru mæðgur sem upplifðu allfjölbreytt umrót sögunnar í landi sínu. Oftar en ekki dramatísk og stundum skall hurð nærri hælum þeirra þeim sviptingum. Þetta eru þær mæðgur Jósefína og Hortensa dóttir hennar. Enn í dag eiga þær afkomendur sem ber fyrir í opinberri umfjöllun um kónaga og kóngafólk Evrópu. Því þótt að ekki hafi þær verið konungbornar við fæðingu, þá líður litningum þeirra ágætlega í hinu bláa blóði sem rennur um ríkjandi konungsættir álfunnar.

Jósefína fæddist 23. júní 1763 á plantekru foreldra sinna á eldfjallaeyrni Martiník í Antilleyjaklasa Karíbahafsins. Á stað sem kallast Þristnes í héraði sem enn er kennt við fjölskyldu hennar og kallast La Pagerie. Fullu nafni hét hún Marie Joséphe Rose Tascher de la Pagerie. Í uppeldinu og af fjölskyldu sinni var hún aldrei kölluð annað en Rose. Kannski hefur það haft sín áhrif á brennandi en óslökkvandi áhuga hennar á rósium þegar á ævi hennar leið. Ekki þótti hún hafa miklar akademískar gáfur og fríðleik hennar var ekki við brugðið. En hún var iðin, fjörug og aðlaðandi í tilsvörum sem framkomu. Og einkar lagin var hún í hannyrðum og smekklegru útsjónarsemi þegar kom að innréttingum og umhverfi mannvistarsvæða. Líklega hefði hún gengið brautir landslagshönnuða og blómaskreyta í Lbhí ef þær hefðu staðið henni til boða í hennar samtíma.

## Góður kvenkostur

Svona kvenkostur stóð víst ekki víða til boða, enda giftist hún ung franska trúnaðargreifanum Alexandre de Beauharnais sem einnig hafði einnig alist upp á þessari frönsku nýlendu og var þrem árum eldri en hún. Alexander var dálítilt ævintýramaður og kom víða við. Ævi hans endaði þó í fallöxinni á dögum ógnarstjórnar Robertspierres í Frakklandi hinn 23. júlí 1794. Þá var hann aðeins 34 ára gamall og þar með var líka endi bundinn á 15 ára sambúð hans við Jósefínu. Sú sambúð hafði samt verið farsæl og ávöxtur hennar voru börnin Eugène, sem er einn af öfum norrænu konungsættarinnar, og Hortensu, sem sagt verður frá hér að neðan. Jósefína slapp naumlega við fallöxina. Því einnig henni hafði verið varpað í fangelsi og var þar þegar bónda hennar var stytur aldur. Og þar beið hún dauða síns. En heppin var með henni. Robertspierre var handtekinn og úr honum murkað lífið áður en til þess kom. Og því gekk hún úr fangelsinu frí og frjáls fimm dögum eftir fráfall bónda síns. Þá var hún 31 árs. Ungu ekkjan hafði nú úr að spila riflegum arfinum sem eiginmaðurinn skildi eftir sig – og virðist hafa leitað áfallahljálpar hjá ýmsum mektarmönnum hins nýja stjórnskerfis. Svona fyrst á eftir.



Búrbonrósinn 'Souvenir-de-la-Malmaison'.



Jósefína.

## Napóleón

En svo hitti hún Napóleón Bónaparte, sem var fjórur árum yngri en hún. Og þá small það. Í mars 1796 voru þau gift eftir stutta trúlofun. Og í þessu nýja lífi fannst Napóleóni fara mun betur á að Rósa hans myndi eftirleidis aðeins gegna nafninu Jósefína. Þannig kom það til. Um samlíf Napóleóns og Jósefínu hefur margt verið flimtað og flímað. Og víst er um það að ástarbréfin sem Napóleón skrifaði henni meðan hann var í herferðum sínum, myndu varla vera lesin upp í sjónvarpi nema að guli bletturinn efst til hægri yrði settur á skjáinn. En þrátt fyrir fjöruga og margendurtekna tímgunartilburði varð þeim ekki barna auðið. Og ekki bætti úr skák að einhverju sinni varð Jósefína málþola og létti sér þrautina með ungum og laglegum aðstoðarmanni úr hirðliðinu. Ekki var víst mikið meiri alvara á bak við það. En Napóleóni mislíkaði atburðarásin svo að nokkuð sljákkaði í ástarbréfasendingunum eftir þetta. Og þar kom að að ráðgjafar hans lögðu til að hann sliti hjónabandinu og tæki sér konu sem fætt gæti honum erfingja. Því varð það að Napóleón, með hag Frakklands í huga, tilkynnti konu sinni í kvöldverðarboði að þannig yrði þetta að vera. Og með samþykki Jósefínu gekk skilnaðurinn í gegn, með nokkurri viðhöfn, hinn 10. janúar 1810 og tveim mánuðum síðar hafði María-Lovísa, prinsessa frá Austurríki, tekið sæti Jósefínu hvað hjónabandið áhræði. En satt að segja var Napóleón sjálfur ekkert uppveðraður yfir skiptunum og lét staðgengil sinn mæta fyrir sig við hjónavígsluna. En í fyllingu tímans kom árangur þessa fyrirkomulags í ljós. María-Lovísa stóð við sína plikt og eignaðist



Hortensa.

son. Enginn efaðist um faðernið. Sonurinn var skírður Napóleón eftir föður sínum, hans saga verður ekki sögð hér.

## Rósirnar í Malmaison

En Napóleón hélt samt sem áður tengslum sínum við Jósefínu og lét hana halda keisaradrottningartilí sínum, þótt hún slyppi við þær embættisskyldur sem honum fylgdu. Hann fékk henni vegleg húsakynni í Malmaisonkastala rétt utan við Parísarborg. Og nú fékk Jósefína útrás fyrir rósaástinu og skipulagshæfileikana. Þar lét hún gera garð sem enn er við lýði og þangað safnaði hún öllum þeim rósategundum og rósatilbrigðum sem hún frétti af og komst yfir. Þar var í engu sparað, hvorki í garðyrkjumeisturum né innkaupum á rósagersemunum. Napóleóni þótti jafnvel um of og hafði orð á því. En Jósefína fékk samt að fara sínu fram og dró ekkert úr. Og það er því mikið henni að þakka að frá rósunum í Malmaisongarðinum er kominn mikill ættbogi rósa sem prýða garða um allan heim og án hennar gerða værum við fátækari en ella í „rósalegu tilliti“ svo notað sé hagfræðingamál. Ein þeirra Malmaisonrósa sem enn er við lýði er búrbonrósinn 'Souvenir de la Malmaison'.

## Óhamingjusöm Hollandsdrottning

En þá er komið að Hortensu, dóttur Jósefínu. Hún fæddist 10. apríl 1783. Ekki mun faðirinn, Alexander de Beauharnais, hafa tekið barninu fagnandi og brigslaði konu sinni, Jósefínu (sem reyndar þá var bara kölluð Rósa), um framhjáhald. En málið settlaðist, svo að ekki kom til skilnaðar. En þegar Jósefína hitti svo hann

Napóleón, seinni mann sinn, þá varð hann hrifinn af telpunni og gekk henni í föðurstað, þrettán ára gamalli. Og Hortensa átti eftir að reynast honum betri en enginn þegar dró að sögulokum hans.

Móðirin var metnaðargjörn og hugsaði sitt. Þegar Hortensa varð gjafvaxta lagði Jósefína til að hún giftist yngri bróður Napóleóns, Louis Bónaparte. Þetta þótti henni góð hugmynd og vel til þess fallin að koma litningum sínum inn í genamengi Bónapartana þótt þeim Napóleóni lukkaðist ekki að eignast afkvæmi saman. Og þetta varð úr. Hortensa og Louis voru gefin saman með pomp og prakt á keisaralega vísu í janúarmánuði 1802. Litlu var um það skeytt að Hortensa hafði aðrar áætlanir í huga og varð að gefa hinn eiginlega kærasta sinn upp á bátinn. En hún þekkti skyldur sínar og var öll af vilja gerð að þóknast móður sinni. Og þær mæðgur voru mjög samrýndar og deildu svipuðum áhugamálum. Níu mánuðum eftir brúðkaupið kom til veraldarinnar sonur þeirra Hortensu og Louis. Sá varð skírður Napóleón Karl Bónaparte. Nú þóttist Jósefína hafa öll tromp á hendi og að vegna þessa viðburðar myndi ekkert verða úr hjónaskilnaði þeirra Napóleóns. En það fór á annan veg, eins og ríftað var upp hér að ofan.

Ýmsir atburðir urðu til þess að Napóleón setti Louis bróður sinn sem kóng yfir Hollandi. Þar hafði Napóleón unnið hernaðarsigur og vildi nú gera Holland að leppríki í keisaradæmi sínu. Og auðvitað fór Hortensa með Louis, þótt henni þætti hann leiðinlegur og að hún ætti í erfðileikum með að fá hann til við sig. Það skrifaði hún í bréfi til bróður síns. Samt varð henni nokkuð ágengt með það, því þeim fæddust þrjár synir. Sá yngsti þeirra, Charles Louis, varð síðar Napóleón III Frakkakeisari.

## Díönudýrkun þess tíma

Þegar Hortensa var orðin drottning í Hollandi gerði hún allt til að falla hollensku þjóðinni í geð og varð nokkuð ágengt með það eins og allt annað sem hún tók sér fyrir hendur. Hún varð vinsæl og dáð svo að næstum jaðraði við Díönudýrkunina bresku fyrir nokkrum árum. Hún hafði allt til að bera sem til þarf á þeim vettvangi. Og ekki skorti hana skipulagshæfileikana og útsjónarsemina til að rækta almenningstengslin.

Louis maður hennar, sem nú skrifaði nafn sitt upp á hollensku og tók sér konungsnafnið Lodewijk Napoleon var svo sem ekki mikill átakamaður. Og honum rann satt að segja til rifja framkoma bróður síns gagnvart Hollendingum og rétti þeirra. Hann var þess vegna sífellt að nöldra og mögla við stóra bróður og biðja hann nú blessaðan að láta ekki svona við „sína ástsælu þjóð, Hollendinga“. En allt kom fyrir ekki. Napóleón þreyttist á nöldrinu og setti hann af sem kóng árið 1810 eftir fjögurra ára valdatíma. Og nú sá Hortensa engan tilgang í að hanga lengur í þessu tilþrífalitra hjónabandi. Fékk skilnað við Louis, sem hrökklaðist öllum stuðningi sviptur suður til Ítalíu og dró þar fram lífið við lítil efni uns hann geispaði golunni. Þar með lýkur sögu hans.



## Hortensía - Hydrangea macrophylla (hindarblóm)

**Notkun:** Blómstrandi planta. Góð í gróðurskála. Getur staðið úti í skjólgóðum garði á sumrin.

**Birta:** Mikil birta en ekki sterkt sólskin á pottinn.

**Hiti:** 18–24°C vor og sumar. 10–15°C haust og vetur. Polir ekki frost, en ef vetrarhitinn er lægri en 10°C bitnar það á blómguninni, sem verður rýrari.

**Vökvun:** Haldið moldinni síblautri meðan plantan er í vexti, vökvíð minna á veturna.

**Umpottun:** Eftir þörfum í stærri pott. Notið ókalkaða (kalksnauda) mold.

**Áburður:** Gefið daufa blöndu af súrum áburði vikulega á sumrin.

## Áhrifakona í útleög

En Hortensa sneri aftur til hirðarinnar í París og návista við móður sína í Malmaison. Hún giftist ekki aftur en eignaðist einn son (í lausaleik) til viðbótar með „manninum í lífi sínu“ og átti innihaldsríka og ævintýralega bæi tengda áhrifafólki síns tíma, bæði vestanhafs sem austan. Og ekki spillti það fyrir henni að vera móðir Lúdvíks-Napóleóns, fyrsta forseta Annars Franska Lýðveldisins og síðar sem Napóleón III keisari Annars Franska Keisaraveldisins meðan það ástand varaði. Hún endaði daga sína samt í hálfgerðri útleög á setri sínu, Arenberg í Thurgau í Sviss, hinn 5. október 1837 aðeins 54 ára gömul. Þá hafði nú hrifning Hollendinga á henni eitthvað dofnað, enda annað kóngahús komið til sögunnar í Konungshöllinni í Amsterdam. En andláts hennar var getið í þrem línum í neðanmálsdálki í helsta dagblaði landsins.

## Eftir útúrdúrinn

Og þá kemur að því hvernig Hortensa tengist garðagróðrinum. En einmitt þegar hinn hollenski drottningarljómi stóð sem hæst kom til sögunnar planta austan úr Asíu. Vísindamenn gáfu henni nafnið Hydrangea macrophylla, sem útleggja má „blaðstór drykkjusvoli“. Ekki þótti hollenskum garðyrkjumönnum þetta gott sölnafn svo þeir gripu til þess ráðs að finna plöntunni söluvænlegra heiti til að selja sem mest af henni á blómatorgunum. Og hvað var nærtækara en nafn nýju og vinsælu drottningarinnar? Og þess vegna þekkjum við tegundina Hydrangea macrophylla, og flestar systur hennar, best undir heitinu „hortensía“, þótt einhver hafi þótt bæta um betur með því að kalla hana hindarblóm á íslensku.



## Után úr heimi



Föngulegur hópur þátttakenda á námskeiðinu í heimsókn hjá fyrirtækinu Trioliet.

Myndir / SS

# Íslenskt fjósbygginganámskeið í Hollandi!

Á dögnum stóð fyrirtækið Landstólpi ehf. fyrir þriggja daga námskeiði fyrir kúabændur um fjósbyggingar, líkt og fyrirtækið hefur gert nú í nokkur ár. Það sem var þó allóvenjulegt við þetta námskeið var að það var haldið í Hollandi að þessu sinni og skiptist námskeiðið í bæði bóklegan hluta og vettvangsferðir.

Á námskeiðinu var farið yfir helstu þætti varðandi grunnhönnun fjósa og fjallað um breyttar áherslur í hönnun hefðbundinna fjósa sem og mjaltþjónafjósa síðustu ára, auk hönnunar á aðstöðu fyrir geldneyti. Einnig var fjallað um rýmisþarfir nautgripa, fódruun og fódurblöndun gróffóðurs. Auk þess var farið yfir hönnun mjaltáaðstöðu, mjólkurhúsa og aðkomu mjólkurbíla sem og kynntar leiðir til þess að forðast mistök við hönnun fjósa. Til viðbótar var svo farið í sex vettvangsferðir: í fódurstöð DeHeus þar sem fram fór kynning á fódruun nautgripa, samsetningarverksmiðju Trioliet en þar eru framleiddir margskonar gróffóðurvagnar og fódurkerfi og í fjögur hollenskt fjós í þeim tilgangi að kynna þátttakendum ólíkar lausnir við fódruun, hýsingu og mjaltir mjólkurkúa. Verður þessum fjósaheimsóknum gerð skil hér á eftir. Alls héldu 30 Íslendingar utan í þessa námsferð og komu þeir úr öllum landshlutum.

## Land mjólkurframleiðslunnar

Líkt og flestir kannast líklega við þá er Holland ekki sérlega stórt land, rétt um 41.500 ferkílómetrar, en það hefur ekki haldið aftur af athafnasömum íbúum landsins. Holland er í fremstu röð í ótal greinum og óhætt er að fullyrða að landið setji mörg önnur aftur fyrir sig þegar horft er til mjólkurframleiðslunnar enda er hún í raun einstök, sér í lagi þegar horft er til landsstærðarinnar.

Landsframleiðsla hollenskra kúabúa er nefnilega 12,4 milljarðar kílóa mjólkur eða nærri hundraðföld íslenska mjólkurframleiðslan! Til samanburðar má nefna að dönsk mjólkurframleiðsla er með innan við helming hollenskrar mjólkurframleiðslu en löndin eru álfka stór að flatarmáli. Á bak við þessa framleiðslu standa einnig mjög



Rúmlegt fjós með fjórum mjaltþjónum í miðjunni og skrif- og kaffistofu fyrir ofan þá.

mörg kúabú, en alls er framleidd mjólk á 17.800 búum í landinu sem gerir meðalframleiðslu upp á tæplega 700 þúsund kíló á ári. Þrátt fyrir að notast er við Holstein kúr, þ.e. svartskjölddóttar, þá er meðalnyt hinna hollensku kúa ekki sérlega há eða rétt um 8 þúsund kíló og er meðalbúið því með rétt tæplega 90 kúr að jafnaði.

## Sterkt faglegt umhverfi

Hið faglega umhverfi mjólkurframleiðslunnar í Hollandi er afar sterkt og í landinu eru fjölmörg fyrirtæki í framleiðslu á tæknibúnaði fyrir kúabú og mjólkurframleiðslu. Þá eru einnig margar afurðastöðvar sem starfa í landinu en alls hafa 52 aðilar leyfi til úrvinnslu á mjólk og eru þetta allt frá örmáum ostagerðum og upp í stærðar afurðavinnslur enda vinna í þessum geira atvinnulífsins í Hollandi um 60 þúsund manns.

## Gróðurhús eða fjós?

Eins og áður segir var farið í sex áhugaverðar vettvangsferðir, þar af í fjögur fjós sem voru hvert með sínu lagi. Fyrsta búíð sem var heimsótt var í eigu Van Ittersum og var fjósið byggt árið 2013. Alls er fjósið byggt fyrir 200 kúr en í því voru þó einungis 125 kúr þegar námskeiðsgestirnir heimsóttu búíð. Þetta fjós var mjög sérstakt fyrir margar sakir en ein þeirra var að fjósið er byggt úr léttri

stálgrind og yfir hana strekktur dúkur og minnir e.t.v. meira á gróðurhús en fjós. Þessi fjósgerð er nokkuð ódýrari en hefðbundin fjósbygging og því aðeins farin að sjást erlendis.

## Sveiflumjaltabás

Annað sem var sérstakt við þetta fjós var að í því var svokallaður sveiflubás, þ.e. mjaltatæki mjaltabássins voru ekki báðum megin hássins heldur hengu í slám sem sveifluðust inn að miðju þegar búíð var að mjólka kúrarnar. Alls var hægt að mjólka 22 kúr í einu og gat einn starfsmaður séð um mjaltirnar. Þessi útfærsla á mjaltabás er vel þekkt erlendis og sér í lagi þar sem kúabændurnir hafa þurft að horfa í hverja krónu við uppbyggingu á aðstöðunni. Á búinu var kúnum beitt á sumrin og bitnaði það á slættinum en túnin voru einungis slegin tvisvar til þrisvar sem þykir ekki mikið í Hollandi.

## Notar taðtrefjar sem undirburð

Það vakti nokkra athygli gestanna að bóndinn notaði taðtrefjar sem undirburð í legubásana, en taðtrefjar er hinn ómeltnalegi hluti fódursins sem skilar sér út með skítum. Framleiðslan á taðtrefjunum fer fram heima á búinu en mykjan er söguð upp í þar til gerða skrúfuvindu sem þrýstir vökvannum úr mykjinni og skilur að taðtrefjarnar. Þær má svo



Búnaðurinn sem er notaður til þess að vinna taðtrefjar úr mykjinni er frekar einfaldur eins og sjá má

nota beint sem undirburð undir kúr og hefur þetta gefist afar vel sé rétt staðið að framleiðslunni.

## Íbúðarverð fyrir hektarann

Annað fjósið í röðinni var allt öðruvísi en það fyrsta, en á þessu bú, Haanegraaf dairy, var lögð áhersla á að nýta eldri byggingar og fjárfesta heldur í landi en eins og flestir vita er land afar dýrt í Hollandi. Heyrðust í því sambandi allt upp í 100.000 evrur á hektarann eða um 15 milljónir íslenskra króna! Flestir kúabændur eru þó að kaupa landið töluvert ódýrara en það eða á um helmingi þessarar upphæðar og þykir nóg um samt. Alls tilheyrja búinu um 200 hektarar lands og er það allt hirt af verktaða sem slær túnin 6-7 sinnum á ári. Á Haanegraaf dairy störfuðu hjónin í fullu starfi en voru auk þess með nokkra starfsmenn í hlutastarfi en alls voru á búinu 350 kúr og stefndu hjónin í að stækka búíð í 450 kúr og 4,5 milljón lítra framleiðslu á ári. Á búinu var meðalnytin á dag 27 kg eða í kringum 8.500 kg á árskúna.

## 48 kúr mjólkaðar í einu

Mjaltabásinn á búinu var hraustlegur með 24 mjaltatæki hvorum megin og því hægt að mjólka 48 kúr í einu. Þegar mjólkað er, er einn starfsmaður í sjálfum mjaltabásnum en annar er viðloðandi mjaltirnar við að hreinsa

bása og bera í þá undirburð ásamt því að reka kúrarnar í mjaltir. Mjaltirnar taka um þrjú tíma alls með þrifum og verður það að teljast einkar vel að verki staðið en mjaltatíminn er ekki fyrir „B“-manneskjur: fjögur að morgni og aftur klukkan hálf fjögur seinnipartinn. Til þess að geta tekið við allri mjólkinni þarf nokkuð stórt ílát en liggjandi mjólkurtankur búans tók alls 32 þúsund lítra en í Hollandi er mjólk sótt á þriggja daga fresti.

## Sæða fjórðung með holdasæði

Eitt var einkar athyglisvert við búreksturinn en það var hvernig staðið var að kynbótastarfinu. Hjónin gengu nefnilega afar skipulega til verka og sæddu alltaf fjórðung kúnna með holdasæði, þann fjórðung sem ekki þótti rétt að rækta áfram og er til í öllum fjósum heimsins. Þá voru þau afar ákveðin í því að halda ekki í kvígur sem ekki höfðu fest fang við 16 mánaða aldur. Slíkar kvígur verða aldrei góðar mjólkurkúr og eiga því að fara í sláturhús sögðu ábúendurnir á Haanegraaf dairy.

## Rúmlega 3.700 fermetra fjós

Þriðja búíð, De Telegraaf, sem var heimsótt var með fjós af enn einni gerðinni en í því voru fjórir Fullwood Merlin mjaltþjónar. Fjósið var nýlega byggt og alls 83 metrar að



lengd og 45 á breidd eða 3.735 fermetrar og kostaði framkvæmdin með öllum búnaði 1,8 milljónir evra eða um 260 milljónir króna. Í fjósinu var pláss fyrir 280 mjólkurkúr en ábúendurnir, feðgar ásamt konum sínum, eru að auka fjölda kúnna jafnt og þétt og þegar heimsóknin var, voru kúrnar 220. Fjós þetta var skammtilega hannað með það í huga að allar gönguleiðir eigenda væru stuttar, sem og að sjálfvirknin væri sem mest í fjósinu og var t.a.m. alsjálfvirkt Trioliet gróffóðurkerfi í fjósinu sem sá um að gefa kúnum átta sinnum á dag.

#### Frumutalan 67 þúsund!

Það verður að viðurkennast að frumutalan á búinu var glæsileg en að ná því að vera með margfeldismeðaltal frumutölu undir 100 þúsund, á kúabúi með mörg hundruð kúr, er einstaklega vel að verki staðið en síðasta tankmæling fyrir heimsókn hópsins var ekki nema 67 þúsund. Þar áttu mjalttaþjónarnir hluta af skýringunni að sögn ábúenda, en þeir hafa séð um kúrnar án vandkvæða en einnig sögðu ábúendurnir að frumutalan hefði lækkað eftir að flutt var inn í nýja fjósið og byrjað var að nota taðtrefjar í básana.

#### Einangrað vegna sumarhitans

Þetta glæsilega fjós er að segja má hefðbundið lausagöngufjós en þó sérstakt að því leyti að þak þess er einangrað líkt er í flestum fjósum hér á landi. Það var þó ekki vegna mikillar frosthörku í Hollandi, en á þessu landsvæði er vetrarkuldinn í kringum 10 stiga frost, heldur vegna mikilla sumarhita. Einangrunin heldur sumarhitnum úti svo kúnum líði ekki illa, en þegar hitinn fer yfir 20 gráður á sumrin fer kúnum að líða illa og því mikilvægt að halda umhverfinu eins köldu í kringum þær og hægt er.

#### Skuldar ársveltuna

Síðasta fjósið, í eigu Vetker-Gravelman, sem var heimsótt í tengslum við þetta námskeið var byggt árið 2011 og kostaði þá 2,2 milljónir evra eða um 320 milljónir króna. Til búsinu heyrja 97 hektarar og 250 kúr auk geldneytis. Þrátt



Fjósið er afar léttbyggt og minnr meira á gróðurhús en hefðbundið fjós eins og sjá má.

Mynd / Rúnar Skarphéðinsson



Stórt gluggasvæði utan við hringekjuna í fjósinu gaf því glæsilegt útlit eins og sjá má úr fyrsta fjósinu sem við heimsóttum en það fjós var byggt eins og gróðurhús og dúkklaett.

fyrir mikinn byggingakostnað vakti athygli námskeiðsgestanna að skuldir búsinu voru furðu litlar eða um 800 þúsund evrur (117 milljónir) sem svarar nokkurn veginn til ársveltu búsinu. Skýringuna á sterkri eiginfjárstöðu sagði ábúandinn að lægi í því að hann seldi land á afar háu verði og gat þar með fjárfest í

nýju fjósi með hóflegu lánschlutfalli.

#### Nótt fyrir klukkan sex

Í fjósinu var mjaltahringekja frá SAC og tók það 2-3 starfsmenn rétt rúma tvo tíma að mjólka og þrifa aðstöðuna. Mjaltatímminn var þó frábrugðinn frá því sem var á

öðrum búum sem heimsótt voru með hefðbundin mjaltatæki en mjólkað var kl. 6 að morgni og aftur klukkan fimm eftir hádegið. Aðspurður um af hverju ekki væri mjólkað fyrr eins og hjá hinum kollegum bóndans sagði hann einfaldlega: „Það er nótt fyrir klukkan sex“ og var það ekki rætt frekar!

#### Fær greitt fyrir að beita kúnum

Kúrnar 250 fara allar á beit á sumrin en fyrir það greiðir afurðastöðin sérstakt álag á mjólkina. Álagið nemur 3-4 evrusentum á lítrann (4-6 krónur) en skýringin á því af hverju greitt er aukalega fyrir mjólk frá kúnum sem er beitt felst í sérstöðu þess að beita kúnum, enda ekki skylda að beita þeim í Hollandi. Svo hægt sé að fá viðbótargreiðsluna frá afurðastöðinni

þurfa búin þó að uppfylla ákveðin skilyrði s.s. að kúrnar eiga að vera úti að lágmarki 120 daga á ári og í að minnsta kosti sex klukkustundir á dag.

Að loknum hinum faglega hluta námskeiðsins nutu námskeiðsgestir svo tæplega tveggja daga veru í Amsterdam í frábæru veðri, áður en haldið var heim á ný í íslenska veturinn. Að halda námskeið fyrir íslenska bændur erlendis er nýtt af nálinni en miðað við hvernig til tókst, má telja afar líklegt að þessu verði framhaldið enda komust færri með en vildu. Ekki hefur þó verið ákveðið hvort eða þá hvenær farið verður í næsta námskeið.

Snorri Sigurðsson  
Ráðgjafi hjá SEGES P/S  
sns@seges.dk

## Norræn ráðstefna um hönnun búfjárhúsa á Íslandi í haust

Næsta haust, nánar tiltekið 9.-11. september, verður haldin ráðstefnan Nordisk byggetræf 2015 á Íslandi en þessi ráðstefna er haldin í samvinnu við norrænu samtökin NJF. Þessi ráðstefna er nú haldin í níunda sinn og annað sinn á Íslandi, en hún flakkar á milli Norðurlandanna og er haldin annað hvert ár. Tilgangur ráðstefnunnar er að þjappa saman helstu fjós-, fjárhúsa- og hestúshönnuðum Norðurlanda og kynna þeim því nýjasta í hönnun á hverjum tíma og um leið að gefa fólki tækifæri til þess að kynna hvað öðru með tilheyrandi göðum tengslum og bætttri þekkingu.

Ráðstefnan verður sett af Sigurði Inga Jóhannssyni landbúnaðarráðherra miðvikudaginn 9. september á Hótel Örki í Hveragerði og í kjölfar setningarinnar hefst dagskrá ráðstefnunnar en hún er sett upp sem blanda af fyrirlestur og verklegum heimsóknum í búfjárhúsum. Föstudaginn 11. september verður ráðstefnan flutt til Reykjavíkur og endað á skoðunarferð um sérvalin hesthús í einu af hestúshaverfum höfuðborgarinnar.



Búist er við góðri þátttöku norrænna gesta en nú þegar eru á fjórða tug erlendra gesta skráðir á ráðstefnuna. Íslenskt fagfólk getur einnig tekið þátt í ráðstefnunni, en skráningarfrestur til þátttöku er 1. júní nk. og er þátttökugjald án gistikostnaðar 45 þúsund krónur. Hægt er að sjá dagskrá ráðstefnunnar á heimasíðu RML: <http://www.rml.is/is/rekstur/butaekni/nordisk-byggetraef-2015> en nánari upplýsingar veitir Snorri Sigurðsson, ráðgjafi hjá SEGES P/S (sns@seges.dk). Skráning á ráðstefnuna er á heimasíðu NJF: [www.njf.nu](http://www.njf.nu), en vakinn er athygli á því að tungumál ráðstefnunnar er skandinavíska.

REYKJAVÍK S: 414-0000 / AKUREYRI S: 464-8600 / [www.VBL.is](http://www.VBL.is)

## COSMO ÁBURÐARDREIFARAR

Cosmo áburðardreifarnir eru vandaðir og ódýrir dreifarar sem fengið hafa góðar viðtökur hér á landi



**COSMO RE-800**  
Ryðfrír - Tvær skífur  
650 lítra - Vökvaopnun

**COSMO RE-1280**  
Ryðfrír - Tvær skífur  
1200 lítra - Vökvaopnun



**COSMO RTX 800**  
Ryðfrír - Ein skífa  
650 lítra - Vökvaopnun



**COSMO PTP 300**  
Ein skífa - 268 lítra  
Drifin með hjólunum  
er með kúlutengi



**COSMO P-500**  
Ein skífa - 385 lítra

**COSMO**

**NB**  
LANDBÚNAÐUR ehf.  
NB Agriculture Ltd.

[www.VBL.is](http://www.VBL.is)

REYKJAVÍK  
Krókháls 5F  
110 Reykjavík  
Sími: 414-0000

AKUREYRI  
Baldursnes 2  
603 Akureyri  
Sími: 464-8600



# Þróun í mati og mælingum á „nýjum eiginleikum“ hjá mjólkurkúm

Jón Viðar Jónmundsson  
jvj@bondi.is



**Þekktasta búfjárræktartímarit í heimi, Animal, birti nýverið yfirlitsgrein þar sem það hafði smalað saman nokkrum þekktustu sérfræðingum á sviði heilsufars, mjólkurgæða og meðferðarþátta hjá mjólkurkúm til að skrifa.**

Öðrum þæði eru þeir að velja fyrir sér ræktunarmöguleikum gagnvart slíkum eiginleikum en einnig gefa þeir mjög víðfemt yfirlit um þróun í mati og mælingum slíkra eiginleika á síðustu tveim áratugum. Hér á eftir vil ég reyna að endursægja nokkur atriði úr þessu yfirliti sem ég tel áhugaverð fyrir mjólkurframleiðendur að leiða hugann að.

Í upphafi fjalla þeir um breyttar áherslur í ræktun mjólkurkúa. Lengi var áhersla á afurðagetu allsráðandi þar sem hún réð mestu um afkomu bænda í greininni. Á síðustu áratugum hafa áherslur á aðra eiginleika aukist og almennar samfélagskröfur um matvælaöryggi og hagkvæma og umhverfisvæna framleiðslu. Þetta er það nýtilkomið að þeir leyfa sér að fjalla um þetta sem nýja eiginleika. Áherslur á hraustar og sterkari kýr hafa aukist vegna minni frjósemi og lífsþróttar sem víða hefur orðið vart samfara afurðaaugkingu. Áskoranir mannkyns um aukna matvælaframleiðslu vegna aukins mannfjölda gera kröfur til betri nýtingar og þá m.a. á föðri í mjólkurframleiðslunni. Í framtíðinni þarf einnig að horfa til kostnaðar við öflun upplýsinga og hverju þær skila til baka til bændanna. Við upplýsingaöflun verða síauknar kröfur bænda um gagn af aukinni upplýsingaöflun fyrir bústjórn og meðferð kúnna. Aukin áhersla á sterka gripi skapast vegna stærri búa og aukins kostnaðar vegna aðfengins vinnuafis.

Samfélagskröfur vegna bættrar umhverfismenningar og loftlagsáhrifa beina kröfum í vaxandi mæli að betri nýtingu föðurefna í framleiðslunni en verið hefur. Þetta mun kalla á nýja eiginleika í ræktunarstarfinu. Auknar kröfur neytenda um gegnsæi, góða meðferð gripa og heilbrigð matvæli hafa leitt af sér meiri áherslur á sjúkdóma- og lyfjaskráningu. Þeir sjúkdómar sem valda langmestu tjóni í mjólkurframleiðslunni eru ófrjósemi, jógurheilbrigði og fótaheilbrigði. Síðasti þátturinn hefur sem betur fer ekki verið sama áhyggjuefni íslenskra bænda og margra stefsfélaga þeirra erlendis vegna minni kúa hér á landi en víðast erlendis.

Kannanir meðal bænda eru samhljóða um að bændur gera auknar kröfur um hraustar og endingagóðar kýr. Þetta hefur birst í breyttum ræktunaráherslum þar sem áhersla á afkastagetu minnkar en áhersla færast að sama skapi yfir á frjósemi, jógurhreysti og fjölmarga fleiri hreysti og heilsufarseiginleika. Slíkar áherslubreytingar hófust víða á Norðurlöndunum fyrir þrem til fjórum áratugum en í flestum öðrum löndum eru þetta aðeins breytingar sem orðið hafa á síðustu einum eða tveim áratugum. Í greininni er birt yfirlit um áherslur á einstaka eiginleika í nær tuttugu löndum um víða veröld. Algengt er í dag að á bilinu 10–20 eiginleikar séu með í ræktunarmarkmiðinu, en fyrir aðeins 15–20 árum voru áherslur nánast um allan heim utan Norðurlandanna þannig að afkastageta til mjólkurframleiðslu hafði 75–100% vægi. Um þetta hef ég oft áður fjallað hér í blaðinu. Það sem er ástæða til að horfa til í dag er að nú sést árangur af þessu greinilega í mismunandi þróun hjá kúastofnum á Norðurlöndunum og í öðrum löndum. Í dag virðast nánast

allir sammála um að þessi mismunandi þróun sé mjólkurframleiðslu á Norðurlöndunum mikið í vil.

Tækniþróunin hefur einnig haft gífurleg áhrif. Sjálfvirk mælitækni er í mjög hraðfara þróun og möguleikar til upplýsingaöflunar margfaldir í samanburði við það sem var fyrir áratug. Verkefnið í dag er fremur að gera sér grein fyrir hvaða upplýsingar eru gagnlegar og hverjar aðeins ryk.

Í greininni er mikið fjallað um byltinguna í nautgripakynbótum með erfðatækni og vali út frá erfðamengi. Þarna er þróunin á fullri ferð og vonandi gerist þar eitthvað á allra næstu árum sem gerir okkur kleift að nýta okkur þessa byltingarkenndu breytingu. En vegna þess að svo er ekki enn sleppi ég nánast með öllu þeirri umfjöllun í greininni. Í framhaldinu kemur umfjöllun um einstaka eiginleika.

## Sjúkdómaskráning

Norðmenn hófu 1975 skipulega skráningu á öllum sjúkdómsgreiningum dýralækna og hafa nýtt þær síðan í ræktunarstarfinu. Um áratug síðar kemst á slík skráning á hinum Norðurlöndunum (nema Íslandi). Á síðasta áratug hefur slík skráning einnig verið tekin upp víðar í Evrópu. Allar rannsóknir sýna að notkun á slíkum upplýsingum er árangursríkari en einhverjar óbeinar mælingar ef taka skal þessi þætti með í ræktunarstarfið.

Stærsta ávinninginn telja höfundar samt að sé að sækja í blandað upplýsingakerfi dýralækna og bænda. Lykilatriði þar sé að þessir aðilar nota mismunandi lykila fyrir skráningu sjúkdóma. Dýralæknar nota flókna lykila um sína nákvæmu greiningu. Bændur eigi hins vegar að nota eins einfalt lykila kerfi og mögulegt er að búa til. Blöndun slíkra upplýsinga hefur hins vegar sýnt sig að vera ákaflega árangursrík. Þannig fást mun umfangsmeiri upplýsingar og fyrir suma sjúkdóma verða skráningar bændanna algerar viðbótarupplýsingar um vægari form sjúkdómanna.

## Jógurhreysti

Í mjólkurframleiðslu um allan heim þá er jógurbólga alvarlegur vágastur. Um leið eru mæling frumutölu nær allsstaðar notaðar sem óbeinn mælikvarði á jógurhreysti. Rannsóknir víða þar sem nákvæm greining jógurbólgu og frumutölmælingar eru borna saman sýna að talsvert vantar á að hér sé um fullkomnar mælingar að ræða. Erfðafylgni frumutölmælinga og jógurbólgu greininga er yfirleitt á bilinu 0,6–0,7. Jógurbólga er sjúkdómsferill og rannsóknir með að nota mun tíðari frumutölmælingar til að lýsa ferlinum skila oft verulegum viðbótarupplýsingum.

Griðarlegar rannsóknir hafa farið fram um allan heim í leit að öðrum mælikvörðum fyrir jógurhreysti, en engar mælingar hafa enn fundist sem virðast skila jafn öruggum upplýsingum og frumutölmælingar. Nákvæmar mælingar á bakteríustofnum frá rannsóknarstofum skila að vísu talsvert nákvæmari mælingum en þær eru það dýrar að þær henta ekki til notkunar í almennu ræktunarstarfi. Þær hafa hins vegar reynst hvað þýðingamestar í baráttu við jógurbólgu hjá kvígum. Ódýrari og fljótvirkari mælingar, sem því miður hafa ekki enn fundist, til að geta leyst frumutölmælingar af hólmni er vonarneisti margra.

## Frjósemi

Fyrir í vetur birti ég hér í blaðinu endursögn á erlendri grein um þróun í frjósemi hjá mjólkurkúm og margt af því sem þar segir kemur einnig fram í þessari grein.



Þeir benda á að margskonar upplýsingar séu fyrir hendi til að meta frjósemi. Þrátt fyrir það er bil milli burða hinn ráðandi mælikvarði um þennan eiginleika um allan heim.

Þeir fjalla ítarlega um þróun á margvíslegri tækni til óbeinna mælinga. Nýting á holdastigun hefur mikið verið rannsökuð á síðustu árum til slíkra nota. Mestar rannsóknir hafa samt verið á beiðisgreiningu og þróun mælikvarða á frjósemi á grunni slíkra mælinga. Í því sambandi hafa verið þróaðir margvíslegir hreyfiskynjarar, skrefateljarar og margt annað en höfundarnir telja slíkar mælingar og mælitæki ekki enn nægjanlega nákvæmar. Auk þess verði að þróa sjálfvirkan aflestur slíkra upplýsinga til að þær komi að fullum notum. Progesteronmælingar virðast enn nákvæmstu mælingarnar sem kostur er á til nógu nákvæmrar ákvörðunar á beiðisli.

Talsvert ræða þeir það sem greinilega vekur meiri og meiri athygli og rætt er í áður nefndri grein fyrir í vetur. Það eru hinir deyðandi erfðavísar sem valda truflun á frjósemi. Það sem er nýjast í þessu efni er að á Norðurlöndunum hafa verið þróaðar DNA greiningar fyrir nokkrum af þessum genum sem sum virðast allútbreidd í rauðu kynjunum þar. Það hefur sýnt sig að sum þeirra hafa mjög sterk tengsl við afkastagetu og því ákaflega mikilvægt að hefta útbreiðslu þeirra. Öllum nautkálflum sem í dag greinast með þessi gen er því tafarlast slátrað en aðeins eru nokkrir mánuðir síðan það kom til framkvæmda.

## Fótamein

Eins og áður segir þá er þetta takmarkað vandamál hjá íslenskum kúm. Hjá mörgum erlendum kynjum hefur þetta hins vegar verið síaukið vandamál á síðustu áratugum. Á síðustu fimm árum hefur í mörgum Evrópulöndum verið tekin upp skipuleg skráning upplýsinga hjá klaufskurdarmönnum. Urmull rannsókna allra síðustu ára á þessum upplýsingum endurspeglar mikla bjartsýni vísindamanna um verulegan árangur af hagnýtingu á þessum upplýsingum í baráttu við þennan vágast.

## Efnaskiptamælingar

Ákaflega mikil þróun í mælitækni hefur átt sér stað í sambandi við mælingar á margvíslegum efnaskiptaþáttum. Í þeim efnum telja höfundar samt að ekki hafi enn sést neinir stórkostlegir landvinningar í þeim efnum. Þeir telja samt að þeir geti verið handan hornsins sérstaklega í sambandi við notkun sjálfvirkra mjaltakerfa. Í þeim efnum vænta þeir mests árangurs takist að þróa góða mælitækni til að greina dulinn

súrdoða sem þeir segja að valdi mjólkurframleiðslu í Evrópu miklu meira tjóni en almennt er viðurkennt.

## Burðareiginleikar

Í mörgum löndum eru burðarerfiðleikar í kynbótamati gripa en þetta er marþættur eiginleiki eins og ég hef áður fjallað um. Burðarerfiðleikar vegna kálfsins og hjá kúnni eru sitt hvað og eiginleikinn hjá fyrsta kálfs kvígum og fullorðnum kúm er fjarni því að vera sami eiginleiki. Höfundar telja samt að í mörgum löndum hafi menn ekki náð árangri sem skyldi sökum þess að eiginleikinn hafi ekki verið metinn á réttan hátt.

Í sambandi við þetta ræða þeir nokkuð atriði sem til þessa hefur fengið mjög takmarkaða athygli. Það eru afföll frá því að kálfar eru settir á þar til kvígum koma í framleiðslu. Telja þeir að víða séu þessi afföll meiri en menn geri sér grein fyrir. Þá geta afföll á þessum gripum hugsanlega haft meira gildi en margar aðrar, sérstaklega þó ef erfðagallar eru auknið vandamál. Þeir benda á að hvergi mundi horft til þessa í sambandi við kynbótamat fyrir endingu hjá gripum í mjólkurframleiðslu.

## Fóðurnýting

Það er ljóst að fóðurnýting er einn allra mikilvægasti eiginleiki í búfjárrækt. Með búfjárræktunni er verið að breyta föðri í fæðu fyrir mannfólk. Annað atriði sem er að koma í auknum mæli inni umræðuna er metanframleiðsla hjá jörturdýrum í sambandi við gróðurhúsaáhrif. Það er vítað að erfðabreytileiki er talsverður í fóðurnýtingu. Hins vegar er hún nær hvergi mæld í sambandi við búfjárrækt vegna hins gífurlega kostnaðar við slíkar mælingar.

Þessir þættir eru mikið ræddir í greininni. Höfundar eru svartsýnir á að mælitækni í sambandi við metanframleiðslu þróist á komandi árum þannig að slíkar mælingar verði notandi í ræktunarstarfi.

Vegna kostnaðar við mælingar á fóðurnýtingu telja þeir aðeins eina aðferð nýta til framtíðar. Það sé að koma á vídtæku alþjóðasamstarfi um mælingar á fóðurnýtingu og erfðagreiningar sömu gripa. Þessi grunnur verði síðan notaður til að framkvæma úrval til aukinnar fóðurnýtingar út frá erfðamengi. Hér virðast þeir gera ráð fyrir að vegna þess að mikið er verið að fást við almenna efnaskiptaferla sé meira af upplýsingum sameiginlegt mörgum kynjum en fyrir marga aðra eiginleika.

## Ýmsir aðrir eiginleikar

Í styttra máli fjalla þeir um marga aðra eiginleika. Sumir þeirra fá það

vegna þess að þeir hafa óvíða fengið sömu áherslu og hér á landi. Þetta á við um skap gripa sem lítið hefur verið lagt uppúr í ræktunarstarfi í flestum löndum. Nýsjálandingar hafa líklega öðrum þjóðum fremur horft lengi á þennan eiginleika. Ekki hvað síst sem tamningu kvígnanna í mjaltabá. Hið sama á líka við um mjaltir kúa. Utan Norðurlandanna hefur þessum eiginleika lítið verið sinnt í ræktunarstarfinu og nánast ekkert vestabhafis. Upplýsingaflæði sem nú kemur frá mjaltabjónum telja þeir hins vegar að verði nýtt í auknum mæli. Erlendar rannsóknir sýna fullkomna erfðafylgni á milli eldri aðferða við mat á mjóltum og mælinga frá mjaltabjónunum. Þá benda þeir líka á að úr upplýsingum frá mjaltabjónum megi mögulega nýta ýmsar aðrar mælingar til að meta hegðunareiginleika hjá kúnum. Þessu til viðbótar er fjallað í greininni um aðlögun nautgripa að breyttu veðurfari, sog hjá kálflum og kúm, fitusýrur í mjólk, ystunareiginleika mjólkur og kjóttframleiðslu af mjólkurkúm. Þeir telja yfirleitt ekki stórtíðinda að vænta í sambandi við þessa eiginleika í ræktunarstarfi á allra næstu árum.

## Þróun upplýsingaöflunar

Síðari hluti greinarinnar fjallar um hina gífurlega þróun í mæli- og upplýsingatækni og verður hlaupið hratt yfir í endursögn. Þeir ræða um síaukið mikilvægi sameiginlegra upplýsingabanka sem geymi upplýsingar um gripina úr ýmsum áttum á einum stað. Þar má nýta þessar upplýsingar þegar þær eru komnar saman til margvíslegrar víðtækari ákvæðanatöku. Á næstu árum verði auknar kröfur um einfalt aðgengi bænda að þessum upplýsingum. Kröfur verði gerðar um fljótvirka svörun á einföldum og skýrum skilaboðum. Í sambandi við upplýsingaöflun nefna þeir að enn sé samræming í skilgreiningum og skráningu á upplýsingum verulegt vandamál í sambandi við fjölbreytta flóru tækni- og tækjaframleiðenda. Aðgengi að upplýsingum frá ýmsum að þessum tækjabúnaði sé síðan annar kaffli sem alltof víða þarfnist enn stórfelldrar endurskoðunar og endurbóta.

Gagnrýnið mat á því hvaða upplýsingum sé vert að safna og hvað sé aðeins söt sem frekar skemmi fyrir en nauðsynlegt og verður enn nauðsynlegra vegna þess að framboð á nýrri mælitækni og upplýsingakerfum mun aðeins aukast.

Skýrar, einfaldar upplýsingar sem auðvelt er að nálgast og skila léttari vinnu fyrir bóndann og auðveldar honum bústjórn og yfirsýn verður krafa næstu ára.



## Mjólkurframleiðslan:

## Markviss beiðslisgreining eykur arðsemi

**Þorsteinn Ólafsson**  
Stöðvartýralæknir  
Nautastöðvar



**Að undanförunu hef ég reynt að gera mér grein fyrir mögulegum brotalönum varðandi slaka frjósemi mjólkurkúa á Íslandi.**

Ég skoðaði frjósemiskýrslur 58 búna í skýrsluhaldsforritinu Huppu, sem dreifðust jafnt um landið og þar sem sæddar voru 20 eða fleiri kýr innan árs frá 2013 til 2014. Þetta lætur nærri því að vera 10% af kúabúum á landinu. Það skal tekið fram að ekki hefur verið gerð nein tölfræðileg greining á gögnunum, aðeins reiknuð út meðaltöl og að einhverju leyti fjarlægðar auðsæjar villur.

Þegar lagt er mat á frjósemi á kúabúum eru nokkur atriði sem hægt er að skoða.

Það sem skiptir máli er að kýrnar beri þegar bóndinn vill að þær beri. Tímenn á milli burða skiptir mestu máli. Yfirleitt hefur verið talið heppilegast að kýrnar beri með því sem næst árs millibili – að það líði u.þ.b. 365 dagar á milli burða.

Ekki hefur verið gerð nein rannsókn á því hvert bilið á milli burða ætti að vera á íslensku kúabúum

miðað við aðstæður hér á landi. Það er löngu tímabært að slík athugun verði gerð. Þar þarf m.a. að taka mið af nyt á seinustu vikum mjaltaskeiðsins, afurðaverði, fóðurverði, kostnaði við hýsingu, lengd geldstöðu, kálfaverðmæti til kjötfraðslu en ekki síst til endurnýjunar.

Ég tel ekki fráleitt að eftirsóknarvert sé að tímenn á milli burða á hverju búu sé að meðaltali á milli 12 og 13 mánuðir, 365 til 395 dagar.

## Niðurstöður

Á búunum í úrtakinu var tími á milli burða frá 365 og upp í 458 daga, – að meðaltali 402 dagar. Ég skipti búunum í úrtakinu í fjóra jafn stóra flokka og byrjaði á því að skoða meðalnyt síðustu 12 mánaða. Nyttin sl. 12 mánuði var að meðaltali 5.645 kg á öllum búunum. Nyttin í þeim fjórðungi búna sem stystan tíma hafði milli burða eða 365 til 383 daga var að meðaltali 5.991 kg. Næsti fjórðungur var með 383 til 399 daga milli burða og meðalnyt 5.816 kg. Þriðju fjórðungurinn var með 401 til 421 dag á milli burða og þar var nytin 5.467 kg og þau bú sem voru með lengstan tíma milli burða var nytin 5.213 kg að meðaltali.

Af búunum 58 voru 24 bú með

**Tafla 2.** - Dagafjöldi frá burði að fyrstu sæðingu, dagafjöldi frá fyrstu sæðingu til síðustu sæðingar og aldur kúa í mánuðum við fyrsta burð. - Búunum er skipt á sama hátt og í töflu 1.

Tími milli burða	Fjöldi búna	Burður 1. sæðing	1.sæðing síðasta sæðing	56 daga ekki uppbeiðsli	Aldur við 1. burð, mánuðir
365 til 383 dagar	15	71	32	52%	27
384 til 399 dagar	15	80	29	54%	28
400 til 421 dagar	15	89	39	50%	29
> 421 dagar	13	109	49	44%	30
< 14 mánuðir	24	74	31	54%	27
>13 mánuðir	34	96	41	48%	29

innan við 14 mánuði milli burða. Þar var meðalnytinn 6.022 kg. Fjöldi árskúa var að meðaltali 50 kýr. Á 34 búum þar sem tímenn milli burða var meiri en 13 mánuðir var meðalnytinn 5380 kg og árskýrnar 45. **Sjá töflu 1.**

Ég skoðaði einnig hvaða munur var á burðarstjórnun í þessum sömu hópum, **sjá töflu 2.**

Það er afgerandi að á þeim 15 búum sem hafa styst á milli burða er byrjað að sæða kýrnar fyrr en á hinum búunum. Þar bera kvígurnar einnig yngri. Ef eingöngu eru borin saman þau 24 bú þar sem líða innan við 14 mánuðir milli burða sést að þar líða að meðaltali 74 dagar í fyrstu sæðingu og 54% kúnna beiða ekki upp innan 56 daga og kvígurnar bera 27 mánaða gamlar. Á hinum 34 búunum þar sem kýrnar hafa meira en 13 mánuði milli burða eru samsvarandi tölur 96 dagar, 48% og 29 mánuðir.

## Vangaveltur

Á ríflega 40% af búunum í úrtakinu tekst að láta kýrnar bera með 12 til 13

mánaða millibili. Það virðist vera afgerandi að þar er byrjað að sæða kýrnar að meðaltali þremur vikum fyrr eftir burð en á hinum hluta búanna. Þó að byrjað sé að sæða gangmáli fyrr á þeim búum, er fanghlutfallið talsvert hærra, og 54% af kúnnum beiða ekki upp innan 56 daga á móti 48%. Það tekur einnig 10 dögum skemmri tíma að koma kálfi í kýrnar. Kvígurnar bera tveimur mánuðum yngri á þessum 24 búum. Eftirlitið með beiðslunum er greinilega mun betra á þeim búum sem hafa styttra milli burða.

Það er líklegt að bústjórnin í heild sé betri á þeim 24 búum sem eru með styttri tíma milli burða og líklega skýrir það eitthvað af þeim 642 kg afurðamuni sem er á milli flokkanna. Þó er ekki vafi á því að styttri tími milli burða skýrir talsvert af þessum afurðamun. Það sést á því að þegar búunum er skipt í fjóra flokka er greinileg fylgni á milli styttri tíma milli burða og aukinnar nýtar.

Helsta brotalömin varðandi frjósemi kúnna er, að það er farið of seint að sæða kýrnar eftir burð. Yfirleitt er ráðlagt að farið sé að sæða kýrnar þegar liðnar eru 6 vikur,

42 dagar frá burði. Sá tími sem bóndinn notar til þess að fylgjast með beiðmálum kúnna getur skilað honum meiri tekjum en flest annað sem hann tekur sér fyrir hendur á búinu. Þó að ég giski á að munurinn á tíma á milli burða skýri ekki nema helminginn af afurðamuninum á þeim búum sem hafa minna en 14 mánuði milli burða og hinum sem hafa lengra milli burða þ.e. 321 kg á kú, skilar það 26.617 kr á kú miðað við afurðarstöðvarverð kr. 82,92. Miðað við meðalfjölda árskúa á lakari búunum, 45 árskýr, verður það rétt um 1,2 milljónir króna á bú. Auk þess skila kýrnar fleiri kvígum til endurnýjunar og fleiri kálfulum til sláturreldis. Hér er um hreinan ávinning að ræða, vegna þess að fastur kostnaður á kú er talsvert lægri á þessum 24 búum.

Hér er svo ótalinn ávinningur sem þessi 24 bú hafa af því að kýrnar bera tveimur mánuðum yngri en á hinum búunum.

Þessi athugun bendir til þess að það sé mjög mikil ónýtt framleiðslugeta í mjólkurframleiðslu á Íslandi og 60% af búunum geta bætt reksturinn verulega með því að efla og bæta eftirlit með beiðslum kúnna.

**Tafla 1.** - Tími á milli burða á 58 búum og nyt sl. 12 mánuði og fjöldi árskúa

Búunum var skipt í fjóra álika stóra hópa. Annars vegar bú þar sem tímenn milli burða var innan við 14 mánuðir (365 til 392 dagar) og þar sem tímenn milli burða var meira en 13 mánuðir (397 til 458 dagar).

Tími milli burða	Fjöldi búna	Nyt sl. 12 mánuði, kg	Árskýr
365 til 383 dagar	15	5.991 (4.673-7.219)	54 (28-112)
384 til 399 dagar	15	5.844 (4.473-7.793)	45 (24-77)
400 til 421 dagar	15	5.531 (3.361-6.935)	50 (17-115)
> 421 dagar	13	5.213 (2.534-6.424)	41 (21-108)
< 14 mánuðir	24	6.022 (4.504-7.793)	50 (24-112)
> 13 mánuðir	34	5.380 (2.534-7.418)	45 (17-115)

# Vörur fyrir kröfuharða viðskiptavini í íslenskri sveit



## Búrekstrarvörur í vorverkin og allt í sauðburðinn í verslunum Líflands.

Fjölbreytt úrval af fóðurvöru, bætiefnafötum og saltsteinum. Kálfafötur, mjólkurduft og kálfamúsli og nýtt og endurbætt kjarnfóður í kálfaeldið.

Landsins mesta úrval af sáðkorni, gras- og grænfóðurfræi.

Ærblöndurnar sívinsælu, með 15% eða 24% próteininnihaldi.

Merkisprey, kindamúll, burðargel, burðarhjál, pelar, mjólkurduft og allt það helsta í sauðburðinn.

Fóðurtrog, brynningarskálar og drykkjarnipplar í úrvali.

Sala og ráðgjöf  
Sími 540 1100

Lynghálsi, Reykjavík  
Lónsbakka, Akureyri

Borgarbraut, Borgarnesi  
Efstubraut, Blönduósi

www.lifland.is  
lifland@lifland.is

  
**LÍFLAND**





Nautgripæræktarkerfið Huppa:

# Fjölgun förgunarástæðna

Þær breytingar hafa nú verið gerðar í nautgripæræktarkerfinu Huppu að förgunarástæðum hefur verið fjölgað og jafnframt er nú gefinn kostur á að skrá tvær förgunarástæður, þ.e. fyrir ákveðnar förgunarástæður er hægt að skrá samsettan lykili með tveimur ástæðum.

Þær ástæður sem hefur verið bætt við eru há frumutala, lungna-/öndunarfærasjúkdómar, fótamein og annað sem er þá lykili fyrir ástæður sem ekki eru tilgreindar eða skilgreindar annars staðar. Jafnframt hefur heitum verið breytt á nokkrum ástæðum og má þar nefna að lykili 1, *beinaveiki*, breytist í *efnaskipta-/meltingarsjúkdómar*, lykili 3 breytist í *ófrjósemi/gripur heldur ekki* og lykili 18, *unggrip slátrað* verður nú *slátrað til kjötframleiðslu* og nær þannig t.d. yfir holdakýr og -kvígur

sem aldar eru til kjötframleiðslu auk nauta. Samhliða þessu er nú hægt að haka við ef gripur er aflífaður heima á búi vegna veikinda eða slyss og sendist þá tilkynning til MAST en samkvæmt reglugerð um velferð nautgripa ber bændum/umráðamönnum nautgripa að tilkynna slíkt samdægurs.

Í meðfylgjandi töflu má sjá lista yfir þær förgunarástæður sem finna má í Huppu og skýrsluhaldinu. Jafnframt kemur fram í töflunni á hvaða gripi hægt er að skrá viðkomandi ástæður en í hlutarins eðli liggur að t.d. lykili 2, *júgurbólga* á aðeins við um kýr en hvorki kvígur eða naut.

Við vonum að þessar breytingar mælist vel fyrir og komi að verulegu leyti til móts við þær óskir að geta tilgreint fleiri en eina förgunarástæðu þegar við á.

## Utan úr heimi



## Hlýnun jarðar:

# Baunir framtíðarinnar

Nærri 400 milljónir manna reyða sig á baunir sem hluta af daglegri fæðu sinni. Árið 2050 gæti ræktun bauna í heiminum hafa dregist saman um 50% aukist lofthiti sem sama hraða og spár gera ráð fyrir.

Árið 2012 hóf stofnunin Consultative Group for International Agricultural Research (CGIAR) í Eþíópíu rannsóknir á ríflega þúsund mismunandi tegundum af baunum. Tilgangur rannsókna var að finna hita- og þurrkþolustu baunirnar og baunir sem hægt væri að rækta á svæðum þar sem hlýnun jarðar gerði ræktun ýmissa algengra baunategunda í dag ómögulega.

Baunir eru upprunnar í fjalllendi Mið- og Suður Ameríku og þrátt fyrir langæræktunarsögu þrífast þær illa fari loft hiti yfir ákveðin mörk auk þess sem þær þurfa mikið vatn. Umrædd rannsókn fór fram í Kólumbíu, bæði utandyra og í gróðurhúsum. Rannsóknin leiddi

þess að 30 tegundir af baunum voru valdar til áframræktunar.

Spár gera ráð fyrir að ræktun bauna sem algengar eru í dag geti dregist saman um 50% fyrir árið 2050 í Suður Ameríku og Afríku þar sem neysla þeirra er almennust vegna hækkunar lofthita. Talið er að baunirnar sem valdar voru til áfram ræktunar lofi góðu fyrir fjölda svæða í Afríku þar sem matarskortur er ríkjandi í dag.

Aðstandendur rannsókna segja vilja koma í veg fyrir að fjölbjóðleg fyrirtæki nái yfirráðum yfir baununum og vonast til að geta selt smábændum í Afríku og Suður Ameríku baunir í litlum einingum sem þeir hafa á að kaupa en ekki í 50 kílóa sekkjum sem eru langt utan við kaupgetu þeirra.

Eftir að bændurnir hefja ræktun baunanna eiga þeir svo að hafa leyfi til að safnað fræjum og sá þeim á næsta ræktunartímabil en ekki að þurfa að kaupa þau aftur vegna einkaleyfa ákvæða. / VH

## Förgunarástæða

Förgunarástæða	Kýr	Kvígur	Naut
1. Efnaskipta-/meltingarsjúkdómar	Já	Já	Já
2. Júgurbólga	Já	Nei	Nei
3. Ófrjósemi/gripur heldur ekki	Já	Já	Nei
4. Spenastig	Já	Nei	Nei
5. Áföll við burð	Já	Nei	Nei
6. Litlar afurðir	Já	Nei	Nei
7. Elli	Já	Nei	Nei
8. Bráðadauði	Já	Já	Já
9. Slys/óhapp	Já	Já	Já
10. Spenagallar	Já	Já	Nei
11. Júgurgallar	Já	Já	Nei
12. Skapgallar	Já	Já	Nei
13. Aðlögun að framleiðsluheimildum/búrekstri hætt	Já	Já	Nei
15. Óþekkt eða óviss ástæða	Já	Já	Já
16. Gallar í mjöltum	Já	Nei	Nei
18. Slátrað til kjötframleiðslu	Já	Já	Já
19. Há frumutala	Já	Nei	Nei
20. Lungna-/öndunarfærasjúkdómar	Já	Já	Já
21. Fótamein	Já	Já	Já
22. Annað	Já	Já	Já
30. Júgurbólga og efnaskiptasjúkdómar	Já	Nei	Nei
32. Júgurbólga og ófrjósemi	Já	Nei	Nei
33. Júgurbólga og litlar afurðir	Já	Nei	Nei
34. Júgurbólga og júgur-/spenagallar	Já	Nei	Nei
35. Júgurbólga og gallar í mjöltum	Já	Nei	Nei
36. Júgurbólga og skapgallar	Já	Nei	Nei
37. Júgurbólga og fótamein	Já	Nei	Nei
38. Júgurbólga og fótamein	Já	Nei	Nei
39. Júgurbólga og annað	Já	Nei	Nei
40. Ófrjósemi og efnaskiptasjúkdómar	Já	Já	Nei
41. Ófrjósemi og spenastig	Já	Nei	Nei
43. Ófrjósemi og litlar afurðir	Já	Nei	Nei
44. Ófrjósemi og júgur-/spenagallar	Já	Já	Nei
45. Ófrjósemi og gallar í mjöltum	Já	Nei	Nei
46. Ófrjósemi og skapgallar	Já	Já	Nei
47. Ófrjósemi og fótamein	Já	Já	Nei
48. Ófrjósemi og öndunarfærasjúkdómar	Já	Já	Nei
49. Ófrjósemi og há frumutala	Já	Nei	Nei
50. Spenastig og efnaskiptasjúkdómar	Já	Nei	Nei
51. Spenastig og júgurbólga	Já	Nei	Nei
53. Spenastig og litlar afurðir	Já	Nei	Nei
54. Spenastig og júgur-/spenagallar	Já	Nei	Nei
55. Spenastig og gallar í mjöltum	Já	Nei	Nei
56. Spenastig og skapgallar	Já	Nei	Nei
57. Spenastig og fótamein	Já	Nei	Nei
58. Spenastig og öndunarfærasjúkdómar	Já	Nei	Nei
59. Spenastig og há frumutala	Já	Nei	Nei
60. Litlar afurðir og efnaskiptasjúkdómar	Já	Nei	Nei
64. Litlar afurðir og júgur-/spenagallar	Já	Nei	Nei
65. Litlar afurðir og gallar í mjöltum	Já	Nei	Nei
66. Litlar afurðir og skapgallar	Já	Nei	Nei
67. Litlar afurðir og fótamein	Já	Nei	Nei
68. Litlar afurðir og öndunarfærasjúkdómar	Já	Nei	Nei
69. Litlar afurðir og há frumutala	Já	Nei	Nei
70. Spenagallar og efnaskiptasjúkdómar	Já	Já	Nei
74. Spena- og júgurgallar	Já	Já	Nei
75. Spenagallar og gallar í mjöltum	Já	Nei	Nei
76. Spena- og skapgallar	Já	Já	Nei
77. Spenagallar og fótamein	Já	Já	Nei
78. Spenagallar og öndunarfærasjúkdómar	Já	Já	Nei
79. Spenagallar og há frumutala	Já	Nei	Nei
80. Júgurgallar og efnaskiptasjúkdómar	Já	Já	Nei
85. Júgurgallar og gallar í mjöltum	Já	Nei	Nei
86. Júgur- og skapgallar	Já	Já	Nei
87. Júgurgallar og fótamein	Já	Já	Nei
88. Júgurgallar og öndunarfærasjúkdómar	Já	Já	Nei
89. Júgurgallar og há frumutala	Já	Nei	Nei
90. Skapgallar og efnaskiptasjúkdómar	Já	Já	Nei
91. Skapgallar og há frumutala	Já	Nei	Nei
95. Skapgallar og gallar í mjöltum	Já	Nei	Nei
97. Há frumutala og fótamein	Já	Nei	Nei
99. Há frumutala og gallar í mjöltum	Já	Nei	Nei





# Vorverkunum fylgja ýmsar hættur

Nú er að byrja á flestum sauðfjárbýlum sauðburður, annasamur og lýjandi oft á tíðum. Sauðburður er sá tími sem oft hefur einkennst af litlum eða óreglulegum svefni hjá mörgum. Einnig getur matartíminn verið bæði óreglulegur og oft ekki hollasti matur sem verið er að grípa jafnvel á hlaupum.

Ég minnst þess sérstaklega voríð 1979 sem var afar erfitt á sauðburði á Norðurlandi. Þetta vor var ég í vinnu á sauðburði í Kelduhverfi og bóndasonurinn á næsta bæ var svo úrvinda af svefnleysi að hann sagði undir lok sauðburðar setningu sem gleymist seint: „Mikið vildi ég að draumalandið væri mitt föðurland en ekki þetta ísakalda land.“ Hægt er að minnka þreytu aðeins með mjög

einföldum hætti. Hávaði getur verið ótrúlega þreytandi. Í einum af þessum pistlum mínum sagði ég frá því að ég hafi mælt dB hávaða í nýlegum fjárhúsum rétt fyrir morgungjöf á sauðburði (hægt er að ná í smáforrit í síma sem mælir hávaða: leitarorð: decibel). Hávaðinn mældist tiltölulega stöðugur á 105–107 dB. Í nálægt 10 mínútur. Í svona miklum hávaða er ekki ráðlegt að dvelja nema 2–7 mínútur án þess að hafa tappa í eyrunum eða eyrnahlífar. Því minni hávaði þeim mun lengur helst úthaldið því hávaði er svo lýjandi.

**Hollur matur gefur lengra úthald og svefn er nauðsynlegur**

Óreglulegur matartími ruglar líkamann til lengdar og úthaldið



minnkar, en með reglulegu og

hollu fæði getur úthaldið enst vel í töluverðan tíma. Margir leitast við að fara að drekka óholla sykursmikla drykki og borða súkkulaði og kex, en margir sykurdrykkir gefa falska orku. Nær væri að hafa ávexti, harðfisk og þurrkaða ávexti sem viðbit og nammi þegar þörf er á mikilli og langri orku, en lítil bitu af harðfisk er með meiri orku en margur orkudrykkurinn. Margir geta vakað mikið og þurfa ekki að sofa nema óstutt á hverjum sólarhring, en upp úr miðjum aldri þurfa flestir meiri svefn. Ein af hættunum við of lítinn svefn hjá þeim sem komnir eru yfir fertugt er jafnvægissskynið. Of lítill svefn getur ruglað það svo mikið að það getur tekið marga daga að ná jafnvægissskyninu í rétt horf ef það ruglast á annað borð.

**Gamlir reiðhjólahljálmar geta verið varasamir**

Lengi hefur tíðkast að gefa börnum sumargjöf og oft eignast ungir vegfarendur sitt fyrsta reiðhjól sem sumargjöf. Þegar reiðhjólíði er komið þarf að finna hjálm, ekki nota gamlan hjálm. Reiðhjólahljálmar endast ekki nema í um 5 ár, en efnið sem eru í þeim eru þannig að þau þorna og verður hjálmurinn hreinlega brothættur.

Endurnýið reiðhjólahljálma eins og aðra hjálma með reglulegu millibili. Ef þú veist ekki hvað hjálmurinn er gamall þá skaltu ekki láta reyna á brotaþol hjálmisins, kaupu frekar nýjan hjálm. Nýja reiðhjólina þarf að fylgja nýr hjálmur.

## Bækur

### Bylting – og hvað svo?

Bókin *Bylting – og hvað svo?* eftir Björn Jón Bragason er komin út hjá Bókauktáfunni Sölu.

Bylting – og hvað svo? er nýstárleg bók um afdrifarík umskipti í íslenski sögu. Bókin hverfist um stjórnskipin 1. febrúar 2009; fram koma margvíslegar nýjar upplýsingar um aðdraganda þeirra og greint er frá orlagaríkum atburðum sem fylgdu í kjölfarið.

Á liðnum árum hefur mikið verið fjallað um bankahrunið haustið 2008 og aðdraganda þess, en eftirmálum minni gaumur gefinn. Hér er á skilmerkilegan og beinskeyttan hátt sagt frá atburðum sem án efa hafa haft varanleg áhrif

á þjóðlífið, efnahagsmálin og þjóðarsálina; greint er frá óeirðum, mótmælum, nýju hrúni í kjölfar hrunsins, björgunartilraunum, einkavæðingu í skjóli nætur, svo fátt eitt sé nefnt. Umfjöllunarefnið kemur öllum við og mun koma mörgum á óvart.

Björn Jón Bragason er fæddur í Reykjavík árið 1979. Hann brautskráðist með meistaraþróf í sagnfræði frá Háskóla Íslands 2006 og lauk BA-prófi í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík 2012. Björn Jón hefur stundað margháttuð fræðistörf undanfarinn áratug og árið 2008 kom út bók hans *Hafskip í skotlínu*.



## KROSSGÁTA Bændablaðsins

Framvegis munum við hafa þann hátt á birtingu krossgátu að lausn hverrar gátu verði að finna í næsta tölublaði á eftir.

Lausnin verður því ekki á næst-

öftustu síðu í sama skipti og gátan birtist.

Er þetta gert vegna ábendinga frá áhugasömum lesendum sem og höfundu gátunnar. Það eykur vonandi

skemmtunina fyrir áhugafólk um krossgátur og minnkar líkur á að skussarnir geti stytst sér leið við ráðningu gátunnar hverju sinni.

– Góða skemmtun!

	12	DIGUR	STEFNUR	DÝRA- HLJÓÐ RAKLEIÐIS		ÚTVERTIS ERLENDIS	DANS	NÝR	BLÓMI
LÁTLAUS									
LEYSIR						OTA			
SNEID						GJALD- MIDILL			
				UM- HVERFIS HNUGGINN					
GLITRA							GOÐ		
							HLJÓÐFALL		
	SKURD- BRÚN HADNA		KÆPA DVELJA			TÍMABIL	HJARA		
KVÍÐI				HEIÐUR	TROMMA EYÐA			HEGNI	STÆLA
VOTVIÐRI									TVEIR EINS
TRYLLINGUR				FOK- VONDUR			SLABB		
				AFSPURN			ÁTT		
		PENINGAR SNÍKJU- DYR				DANS			
						ÁLÍTA			
ÓHREINKA			BLÓÐ- HLAUP VIÐDVÖL		DUNDA UNNA				TÁKN- MYND
	FUM VÍÐSVEGAR			SÆGUR		Í RÓÐ ÓREIDA			SLÉTTUR
GIFTA				BOR RÉNUN			ANGAN VÆTA		
SMÁR				VELTA TVEIR EINS				TVEIR EINS PÍLA	
NÝLEGA STRÁ			HAKA			UPP- LÝSINGAR			
		GJÁLFRÁ				FÝSN			

**Bændablaðið**  
Smáauglýsingar 56-30-300  
**Hafa áhrif um land allt!**

REYKJAVÍK Sími: 414-0000 // AKUREYRI Sími: 464-8600 // www.VBL.is

**HAUGSUGUHLUTIR**  
ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR – KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ

Öryggiskúlar Samtengi Haugsugubarkar Vatnsslanga Barkaklemmur Sjóngler  
Barkatengi Beygjutengi Hraðtengi Tengir á loka Ásuðuplata Samtengi  
Öryggisloki Beygjusamtengi Dreifistútur Haugsuguloki Öryggislokar Barkatengi  
Gummispiss Endastykki Lofthreinsari Þrýstingsmælur Opunarbúnaður

**NB LANDBÚNAÐUR** ehf. NB Agriculture Ltd. www.VBL.is  
REYKJAVÍK Krókháls 5F 110 Reykjavík Sími: 414-0000  
AKUREYRI Baldursnes 2 603 Akureyri Sími: 464-8600

**Sláttutraktorar**

Erum með mikið úrval af sláttutraktorum frá Massey Ferguson og Toro. Með eða án safnkassa. 13-23 hestöfl.

Verð frá kr. 329.000 m. vsk

**JÖTUNN**  
VÉLAR - VERSLUN - VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss Lónsbakki - 601 Akureyri Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir  
Sími 480 0400 jotunn@jotunn.is www.jotunn.is



## Líf og lyst

## BÆRINN OKKAR

Við byrjuðum að búa 1977 á Selá Árskógströnd, flytjum að Völlum í Svarfaðardal 1987 og þvert yfir landið að Stíflu 2003 með bústofn og vélar, og bættum við okkar kúm við bústofninn sem hér var.

Býli: Stífla.

Staðsett í sveit: V-Landeyjum, Rangárþingi eystra.

Ábúendur: Jóhanna E. Gunnlaugsdóttir og Sævar Einarsson.

**Fjölskyldustærð (og gæludýra):** Við eigum fjóra syni, Gunnlaug Einar, Gísli Davíð, Jóhann Rúnar og Jón Stefán sem allir eru fluttir að heiman. Fjósakötturinn Lof ýsa og hundurinn Lubbi.

**Stærð jarðar?** Jörðin er 160 ha.

**Gerð bú?** Búið er nánast hreint kúabú, frúin á nokkur hross.

**Fjöldi búfjár og tegundir?** Við erum með um 75 kýr ásamt kvígum í uppeldi, samtals um 190 gripi.

**Hvernig gengur hefðbundinn vinnudagur fyrir sig á bænum?** Vinnudagurinn byrjar á mjóltum og endar yfirleitt á sama veg, verkefni þar á milli eru fjölbreytt og endalaus.

**Skemmtilegustu/leiðinlegustu bústörfin?** Skemmtilegast er öll útivinna í góðu veðri leiðinlegast er bras í kringum veika gripi.



**Hvernig sjáið þið búskapinn fyrir ykkur á jörðinni eftir fimm ár?** Næstu 5 ár vonandi verður hægt að hafa kynslóðarskipti á jörðinni, meiri framleiðslu og uppbyggingu á húsum og annarri aðstöðu.

**Hvaða skoðun hafið þið á félagsmálum bænda?** Félagsmálin gætu verið betri, við stöndum okkur ekki nógu vel í kjarabaráttunni, vantar 46 krónur á lítra á verðlagsgrundvellingum og verðlagsgrundvallarbúið rekið með miklum halla.

Í hvaða stéttarfélagi erum við og hvaða réttindi eigum við þar?

**Hvernig mun íslenskum landbúnaði vegna í framtíðinni?** Íslenskum landbúnaði mun vegna vel ef okkur tekst að fá ungt fólk inn í greinina og það sjái framtíð sinni og afkomu borgið. Við eigum gullin tækifæri með allan okkar hreinleika, gnótt af hreinu vatni og hér þarf enga eiturefnaúðun. Lyfjanotkun er hvergi minni en á Íslandi og vonandi verðum við áfram þar í fararbroddi.



**Hvar teljið þið að helstu tækifærin séu í útflutningi íslenskra búvára?** Útflutningurinn á að byggjast á hreinleika varanna og þarf auðvitað að seljast dýrt, því að á alþjóðavísu erum við eins og krækiber í helvíti. Skyrið virðist vera í mikilli sókn á erlendri grund og gefa góðan arð t.d. í Færeyjum og Sviss virðist áhugavert, við teljum Bandaríkin vonlítill vegna mikils flutningskostnaðar.



**Hvað er alltaf til í ísskápnum?** Í ísskápnum er alltaf súrmjólk, smjör, ostur, heimagerðar sultur, mjólk og lýsi.

**Hver er vinsælasti maturinn á heimilinu?** Uppáhaldsmaturinn er ágreiningslaust kótieltur í raspi

með grænum ora-baunum, rauðkáli, rabarbarasultu og kartöflum.

**Eftirminnilegasta atvikið við bústörfin?** Eftirminnilegast er flutningurinn milli jarða og landshluta og alltaf með kýrnar með okkur.



MATARKRÓKURINN – BJARNI GUNNAR KRISTINSSON MATREIÐSLUMEISTARI

## Sítrónukjúklingur og ný íslensk jarðarber

Þó fátt bendi til þess að sumarið sé formlega hafið þá eru ný íslensk jarðarber komin í verslanir. Þau eru ljúffeng og tilvalin í eftirrétti eða ein og sér. Það er fljótlegt að gera marengs í örbylgjuofni – aðferð sem fáir kunna en virkar þegar tíminn er naumur.

En vindum okkur í uppskriftirnar. Kjúklingurinn er sívinsæll og nú fer tími kryddjurtanna að renna upp. Um að gera að prófa sig áfram og fá sér svo jarðarber í eftirmat.

### Sítrónukjúklingur með heslihnetu-cous cous

Einföld blanda af jurtum, ferskri sítrónu og kjúklingi gefa fullkomna bragðsamsetningu. Ristaðar heslihnetur setja punktinn yfir i-ið, blandaðar í cous cous eða jafnvel soðin hýðishrísgrjón eða bygg. Þetta er próteinrík máltíð sem hægt er að matreiða á innan við 30 mínútum.

- › 1 teningur kjúklingakraftur, blandaður við 100 ml vatn
- › 1 stk. sítróna
- › 1 rif hvítlaukur, smátt saxað
- › 2 greinar timían, hakkað
- › 6 greinar oregano, hakkað
- › 2 stk. kjúklingabringur, skornar til helminga
- › 1 tsk. salt og svartur pipar
- › 200 g cous cous, soðið bygg eða hýðishrísgrjón (jafnvel kartöflur)
- › 2 matskeiðar ristaðar heslihnetur, hakkaðar
- › 1 msk. ólífuolía

### Aðferð

Hitið ofninn í 200 °C. Skerið sítrónu í tvennt. Sneiðið



Sítrónukjúklingur með heslihnetu-cous cous.

hellinginn í punna hringi og kreistið safann úr hinum hellingnum. Blandið saman við kjúklingakraftinn. Blandið saman hvítlauk, timían og hellingnum af oregano kryddjurtinni. Setjið kjúklinginn í baksturhelda pönnu með skinnhliðina upp. Kryddið kjúklinginn með jurta- og hvítlauksblöndunni. Setjið sítrónusneiðarnar ofan á kjúklinginn eða jafnvel undir skinnið (ef það er notað). Penslið kjúklingabringurnar með ólífuolífu og kryddið með salti og pipar. Hellið sítrónuseyðisblöndunni í fatið eða pönnuna með kjúklingnum.

Bakið þar til kjúklingurinn er gullinbrúnn í um 30 mínútur.

Á meðan, eldið meðlætið samkvæmt leiðbeiningum á pakka. Sigtíð og setjið í miðlungs skál. Hrærið út í restinni af oregano kryddjurtinni ásamt ólífuolífu og heslihnetum.

Framreiðið þegar kjúklingurinn er eldaður í gegn.


### Chimichurri-sósa

Fersk sósa frá Argentínu sem passar með öllu kjóti og er tilvalin til að grisja kryddjurtagluggan eða taka smá ofan af graslauknum í garðinum (þegar hann kemur undan snjónum!).

- › Lítið bunt steinselja, hakkað (graslaukur hentar líka)
- › ½ tsk. oregano, ferskt eða þurrkað
- › 2 hvítlauksrif
- › 1 shallot laukur, hakkaður fínt
- › ½ tsk. chilli flögur
- › 2½ msk. ólífuolía
- › safi af ½ sítrónu
- › 2 tsk. rauðvinsedik



Jarðarber, rjómi og ofureinfaldur örbylgjumarengs.



Marengskúlur.

### Aðferð

Vinnið saman steinselju, oregano, hvítlauk, shallotulauk og chilliflögur í matvinnsluvél eða saxið mjög fínt. Bætið 2 msk. af ólífuolífu, sítrónusafa og ediki. Sumir vilja krydda meira eða minna með chili, notið eftir smekk. Saltið og piprið.

### Jarðarber, rjómi og ofureinfaldur örbylgjumarengs

- › 1 askja ný íslensk jarðarber
- › 300 g flórsykur
- › 1 léttbarin eggjahvíta
- › 1 tsk. kakóduft (má sleppa)
- › Þeyttur rjómi, til að framreiða með jarðarberjunum

### Aðferð

Sigtíð 300 g af flórsykri og blandið við léttþeytta eggjahvítu. Hrært er í þar til blandan er þykk, rúllið í kúlur. Takið disk með eldhúspappír. Setjið 3 kúlur í einu á diskinn og bakið í örbylgjuofni á háum hita í 1½ mín. Eins og í töfrabragði blása kúlurnar út eins og blöðrur og verða að marengs. Fullkomin samloka með þeyttum rjóma og nýjum íslenskum jarðarberjum.



# Hippavesti

Svona vesti eru mikið í tísku núna og við fengum þessa uppskrift hjá henni Sigrúnu Ellen en hún prjónaði það úr sniðugu garni sem heitir Whistler og er til í 7 litum sjá [www.garn.is](http://www.garn.is). Vestio getið þið séð í Fjarðarkaup.

Garn: Whistler

Svart 7 dokkur

Prjónar:

Hringprjónn 60 sm, nr 8

Heklungal nr 4

Prjónafesta: 12 lykkjur x 10 garðar = 10x10 sm

Ein stærð en vestið er ekki hneppt að framan svo auðvelt er að breyta stærðinni fyrir verðandi eiganda.

**Aðferð:** Vestið er prjónað með garðaprjóni (þ.e. Allar umferðir slétt) fram og til baka. Bakstykki sér og síðan tvö framstykki sér, stykkinn er síðan prjónuð fallega saman þ.e. axliir og hliðar saumaðar saman. Heklað með fastahekl við ermaop, hálsnál og niður boðunga. Kögur fest neðan á vestið.

**Bakstykki:**

Fitjið upp 74 lykkjur og prjónið slétt fram og til baka þar til stykkið mælist 56 sm eða eins sítt og þið viljið hafa það upp að öxlum athugið að garðaprjónið teygist svo þegar kögrin kemur neðan við það. Fellið af fyrir hálsnál 18 lykkjur fyrir miðju. Hver öxl 28 lykkjur prjónuð fyrir sig og tekið úr í annarri hvorri umferð við hálsnálið 1 lykkja samtals tvisvar sinnum = 26 lykkjur á prjóninum. Geymið lykkjurnar á prjóninum og prjónið hitt axlarstykkið.

**Framstykki:**

Fitjið upp 20 lykkjur og prjónið 1 umferð slétt prjónið nú gatamunstur 1 þannig:

\*1 lykkja slétt, slá uppá prjóninn, 1 lykkja tekin

óprjónuð, tvær lykkjur prjónaðar slétt saman\* endurtekið frá \*-\* út umferðina.

Endurtekið þessa umferð þar til stykkið mælist 26 sm, fellið af allar lykkjurnar. Takið upp 38 lykkjur á langhliðinni og prjónið 3 umferðir slétt fram og til baka (garðaprjón).

Næst er prjónað munstur 2 þannig:

Prjónið \*1 lykkja slétt, slegið uppá prjóninn 5 sinnum (það er garninu vafið 5 sinnum um prjóninn)\* endurtekið frá \*-\* út umferðina. Þetta myndar löng bönd. Í næstu umferð er þá prjónuð 1 lykkja slétt og sleppt fram af langa uppslættinum án þess að prjóna hann.

Prjónið garðaprjón 3 umferðir fram og til baka.

Prjónið þá munstur 3:

\*1 lykkja prjónuð slétt slegið upp á prjóninn 2 sinnum og (3 lykkjur verða að einni þannig: takið lykkjur nr 2 og 3 og steypið yfir lykkju nr 1. takið lykkjuna óprjónaða yfir á hægri prjón)\* endurtekið frá \*-\* það myndast stór göt við þetta. Prjónið fram og til baka garðaprjón 14 sm frá gatamunstrinu. Nú er tekið úr fyrir skáanum fyrir hálsnálið 1 lykkja í 4. hverri umferð þar til 26 lykkjur eru eftir á prjóninum. Geymið stykkið. Hitt framstykkið prjónað eins nema úrtakan við hálsnálið er spegluð.

**Frágangur:** Prjónið axlarstykkinn fallega saman og saumið hliðarnar saman.

Heklið nú með fastahekl við ermaop, boðunga og hálsnál.

**Kögur:**

Mælið og klippið 90 sm löng bönd, leggið þræðina saman tvöfalda og stingið heklunál í gegnum kantinn neðan á sjalínu. Sækið bandið og dragið halfa leið í gegnum kantinn og þá myndast lykkja. Dragið endann í gegnum lykkjuna og herðið að. Hafid um það bil 1 cm á milli kögursins.

Prjónakveðja, Sigrún Ellen Einarsdóttir



## Bókaútgáfa: Íslendingur undir járnhæl nasista

Út er komin hjá Veröld bókinn í fangabúðum nazista eftir Leif H. Muller.

Haustið 1942 handtók Gestapó 22 ára íslenskan námsmann í Ósló, Leif H. Muller að nafni. Honum var gert að sök að hafa ætlað að yfirgefa landið með ólöglegum hætti. Við tók hjá Leifi einhyr hryllilegasta fangelsisvist sem Íslendingur hefur þurft að þola, fyrst í Grini-fangelsinu í Noregi og síðar í hinum alræmdu Sachsenhausen-fangabúðum í Þýskalandi.

Í Sachsenhausen var hver dagur barátta upp á líf og dauða undir járnhæl nasista þar sem hungur, sjúkdómar, pyntingar og dauði voru daglegt brauð.

Um þessar mundir eru 70 ár síðan Leifur losnaði úr fangabúðunum. Hann skrifaði um þetta skelfilega tímabil í lífi sínu þegar eftir heimkomuna til Íslands í stríðslok og kom bókin út í september 1945. Samkvæmt Wiesenthal-stofnuninni er þessi einstaka bók ein sú fyrsta sem rituð var í heiminum um helförina.

## Skáldsagan Gott fólk efti Val Grettisson

Sölvi og Sara kynntust við ofbeldisfullar aðstæður. Þau kysstust fyrst á Austurvelli með lungun full af gasi.

Tveimur árum síðar banka tveir vinir Sölva upp á og birta honum bréf. Þar ber Sara hann þungum sökum og krefst þess að hann taki ábyrgð á framferði sínu.

Sölvi, sem áleit sig góðan og gildan þjóðfélagsþegn – hann hefur margoft starfað sem sjálfbóaliði – áttar sig á því að kannski er hann ekki hetjan heldur illmennið í sögunni.

